2. Lofthæð skal vera minnst 2,50 metrar; þó getur byggingarnefnd leyft, ef sérstakar ástæður koma til greina, allt að 0,20 metra minni lofthæð. Ef loftbitar eru sýnilegir, skal lofthæð mæld upp að neðri brún þeirra.

   Í gömlum húsum má leyfa minni hæð, sömuleiðis í þakherbergjum; þó má hæðin aldrei minni vera en 2,15 metrar.
3. Ef herbergi er undir súð, verður að minnsta kosti helmingur af gólffleti þess, og aldrei minna en 6 fermetrar, að hafa lofthæð 2,50 metra; byggingarnefnd getur þó veitt sömu undanþágu, sem um getur í 2. lið.
4. Ekkert herbergi má mjórra vera en 1,70 metrar, og gólfflöturinn minnst 6 fermetrar.
5. Á hverju herbergi skal vera gluggi, er veit út að götu eða opnum garði. Ljósmál glugga má minnst vera $^1/_{12}$ af gólffletinum, og skal vera hægt að opna hann.
6. Byggingarnefnd getur leyft að hafa eingöngu ofanljós, ef ekki er hægt að

14 4. marz

koma glugga fyrir á herbergi á annan hátt, og skal glugginn þá vera svo gerður, að hæglega megi opna hann.

Kjallaraíbúð.

33. gr.

1. Kjallara má ekki nota til íbúðar nema byggingarnefnd leyfi og gluggar viti út að götu eða opnum garði. Ekki má nota herbergi til íbúðar, sem aðeins hefir glugga á móti norðri, nema það sé hluti af íbúð, sem hefir glugga móti öðrum áttum og nýtur nokkurrar sólar.
2. Lofthæð herbergja skal eigi minni vera en 2,30 metrar og í minnsta lagi helmingur af rúmmáli hvers herbergis skal vera ofanjarðar. Þó má byggingarnefnd leyfa, að einstök íbúðarherbergi í kjallara hafi aðeins 2,20 metra lofthæð, ef þau fylgja íbúð á öðrum hæðum í húsinu, ná ekki lengra en 1,00 metra niður í jörðu, og eru ekki minna en 9 fermetrar að flatarmáli.
3. Glerflötur glugga ofanjarðar sé eigi minni en nemi $\frac{1}{12}$ af gólffleti herbergis.
4. Gólfið skal gert úr steinsteypu eða öðru álíka vatnsheldu efni, og sé trégólf þar ofan á, eða annað gólf ekki lakara.
5. Gólfið sé að minnsta kosti 0,30 metra fyrir ofan hæsta stórstraumsflóð, og skal þurka jarðveginn undir því með fráræsi, eftir fyrirmælum byggingarnefndar, svo að jarðvatn nái aldrei upp að gólfi.
6. Veggi skal verja raka á þann hátt, er byggingarnefnd mælir fyrir um. Hvert íbúðarherbergi skal vera hægt að hita.

Herbergi, sem notuð eru um stundarsakir.

34. gr.

Þvottahús, forstofur, búr, baðherbergi og snyrtiklefar skulu hafa nægilegt ljós og birtu og vera varin gegn raka. Ekki má leyfa þvottahús með glugga að götu, nema byggingarnefnd telji, að ekki stafi mikil óþægindi af vatnsgufu frá því fyrir þá, sem um götuna fara. Í þvottahúsum skal vera þétt steypugólf; þó getur byggingarnefnd veitt undanþágu frá því, ef nauðsyn þykir.

Hæfilega mörg salerni skulu fylgja hverju húsi, og skal gólfflötur þeirra eigi minni en $0{,}80 \times 0{,}70$ metrar.

Veggir steinhúsa.

35. gr.

1. Veggir steinhúsa séu hlaðnir úr settu og höggnu grjóti, lögðu í steinlím, eða gerðir úr steinsteypu. Steinsteypuveggir í íbúðarhúsum ofan kjallara

og einnig í kjöllurum, sem ætlaðir eru til íbúðar, skulu gerðir úr vandaðri steypu og ekki veikari að blöndu en 1 : 4 : 7 (þ. e. 1 hluti sements móti 4 hlutum sands og 7 hlutum grjótmulnings eða malar eða hvorstveggja). Aðra veggi og undirstöður má gera úr steypu 1 : 4 : 8. 14 4. marz

Ef notuð er önnur gerð steypu en fyrr er sagt, t. d. holsteinar, skal byggingarnefnd leita sér upplýsinga hjá húsameistara ríkisins um gerð þeirra og notagildi áður en hún samþykkir að hús séu byggð úr þeim.

Drýgja má steypu í undirstöðum, kjöllurum og húsum, sem ekki eru hærri en 1 hæð auk kjallara, með hreinu, sterku grjóti, hrjúfu eða brotnu (hraungrjót má því aðeins nota, að það sé sæmilega sterkt). Þó má enginn steinn vera stærri en nemi allt að helmingi veggþykktar. Ekki skulu steinar þéttari en svo, að auðvelt sé að þjappa steypunni á milli þeirra svo holulaus verði. Allsstaðar skal vera smágerð steypa á milli steinanna, og að öðru leyti svo sterk, sem fyrr segir.

Öll steypuefni séu sterk, hrein, ófúin og að öllu óskemmd, laus við mold og lífræn efni. Grjótmulningur og steypumöl sé ekki stórgerðari en svo, að stærstu molarnir fari greiðlega gegnum 6 sentimetra víðan hring.

2. Þykkt útveggja, sem gerðir eru úr ekki veikari steypublöndu en 1 : 4 : 7, skal vera sem hér segir:

a. Þykkt hliðarveggja þeirra eða útveggja, sem eru burðarveggir í vanalegum íbúðarhúsum með lofti og gólfi úr járnbentri steinsteypu, skulu í einlyftum húsum eða á efstu hæð vera 0,22 metra á þykkt, á næstu hæð fyrir neðan 0,25 metra og næstu hæð þar fyrir neðan (í kjallara) 0,32 metra á þykkt. Ef gólf eru úr timbri, skulu veggþykktir vera 0,24, 0,30 og 0,34 metra.

Ef húsið er portbyggt, skal portið hafa sömu þykkt og veggurinn á næstu hæð fyrir neðan, ef hæð þess fer ekki fram úr 0,70 metrum. Sé portið hærra, skal það gert með veggþykkt sem full hæð væri.

Ef byggingarnefnd telur, að svo langt sé milli burðarveggja eða þverveggja úr sama efni, að ekki fáist nægur bindingur í húsið, getur hún krafizt þess, að burðarveggir séu gerðir svo traustir, sem hún álítur með þurfa

Ef um hús er að ræða með mjög stórum herbergjum eða sölum, t. d. samkomuhús, verzlunarhús o. þ. h., eða ef vegghæð fer fram úr 3,00 metrum af gólfi á gólf, getur byggingarnefnd krafizt, að styrkleiki allra burðarveggja sé ákveðinn af sérfróðum manni.

b. Gaflveggir, sem járnbent steypugólf hvíla á og á eru glugga- eða dyraop, skulu hafa sömu þykkt og burðarveggir, og reiknast þá allur veggurinn fyrir ofan efsta gólf (hér með talið risið) með sömu þykkt og efsta hæð. Gaflveggir, sem aðeins bera sinn eigin þunga (ef loft eru úr tré), mega vera 0,21 metra þykkir á öllum hæðum, nema í kjallara. Þar skulu þeir ekki þynnri vera en 0,32 metra.

c. Byggingarnefnd getur leyft aðra þykkt útveggja en hér segir, t. d. ef

14
4. marz

járn er í steypunni eða veggir tvöfaldir. Einnig getur byggingarnefnd krafizt, að veggþykktin sé önnur en fyrr er sagt, ef um holsteina er að ræða.

Byggingarnefnd getur leyft þynnri útveggi en fyrr er sagt, ef um mjög stutt haf er að ræða, t. d. í stigaskútum, og veggirnir bera aðeins sinn eigin þunga.

Í smáskútum (skúrum) og geymsluhúsum má nota þynnri veggi en fyrr er sagt; þó verður byggingarnefnd að ganga úr skugga um, að engin hætta geti stafað af.

Undir gluggum en ofan gólfs mega veggir vera 0,19 metra þykkir, þó þeir séu þykkri milli glugga. Í kjallara skal þrep undir gluggum aldrei þynnra vera en 0,26 metrar.

3. a. Burðarveggir innanhúss séu á þykkt í efstu hæð 0,16 metrar, og þar fyrir neðan aukist þykkt veggjarins við hverja hæð um 3 sentimetra. Byggingarnefnd getur veitt leyfi til að hafa þynnri burðarveggi, ef um mjög lítil hús er að ræða, eða ef tveir burðarveggir eru samhliða og bilið á milli þeirra er mjög stutt, t. d. göng. Þó má enginn burðarveggur þynnri vera en 0,14 metra.

Ef burðarveggir hafa, að dómi byggingarnefndar, ónógan stuðning af þverveggjum, eða á þeim eru stórar dyr með mjóum millibilum, getur byggingarnefnd krafizt, að veggþykktin sé aukin eða styrkleiki veggjarins aukinn á annan hátt, sem henni þykir nauðsyn til.

b. Innri veggir úr steini eða steypu, sem hvorki eru burðarveggir né stigar hvíla á, skulu vera ekki minna en 0,12 metra þykkir. Sé hafið stutt, má þykktin þó vera allt að 0,08 metrar.

c. Veggir þeir, sem stein- eða steypustigar eru festir í, þannig að veggirnir bera stigann, skulu í efstu stigahæð eigi þynnri vera en 0,18 metrar, og við hverja hæð þar fyrir neðan aukist þykkt veggjarins um 3 sentimetra. Stigahúsveggir, sem liggja að tréstiga, skulu eigi þynnri vera en sagt er í þessum lið.

d. Ekki má skerða þykkt veggja, sem um getur í a.-, b.- og d.-lið, á þann hátt að leggja í þá áframhaldandi vegglægjur; þó er leyfilegt að setja þaklægjur („múrlektur“) undir þverbita í þaki.

e. Samanlögð breidd glugga og dyratófta má ekki verə meiri en helmingur af allri lengd veggjarins. Byggingarnefnd getur þó veitt undanþágu frá þessu, ef veggir eru járnbentir. Enginn veggstöpull má mjórri vera en ⅓ af samanlagðri breidd beggja tóftanna báðumegin við hann, né á neinn veg þynnri en samsvari ⅛ af hæð hans, nema í honum sé járnbendingur, eða á annan hátt gerður með þeim styrkleika, sem byggingarnefnd er kunnugt um að sé nauðsynlegur.

4. Byggingarnefnd getur fyrirskipað meiri veggþykkt en fyrr er ákveðið, þar sem gerðar eru stórar veggbrúnir, eða annað það, sem eykur áreynslu á veggina eða rýrir styrkleika þeirra. Ef þykkt veggjar er aukin á einhverri hæð,

skal hún einnig aukin þar fyrir neðan, eftir því er byggingarnefnd telur þurfa. Byggingarnefnd getur ákveðið, að veggir úr járnbentri steinsteypu eða steypu, sem er sterkari og þéttari en hér hefir verið miðað við, megi vera þynnri en ákveðið er í þessari grein, ef járngrindin og gerð veggjarins að öðru leyti er eftir fyrirsögn sérfróðs manns og byggingarnefnd telur vegginn fulltraustan. 14 4. marz

5. Veggir hlaðnir úr höggnum grásteini, tígulsteini eða öðrum steini, skulu gerðir með sama styrkleik og hér er sagt um steypuveggi. Byggingarnefnd dæmir um, hvort þeirri kröfu sé fullnægt.
6. Útveggi úr steini eða steypu skal slétta utan með sementshúð ofan jarðar. Þó nægir að bursta veggi utan með sementsblöndu, ef byggingarnefnd samþykkir.
7. Innan við alla einfalda útveggi íbúðarherbergja, sem steyptir eru eða hlaðnir úr grásteini, steyptum steini eða holsteini, skal setja innri skjólvegg úr steini eða steypu með tróði á milli, eða úr timbri, korki eða öðru ekki lakara efni, sem byggingarnefnd tekur gilt.
8. Ekki má múra eða steypa húsveggi, undirstöður eða gólf, ef frost er 2° C. eða meira.

Steypuloft og steypustigar.

36. gr.

Byggingarnefnd getur því aðeins leyft að gera loft og stiga úr steypu, að sérfróður maður hafi gert áætlun um styrkleika þeirra; þó getur byggingarnefnd veitt undanþágu frá þessu, ef um mjög lítið gólf er að ræða. Maður sá, er vinnur að verkinu, skal að dómi byggingarnefndar vera hæfur til þess.

Veggir timburhúsa.

37. gr.

1. Undirstöður og útveggir í kjallara timburhúsa skulu að þykkt vera ekki undir 0,24 metra, en burðarveggir innanhúss ekki undir 0,20 metra; ef um stærri hús er að ræða, getur byggingarnefnd aukið þykkt veggjanna frá því, sem fyrr um getur, ef henni þykir nauðsyn til.
2. Timbur, sem notað er til húsabygginga, skal vera vandað og óskemmt.
   a. Í timburhúsum, þar sem lofthæð er allt að 3,00 metrum og herbergisdýpt allt að 4,50 metrum, mega stafir í útveggjum á efsta lofti og efri hæð eigi vera grennri en 10×10 sentimetrar (4×4″), á neðri hæð 10×13 sentimetrar (4×5″) og hornstafir 13×13 sentimetrar (5×5″). Sé hæðin meiri, eða allt að 4,00 metrum, og herbergjadýpt allt að 5,50 metrum,

14
4. marz

skal þykkt stafanna út og inn aukin að minnsta kosti um 2½ sentimetra (1″). Í stærri húsum ákveður byggingarnefnd gildleika stafanna.

Byggingarnefnd getur veitt leyfi til að hafa annan gildleik á stöfum en fyrr er sagt, ef hún álítur, að styrkleikinn verði nægur.

Stafir skulu ekki vera strjálli en svo, að í minnsta lagi komi einn stafur á hverja 1,25 metra að meðaltali í lengd veggjarins, og hvergi má vera lengra á milli þeirra en 1,60 metrar, nema byggingarnefnd leyfi sérstaklega.

Milli allra stafa skulu verða skorður („lausholt“) og í hverjum vegg eigi minni en tvær spyrnur („skáskífur“). Spyrnur skulu ekki mynda minna horn en 30° við lóðrétta línu. Skorður skulu ekki vera grennri en stafir.

Í útveggjum þeim, sem bita bera, skal undir bitaendum liggja aurstokkur á grunni, ekki grennri en stafir eru í veggjum. Byggingarnefnd getur þó leyft, að aurstokkur sé ekki gildari en 13×13 sentimetrar (5×5″), þó að stafir í veggnum séu gildari.

Ofan á bitaenda komi staflægjur („undirstokkar“), jafnbreiðar stöfum og eigi þynnri en 6½ sentimetri (2½″). Niður undan stöfum skal fella tré á milli aurstokks og undirstokks.

Ofan á stafi skal fella syllur, á hvorugan veg grennri en stafir eru út og inn, sem undir þeim standa.

Stafi skal festa saman um hæðamót, og á neðri hæð við aurstokk, með sterkum járnklóm og reknagla í staflægjur og aurstokk.

Aurstokkur skal festur með járnum í undirstöður, eða að öðrum kosti vera vel múrað upp með honum.

b. Utan á grind íbúðarhúsa skal koma þil úr borðum 2½ sentimetra (1″) þykkum, og skal negla þau vandlega í alla viði grindarinnar.

Utan á þil skal settur pappi og síðan bárujárn eða annað efni ekki lakara, er byggingarnefnd samþykkir. Milli járns og pappa komi 1½ sentimetra (½″) þykkir listar. Bárujárn á veggjum má ekki þynnra vera en 26 B. W. G. Þó má hafa þil í stað bárujárns á veggjum, ef húsin standa sérstæð og að dómi byggingarnefndar engin eldhætta stafar af þeim.

Innan á grind skal settur pappi og þil, ekki þynnra en 2 sentimetrar (¾″), eða annað lag ekki lakara.

c. Grind burðarveggja innanhúss skal gera úr viðum eigi grennri en 10×10 sentimetra (4×4″) á neðri hæð, og 8×10 sentimetra (3×4″) þar fyrir ofan. Í smærri húsum má þó nota grennri viði, ef byggingarnefnd álítur að styrkleikinn sé nógur. Byggingarnefnd getur krafizt gildari viða, ef um stór hús er að ræða og henni þykir ástæða til.

Að öðru leyti gilda sömu ákvæði sem um útveggi að því er snertir staflægjur, stafi, skorður og spyrnur.

d. Aðrir timburveggir mega ekki, ef þeir eru á milli íbúðarherbergja,

vera lakari að gerð en svo, að þil úr borðum 2 sentimetra (¾″) þykkum, eða annað lag ekki lakara, sé hvoru megin, og 3,2 sentimetra (1¼″) þykkir renningar á milli. Jafnvænir skulu veggir vera, sem stigar liggja upp að, nema byggingarnefnd telji þörf á meiri styrkleik. Veggi, sem tveir stigar liggja að, skal gera jafnvæna burðarveggjum (sbr. lið c.).

e. Í útihúsum og skútum, sem eru aðeins ein hæð, má gera grind úr plönkum („battingum").

f. Í timburveggjum sé samanlögð breidd glugga og dyraopa mæld á milli stafa ekki meira en hálf lengd veggjar, nema byggingarnefnd veiti sérstakt leyfi til.

g. Nota má máttarviði með öðrum gildleika en til er tekið í þessari grein, ef samur er styrkleikinn eða meiri.

Fjarlægð húsa frá nágrannalóð.

38. gr.

Ekkert steinhús má vera nær nágrannalóð en 3,15 metrar, nema eldvarnarveggur snúi að lóðinni (sbr. 22. gr.). Timburhús án eldvarnarveggs má eigi vera nær nágrannalóð en helmingur af hæsta vegg, er að nágranna veit, þó eigi nær en 5,00 metrar. Byggingarnefnd getur veitt ívilnanir niður í 4,00 metra, ef sérstakar ástæður mæla með því.

Stærð timburhúsa.

39. gr.

Ekkert timburhús má stærra vera en 150 fermetrar að flatarmáli, að meðtöldum tilheyrandi útihúsum, og aldrei mega fleiri timburhús vera sambyggð en svo, að flatarmál þeirra fari ekki fram úr 350 fermetrum. Þó getur hreppsnefnd fært bæði þessi hámörk niður.

Skemmur og vörugeymsluhús.

40. gr.

Skemmur og vörugeymsluhús er engum ákvæðum bundin um tölu hæða, og þurfa ekki hærri að vera en 2,00 metra þó má vegghæð, mæld upp að skurðarlínu þaks og veggjar ekki vera yfir 8,00 metra. Ef geymd eru eldfim efni í skemmu eða vörugeymsluhúsi úr tré, skulu þau vera í sérstöku herbergi með eldtraustum veggjum, gólfi og lofti.

Torfbæir.

41. gr.

Torfbæir teljast þær byggingar, þar sem veggir, eða þak og veggir, eru að öllu eða miklu leyti þakið torfi.

Byggja má torfbæi á þeim stöðum, er skipulagsuppdráttur sýnir; en þar til skipulagsuppdráttur er lagður fram, getur byggingarnefnd leyft að þeir séu reistir í útjaðri bæjar og þar sem ekki er útlit fyrir, að reist verði stærri hús í náinni framtíð.

Torfbæir skulu að öllu leyti vandaðir að frágangi og hlíta þeim skilyrðum, er byggingarnefnd setur í því efni.

Glugga- og dyraumgerð.

42. gr.

Glugga- og dyraumgerð skal að jafnaði vera gerð úr plönkum, ekki þynnri en 5 sentimetra (2″). Þeir skulu í steypuveggjum roðnir karbólíni, eða öðru efni ekki lakara, á þá hlið, er veit að steini eða steypu. Með þeim skal, í útveggjum, sérstaklega í steinhúsum, troða vandlega hampi, eða öðru ekki lakara efni, bæði utan og innan.

Viðhald húsa.

43. gr.

Byggingarnefnd getur krafizt þess, að húsum sé haldið sæmilega við, svo eigi verði þau til lýta fyrir bæinn eða umhverfi þeirra.

Um byggingaraðferðir og efni, sem ekki er tilgreint í samþykkt þessari.

44. gr.

Ef nota skal byggingaraðferð eða byggingarefni, sem ekki er tilgreint í samþykkt þessari, ber umsækjanda að geta þess, er hann sækir um byggingarleyfi. Einnig skal hann skyldur til að gefa þær upplýsingar þessu viðvíkjandi, sem byggingarnefnd álítur nauðsynlegar.

Byggingarnefnd getur á kostnað umsækjanda látið gera þá rannsókn á byggingarefni, sem hún álítur nauðsynlega, til að ganga úr skugga um, að aðferð og efni fullnægi þeim kröfum, sem gerðar eru í samþykkt þessari.

Hús, þar sem farið er með eldfim efni.

45. gr.

Öll hús, þar sem unnið er að einhverju, sem sérstök eldshætta stafar af, skulu gerð úr steini eða steypu, nema þau séu svo langt frá öðrum húsum, að engin eldshætta stafi frá þeim fyrir nágranna; þá getur byggingarnefnd leyft, að þau séu úr timbri.

Allir veggir í smiðjum skulu vera úr eldtraustu efni, að minnsta kosti 1,00 metra frá gólfi; ennfremur skal gólfið vera úr eldtraustu efni.

Í smíðahúsum trésmiða má aðeins setja lokuð eldstæði. Utan um þau skal setja járnkassa, sem nær minnst 0,20 metra til allra hliða út fyrir eldstæðið og er á hæð 0,30 metra frá gólfi. Loft og veggir slíkra húsa skal vera úr eldtraustu efni, eða ef það er úr timbri, þá klætt innan með járnþynnum á listum eða öðru efni jafn-eldtraustu.

Flatarmál byggðrar lóðar og fjarlægð frá lóðarmörkum.

46. gr.

Þegar mældur er flötur byggðrar lóðar, skulu veggsvalir og önnur framskot talin með, ef þau eru með þaki og undirstöður ná frá jörðu. Fjarlægð frá lóðarmörkum mælist ætíð frá þeim hluta hússins, sem nær lengst út.

Verkpallar o. fl.

47. gr.

Verkpallar, útbúnaður allur og tæki við húsasmíði og mannvirki skal traust og í góðu lagi, svo ekki valdi slysum eða tjóni. Byggingarfulltrúa er heimilt að gera um þetta þær ráðstafanir, er duga mega, á kostnað eiganda, ef nauðsyn þykir, eða stöðva verkið að öðrum kosti, þar til bót er á ráðin.

III. KAFLI.

Byggingarefni. Framkvæmd verksins. Eftirlit.

48. gr.

1. Áður en byrjað er á húsi eða öðru mannvirki, sem samþykkt þessi nær til, skal senda skriflega beiðni um það til byggingarnefndar og fá samþykki hennar og hreppsnefndar (sbr. 3. gr.) til að framkvæma verkið.

14
4. marz

Ekki má rífa hús, nema skrifleg tilkynning um það sé send til byggingarnefndar.

Umsækjandi má ekki byrja á verkinu fyrr en hann hefir fengið tilkynningu frá byggingarnefnd að leyfið sé veitt.

2. Beiðninni skal fylgja nákvæm lýsing af öllu því, sem nauðsynlegt er til sönnunar því, að verkið sé samkvæmt byggingarsamþykkt. Þar að auki skal fylgja í tveim eintökum:
   a. Lóðaruppdráttur eftir mælikvarða að minnsta kosti 1 : 500, með árituðum stærðarhlutföllum; skal á honum sýna mannvirki þau, er reisa skal, ásamt þeim er fyrir kunna að vera á lóðinni, ennfremur afstöðu gagnvart götum, er að liggja, og nágrönnum. Flatarmál lóðar og mannvirkja skal ritað á uppdráttinn.
   b. Uppdrættir eftir mælikvarða að minnsta kosti 1 : 100, með árituðum stærðarmálum, og skulu þeir svo greinilegir, að glögglega megi af þeim sjá alla gerð, stærð og lögun mannvirkis þess, er um ræðir, og til hvers herbergi eru notuð, þegar um hús er að ræða.

      Við breytingu á eldra húsi skulu uppdrættir og lýsing glögglega sýna hlutfallið bæði fyrir og eftir breytinguna.

      Sýna skal á húsuppdráttum þykkt allra burðarveggja og gildleik máttarviða.
   c. Áður en leyft er að byggja hús í sambyggðri húsaröð, getur byggingarnefnd krafizt, að gerður sé lauslegur uppdráttur af hliðum allra sambyggðu húsanna, á kostnað lóðaeigenda.
   d. Þá hluta húsa eða mannvirkja, sem að gerð eru frábrugðin almennri venju, eða verða að vera það sökum áreynslu eða annara orsaka, skal sýna á uppdráttum, ef byggingarnefnd óskar, og eftir mælikvarða að minnsta kosti 1 : 20. Skal glögg lýsing fylgja og styrkleikaútreikningur látinn í té, ef þess er krafizt.
   e. Lýsing á lóðinni og ásigkomulag grundvallar. Ef um nýtt hús er að ræða eða gagngerða breytingu á eldra húsi, skal sýna hvernig ætlast er til, að séð verði fyrir afrennsli frá húsi og lóð og vegi að húsinu, ef það stendur ekki við götu.
3. Tilkynna ber nágranna, ef mannvirki það, sem reisa skal snertir hagsmuni hans. Ber yfirlýsing í þessa átt að fylgja umsókninni og tekið fram, hverja nágrannaeign sé átt við.
4. Á alla uppdrætti skal draga mælikvarða uppdráttarins í metramáli. Allir uppdrættir skulu undirskrifaðir af þeim, sem gerði þá. Sá, sem verkið er unnið fyrir, ber ábyrgð á, að það verði gert samkvæmt byggingarsamþykkt og eins og uppdrættir sýna.
5. Eftir að byggingarfulltrúinn hefir kynnt sér umsóknina, leggur hann málið fyrir byggingarnefnd ásamt umsögn sinni. Ef fleiri nefndum ber að fjalla um málið, skal byggingarfulltrúi fyrst leggja málið fyrir þær nefndir.

Þegar byggingarnefnd hefir gert tillögu sína, skal málið lagt fyrir hrepps- 14
nefnd, sem veitir byggingarleyfið, sbr. þó 3. gr. 4. marz

Byggingarnefnd leggur annað eintak umsóknarskjalanna til geymslu í skjalasafn sitt, en endursendir umsækjanda hitt eintakið með árituðum úrskurðum, að jafnaði innan hálfsmánaðar frá fyrsta fundi byggingarnefndar eftir að umsókn var afhent henni. Sé synjað um leyfið eða breytingar gerðar að samþykktarskilyrði, skal greina ástæður þess.

Öll byggingarleyfi skulu veitt með því skilyrði, að umsjón verksins og ábyrgð sé í höndum manns, sem byggingarnefnd telur til þess hæfan fyrir kunnáttu sakir og áreiðanleika.

6. Ekki má í neinu víkja frá samþykktum uppdráttum nema fengið sé leyfi byggingarnefndar til þess.
7. Hið endursenda eintak af uppdráttum og lýsingu byggingar skal jafnan vera við hendina nothæft á vinnustaðnum meðan á smíðinni stendur. Byggingarfulltrúa, svo og einstökum mönnum úr byggingarnefnd, sé jafnan heimill aðgangur að uppdráttunum og byggingunni meðan hún er í smíðum.
8. Húseigandi skal tilkynna byggingarfulltrúa með tveggja daga fyrirvara:
   a. hvenær byrjað verður á undirstöðum,
   b. hvenær rakavarnarlög verða lögð í veggi,
   c. hvenær þak verður reist á steinhúsi eða grind í timburhúsi,
   d. hvenær gólf verða lögð á bita eða járn í steypuloft.
9. Hreppsnefnd ákveður gjöld fyrir byggingarleyfi. Gjaldið rennur í sveitarsjóð.
10. Byggingarleyfi fellur úr gildi, ef ekki er farið að nota það innan eins árs.

Um byggingarleyfi, sem fer í bág við samþykkt þessa.

49. gr.

Nú veitir hreppsnefnd byggingarleyfi, en síðar kemur í ljós að mannvirkið fer í bága við samþykktina, þá getur byggjandi krafizt sanngjarnra skaðabóta úr sveitarsjóði, svo framarlega sem það, er fer í bága við samþykktina, hafi sézt ljóslega í umsókn hans og á uppdráttum og sýnilegt sé, að hann hafi farið eftir beztu vitund, enda skal hann skyldur að breyta verkinu, svo það verði samþykkt og reglum samkvæmt.

Um leyfi til þess að flytja í ný hús.

50. gr.

Eigi má taka hús til afnota fyrr en fengið er vottorð byggingarfulltrúa að húsið fullnægi byggingarsamþykktinni.

14
4. marz

Eftirlit með gömlum byggingum, forgörðum o. fl.

51. gr.

Byggingarnefnd skal sjá um, að öll mannvirki, girðingar, auglýsingaspjöld („skilti“) og annað það, er henni ber að líta eftir, geti eigi valdið hættu og sé ekki til óprýði. Byggingarfulltrúi hefir eftirlit þetta á hendi, en ef eigandi vanrækir að fullnægja kröfum hans, getur hreppsnefnd látið lagfæra það, sem byggingarnefnd telur með þurfa, á kostnað eiganda.

Nú er íbúð eða einstök herbergi, sem ætluð eru til íbúðar, svo illa á sig komin, að þau, að áliti byggingarnefndar, séu óheilnæm eða eigi örugg til íbúðar, þá skal hún leita umsagnar héraðslæknis. Sé hann á sama máli og nefndin, getur hún krafizt þess, að eigandinn lagi gallana innan ákveðins tíma. Verði hann eigi við þessu, getur hreppsnefnd eftir tillögum byggingarnefndar úrskurðað, að ekki megi búa í íbúðinni.

Ef ekki er unnt að flytja úr íbúðinni, vegna þess, að eigi er mögulegt að ná í aðra fyrir sæmilegt verð, ber hreppsnefnd að sjá um, að útvega íbúð jafnskjótt og hægt er.

IV. KAFLI.

Sektarákvæði og breyting á samþykkt.

52. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum frá 10—50 krónur, og skal sekta bæði smið og eiganda, er hlut eiga að máli. Sektirnar renna í sveitarsjóð. Auk þess skal eigandi á sinn kostnað rífa niður það, er fer í bág við ákvæði samþykktarinnar eða reglur þær, sem byggingarnefnd setur samkvæmt samþykktinni. Ella sé það rifið á hans kostnað. Sé um brot á 50. gr. að ræða eða verk, sem til þarf sérstakt leyfi byggingarnefndar, hafið án þess að leyfið sé fengið, skal lögreglustjóri, undir eins og brotið kemst til vitundar hans, banna að verkinu sé haldið áfram, fyrr en fengið er leyfi byggingarnefndar.

Með mál út af brotum á samþykkt þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

53. gr.

Til þess að breyting á samþykkt þessari geti öðlazt gildi, þarf umræður hreppsnefndar á tveim fundum hennar, samþykki hreppsnefndar á breytingunni, og staðfestingu ráðuneytisins.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Eyrarbakkahrepps hefir samið og samþykkt, er hér með staðfest samkvæmt lögum nr. 19, 20. okt. 1905 sbr. lög

nr. 55, 27. júní 1921, til þess að öðlast gildi 15. marz 1932, og birtist til eftir- 14
breytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. 4. marz

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytiði 4. marz 1932.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Aldaminning Jóns Sigurðs- 15
sonar", útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 19. marz
19. marz 1932. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

sjóðinn „Aldaminning Jóns Sigurðssonar forseta".

1. gr.

Sjóðurinn heitir Aldaminning Jóns Sigurðssonar forseta.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 160 krónur. Stofnféð má auka með gjöfum til sjóðsins hvenær sem vera skal.

3. gr.

Fé sjóðsins skal geyma og ávaxta í Söfnunarsjóði Íslands, eða öðrum jafntryggum sjóði. Vextir skulu lagðir við höfuðstólinn árlega.

4. gr.

Sjóðurinn stendur undir umsjón og stjórn hreppsnefndarinnar í Auðkúluhreppi í Vestur-Ísafjarðarsýslu, eða þess stjórnarvalds, er koma kann í hennar stað, með breyttri þjóðfélagsskipun. Hreppsnefndin annast reikningshald sjóðsins og lætur birta reikninginn árlega.

5. gr.

Á hverju aldarafmæli Jóns Sigurðssonar forseta skal hreppsnefndin ráðstafa $^{9}/_{10}$ af vöxtum þeim og vaxtavöxtum, sem sjóðnum hafa hlotnazt, á liðinni afmælisöld, minningu forsetans til heiðurs á einhvern hátt. Skal hrepps-

15 nefndin hafa frjálsar hendur að því er ráðstöfun fjárins snertir, að því til
19. marz skildu, að íbúar Auðkúluhrepps, eða náskyldir niðjar þeirra, gangi fyrir að njóta fjárveitinga úr sjóðnum, að öðru jöfnu.

6. gr.

Stofnendur sjóðsins vilja benda á, að verja mætti fénu til verðlauna fyrir framúrskarandi dugnað í búnaði, eða til þess að styrkja fátæka, efnilega pilta og stúlkur til náms o. s. frv. Verði nokkru af fénu varið til hátíðahalda, er það til skilið, að þau fari þá fram á fæðingarstað forsetans, Hrafnseyri.

7. gr.

Sjóð þenna stofnuðu nokkrir af meðlimum Búnaðarfélags Auðkúluhrepps.

8. gr.

Um leið og stofnendur sjóðs þessa fela hreppsnefndinni sjóðinn til umráða, vænta þeir þess, að hún annist um viðhald á bautasteini Jóns Sigurðssonar forseta, er honum var reistur að Hrafnseyri á fyrsta aldarafmæli hans, 17. júní 1911.

9. gr.

Leita skal staðfestingar konungs á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessa höfum við undirritaðir samið samkvæmt ályktun safnaðarfundarins.

Hrafnseyri, 26. ágúst 1928.

Böðvar Bjarnason. *Gísli G. Ásgeirsson.*

AUGLÝSING

16
29. marz

um

staðfesting stjórnarráðsins á lögreglusamþykkt fyrir Mosfellshrepp í Kjósarsýslu.

Samkvæmt lögum nr. 26, 8. september 1931, um breyting á lögum nr. 18 frá 20. október 1905, um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna, er hérmeð staðfest eftirrituð

Lögreglusamþykkt fyrir Mosfellshrepp í Kjósarsýslu.

I. KAFLI.

Friðun eigna o. fl.

1. gr.

Bönnuð er öll umferð óviðkomandi manna að nauðsynjalausu um lönd í sveitinni annars staðar en þar, sem vegir liggja, nema með leyfi landráðanda. Án leyfis landráðanda má og eigi tjalda né setjast að til verzlunar í sveitinni. Girðingum má eigi spilla né skilja eftir opin hlið, sem lokað verður.

2. gr.

Enginn óviðkomandi maður má hagnýta eða tileinka sér neinar nytjar í löndum né í landhelgi í sveitinni, svo sem beit, berjatöku, egg, veiðifugla eða fiska né annað, án leyfis landráðanda.

Um rekstra gegnum sveitina, á leið til útflutnings eða slátrunar, gilda ákvæði 44.—45. greinar fjallskilamálareglugerðar Kjósarsýslu, 22. ág. 1921.

3. gr.

Eigi má að nauðsynjalausu raska næturró manna með háreysti, hvellum, vélagauli, höggum á bæjarhús né öðru slíku, milli kl. 23 og 6.

II. KAFLI.

Veitingastaðir, gistihús, samkomur.

4. gr.

Sérstöku lögregluefirliti skulu þeir staðir háðir, þar sem sala veitinga, matar eða drykkjar, eða hýsing gesta er rekin sem atvinna. Skal löggæzlumönn-

16 29. marz

um heimill gangur um húsakynni þau öll, sem notuð eru í sambandi við slíka starfsemi.

5. gr.

Veitingasölu og hýsing gesta (gisting) má aðeins reka í húsum, sem eru vel til þess hæf að áliti héraðslæknis, svo sem að loftræsting og önnur heilbrigðisskilyrði séu í góðu lagi, að til séu nægileg salerni, er gestum sé heimill gangur að til nota og þau auðveld til þrifnaðarviðhalds o. s. frv., enda komi samþykki sveitarstjórnarinnar til. Þetta gildir einnig um veitingastaði og gistihús, sem eldri eru en samþykkt þessi.

6. gr.

Sá, sem stundar veitingasölu eða gistihúshald, skal skyldur að viðhafa hreinlæti og þrifnað í húsum sínum og að gera allt, sem í hans valdi stendur, til að afstýra því, að neitt það fari fram í húsum hans eða landi, sem stríðir móti góðri reglu og velsæmi. Verði misbrestur á þessu, eða skilyrðum 5. gr. eigi fullnægt innan ákveðins tíma frá aðvörun, getur lögreglustjóri bannað starfrækslu á staðnum um stundarsakir, eða að fullu, ef miklar sakir eru.

7. gr.

Veitingastöðum, gistihúsum og almennum samkomustöðum, skal loka frá kl. 23 til kl. 6. Allir gestir, sem eigi hafa náttað sig á staðnum, skulu vera farnir úr húsum þar áður en hálf stund er liðin frá lokun (kl. 23½). Á þeim tíma, sem lokað er (kl. 23—6) má engar veitingar selja né úti láta, nema greiða langferðamönnum, er síðar koma til næturgistingar á staðnum, eða aðhlynning þeim, er vegna slysa eða annara atvika þurfa hjálpar við, sbr. þó 9. gr.

Biðji maður um gistingu eða hjálp af yfirskyni, til að komast inn á staðinn eða dvelja þar eftir að lokað er, að nauðsynjalausu og án þess að gista eðlilegri næturgistingu, telst hann hafa brotið þessa grein, og ber húsráðanda að kæra það fyrir lögreglustjóra; geri húsráðandi það ekki, ber hann ábyrgð á brotinu.

8. gr.

Á veitingastöðum, gistihúsum, almennum samkomum og í réttum má enginn hafa í frammi óróa, háreysti, áflog eða annað ofsafengið atferli, er valdið geti ónæði heimamönnum eða nágrönnum þeirra, spillt ánægju og skemmtun á samkomum eða tafið störf. Eigi má sýna af sér neinskonar ósæmilega eða hneykslanlega hegðun, né hafa hættuspil um hönd. Ölvuðum manni má eigi veita neitt það, er örvað geti eða viðhaldið ölæði hans. — Í veitingastofum, tjöldum eða öðrum híbýlum, þar sem veitingasala fer fram, má eigi neyta áfengis, nema áfengissala sé heimil (sbr. lög nr. 21, 1926, 11. gr.).

9. gr.

Vilji einstaklingur eða félag hafa almenna samkomu, svo sem dansskemmtun, sjónleik, söngskemmtun, íþróttasýning, myndasýning o. s. frv., er

almenningi sé boðið til eða hafi gang að, og eigi að selja aðgang eða hafa veit- **16**
ingar á staðnum, skal leita leyfis til þess hjá hreppstjóra sveitarinnar. Sé sam- 29. marz
komunni ætlað að standa fram á nótt (milli kl. 23 og 6), skal hreppstjóri því aðeins veita leyfið, að hann treysti umsækjanda til að gæta í öllu góðrar reglu og velsæmis á samkomunni, og að umsækjandi hafi á sinn kostnað tryggt sér nægilegt lið manna, er hreppstjóri geti valið úr menn til aðstoðar við eftirlit í þessu efni allan samkomutímann. Þeir skulu vera einkennisbúnir eða bera utan á sér merki stöðu sinnar á samkomunni.

Lokið skal aðgangssölu og samkomuhúsinu lokað kl. 23, en hreppstjóri getur leyft að veitingasala til samkomugesta fari fram meðan samkoman stendur. Fyrir leyfi til tækifærisveitinga ákveður hreppstjóri gjald, er renni í sveitarsjóð (sbr. og lög nr. 21, 1926, 13. gr.).

Fari nokkuð það fram er brýtur í bág við reglu eða velsæmi, er hreppstjóra heimilt að láta slíta samkomunni.

Almennar útisamkomur eru sömu reglum háðar, að svo miklu leyti sem því verður við komið.

III. KAFLI.

Hundahald.

10. gr.

Hundar allir í sveitinni skulu bera merki eða mark, er glögglega sýni heimilisfang þeirra, annaðhvort á hálsbandi eða á eyrum (fjármark, ef lítið er). Allir hvatir hundar skulu vera geltir ½ árs eða eldri, nema leyfi til undanþágu sé fengið hjá hreppsnefnd.

Ógeltir hundar skulu bera sérstakt auðsætt merki þess leyfis. Eftir lok maímánaðar 1932 skulu aðrir ógeltir og allir ómerktir hundar vera réttlausir í sveitinni.

IV. KAFLI.

Sektir og málsmeðferð.

11. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að 1000 krónum, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

Sektir renna í sveitarsjóð Mosfellshrepps.

16
29. marz

12. gr.

Mál út af brotum á samþykkt þessari skal fara með sem almenn lögreglumál.

Samþykkt þessi öðlast gildi 15. apríl 1932.

Þetta birtist hérmeð til leiðbeiningar öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 29. marz 1932.

F. h. r.

G. Sveinbjörnsson.

Gissur Bergsteinsson.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá um Minningarsjóð Oktavíu Þórðardóttur frá Móbergi, útgefin á venjulegan hátt, að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 30. marz 1932. Skipulagsskráin er þannig:

17
30. marz

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

Minningarsjóð Oktavíu Þórðardóttur frá Móbergi.

1. gr.

Sjóðurinn skal heita „Minningarsjóður Oktavíu Þórðardóttur frá Móbergi" og er stofnaður til minningar um Oktavíu Þórðardóttur frá Móbergi í Langadal, er andaðist 28. ágúst 1911, 19 ára gömul.

Stofnfé sjóðsins er kr. 7606,73 — sjö þúsund sex hundruð og sex krónur 73 aurar — af eignum foreldra Oktavíu Þórðardóttur, hjónanna Þórðar Guðmundssonar og Önnu Magnúsdóttur, en stofnandi sjóðsins er móður hennar, ekkjan Anna Magnúsdóttir.

2. gr

Sjóðurinn er gefinn í bankavaxtabréfum veðdeildar Landsbankans í Reykjavík, að nafnverði kr. 7600,00 og innstæðu í sparisjóðsbók við útbú Landsbankans á Akureyri, kr. 6,73.

Jafnskjótt sem bankavaxtabréfin kunna að verða dregin út til innlausnar, skal kaupa fyrir andvirðið ný veðdeildarbréf Landsbanka Íslands eða önn-

ur veðvaxtabréf jafn trygg, er koma kunna í þeirra stað, ef veðdeild Lands- 17
bankans yrði lögð niður. Skal sjóðurinn jafnan geymdur í veðvaxtabréfum 30. marz
sem tryggð eru með 1. veðrétti í fasteignum. Þó skulu smáupphæðir, sem kunna að vera umfram vaxtabréfafúlgu sjóðsins á hverjum tíma, geymast í sparisjóði Landsbankans eða öðrum jafntryggum sparisjóði.

Öll verðbréf sjóðsins skulu jafnan bera það með sér, fyrir áritun á bréfin sjálf, að þau tilheyri sjóðnum.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að vera til styrktar fátækum sjúklingum á Akureyrarspítala, án tillits til þess hvaðan sjúklingar þessir eru. Til styrkveitinga má verja allt að ¾ af ársvöxtum sjóðsins, en ¼ vaxtanna skal jafnan lagður við höfuðstólinn, þar til sjóðurinn er orðinn 100 þúsund krónur. Úr því má verja $^{9}/_{10}$ hlutum af vöxtum hans til styrkveitinga, en $^{1}/_{10}$ leggist jafnan við höfuðstólinn.

4. gr.

Sjóðurinn tekur til starfa eftir lát stofnandans, Önnu Magnúsdóttur. En meðan hún lifir skal hún njóta allra vaxta af sjóðnum eða svo mikils hluta þeirra, sem hún óskar. Það af vöxtunum, sem hún kynni að vilja ekki nota í sína þágu fellur til sjóðsins. Það skoðast þó ekki sem afsal vaxtanna, þótt hún taki þá ekki út árlega og á hún hvenær sem er rétt á að fá útborgaða alla óútborgaða vexti af sjóðnum frá byrjun.

Ennfremur skal hún hafa rétt til að skerða höfuðstól sjóðsins samkv. 1. gr., ef vextir og aðrar eignir hennar hrökkva henni ekki til framfærslu.

Reikningshaldari og vörzlumaður sjóðsins er bæjarfógetinn á Akureyri, eða sá, er í hans stað kemur, ef því embætti kynni að verða breytt. Ársreikningar sjóðsins skulu birtir í Lögbirtingablaðinu, endurskoðaðir af endurskoðunarmönnum bæjarreikninga Akureyrar.

Reikningshaldari sjóðsins, læknir Akureyrarspítala og sóknarpresturinn á Akureyri hafa á hendi úthlutun styrktarfjár úr sjóðnum.

5. gr.

Leita skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Akureyri 14. september 1931.

F. h. Önnu Magnúsdóttur
samkv. umboði.
Böðvar Bjarkan.

18 30. marz **Staðfesting konungs** á skipulagsskrá um Minningarsjóð Björns Bjarnarson, sýslumanns í Dalasýslu, og frú Guðnýjar Bjarnarson konu hans, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 30. marz 1932. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

Minningarsjóð Björns Bjarnarson sýslumanns í Dalasýslu og frú Guðnýjar Bjarnarson konu hans.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Minningarsjóður Björns sýslumanns Bjarnarson og frú Guðnýjar Bjarnarson".

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af nokkrum Dalasýslubúum til minningar um fyrrverandi sýslumann Björn Bjarnarson og konu hans frú Guðnýju Bjarnarson á Sauðafelli.

Sjóðurinn er stofnaður með kr. 454.00 — fjögur hundruð fimmtíu og fjórum krónum — og er gert ráð fyrir að honum geti, auk árlegra vaxta, hlotnazt tekjur af tillögum eða gjöfum einstakra manna eða félaga, er kynnu að vilja taka þátt í honum.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að efla með styrkveitingum andlega eða verklega menning í Dalasýslu, sérstaklega að því er landbúnað snertir.

4. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtast í Sparisjóði Dalasýslu eða öðrum tryggum sjóði, unz hann er orðinn kr. 50000.00 — fimmtíu þúsund krónur, —; úr því má verja ⅘ vaxtanna til styrkveitinga, en ⅕ þeirra skal leggja við höfuðstólinn, er ekki má skerða á meðan sjóðurinn er að vaxa upp í kr. 100000,00 — eitt hundrað þúsund krónur —. Þegar sjóðurinn hefir náð þeirri upphæð, má verja helming hans til styrkveitinga í stórum stíl, og skal ávallt svo með hann farið upp frá því, að kr. 50000.00 — fimmtíu þúsund krónur — séu aldrei skertar.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal ávallt vera í höndum sýslunefndar Dalasýslu; ræður hún hvar hann er ávaxtaður og annast reikningsskil hans, er birta skal opinberlega, eins og annara opinberra sjóða. Þegar til styrkveitingar kemur úr sjóðnum, skal hún falin nefnd þriggja manna, er hafi hana síðan á hendi;

skal nefnd sú skipuð einum manni kosnum af sýslunefndinni, einum kosnum af búnaðarfélögunum og einum kosnum af skólanefndum í Dalasýslu eða á því svæði, sem sýslan tekur nú yfir. Þegar styrkveitingarnefnd ber að kjósa í fyrsta sinni, skal sýslunefnd tilkynna það hlutaðeigendum. Kosning gildir til 3 ára og gengur 1 úr nefndinni árlega, í fyrsta skipti eftir hlutkesti, sem sýslunefndin lætur fram fara. **18** 30. marz

6. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Ketilsstöðum, 14. des. 1929.

Ásgeir Ásgeirsson, prófastur í Hvammi.

Helgi Guðmundsson, hreppstjóri á Ketilsstöðum.

REGLUGERÐ **19** 4. apríl

um

skipun slökkviliðs og brunamála í Stokkseyrarkauptúni.

I. KAFLI.

Um skipun brunamálanefndar og verksvið hennar.

1. gr.

Yfirstjórn brunamála í kauptúninu skal falin 3 manna nefnd og eiga sæti í henni oddviti hreppsnefndar, sem er formaður nefndarinnar, slökkviliðsstjóri og einn maður sem hreppsnefndin kýs til 3 ára í senn.

Brunamálanefnd skal hafa á hendi, undir umsjón hreppsnefndar eftirlit með, að fyrirmælum laga um brunamál og reglugerðar þessarar sé í einu og öllu framfylgt, nema sérstaklega heyri beinlínis undir verksvið hreppsstjóra eða slökkviliðsstjóra.

II. KAFLI.

Hver slökkvitæki kaupstaðurinn skuli eiga og viðhald þeirra.

2. gr.

Stokkseyrarkauptúni er skylt að eiga í nothæfu ástandi að minnsta kosti þessi slökkvitæki og áhöld:

Véldælu með slöngum og tenglum, brunalúður, áhaldakerru, brunasegl og björgunarsegl auk annara minni áhalda.

Áhöldum öllum skal á kostnað sveitarsjóðs haldið vel við. Skal smyrja vélar og vagna svo oft sem þess er þörf og reyna dælur ekki sjaldnar en einu

19 sinni í mánuði. Ef brunamálanefnd þykir ástæða til að auka slökkvitækin eða
4. apríl endurnýja þau, skal hún senda hreppsnefnd skriflega tillögu þar um. Áður en hreppsnefnd tekur ákvörðun um tillöguna skal leitað umsagnar Brunabótafélags Íslands.

3. gr.

Öll tæki til brunavarna skulu geymd í slökkvistöðinni. Skal þeim haganlega fyrir komið, svo greiður verði gangur að þeim, er á þarf að halda. Lykill að slökkvistöðinni skal vera í vörzlum slökkviliðsstjóra, og svo margra úr slökkviliðinu, sem þurfa þykir. Slökkvistöðinni skal haldið vel við á kostnað sveitarsjóðs. Brunamálanefnd getur ákveðið að geyma 1 lykil í smáskáp með glerloki fyrir, er hangi utan á slökkvistöðinni. Slökkvistöðinni skal haldið vel við á kostnað sveitarsjóðs.

4. gr.

Slökkviliðsstjóri hefir undir umsjón brunamálanefndar eftirlit með slökkvitækjunum, og ber hann ábyrgð á því, að þau séu fyrir hendi, og að þeim sé vel við haldið. Við árslok hver sendir slökkviliðsstjóri brunamálanefnd skrá yfir slökkvitæki þau, sem til eru, og skal þess jafnframt getið hver slökkvitæki hafi verið keypt á árinu og hver hafi gengið úr sér.

III. KAFLI.

Hver slökkvitæki húseigandi skuli útvega sér, og láta fylgja húsi sínu.

5. gr.

Slökkviliðsstjóri skal tryggja slökkviliðinu afnot lausastiga á hæfilega mörgum stöðum víðsvegar í kauptúninu, er eldsvoða ber að höndum.

Hverju timburhúsi, þar sem íbúðarherbergi eru á 2 eða 3 hæðum ofan kjallara, skal fylgja nægilega langur krókstjaki og traustur stigi, er sé svo langur, að hann nái upp í glugga á efsta íbúðarhebergi hússins. Skal stiginn og krókstjakinn geymdur á tilteknum stað, er sé aðgengilegur fyrir slökkviliðið.

6. gr.

Brunamálanefnd getur að fengnu samþykki hreppsnefndar látið setja í sérhverju húsi, þar sem óvenjuleg eldhætta er (samkomuhús, kvikmyndahús, smíðastofur þar sem eldfim efni eru), slökkvitæki í sambandi við vatnsveitu hússins. Húseigandi er skyldur til að viðhalda slíkum slökkvitækjum og endurnýja þau, og má ekki nota þau til neins annars en þess að verja eldsvoða eða slökkva eld.

Brunamálanefnd getur skyldað húseigendur, þar sem óvenjuleg brunahætta er, til þess að útvega á eiginn kostnað, og hafa á tilteknum stað í húsinu, slökkviáhöld af þeirri gerð, er Brunabótafélag Íslands tekur gild. 19 4. apríl

IV. KAFLI.

Skylda borgaranna til þess að gegna slökkviliðsstörfum og skipun slökkviliðs.

7. gr.

Slökkviliðsstjórinn, og í forföllum hans vara-slökkviliðsstjórinn, er yfirmaður og stjórnandi alls slökkviliðsins. Auglýsa skal tvisvar árlega (í marz og september) á stað, þar sem festar eru upp aðrar sveitarstjórnarauglýsingar, hver sé slökkviliðsstjóri, hvar hann býr, og hverjir séu honum næstir yfirmenn í slökkviliðinu. Slökkviliðsstjóri og vara-slökkviliðsstjóri mega aldrei vera báðir burtu úr kaupstaðnum í senn, nema alveg sérstaklega standi á, og þó því aðeins, að þeir tilkynni brottför sína tímanlega, og settur sé slökkviliðsstjóri í þeirra stað á meðan, í samráði við brunamálanefnd.

8. gr.

Allir verkfærir karlmenn 20—60 ára að aldri, sem heimilisfastir eru í kaupstaðnum, að undanskildum presti, læknum, lyfsala og símastjóra, og þeim mönnum, sem með læknisvottorði sanna, að þeir fyrir heilsubilun sé ekki færir til vinnu, eru skyldir til þjónustu í slökkviliðinu. Mæti svo margir við æfingar eða eldsvoða, að eigi sé þörf fyrir alla, skulu þeir elztu ganga fyrir með hvíld.

9. gr.

Í slökkviliði kauptúnsins skulu að minnsta kosti vera fastráðnir þessir menn: Slökkviliðsstjóri, vara-slökkviliðsstjóri, 16 liðsmenn og 2 brunaboðar.

10. gr.

Hreppsnefnd skipar slökkviliðsstjóra og vara-slökkviliðsstjóra eftir tillögum brunamálanefndar, en brunamálanefnd ræður aðra starfsmenn slökkviliðsins eftir tillögum slökkviliðsstjóra. Slökkviliðsstjóri getur sagt upp liðsmönnum slökkviliðsins án nokkurs fyrirvara, ef hann finnur ástæðu til, og ráðið aðra í þeirra stað til bráðabirgða, en þó skal hann gera brunamálanefnd grein fyrir brottrekstrinum, og ræður hún síðan menn í stað þeirra, sem vikið hefir verið úr liðinu. Allir liðsmenn í slökkviliðinu eru skyldir til að tilkynna slökkviliðsstjóra með viku fyrirvara, ef þeir af gildum ástæðum geta ekki gegnt starfi sínu í slökkviliðinu.

Flokksstjórar skulu skyldir til að tilkynna slökkviliðsstjóra, ef þeir fara burt úr kaupstaðnum daglangt, og liggur sekt við, ef út af er brugðið.

19
4. apríl

11. gr.

Þeir sem skemma föt sín í þágu slökkviliðsins, eiga rétt á því að fá skemmdirnar endurgoldnar úr sveitarsjóði, eftir mati, nema öðru vísi semjist um.

12. gr.

Hreppsnefnd ákveður eftir tillögum brunamálanefndar, hver einkenni slökkviliðið skal bera, þegar það er að starfi sínu.

13. gr.

Slökkviliðsstjóri stjórnar æfingum slökkviliðsins, og ber ábyrgð á, að ávallt séu nógu margir í slökkviliðinu, og það sé vel æft. Þegar eldsvoða ber að höndum ákveður hann, hvernig slökkviliðinu skuli fyrir komið, og allt hvað gera skuli til þess að slökkva eldinn, og varna útbreiðslu hans. Þó má hann ekki rífa niður hús til varnar útbreiðslu elds, nema samþykki lögreglustjóra komi til, eða þess, er fer með umboð hans við eldsvoðann. Ef slökkviliðsstjóri er forfallaður, gengur vara-slökkviliðsstjóri í hans stað, og sé hann heldur ekki viðstaddur, þá hefir yfirstjórn á hendi sá af liðsmönnunum, sem slökkviliðsstjóri, í samráði við brunamálanefnd, hefir fyrirfram ákveðið til þess.

14. gr.

Sérhver slökkviliðsmaður er, að viðlagðri sekt, skyldur til að mæta til æfinga og til þess að slökkva eld, þegar hann er til þess kallaður, hvar sem er innan lögsagnarumdæmis kauptúnsins, og hlýða þá í öllum atriðum, öllu því, er yfirmaður hans skipar honum. Enginn má heldur án leyfis yfirmanna, yfirgefa eldsvoða áður en slökkt er, né slökkviliðsæfingu áður en henni er lokið.

15. gr.

Hreppstjóri er yfirmaður lögreglusveitar þeirrar, er viðhalda skal góðri reglu við eldsvoða og slökkviliðsæfingar. Brunamálanefnd kveður í flokk þenna eftir tillögum hreppsstjóra, hæfilega marga menn meðal þeirra, er skyldir eru til þess að vera í slökkviliðinu. Hreppsstjóri ákveður í samráði við slökkviliðsstjóra skipulag lögreglusveitarinnar og starfssvið hvers einstaks í henni. Skylt er lögreglusveitinni að halda uppi góðri reglu við eldsvoða og æfingar, sjá slökkviliðsmönnunum fyrir greiðum gangi að eldinum, og annast um að engir óviðkomandi menn gangi of nærri húsi því, sem brennur, eða flytji þaðan neitt burtu.

Ennfremur sér lögreglusveitin um bjargaða muni, annast brottflutning og aðhjúkrun þeirra, er verða fyrir slysum, vísar burtu eða tekur fasta þá, er sekir verða um brot og kærir þá.

Umferð má banna um götur, þar sem þess þarf með.

V. KAFLI.

Um vatnstöku, vatnsburð o. fl.

16. gr.

Heimilt er að taka vatn til þess að slökkva eld og til æfinga úr brunnum og vatnsbólum hvar sem er. Skylt er sérhverjum húseiganda að leyfa að vatn sé tekið úr vatnshönum í húsi hans til að slökkva eld, og má enginn, sem í húsinu er, leggja tálmanir fyrir, að slökkviliðið hafi greiðan aðgang að vatnshönum í húsinu.

Þegar verið er að slökkva eld, er sérhverjum húseiganda skylt að leyfa slökkviliðinu tálmunarlausan aðgang um lóð sína, en fullt endurgjald komi fyrir skemmdir ef einhverjar verða.

Ef hús brennur, er sérhverjum skylt að lána þau tæki, er hann hefir, til þess að flytja vatn og tæki slökkviliðsins. Ef tæki, sem hefir verið lánað, skemmist eða týnist, skal fullt endurgjald koma fyrir úr sveitarsjóði.

Meðan verið er að slökkva eld eru bæjarbúar, er vatn taka úr sömu vatnsveitu eða brunnum, skyldir að takmarka vatnsnotkun sína sem mest má verða.

17. gr.

Það er skylda allra, sem viðstaddir eru eldsvoða, hvort sem þeir eru í slökkviliðinu eða ekki, að láta í té alla þá aðstoð, sem þeir geta, ef slökkviliðsstjórinn krefst þess og hlýða í öllu fyrirskipunum slökkviliðsstjóra.

VI. KAFLI.

Um skoðun eldfæra og reykháfa.

18. gr.

Reykháfa alla skal hreinsa tvisvar á ári, þó getur hreppsnefnd eftir tillögum brunamálanefndar ákveðið að hreinsun skuli fara fram oftar, ef sérstakar ástæður eru til. Brunamálanefnd skal eftir fyrirmælum hreppsnefndar, einu sinni á ári hverju, láta skoða eldfæri og reykháfa í öllum húsum kauptúnsins, og líta eftir að þau séu útbúin lögum samkvæmt, og að reykháfar hafi verið nægilega hreinsaðir, svo og að aðgæta hvort púðurbirgðir, sprengiefni og önnur eldfim og hættuleg efni séu geymd, sem vera ber samkvæmt lögum um brunamál og samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar. Skoðunarmenn skulu og líta eftir, hvort stigar og krókstjakar eru nothæfir og geymdir þar sem þeir eiga að vera. Á sama hátt skal líta eftir sérstökum slökkvitækjum, ef þau eiga að vera í húsinu. Skoðunarmenn skulu gera skýrslu um skoðunina, er afhendist brunamálanefnd og sendist til Brunabótafélags Íslands, ef óskað er.

19 4. apríl

Komi það í ljós við skoðunina, að einhverju sé ábótavant í þessu efni, skal það tafarlaust bætt, ef hægt er. Ella má veita húseiganda stuttan frest til þess að lagfæra gallana; skal þá að frestinum liðnum ný skoðun fara fram. Komi þá í ljós, við hina síðari skoðun, að enn sé ekki búið að bæta úr því, sem að var fundið, skal tafarlaust kæra hlutaðeiganda fyrir lögreglustjóra, er kemur fram ábyrgð á hendur hinum brotlega og lætur á hans kostnað færa í lag það, er lagfæra þarf.

VII. KAFLI.

Um brunaboðun.

19. gr.

Það er skylda hvers eins, er verður var við eldsvoða, að tilkynna það slökkviliðinu þegar í stað. Næturverðir, ef nokkrir eru, skulu á göngum sínum um kauptúnið hafa sérstakt eftirlit með því, hvort eldur er að kvikna í húsum og tilkynna það þegar í stað slökkviliðsstjóra, brunaboðum og öðrum úr slökkviliðinu, hreppstjóra og símastjóra. Að öðru leyti skal, þar til önnur skipun verður gerð, slökkviliðið kallað saman með því að hefja brunakall um kaupstaðinn, með brunalúðrum.

VIII. KAFLI.

Ýmsar almennar varúðarreglur til að fyrirbyggja eldsvoða.

20. gr.

Á götum, stakkstæðum, torgum eða almannafæri, eða milli húsa, eða í görðum, má ekki setja lausar eldstór eða hlóðir, nema leyfi sé veitt til þess af slökkviliðsstjóra og ákveður hann þá, hvernig eldstæðið skuli búið út og hverra varúðarreglna skuli gætt. Þegar slíkt er leyft, skulu menn alltaf vera við eldinn, meðan logandi er í hlóðunum. Hið sama er og um lýsisbræðslu, tjörugerð og bikgerð og bikun á veiðarfærum. Milli húsa eða úti við, má ekki bera eldsglæður nema í lokuðum málmkössum. Á verzlunarlóðinni má ekki kveikja bál eða halda brennur, nema leyfi hreppsstjóra komi til.

21. gr.

Eldivið, steinkol, mó og annað eldsneyti má ekki leggja fyrir utan hús, nema með samþykki brunamálanefndar, og veitir brunamálanefnd aðeins samþykki til þess, að ekki geti stafað af því eldshætta að marki. Mikið af trjám og borðvið má því aðeins hafa fyrir utan hús, að brunamálanefnd leyfi. Ákveður hún um leið og hún veitir leyfið, hversu stór trjástafli megi vera, hve langt bil

skuli vera á milli þeirra, og minnstu fjarlæg frá næsta húsi, sem þó má aldrei vera minni en 6 metrar. 19 4. apríl

Það skal yfirleitt ekki leyft, að hafa viðarstafla hærri en 4 metra og ekki stærri að flatarmáli en 40 fermetra, enda standi þá staflarnir ekki nær hver öðrum en svo, að 2 metra bil sé á milli þeirra, og ekki nær næsta húsi en 6 metra. Birgðir af steinolíu, benzíni, terpentínu eða öðrum eldfimum vökvum, skulu ætíð geymdar í húsum inni, eða í mannheldum girðingum og hvergi nema þar sem hreppsnefnd samþykkir. Þó má ekki geyma birgðir af vökvum þessum, nema í steinhúsum með steinsteypuloftum eða steinsteyptum kjöllurum með steinloftum og steingólfum. Um undanþágu frá þessu fer samkvæmt lögum um brunamál. Hafi einhver sett birgðir af slíkum eldfimum vökvum á bersvæði eða annars staðar, í óleyfi bæjarstjórnar, má hreppsstjóri láta flytja þær burtu á kostnað eiganda.

22. gr.

Þar sem geymdar eru birgðir af steinolíu, terpentínu, benzíni eða áþekkum eldfimum vökvum, skal eftirfarandi varúðarreglum fylgt:

a. Séu birgðirnar meiri en 800 lítrar af steinolíu eða 175 lítrar af benzíni eða álíka eldfimum vökvum, má hvorki bera um geymslustaðinn eld eða ljós, enda þótt það sé birgt í ljóskeri, ekki kveikja á eldspýtum né reykja þar tóbak. Þar mega heldur ekki vera eldstór, reykháfar eða hitaleiðslur, sem eldhætta getur stafað af.

b. Séu birgðirnar ekki meiri en 800 lítrar af steinolíu eða 175 lítrar af benzíni eða álíka eldfimum vökvum, og þær geymdar utan húss í görðum eða portum, þar sem ekkert hús er nær en 6 metrar, má því aðeins bera þar um ljós, að það sé í lokuðu ljóskeri, en eld má ekki kveikja þar né bera. Ekki má heldur taka þar ljósvökva úr tunnu eða stærra íláti við ljós, nema ljósið sé í lokuðu ljóskeri og það látið hanga í a. m. k. 2 metra fjarlægð.

Séu slíkar birgðir geymdar innan húss skal gæta sömu varúðar og undir a-lið.

c. Birgðir allt að 200 lítrum af steinolíu eða 10 lítrum af benzíni eða álíka eldfimum vökvum má geyma í sölu- eða smíðahúsum, en þá skulu þær geymdar á afviknum stað í málmíláti eða lokuðum flöskum. Skal þá gætt sömu varúðar og undir a-lið.

d. Í húsum eða herbergjum, þar sem farið er um með eld eða ljós, má ekki taka úr íláti neinn ljósvökva með blossamarki undir 40 stiga hita, hundraðsmælis (Celsíus) (t. d. bensín).

e. Þar sem ljósvökvi er geymdur, hvort heldur úti eða inni, í sölustöðum eða smíðahúsum, skal gætt allrar varúðar. Fari ljósvökvi niður á gólf í húsi, skal hann þerraður upp þegar í stað, svo vel sem hægt er. Í húsinu má ekki geyma eldfima hluti nálægt ljósvökvanum, nema yfir þeim sé höfð ábreiða, sem ekki er eldfim. Þar sem geymdir eru meira en 200 lítrar af steinolíu eða 40 lítrar af benzíni eða álíka eldfimum vökvum, má engin vinna fara

19 4. apríl

fram, nema undir eftirliti fullorðins manns, er þar sé ávallt staddur. Ella skal geymslustaðnum lokað, svo óviðkomandi komist þar ekki inn.

f. Benzíngeyma má hvergi setja upp meðfram götum kauptúnsins nema samkvæmt fyrirlagi hreppstjórnar, að fengnum tillögum brunamálanefndar. Hvergi má setja þá nær steinhúsum en 15 metra og ekki nær timburhúsum en 25 metra, og skal frágangur allur vera svo rammbyggilegur, að sem minnst eldhætta stafi af. Tóbaksreykingar mega ekki fara fram í nánd við geymana. — Tæmdar benzíntunnur skal jafnharðan flytja burtu.

g Landflutningur á benzíni og olíu í stærri stíl, svo og fylling benzín- og olíugeyma, má ekki fara fram, nema undir eftirliti, sem framkvæmt er eftir fyrirmælum brunamálanefndar, og skal það kostað af eiganda eða farmsmóttakanda.

h. Í hverjum geymslustað skal prentað eintak af reglum þessum hanga á vegg, þar sem það er auðvelt til aflestrar.

23. gr.

Í smíðahúsum handiðnarmanna, sem fást við trésmíði, skal gæta þessara varúðarreglna:

a. Eld má ekki fara með, nema í eldstæðinu eða ofninum og tóbaksreykingar skulu bannaðar. Fyrir framan hverja ofnhurð skal vera kassi úr málmi, er sé að minnsta kosti 50 cm. á hæð, og sé hann þannig áfastur ofninum, að allar glæður og eldur úr honum detti í kassann.

b. Þegar límpotturinn er tekinn af eldstæðinu, skal setja hann á málmplötu, er nái a. m. k. 8 cm. út fyrir pottinn á alla vegu. Brún málmplötunnar skal beygð upp á við.

c. Þar sem ekki er rafmagnsljós má eingöngu nota steinolíuvegglampa eða lokað ljósker, en hvorki borðlampa eða kertaljós.

d. Ekki má fleygja eldspítu á gólfið, þegar kveikt hefir verið á henni, heldur skal fleygja henni í ofninn eða leggja hana á málmplötu eða annan stað, þar sem vissa er fyrir, að hún geti ekki kveikt eld frá sér.

e. Tréspænir, hey eða aðrir slíkir eldfimir hlutir, mega ekki liggja dreifðir um smíðahúsgólfið, dag frá degi. Á hverjum degi, að endaðri vinnu, skal þeim sópað saman og þeir bornir úr smíðahúsinu, eða þeim komið fyrir á sérstökum stað í smíðahúsinu, sem ætlaður er fyrir þá. Miklar birgðir af tréspónum skal geyma í lokuðum klefa, þar sem engin sérstök eldhætta getur stafað af.

f. Miklar birgðir af trésmíðaefni megi ekki liggja í göngum eða stigum, og heldur ekki utan við smíðahúsið, nema sérstakt leyfi brunamálanefndar komi til. Handiðnarmenn, sem fást við trésmíði og járnsmíði mega ekki geyma meira viðarsmíðaefni í járn- eða trésmiðju sinni, en þarf til þess að vinnan verði innt af hendi viðstöðu- og tafarlaust.

g. Þegar vinunni er lokið að kveldi, og áður en smiðirnir fara úr smíða-

húsinu, skal slökkva allan eld og ljós og loka húsinu, svo að óviðkomandi menn komist ekki í það.

h. Í sérhverju smíðahúsi, þar sem vatnsveita er, skal vera sérstakur vatnskrani með viðfestri slöngu, ella skal vera þar slökkvitæki með slökkvivökva, af þeirri gerð, er Brunabótafélag Íslands tekur gilda. Brunamálanefnd getur veitt undanþágu frá þessum ákvæðum fyrir verkstæði, þar sem vinna að jafnaði aðeins 1—2 menn.

i. Í sérhverju smíðahúsi skal vera prentað eintak af reglum þessum fest á vegg, þar sem auðvelt er að lesa það. Forstöðumaður smíðahússins skal sjá um, að reglum þessum sé hlýtt, og hinnar mestu varúðar sé að öllu leyti gætt, í meðferð á eldi og ljósi.

IX. KAFLI.

Um slökkviliðið.

24. gr.

Fastir starfsmenn slökkviliðsins (sbr. 9. gr.) skulu skipa þessa flokka:

1. Björgunarflokkur ..... 4 liðsmenn.
2. Húsrifsflokkur ..... 2 —
3. Vatnsslönguflokkur ..... 4 —
4. Dæluflokkur ..... 4 —
5. Vatnsburðarflokkur ..... 2 —
6. Brunaboðar ..... 2 —

Slökkviliðsstjóri skipar flokksstjóra fyrir flokkana. Hann skal og árlega semja skrá yfir alla, sem skyldir eru að mæta samkvæmt 8. gr., og skal hverjum einum tilkynnt í hvaða flokki hann skuli vera.

Að lokinni æfingu eða eldsvoða skal merkja í skránni, við alla þá, sem hafa mætt.

25. gr.

a. Fjórum ákveðnum mönnum úr björgunarflokknum er skylt að mæta, þá er eldsvoða ber að höndum, á brunastaðnum, svo fljótt sem unnt er. Hinir sjá um flutning stiga og annara björgunartækja á brunastaðinn. Fyrsta verk björgunarflokksins skal vera, að bjarga fólki, þá lifandi skepnum, og síðan öllum dauðum munum, hverju nafni sem nefnast undantekningarlaust. Allt, sem hann bjargar, skal fara vel með og koma því á svo óhultan stað sem unnt er. Enga björgun má hann framkvæma, að undanskildu fólki og skepnum, nema eftir fyrirskipun slökkviliðstjóra eða annars, sem gengur í hans stað. Slökkviliðsstjóri skipar einn úr flokki þessum sem flokksstjóra, sem hann getur sérstaklega snúið sér til með skipanir sínar, sem og til hinna annara flokksstjóra, er skipaðir kunna að verða.

19 4. apríl

b. Húsrifsflokkur skal hafa á hendi að rífa það, sem þurfa þykir, eftir skipun slökkviliðsstjóra. Skal hann ávallt vera með sín ákveðnu verkfæri á brunastaðnum, og aðstoða björgunarflokkinn eftir fyrirmælum slökkviliðsstjóra.

c. Vatnsslönguflokkur skal sjá um, að allar slöngur og vatnsgeymar komi á brunastaðinn jafnframt dælunum, og skal hann koma slöngunum svo fyrir, að þægilegt sé að drepa eldinn. Síðan skal flokkurinn starfa sem bunustjórar eftir fyrirskipunum yfirmanna.

d. Dæluflokkur skal mæta við slökkvistöðina svo fljótt sem unnt er, þegar eldsvoða ber að höndum, og hafa dælurnar í góðu standi, flytja þær þangað sem slökkviliðsstjóri skipar fyrir, setja véldælurnar í gang og láta þær dæla, og knýja handdælu verði hún notuð. Einnig skulu þeir aðstoða vatnsslönguflokkinn við samsetningu slanganna.

e. Brunaboðar skulu, þá er eldsvoða verður vart, gera slökkviliðinu aðvart með því að blása í lúðra, eða á annan hátt, sem fyrirskipað er af brunamálanenfnd. Sé það að næturþeli, skulu þeir blása í lúður við hús hvers liðsmanns, þar til hann verður var við þá, og skal liðsmaður þegar gefa þeim merki um, að hann hafi orðið þeirra var. Ekki mega þeir tala við nokkurn mann, nema segja götu- og hústölu, þar sem eldurinn er. Skulu þeir að afloknu brunakalli, skyldir til að mæta á brunastaðnum, og vinna þar það, sem slökkviliðsstjóri leggur fyrir þá. Loks skulu þeir skyldir til að tilkynna slökkviliðsæfingar eftir fyrirskipun slökkviliðsstjóra.

f. Vatnsburðar flokkur skal ákveðinn af slökkviliðsstjóra í samráði við brunamálanefnd. Fyrirliðar flokksins geta skipað hverjum sem er, úr flokknum, að aðstoða sig eftir þörfum, með flutning á vatnsfötum til og frá slökkvistöðinni, að viðlögðum sektum, sbr. 28. gr.

26. gr.

Árlega skal halda minnst 3 æfingar og er liðsmönnum öllum (sbr. 9. gr.) skylt að mæta þar eins og við eldsvoða, sömuleiðis þeim mönnum öðrum úr skylduliðinu, sbr. 8. gr., er slökkviliðsstjóri gerir aðvart. Slökkviliðsstjóri ákveður hvenær æfingar skuli haldnar, en gæta skal um það hagræðis liðsmanna og skylduliðs. Skal halda skýrslu um æfingar og senda hana í byrjun hvers árs til Brunabótafélags Íslands til athugunar.

27. gr.

Allir liðsmenn skulu, þegar þeir eru að verki, forðast allan óþarfa hávaða eða tal, og gera sér far um að taka öllu með gætni og stillingu, og vera skjótir og liðugir að framkvæma skipanir yfirmanna sinna.

28. gr.

Allir liðsmenn skulu ef þeir verða varir við, að óvarlega er farið með eld, eða á annan hátt brotið á móti brunareglugerð kaupstaðarins, vanda um við

þá, sem gera sig seka í því, og ef þeir hlýða ekki aðvörun þeirra, gera slökkviliðsstjóra aðvart svo fljótt sem unnt er.

29. gr.

Allir liðsmenn eru skyldir til þess að mæta á slökkvistöðinni, að undanskildum nokkrum hluta björgunarliðsins (sbr. 25. gr.), nema þeir séu þess fullvissir, að öll áhöld séu komin á brunastaðinn, og ber þeim öllum skylda til að sjá um, að þau komist á brunastaðinn í nothæfu ástandi. Enginn má fara af brunastaðnum, nema með leyfi slökkviliðsstjóra. Enginn forföll eru tekin gild önnur en veikindi, eða fjarvera úr lögsagnarumdæminu.

X. KAFLI.

Sektarákvæði o. fl.

30. gr.

Með brot gegn reglugerð þessari skal fara sem opinber lögreglumál, og greiði hinn seki allt að 100 kr. sekt fyrir afbrot sitt, er renni í sveitarsjóð.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 85, 22. nóvember 1907, til þess að öðlast gildi 1. maí 1932 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgönumálaráðuneytið, 4.apríl 1932.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.

20 14. apríl **Staðfesting konungs** á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Guðrúnar Pálsdóttur frá Borg í Borgarfirði, síðast prestsekkju að Stað í Aðalvík, fæddrar 8. maí 1822, dáinnar 12. febrúar 1884, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 14. apríl 1932. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Minningarsjóðs Guðrúnar Pálsdóttur frá Borg í Borgarfirði síðast prestsekkju að Stað í Aðalvík, fæddrar 8. maí 1822, dáinnar 12. febr. 1884.

1 gr.

Sjóðurinn heitir: Minningarsjóður Guðrúnar Pálsdóttur frá Borg.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með 500 kr. framlagi frá dóttursyni Guðrúnar Pálsdóttur, Guðmundi Hannessyni bæjarfógeta, Siglufirði, og eru tekjur sjóðsins vextir, vaxtavextir stofnfjárins og annað, er sjóðnum kann að áskotnast.

3. gr.

Peningar sjóðsins skulu geymdir í útbúi Landsbankans, Ísafirði, meðan ríkið ber ábyrgð á innlögum í bankann, en stjórn sjóðsins skal annast um, að inneign sjóðsins sé þegar látin í Söfnunarsjóð Íslands, ef ríkisábyrgð á innlögum Landsbankans yrði skert eða numin úr gildi, og skal sjóðinn þá síðan ávaxta í Söfnunarsjóði Íslands.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa: Oddviti Sléttuhrepps, sóknarpresturinn í Aðalvíkursókn og barnaskólastjórinn að Látrum í Aðalvík. Nú vill einhver þessara manna ekki taka að sér að vera í stjórn sjóðsins eða þeirra er eigi lengur kostur og mælast þá aðrir stjórnarformenn til við dómsmálaráðherra, að hann tilnefni þá, er vantar í sjóðsstjórnina.

5. gr.

Árið 1984, — þegar öld er liðin frá andláti Guðrúnar Pálsdóttur, — skal verja hálfum ársvöxtum sjóðsins til styrktar fátækum og munaðarlausum börnum innan núverandi takmarks Sléttuhrepps, til uppeldis þeirra og menningar til 16 ára aldurs, ef stjórn sjóðsins telur börnin styrkþurfa. Síðan skal árlega, — að svo miklu leyti sem stjórnin telur börn í hreppnum styrkþurfa — hálfum vöxtum sjóðsins varið í sama skyni, unz sjóðurinn er orðinn kr. 250000,00, úr því $\frac{2}{3}$ vaxtanna, en aldrei meir. Þá vexti, eða þann hluta vaxt-

anna, sem eigi er úthlutað sem styrk, skal leggja við sjóðinn til æfinlegrar á- 20
vöxtunar. Nú er peningaeign sjóðsins orðin hálf miljón króna og getur stjórn 14. apríl
sjóðsins þá ákveðið, að allt að ⅗ ársvaxtanna skuli varið til stofnunar og reksturs barnahælis á Látrum í Aðalvík, og skal slíkt barnahæli ávallt vera undir stjórn sjóðstjórnarinnar. Forstaða slíks barnahælis skal aðeins fengin þeim, er tilheyrir hinni evangelisk-lútersku kirkju, og leggja skal hina mestu áherzlu á að efla andlegan siðferðisþroska barnanna og andlega siðfágun þeirra og líkamsmennt, einkum útiíþróttir. Nú hefir sjóðstjórnin samkv. ofangreindu ákveðið að reisa barnahælið og skal hún þá um alla verkfræðilega framkvæmd verksins hlíta tillögum húsameistara ríkisins eða, ef hans er eigi kostur þá byggingarsérfræðings þess, er dómsmálaráðherra tilvísar að fenginni beiðni um það frá sjóðstjórninni. Leggja skal þá áherzlu á, að barnahælið verði, að minnsta kosti að öllum veggjum ytri og innri, gólfi og loftum, reist úr mjög vandaðri og sterkri járnbentri steinsteypu eða öðru jafnvaranlegu og jafn óeldfimu efni. Forstöðu og umsjón á byggingarstaðnum með framkvæmd verksins má aðeins hafa sá maður, er fyrrgreindur sérfræðingur í byggingum, telur til þess hæfan. Með byggingarkostnaði má telja rafvirkjun til afnota fyrir barnahælið, ef rafvirkjunin fer fram undir eftirliti sérfræðings, er dómsmálaráðherra telur til þess hæfan, að fengnum tillögum sjóðstjórnarinnar um virkjunina.

6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Ársreikningar sjóðsins skulu árlega endurskoðaðir á sama hátt og reikningar sveitarsjóðs Sléttuhrepps.

7. gr.

Á inneignarbók sjóðsins, sem í gildi er á hverjum tíma, skal ritað: „Minningarsjóður Guðrúnar Pálsdóttur frá Borg, er eigi má skerða nema samkvæmt skipulagsskrá sjóðsins“. Sér stjórn sjóðsins um, að jafnan verði slík áritun á innlagabók sjóðsins á hverjum tíma.

8. gr.

Leita skal staðfestingar konungs á skipulagsskrá þessari og má henni aldrei breyta.

21 14. apríl **Staðfesting konungs** á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð hjónanna Jórunnar Einarsdóttur og Hannesar Sigurðssonar, Iðavelli á Látrum í Aðalvík, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 14. apríl 1932. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Minningarsjóðs hjónanna Jórunnar Einarsdóttur og Hannesar Sigurðssonar Iðavelli á Látrum í Aðalvík.

1. gr

Sjóðurinn heitir: Minningarsjóður Jórunnar Einarsdóttur og Hannesar Sigurðssonar frá Iðavelli í Aðalvík.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður 23. sept. 1931 með 500 kr. frá börnum hjónanna og gjöfum nokkurra vina og gullbrúðkaupsgesta í minningu þess að þá voru liðin 50 ár, er hjónin höfðu verið í hjúskap saman. Tekjur sjóðsins eru vextir og vaxtavextir stofnfjárins og annað, er sjóðnum kann að áskotnast.

3. gr.

Peningar sjóðsins skulu geymdir í útbúi Landsbankans Ísafirði meðan ríkið ber ábyrgð á innlögum í bankann, en stjórn sjóðsins skal annast um, að inneign sjóðsins sé þegar látin í Söfnunarsjóð Íslands, ef ríkisábyrgð á innlögum Landsbankans yrði skert eða numin úr gildi, og skal sjóðinn þá ávaxta í Söfnunarsjóði Íslands.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa: Oddviti Sléttuhrepps, sóknarpresturinn í Aðalvíkursókn og barnaskólastjórinn að Látrum í Aðalvík. Nú vill einhver þessara manna ekki taka að sér að vera í stjórn sjóðsins eða þeirra er eigi lengur kostur og mælast þá aðrir stjórnarnefndarmenn til við dómsmálaráðherra að hann tilnefni þá er vantar í sjóðstjórnina.

5. gr.

Árið 1981, er öld er liðin síðan gullbrúðkaupshjónin stofnuðu með sér hjúskap, skal verja hálfum ársvöxtum sjóðsins til styrktar fátækum og munaðarlausum börnum innan núverandi takmarka Sléttuhrepps, til uppeldis þeirra og menningar til 16 ára aldurs, ef stjórn sjóðsins telur börnin styrkþurfa. Síðan skal árlega, — að svo miklu leyti sem stjórnin telur börn í hreppn-

um styrksþurfa — hálfum vöxtum, sjóðsins varið í sama skyni, unz sjóðurinn er orðinn kr. 250000,00, úr því ⅔ vaxtanna, en aldrei meir. Þá vexti eða þann hluta vaxtanna, sem eigi er úthlutað sem styrk, skal leggja við sjóðinn til æfinlegrar ávöxtunar. Nú er peningaeign sjóðsins orðin hálf miljón króna og getur stjórn sjóðsins þá ákveðið, að allt að ⅗ ársvaxtanna skuli varið til stofnunar og reksturs barnhælis á Látrum í Aðalvík, og skal slíkt barnahæli ávallt vera undir stjórn sjóðsstjórnarinnar. Forstaða slíks barnahælis skal aðeins fengin þeim, er tilheyrir hinni evangelisk-lútersku kirkju og leggja skal hina mestu áherzlu á að efla andlegan siðferðisþroska barnanna og andlega siðfágun þeirra og líkamsmennt, einkum útiíþróttir. Nú hefir sjóðstjórnin samkv. ofangreindu ákveðið að reisa barnahælið og skal hún þá um alla verkfræðilega framkvæmd verksins hlíta tillögum húsameistara ríkisins eða ef hans er eigi kostur þá byggingarsérfræðings þess, er dómsmálaráðherra tilvísar, að fenginni beiðni um það frá sjóðstjórninni. Leggja skal þá áherzlu á, að barnahælið verði, að minnsta kosti að öllum veggjum ytri og innri, gólfi og loftum, reist úr mjög vandaðri og sterkri járnbentri steinsteypu eða öðru jafn varanlegu og jafn óeldfimu efni. Forstöðu og umsjón á byggingarstaðnum með framkvæmd verksins má aðeins hafa sá maður, er fyrrgreindur sérfræðingur í byggingum telur til þess hæfan. Með byggingarkostnaði má telja rafvirkjun til afnota fyrir barnahælið, ef rafvirkjunin fer fram undir eftirliti þess sérfræðings, er dómsmálaráðherra telur til þess hæfan að fengnum tillögum sjóðstjórnarinnar um virkjunina.

21
14. apríl

6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Ársreikningar sjóðsins skulu árlega endurskoðaðir á sama hátt og reikningar sveitarsjóðs Sléttuhrepps.

7. gr.

Á inneignarbók sjóðsins, sem í gildi er á hverjum tíma, skal ritað: „Minningarsjóður hjónanna Jórunnar Einarsdóttur og Hannesar Sigurðssonar frá Iðavelli í Aðalvík, er eigi má skerða nema samkv. skipulagsskrá sjóðsins“. Sér stjórn sjóðsins um, að jafnan verði slík áritun á innlagabók sjóðsins á hverjum tíma.

8. gr.

Leita skal staðfestingar konungs á skipulagsskrá þessari og má henni aldrei breyta.

22
15. apríl

REGLUGERÐ
til
til bráðabirgða fyrir lögreglustjórann á Akranesi.

1. gr
Lögreglustjórinn á Akranesi hefir á hendi hreppsstjórastörf í Ytri-Akraneshreppi, innheimtu tolla og gjalda til ríkissjóðs, lögreglustjórn og dómsvald í lögreglumálum.

2. gr.
Lögreglustjórinn gegnir og, samkvæmt ósk hreppsnefndarinnar, störfum hreppsnefndaroddvita, enda er hann sjálfkjörinn hreppsnefndarmaður með atkvæðisrétti um öll nefndarmál.

3. gr.
Tolla og gjöld til ríkissjóðs innheimtir hann samkvæmt greinargerð sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu og gerir honum skil fyrir.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 22 frá 1929.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 15 .apríl 1932.

Jónas Jónsson.

G. Sveinbjörnsson.

REIKNINGUR

23

yfir

tekjur og gjöld hins Almenna Kirkjusjóðs árið 1931.

Tekjur.

1. Sjóður frá f. á. (sbr. Stjórnartíð. 1931 B. bls 152—157)			kr. 333.783,58
2. Innborgað á árinu			— 16.724,69
3. Vextir á árinu:			
a. Af lánum	kr.	6.527,49	
b. Af inneign í Landsbanka	—	5.199,67	
c. Af veðdeildarbréfum	—	2.293,00	
	Kr.	14.020,16	
d. Vangoldnir vextir	—	571,50	
			— 14.591,66
4. Endurgreitt af lánum			— 9.420,59
5. Til jafnaðar við gjaldalið 2			— 55.550,00
6. Til jafnaðar við gjaldalið 5			— 8.271,02
7. Gróði á bréfakaupum			— 360,00
			Kr. 438.701,54

Gjöld.

1. Tekið út af inneign			kr. 24.832,21
2. Ný lán tekin á árinu			— 55.550,00
3. Oftalin inneign í hlaupar. f. á.			— 1.150,00
4. Kostnaður			— 270,00
5. Vaxtaafgangur			— 8.271,02
6. Til jafnaðar við tekjulið 3 d.			— 571,50
7. Til jafnaðar við tekjulið 4			— 9.420,59
8. Eign í árslok:			
a. Í lánum	kr.	200.827,74	
b. Í hlaupareikningi	—	36.968,07	
c. Í innlánsskírteinum	—	50.000,00	
d. Í veðdeildarbréfum	—	50.000,00	
e. Hjá reikningshaldara	—	840,41	
			— 338.636,22
			Kr. 438.701,54

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík 7. janúar 1932.

Jón Helgason.

23

SKÝRSLA

um

eign kirkna í hinum Almenna Kirkjusjóði árið 1931.

Kirkjur	Eign í árslok 1930 Kr. au.	Lagt inn Kr. au.	Tekið út Kr. au.	Vextir Kr. au.	Eign í árslok 1931 Kr. au.
N.-Múlaprófastsdæmi.					
1. Skeggjastaðakirkja ..	3018.71	„	„	120.75	3139.46
2. Hofteigskirkja	3429.72	„	952.40	108.14	2585.46
3. Kirkjubæjarkirkja ...	6958.19	„	„	278.32	7236.51
4. Hjaltastaðarkirkja ...	2189.53	„	„	87.58	2277.11
5. Eiðakirkja	627.12	„	„	25.08	652.20
6. Ásskirkja í Fellum ..	4280.72	„	„	171.23	4451.95
7. Valþjófsstaðarkirkja .	2079.76	„	„	83.19	2162.95
8. Hofskirkja í Vopnaf.	1842.77	„	500.00	70.37	1413.14
S.-Múlaprófastsdæmi.					
9. Vallanesskirkja	601.66	118.94	601.66	2.38	121.32
10. Þingmúlakirkja	1559.34	„	200.00	60.03	1419.37
11. Klippstaðarkirkja	199.66	„	„	7.99	207.65
12. Vestdalseyrarkirkja ..	21.04	„	„	0.84	21.88
13. Mjóafjarðarkirkja ...	2.09	„	„	0.08	2.17
14. Neskirkja í Norðfirði	43.73	„	„	1.75	45.48
15. Kolfreyjustaðarkirkja	2.19	„	2.19	„	„
16. Stöðvarkirkja	10.91	„	„	0.44	11.35
17. Eydalakirkja	6962.48	„	20.60	278.83	7220.71
18. Hofskirkja í Álftafirði	361.65	„	„	14.46	376.11
A.-Skaftafellsprófastsdæmi.					
19. Sandfellskirkja	1706.50	„	„	68.26	1774.76
20. Stafafellskirkja	1761.81	„	„	70.47	1832.28
21. Einholtskirkja	1.10	„	„	0.04	4.14
22. Kálfafellsstaðarkirkja	44.16	„	„	1.77	45.93
23. Hofskirkja í Öræfum	3596.76	100.00	„	145.52	3842.28
V.-Skaftafellsprófastsdæmi.					
24. Prestsbakkakirkja .	5722.88	„	„	228.91	5951.79
25. Reyniskirkja	306.73	„	„	12.27	319.00
26. Grafarkirkja	8212.19	„	5485.29	199.18	2926.08
27. Kálfafellskirkja	822.85	„	„	32.91	855.76
28. Skeiðflatarkirkja	423.07	„	„	16.92	439.99
29. Langholtskirkja	5356.00	„	„	214.24	5570.24
Flutt	62145.32	218.94	7762.14	2301.95	56904.07

23

Kirkjur	Eign í árslok 1930 Kr. au.	Lagt inn Kr. au.	Tekið út Kr. au.	Vextir Kr. au.	Eign í árslok 1931 Kr. au.
Flutt	62145.32	218.94	7762.94	2301.95	56904.07
Rangárvallaprófastsdæmi.					
30. Stórólfshvolskirkja ..	„	57.82	„	2.31	60.13
31. Oddakirkja	340.36	„	66.67	12.28	285.97
32. Kálfholtskirkja	64.97	„	„	2.60	67.57
33. Krosskirkja	7750.05	„	„	310.00	8060.05
34. Ásólfsskálakirkja	138.08	„	„	5.52	143.60
35. Eyvindarhólakirkja ..	3174.55	200.00	„	132.98	3507.53
36. Breiðabólstaðarkirkja	18.10	„	„	0.72	18.82
37. Skarðskirkja	7764.21	„	7764.21	179.13	179.13
38. Landakirkja í V-eyj.	4407.07	„	„	176.28	4583.35
Árnesprófastsdæmi.					
39. Mosfellskirkja í Gr.	1215.55	„	„	48.62	1264.17
40. Þingvallakirkja	541.65	200.00	„	23.66	765.31
41. Strandarkirkja	74383.41	12819.20	382.40	3132.45	89952.66
42. Gaulverjabæjarkirkja .	49.25	100.00	12.00	4.36	141.61
43. Haukadalskirkja	97.69	„	„	3.91	101.60
44. Hraungerðiskirkja ...	635.36	200.00	„	28.61	863.97
45. Stokkseyrarkirkja ...	3384.90	300.00	„	138.40	3823.30
46. Ólafsvallakirkja	42.49	„	„	1.70	44.19
47. Miðdalskirkja	34.20	„	„	1.37	35.57
48. Eyrarbakkakirkja ...	1421.56	„	„	56.86	1478.42
Kjalarnesprófastsdæmi.					
49. Grindavíkurkirkja ...	387.34	200.00	„	18.82	606.16
50. Brautarholtskirkja ...	266.48	„	120.00	10.66	157.14
51. Reynivallakirkja	4959.72	„	„	198.39	5158.11
52. Lágafellskirkja	4462.18	„	4460.28	115.29	117.19
53. Njarðvíkurkirkja	35.20	„	„	1.41	36.61
Borgarfjarðarprófastsd.					
54. Saurbæjarkirkja	1295.15	„	„	51.81	1346.96
55. Hallgrímskirkja	15342.51	317.50	„	617.69	16277.70
56. Stóra-Áskirkja	1.75	„	1.75	„	„
57. Reykholtskirkja	2516.42	„	„	100.65	2617.07
58. Lundarkirkja	134.95	„	130.00	2.70	7.65
59. Bæjarkirkja	148.23	„	„	5.93	154.16
Mýraprófastsdæmi.					
60. Stafholtskirkja	7108.39	„	„	284.33	7392.72
61. Síðumúlakirkja	45.45	„	2.25	1.74	44.94
Flyt	204312.54	14613.46	20701.70	7973.13	206197.43

23

Kirkjur	Eign í árslok 1930 Kr. au.	Lagt inn Kr. au.	Tekið út Kr. au.	Vextir Kr. au.	Eign í árslok 1931 Kr. au.
Flutt	204312.54	14613.46	20701.70	7973.13	206197.43
62. Hvammskirkja í N.dal	1651.20	135.00	250.00	59.20	1595.40
63. Borgarkirkja	1966.32	„	400.00	70.64	1636.96
Snæfellsnessprófastsdæmi.					
64. Breiðabólstaðarkirkja	1060.29	„	„	42.41	1102.70
65. Miklaholtskirkja	6531.31	„	„	261.25	6792.56
66. Narfeyrarkirkja	506.71	„	„	20.97	527.68
67. Ytra-Rauðamelskirkja	847.97	„	„	33.92	881.89
68. Kolbeinsstaðakirkja ..	3342.45	100.00	„	133.70	3576.15
Dalaprófastsdæmi.					
69. Stóra-Vatnshornsk. ..	14.61	„	„	0.58	15.19
70. Snóksdalskirkja	3045.78	„	16.00	121.83	3151.61
71. Garpsdalskirkja	5254.17	125.00	„	213.50	5592.67
72. Hvammskirkja í Hvsv.	21.13	„	„	0.84	21.97
Barðastrandarprófastsd.					
73. Selárdalskirkja	706.11	53.42	746.11	19.64	33.06
74. Sauðlauksdalskirkja ..	2547.19	„	„	101.89	2649.08
75. Flateyjarkirkja	22.03	„	„	0.88	22.91
76. Gufudalskirkja	110.69	60.00	„	5.23	175.92
77. Brjámslækjarkirkja ..	„	12.06	„	0.04	12.10
V.-Ísafjarðarprófastsdæmi.					
78. Holtskirkja í Önf. ...	7500.35	„	„	300.01	7800.36
79. Mýrakirkja	1109.03	„	„	44.36	1153.39
80. Sæbólskirkja	77.52	„	„	3.10	80.62
81. Staðarkirkja í Súg. ...	1771.16	„	„	70.84	1842.00
82. Hraunskirkja	1030.70	„	„	41.22	1071.92
N.-Ísafjarðarprófastsdæmi.					
83. Staðarkirkja í Grv. ..	805.88	„	„	32.23	838.11
Strandaprófastsdæmi.					
84. Staðarkirkja í Stgrf. .	2485.14	„	„	99.40	2584.54
85. Prestsbakkakirkja ...	1826.35	„	„	73.05	1899.40
86. Staðarkirkja í Hrf. ..	1085.23	„	„	43.41	1128.64
87. Árneskirkja	3402.20	224.00	„	137.58	3763.78
88. Óspakseyrarkirkja ...	1920.16	„	„	76.81	1996.97
Flyt	254954.22	15322.94	22113.81	9981.66	258145.01

23

Kirkjur	Eign í árslok 1930 Kr. au.	Lagt inn Kr. au.	Tekið út Kr. au.	Vextir Kr. au.	Eign í árslok 1931 Kr. au.
Flutt	254954.22	15322.94	22113.81	9981.66	258145.01
Húnavatnsprófastsdæmi.					
89. Staðarbakkakirkja ..	43.67	„	„	1.75	45.42
90. Melstaðarkirkja	3298.73	„	„	131.95	3430.68
91. Hofskirkja á Sk.str .	719.27	„	„	28.77	748.04
92. Bergstaðakirkja	3.09	„	„	0.12	3.21
93. Höskuldsstaðakirkja	1209.54	275.00	„	48.38	1532.92
94. Efranúpskirkja	17.64	„	„	0.71	18 35
95. Spákonufellskirkja .	1.46	„	„	0.06	1.52
96. Blönduóskirkja	235.52	„	„	9.42	244.94
97. Tjarnarkirkja á Vn.	217.85	„	200.00	6.71	24.56
98. Auðkúlukirkja	765.92	„	„	30.63	796.55
Skagafjarðarpófastsdæmi.					
99. Sauðárkrókskirkja ..	1830.05	300.00	„	79.20	2209 25
100. Rípurkirkja	7.50	„	„	0.30	7.80
101. Glaumbæjarkirkja ..	9.71	„	„	0.39	10.10
102. Mælifellskirkja	10.70	„	„	0.43	11.13
103. Barðskirkja	2398.73	130.00	18.00	98.55	2609.28
104. Fellskirkja í Slhl. ..	218.12	50.00	„	10.55	278.67
105. Goðdalakirkja	725.26	„	„	29.01	754.27
106. Miklabæjarkirkja ..	1127.63	„	„	45.13	1172.76
107. Flugumýrarkirkja ..	17.98	„	„	0.72	18.70
108. Ketukirkja	686.93	„	„	27.48	714.41
109. Viðvíkurkirkja	904.83	„	„	36.19	941.02
110. Hofskirkja á Hstr. ..	89.19	„	„	3.57	92.76
111. Hvammskirkja í L. .	208.08	150.00	„	10.35	368.43
112. Knappstaðakirkja ...	47.74	100.00	„	1.91	149.65
Eyjafjarðarprófastsdæmi.					
113. Grímseyjarkirkja ...	2992.48	„	„	119.70	3112.18
114. Glæsibæjarkirkja ...	134.29	„	„	5.37	139.66
115. Kaupangskirkja	6.47	„	„	0.26	6.73
116. Saurbæjarkirkja	4970.12	„	„	198.80	5168.92
117. Munkaþverárkirkja .	11691.52	„	„	467.66	12159.18
118. Lögmannshlíðark. ..	114.84	„	„	4.59	119.43
119. Akureyrarkirkja	14729.26	„	„	589.17	15318.43
120. Bægisárkirkja	2389.55	„	„	95.58	2485.13
121. Vallakirkja	29.71	„	„	1.19	30.90
122. Tjarnarkirkja Svfd...	63.20	60.00	„	4.93	128.13
123. Stærra-Árskógskirkja	0.59	„	„	0.02	0.61
Flyt	306871.39	16387.94	22331.81	12071.21	312998.73

23

Kirkjur	Eign í árslok 1930 Kr. au.	Lagt inn Kr. au.	Tekið út Kr. au.	Vextir Kr. au.	Eign í árslok 1931 Kr. au.
Flyt	306871.39	16387.94	22331.81	12071.21	312998.73
S.-Þingeyjarprófastsdæmi.					
124. Laufáskirkja	2488.14	„	1723.90	81.60	845.84
125. Hálskirkja	934.27	„	232.00	32.73	735.00
126. Þóroddsstaðarkirkja	181.91	„	„	7.28	189.19
127. Skútustaðakirkja ...	47.33	„	„	1.89	49.22
128. Brettingsstaðakirkja	629.50	„	„	25.18	654.68
129. Illugastaðakirkja ...	543.13	„	540.00	7.24	10.37
130. Grenjaðarstaðark. ..	3806.43	„	2.25	152.20	3956.38
131. Grenivíkurkirkja ...	1472.42	150.00	„	61.90	1684.32
132. Draflastaðakirkja ...	3.15	„	„	0.13	3.28
133. Þönglabakkakirkja .	1983.32	11.75	„	79.57	2074.64
134. Nesskirkja í Aðald. .	351.87	„	2.25	14.07	363.69
N.-Þingeyjarprófastsdæmi.					
135. Skinnastaðarkirkja .	2298.70	„	„	91.95	2390.65
136. Presthólakirkja	68.66	„	„	2.75	71.41
137. Ásmundarstaðark. ..	1.06	„	„	0.04	1.10
138. Svalbarðskirkja	3909.37	175.00	„	156.95	4241.32
139. Víðihólskirkja	1.21	„	„	0.05	1.26
140. Sauðanesskirkja	90.50	„	„	3.62	94.12
Samtals	325682.36	16724.69	24832.21	12790.36	330365.20

ATHS.

Sé vaxtaafgangsupphæðinni kr. 8271.02 bætt við ofangreinda upphæð kr. 330365.20, verður eign sjóðsins í árslok, eins og segir í aðalreikningnum, kr. 338636.22

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík 7. janúar 1932.

Jón Helgason.

REIKNINGAR BÚNAÐARBANKA ÍSLANDS 24
árið 1931.

Efnahagsreikningur sparisjóðs og rekstrarlánadeildar Búnaðarbanka Íslands með útibúi 31. desember 1931.

Eignir:

1.	Skuldabréf fyrir lánum:			
	a. Fasteignaveðslán	kr.	4000.00	
	b. Sjálfskuldarábyrgðarlán	—	778500.00	
	c. Reikningslán	—	3244.02	
	d. Lán gegn ábyrgð sveitarfélaga	—	5500.00	
				kr. 791244.02
2.	Víxlar			— 1480654.50
3.	Verðbréf			— 230778.57
4.	Byggingar og landnámssjóður			— 548879.32
5.	Ýmsir viðskiptamenn			— 6076.85
6.	Innanstokksmunir			— 11737.00
7.	Tryggingar fyrir ábyrgðum			— 366000.00
8.	Innstæða í Landsbanka Íslands			— 397226.82
9.	Peningar í sjóði			— 54051.46
				Kr. 3886648.54

Skuldir:

1.	Skuld við ríkissjóð	kr. 1600000.00
2.	Innstæðufé í sparisjóði	— 1266466.35
3.	— gegn viðtökuskírteinum	— 261646.80
4.	— í hlaupareikningi	— 88202.07
5.	Innstæða Ræktunarsjóðs Íslands	— 48281.79
6.	— veðdeildar	— 32035.28
7.	— viðlagasjóðs	— 49951.81
8.	Ýmsir viðskiptamenn	— 68988.96
9.	Ábyrgðir	— 366000.00
10.	Varasjóður	— 21542.02
11.	Flyzt til næsta árs:	
	Fyrir fram greiddir vextir	— 83533.46
		Kr. 3886648.54

24 Rekstrarreikningur sparisjóðs og rekstrarlána deildar Búnaðarbanka Íslands með útibúi 1931.

Tekjur:

1. Vextir f. f. á.	kr.	102511.43
2. Innheimtir vextir	—	150343.43
3. Forvextir af víxlum	—	111692.74
4. Ýmislegar tekjur	—	6667.01
	Kr.	371214.61

Gjöld:

1. Vextir	kr.	225555.12
2. Rekstrarkostnaður	—	41595.03
3. Til varasjóðs	—	20531.00
4. Flyzt til næsta árs:		
Fyrir fram greiddir vextir	—	83533.46
	Kr.	371214.61

Efnahagsreikningur sparisjóðs og rekstrarlána deildar Búnaðarbanka Íslands í Reykjavík 31. desember 1931.

Eignir:

1. Skuldabréf fyrir lánum:			
a. Fasteignaveðslán	kr.	4000.00	
b. Sjálfskuldarábyrgðarlán	—	778500.00	
c. Reikningslán	—	3244.02	
d. Lán gegn ábyrgð sveitarfélaga	—	5500.00	
			kr. 791244.02
2. Víxlar			— 1145341.50
3. Verðbréf			— 230778.57
4. Útibú á Akureyri			— 316121.94
5. Byggingar og landnámssjóður			— 548879.32
6. Ýmsir viðskiptamenn			— 5906.35
7. Innanstokksmunir			— 11000.00
8. Tryggingar fyrir ábyrgðum			— 366000.00
9. Innstæða í Landsbanka Íslands			— 394494.13
10. Peningar í sjóði			— 46550.07
			Kr. 3856315.90

24

Skuldir:

1.	Skuld við ríkissjóð	kr. 1600000.00
2.	Innstæðufé í sparisjóði	— 1258863.76
3.	— gegn innlánsskírteinum	— 248035.80
4.	— í hlaupareikningi	— 87241.46
5.	Innstæða Ræktunarsjóðs Íslands	— 48281.79
6.	— veðdeildar	— 32035.28
7.	— viðlagasjóðs	— 49951.81
8.	Ýmsir viðskiptamenn	— 68988.96
9.	Ábyrgðir	— 366000.00
10.	Varasjóður	— 21542.02
11.	Flyzt til næsta árs:	
	Fyrir fram greiddir vextir	— 75375.02
		Kr. 3856315.90

Rekstrarreikningur sparisjóðs og rekstrarlána deildar Búnaðarbanka Íslands í Reykjavík 1931.

Tekjur:

1.	Vextir f. f. á.	kr. 94693.47
2.	Innheimtir vextir	— 150343.43
3.	Forvextir af víxlum	— 86765.66
4.	Ýmislegar tekjur	— 5796.40
		Kr. 337598.96

Gjöld:

1.	Vextir	kr. 204797.75
2.	Rekstrarkostnaður	— 26098.48
3.	Tap á rekstri útibús	— 10796.71
4.	Til varasjóðs	— 20531.00
5.	Flyzt til næsta árs:	
	Fyrir fram greiddir vextir	— 75375.02
		Kr. 337598.96

24 Efnahagsreikningur útibús Búnaðarbanka Íslands á Akureyri 31. desember 1931.

Eignir:

1. Víxlar	kr.	335313.00
2. Ýmsir viðskiptamenn	—	170.50
3. Innanstokksmunir	—	737.00
4. Innstæða í útibúi Landsbanka Íslands	—	2732.69
5. Peningar í sjóði	—	7501.39
	Kr.	346454.58

Skuldir:

1. Skuld við Búnaðarbanka Íslands	kr.	316121.94
2. Innstæðufé í sparisjóði	—	7602.59
3. — — gegn viðtökuskírteinum	—	13611.00
4. — — í hlaupareikningi	—	960.61
5. Flyzt til næsta árs:		
Fyrir fram greiddir vextir	—	8158.44
	Kr.	346454.58

Rekstrarreikningur útibús Búnaðarbanka Íslands á Akureyri 1931.

Tekjur:

1. Vextir f. f. á.	kr.	7817.96
2. Forvextir af víxlum	—	24927.08
3. Ýmsar tekjur	—	870.61
4. Tap	—	10796.71
	Kr.	44412.36

Gjöld:

1. Vextir	kr.	20757.37
2. Kostnaður	—	15496.55
3. Flyzt til næsta árs:		
Fyrir fram greiddir vextir	—	8158.44
	Kr.	44412.36

Efnahagsreikningur veðdeildar Búnaðarbanka Íslands 31. desember 1931. 24

Eignir:

1. Skuldabréf fyrir lánum			kr. 1485856.41
2. Ógreiddir vextir og varasjóðstekjur:			
a. Fallið í gjalddaga	kr.	24553.34	
b. Ekki fallið í gjalddaga	—	19338.96	
			— 43892.30
3. Innstæða í Búnaðarbanka Ísland			— 32035.28
			Kr. 1561783.99

Skuldir:

1. Bankavaxtabréf í umferð	kr. 1500000.00
2. Óinnleystir vaxtamiðar	— 45000.00
3. Eign varasjóðs	— 16783.99
	Kr. 1561783.99

Höfuðstóll Ræktunarsjóðs Íslands 31. desember 1931.

1. Frá fyrra ári			kr. 2396128.39
2. Úr ríkissjóði	kr.	50000.00	
3. Viðlagðir 3½ % vextir	—	83864.49	
			— 133864.49
			Kr. 2529992.88

Varasjóður Ræktunarsjóðs Íslands 31. desember 1931.

1. Frá fyrra ári			kr. 101402.48
2. Lántökugjald	kr.	3056.50	
3. Vextir	—	5120.42	
4. Tekjuafgangur	—	35227.51	
			— 43404.43
			Kr. 144806.91

24 Efnahagsreikningur Ræktunarsjóðs Íslands 31. desember 1931.

Eignir:

1. Skuldabréf fyrir lánum:			
4% þjóðjarðasölulán	kr.	395354.77	
4% jarðabótalán	—	243182.64	
4% jarðabótalán prestakalla	—	920.00	
4% jarðakaupalán	—	6833.04	
5½ % ný lán	—	4341261.51	
			kr. 4987551.96
2. Ógreiddir áfallnir vextir			— 153074.93
3. Ógreitt kostnaðartillag			— 11829.84
4. Ógreiddur ríkissjóðsstyrkur			— 2500.00
5. Ýmsir viðskiptamenn			— 600.36
6. Innstæða í Búnaðarbanka Íslands			— 48281.79
			Kr. 5203838.88

Skuldir:

1. Höfuðstóll	kr. 2529992.88
2. Jarðræktarbréf í umferð	— 2602400.00
3. Óinnleystir vaxtamiðar jarðræktarbréfa	— 71196.00
4. Ýmsir viðskiptamenn	— 250.00
	Kr. 5203838.88

Rekstrarreikningur Ræktunarsjóðs Íslands 1931.

Tekjur:

1. Vextir	kr. 255969.36
2. Kostnaðartillag nýrra lána	— 20561.84
3. Ríkissjóðsstyrkur	— 7000.00
	Kr. 283531.20

Gjöld:

1. Kostnaður	kr. 25734.70
2. Vaxtamiðar jarðræktarbréfa	— 138704.50
3. Lagt við höfuðstól 3½ % vextir	— 83864.49
4. Lagt við varasjóð	— 35227.51
	Kr. 283531.20

Efnahagsreikningur Byggingar og landnámssjóðs 31. desember 1931. 24

Eignir:

1. Skuldabréf fyrir lánum:		
a. Endurhýsingarlán	kr. 1436914.96	
b. Nýbýlalán á ræktuðu landi	— 138476.00	
c. —— á óræktuðu landi	— 62500.00	
		kr. 1637890.96
2. Skuldir ýmsra viðskiptamanna		— 2795.91
		Kr. 1640686.87

Skuldir:

1. Skuld við ríkissjóð	kr. 600000.00
2. — — Búnaðarbanka Íslands	— 548879.32
3. Eign	— 491807.55
	Kr. 1640686.87

Rekstrarreikningur Byggingar- og landnámssjóðs 1931.

Tekjur:

1. Lántökugjald	kr. 5064.00
2. Vextir	— 46391.67
3. Ríkissjóðsstyrkur	— 200000.00
	Kr. 251455.67

Gjöld:

1. Nefndarstörf	kr. 1350.00
2. Kostnaður við teiknistofu að frádregnum ríkissjóðsstyrk	— 15924.17
3. Vextir	— 60374.27
4. Rekstrarkostnaður	— 22633.55
5. Aukin eign	— 151173.68
	Kr. 251455.67

24 **Efnahagsreikningur Viðlagasjóðs 31. desember 1931.**

Eignir:

1. Skuldabréf fyrir lánum	kr.	2025165.30
2. Bankavaxtabréf	—	38900.00
3. Óinnheimtir vextir af ríkisskuldabréfum	—	948.60
4. Innstæða í Köbenhavns Handelsbank	—	280994.37
5. -- í Búnaðarbanka Íslands	—	49951.81
	Kr.	2395960.08

Skuldir:

1. Skuld við ríkissjóð	kr.	154000.00
2. Skuld við bjargráðasjóð	—	200000.00
3. Höfuðstóll	—	2041960.08
	Kr.	2395960.08

Rekstrarreikningur Viðlagasjóðs árið 1931.

Gjöld:

1. Vextir af skuld við ríkissjóð og bjargráðasjóð	kr.	20558.60
2. Kostnaður	—	8026.95
3. Gengismunur á dönskum ríkisskuldabréfum	—	37095.39
4. Lagt við höfuðstól	—	42048.80
	Kr.	107729.74

Tekjur:

1. Innheimtir vextir af lánum	kr.	93909.70
2. Vextir af verðbréfum og bankainnstæðu	—	13820.04
	Kr.	107729.74

Höfuðstóll Viðlagasjóðs 31. desember 1931. **24**

1. Frá fyrra ári			kr. 2014297.29
2. Frá dregst samkvæmt bréfi fjármálaráðherra 28. ág. 1931:			
a. Halldóri Arnórssyni gefið eftir	kr.	5500.00	
b. Stokkseyringum gefið eftir	—	10000.00	
			— 15500.00
		Eftir	kr. 1998797.29
3. Viðlagðir vextir erlendis			— 1113.99
4. Tekjuafgangur samkvæmt framangreindum reikningi			— 42048.80
			Kr. 2041960.08

Reykjavík, 10. febrúar 1932.

Búnaðarbanki Íslands.

Páll Eggert Ólason. Pétur Magnússon. Bjarni Ásgeirsson.

Framanritaða reikninga Búnaðarbanka Íslands fyrir 1931 höfum við yfirfarið og borið saman við bækur bankans og ekkert fundið við að athuga.

Ragnar Ásgeirsson. Magnús Guðmundsson.

25
10. maí

REGLUGERÐ
um
próf fyrir bifreiðarstjóra.

Samkvæmt lögum nr. 70, 8. september 1931, um notkun bifreiða, eru hér með settar eftirfarandi reglur um próf fyrir bifreiðarstjóra.

1. gr.

Sérhver sá, sem vill fá ökuskírteini, sem heimilar honum að stýra bifreið, skal senda lögreglustjóra skriflega umsókn um það. Eyðublöð undir umsóknir fást hjá lögreglustjóra.

Með umsókninni skal umsækjandi senda:

a. Fæðingarvottorð.
b. Vottorð tveggja valinkunnra manna um, að hann sé áreiðanlegur og samvizkusamur.
c. Vottorð læknis um:

Að hann hafi, með eða án gleraugna, minnst sjónskerpuna $^{6}/_{12}$ á betra auga, en $^{6}/_{24}$ á hinu, og að útsýnið, prófað með hendinni, sé eðlilegt.

Að hann hafi heyrn svo góða, að hann að minnsta kosti heyri orð, töluð vanalegum rómi í 16 metra fjarlægð, og ekki minni heyrn á verra eyra, en að hann heyri þau í 2 metra fjarlægð.

Að hann sé svo limaliðugur, að honum sé fært að nota hendur og fætur við aksturinn (sbr. 3. gr. c.).

d. Vottorð um að hann hafi notið kennslu í notkun bifreiða hjá bifreiðarstjóra, er rétt hefir til kennslu samkvæmt 9. gr. reglugerðar þessarar, að hann hafi stjórnað bifreið minnst 25 klukkustundir samtals, sem skiptist á minnst 14 kennsludaga, og hafi öðlazt hæfilega handleikni í stjórn bifreiðarinnar. Skal fylgja vottorðinu útdráttur úr dagbók kennarans, er sýni á hvaða tíma hann hafi stýrt bifreiðinni. Til þess að sækja um ökuskírteini fyrir bifhjól, þarf þó aðeins vottorð kennarans um, að umsækjandi hafi öðlazt hæfilega leikni í stjórn bifhjólsins.
e. Ljósmynd af sér óupplímda.

Vottorð þau, sem talin eru í b, c og d, mega ekki vera meira en mánaðargömul, þegar umsókn er send.

Veita má manni ökuskírteini enda þótt hann sé blindur á öðru auga eða sjónskerpan sé minni en $^{6}/_{24}$, ef hitt augað er óskemmt og með fullri sjónskerpu ($^{6}/_{6}$ án gleraugna), þegar hlutaðeigandi hefir verið sjónlaus á öðru auga eða með lamaða sjónskerpu á því meira en hálft ár. Ökuskírteini fyrir mann með þannig lamaða sjón, er heimili honum að stýra tvíhjóla bifreið eða einmenningsþríhjóla bifreið, má aðeins veita með því skilyrði, að hann noti jafnan,

er hann stýrir bifreiðinni, hlífðargleraugu (þ. e. venjuleg stór gleraugu, ekki bifreiðargleraugu). Skírteini þau, sem um ræðir í þessari málsgrein, veita ekki heimild til þess að stýra bifreið, sem notuð er til almennra mannflutninga. 25 10. maí

2. gr.

Telji lögreglustjóri skilríki þau, sem umsókninni fylgja, fullnægjandi, sendir hann þau til fasts prófdómara, sem stjórnarráðið löggildir til þess að halda próf það, sem ákveðið er í 5. gr. laganna, og prófar hann umsækjanda svo fljótt, sem ástæður leyfa.

3. gr.

Prófið er bæði munnlegt og verklegt, en aðaláherzlu ber að leggja á verklega prófið.

Munnlega prófið nær yfir:

a. Gerð og hirðing vélarinnar og umbúnað í vagninum.
b. Lög og reglur, er snerta ökumenn bifreiða.
c. Hvaða ráð skuli höfð, er einhver vandkvæði bera að höndum.

Verklega prófið nær yfir:

a. Prófun á hemlum, stýri, kveikingu vélarinnar m.m., og að hleypa vélinni, stöðva hana, snúa við og fara aftur á bak.
b. Prófakstur. Prófdómari skal sitja í vagninum, en umsækjandi stjórna vagninum hjálparlaust, og skal haga akstrinum þannig, að bæði sé ekið þar sem talsverð umferð er, og einnig á auðum vegi eftir bugðum og brekkum, og skal aksturinn vera svo langur, að prófdómarinn fái fulla vitneskju um, hvort óhætt sé að veita umsækjanda ökuskírteini.
c. Jafnframt skal prófdómari fullvissa sig um, að umsækjandi sé ekki fatlaður á neinn hátt, er geri hann óhæfan til að stýra bifreið.
d. Prófið skal fara fram í bifreið með handskiptingu gangskiptihjóla.

4. gr.

Að loknu prófi skal prófdómarinn tafarlaust endursenda lögreglustjóra skilríki umsækjandans. Hafi hann staðizt prófið, fær lögreglustjóri honum ökuskírteini, og skal í því vera:

a. Númer skírteinisins.
b. Nafn, fæðingardagur, fæðingarstaður og heimili ökumanns.
c. Mynd af ökumanni, með stimpli lögreglustjóra og númeri skírteinisins.

Hafi umsækjandi ekki staðizt prófið, getur hann ekki fengið að ganga undir próf á ný, fyrr en að tveim vikum liðnum, og skal hann þá færa sönnur á það, að hann hafi notið rækilegrar kennslu á þeim tíma.

Læknisvottorð það, sem ræðir um í 1. gr. c, skal endurnýja fimmta hvert ár og leggja fyrir lögreglustjóra, sem ritar vottorð um það á ökuskírteinið eða gefur út nýtt ökuskírteini; að öðrum kosti er ökuskírteinið úr gildi fallið.

25 10. maí

Glatist ökuskírteini, má endurnýjun á því aðeins fara fram við embætti þess lögreglustjóra, sem upphaflega gaf það út. Endurnýjað ökuskírteini, vegna slits eða skemmda, skal halda áfram að bera hið upphaflega umdæmis tölumerki, en einkennt skal það með orðinu „eftirrit", svo og hvar og hvenær endurnýjunin var gerð. Fyrir endurnýjun ökuskírteinis greiðist til lögreglustjóra sama gjald og fyrir nýtt skírteini.

5. gr.

Óski einhver að prófast í bifreið þar sem gangskipting er gerð með fótstigum, er það heimilt, en þá skal ritað á prófskírteini, að það veiti eingöngu rétt til aksturs bifreiða með slíkri gangskiptingu.

6. gr.

Óski einhver að fá ökuskírteini, er heimili honum að stýra tvíhjólabifreið og einmennings þríhjólabifreið, en ekki öðrum bifreiðum, þá getur prófdómari veitt þær tilslakanir, að því er prófkröfurnar snertir, sem hann telur hæfilegar.

7. gr.

Fyrir prófið greiði umsækjandi 15 kr. og leggi auk þess til á sinn kostnað vagn, er prófdómari tekur gildan. Fyrir prófun á meðferð tvíhjólabifreiða greiðist hálft gjald.

8. gr.

Sá sem hefir ökuskírteini frá erlendum stjórnarvöldum, getur fengið ökuskírteini hjá lögreglustjóra, án þess að taka próf, ef lögreglustjóra er ekki kunnugt um neitt það, er ætla má að geri umsækjanda miður hæfan til að stýra bifreið. Krafizt getur lögreglustjóri skilríkja þeirra, er greinir í 1. gr. a.—c. og e., ef honum þykir ástæða til.

9. gr.

Hver sá, sem hefir leyst af hendi hið meira próf (sbr. 11. gr.), hefir rétt til þess að hafa á hendi kennslu í notkun bifreiða. Ráðuneytið getur svipt hvern þann kennsluleyfi, sem ekki rækir starf sitt samvizkusamlega eða af einhverjum ástæðum telst til þess óhæfur.

Engum er heimilt að veita nokkra tilsögn í akstri öðrum en þeim, sem hafa aldur til að geta fengið ökuskírteini.

Bifreið þar sem kennsla fer fram, skal einkennd með tveim spjöldum, framan og aftan á bifreiðinni, með greinilegri áletrun „kennslubifreið".

Enga bifreið má nota til kennslu nema eigandi bifreiðarinnar hafi fengið vottorð skoðunarmanns bifreiða í umdæmi því, er bifreiðin er skrásett, um að hún sé í góðu lagi og stýris- og hemlaumbúnaður vélarinnar með venjulegri gerð, og að hún sé tryggð gagnvart þriðja manni sem kennslubifreið.

Kennari ber ábyrgð á akstri bifreiða, einnig þegar aksturnemi er við stýrið. 25 10. maí

10. gr.

Löggildingu sem prófdómara veitir ráðuneytið hæfilega mörgum mönnum, sem til þess álítast hæfir, og eru ekki á neinn hátt riðnir við verzlun með bifreiðar. Löggildingin getur verið tímabundin, og stjórnarráðið getur afturkallað hana, ef því virðist ástæða til.

Þar sem eru löggiltir skoðunarmenn bifreiða, skulu þeir og vera löggiltir prófdómarar.

11. gr.

Til þess að stýra leigubifreið til mannflutninga, þarf sérstakt viðbótarskírteini. Skal umsókn um það sendast lögreglustjóra, en hann sendir umsóknina til hins skipaða prófdómara, sem prófar umsækjanda svo fljótt sem ástæður leyfa, mjög ítarlega í sömu atriðum og við hið venjulega próf. Skal við prófið komast að raun um, að umsækjandi sé svo vel að sér í gerð vélarinnar og öllum útbúnaði í vagninum, að hann geti gert við algengustu smábilanir, er fyrir koma á vél og hringum.

Svo skal umsækjandi og færa sönnur á, að hann hafi að jafnaði undanfarna þrjá mánuði verið bifreiðarstjóri og sé fullra 20 ára að aldri.

Við próf það, sem nefnt er í þessari grein, skal auk prófdómara vera meðdómari, sem ráðuneytið skipar.

Standist umsækjandi prófið tilkynnir prófdómari það lögreglustjóra, sem síðan lætur bæta við á ökuskírteini hlutaðeiganda, heimild til þess að stýra leigubifreið til mannflutninga.

Fyrir þetta próf greiði umsækjandi 20 kr. sem skiptist jafnt milli prófdómenda.

12. gr.

Þar sem skipaðir eru skoðunarmenn bifreiða, skal greiða prófgjöld til lögreglustjóra jafnframt afhendingu umsóknar um prófun samkvæmt 1. gr.

Með reglugerð þessari, sem gengur í gildi þegar í stað, er úr gildi numin reglugerð um próf fyrir bifreiðarstjóra frá 1. febrúar 1928, og reglugerð um viðauka við reglugerð frá 19. október 1929.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 10. maí 1932.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.

26

Verðlagsskrá

sem gildir fyrir

Norður-Múlasýslu og Seyðisfjarðarkaupstað

frá 16. maímánaðar 1932 til jafnlengdar 1933.

		Í peningum		Hundrað á		Alin
		kr.	aur.	kr.	aur.	aur.
	A. Fríður peningur.					
1.	1 hndr., 1 kýr, 3 til 8 vetra, sem beri frá miðjum október til nóvembermánaðarloka, í fard. . . á	253	75	253	75	211
2.	— 6 ær, 2 til 6 vetra, loðnar og lembdar, í fard. hver á	39	00	234	00	195
3.	— 6 sauðir, 3 til 5 vetra, á hausti . . . . hver á	30	00	180	00	150
4.	— 8 sauðir, tvævetrir, á hausti . . . . . hver á	24	71	197	68	165
5.	— 12 sauðir, veturgamlir, á hausti . . . . hver á	20	22	242	64	202
6.	— 8 ær geldar á hausti . . . . . hver á	24	17	193	36	161
7.	— 10 ær mylkar á hausti . . . . . hver á	16	50	165	00	137
8.	— 1 áburðarhestur, taminn, 5 til 12 vetra, í fard. á	162	50	162	50	135
9.	— 1 1/3 hryssu, á sama aldri . . . . . hver á	150	91	201	21	168
	B. Ull, smjör og tólg.					
10.	1 hndr., 120 pd. af hvítri ullu, vel þveginni. . pd. á	0	60	72	00	60
11.	— 120 pd. af mislitri ullu, vel þveginni . . pd. á	0	44	52	80	44
12.	— 120 pd. af smjöri, vel verkuðu . . . . . pd. á	1	40	168	00	140
13.	— 120 pd. af tólg, vel bræddri . . . . . pd. á	0	52	62	40	52
	C. Tóvara af ullu.					
14.	1 hndr., 30 pd. hespugarns, 3 til 6 hespur í pundi, haldi hver hespa 11 skreppur, en hver skreppa 44 þræði . . . . . pundið á	»	»	»	»	»
15.	— 60 pör eingirnissokka . . . . . parið á	»	»	»	»	»
16.	— 30 pör tvíbandsgjaldsokka . . . . . parið á	»	»	»	»	»
17.	— 180 pör sjóvetlinga . . . . . parið á	1	»	»	»	»
18.	— 20 eingirnispeysur . . . . . hver á	»	»	»	»	»
19.	— 15 tvíbandsgjaldpeysur . . . . . hver á	»	»	»	»	»
20.	— 120 álnir gjaldvoðarvaðmáls, áln. breiðs, 1 al. á	»	»	»	»	»
21.	— 120 álnir einskeftu, 1 al. til 5 kv. breiðrar 1 al. á	»	»	»	»	»
	D. Fiskur.					
22.	1 hndr., 6 vættir af saltfiski, vel verkuðum, vættin á	22	00	132	00	110
23.	— 6 vættir af harðfiski, vel verkuðum, vættin á	»	»	»	»	»
24.	— 6 vættir af þyrsklingi, vel verkuðum, vættin á	»	»	»	»	»
25.	— 6 vættir af ýsu, hertri . . . . . vættin á	»	»	»	»	»
26.	— 6 vættir af hákarli, hertum . . . . . vættin á	»	»	»	»	»

26

		Í peningum		Hundrað á		Alin
		kr.	aur.	kr.	aur	aur.
	E. Lýsi.					
27.	1 hndr., 1 tunna (120 pt.) hvalslýsis . . . 8 pottar á	»	»	»	»	»
28.	— 1 tunna (120 pt.) hákarlslýsis . . . 8 pottar á	»	»	»	»	»
29.	— 1 tunna (120 pt.) selslýsis . . . . . 8 pottar á	»	»	»	»	»
30.	— 1 tunna (120 pt.) þorskalýsis . . . 8 pottar á	3	02	45	30	38
	F. Skinnavara.					
31.	1 hndr., 4 fjórðungar nautsskinns . . . . 10 pund á	9	58	38	32	32
32.	— 6 fjórðungar kýrskinns . . . . . 10 pund á	8	17	49	02	41
33.	— 6 fjórðungar hrossskinns . . . . . 10 pund á	5	83	34	98	29
Brunamálanefnd getur að fengnu samþykki hreppsnefndar látið setja í sérhverju húsi, þar sem óvenjuleg eldhætta er (samkomuhús, kvikmyndahús, smíðastofur þar sem eldfim efni eru), slökkvitæki í sambandi við vatnsveitu hússins. Húseigandi er skyldur til að viðhalda slíkum slökkvitækjum og endur-

nýja þau, og má ekki nota þau til neins annars en þess að verja eldsvoða eða slökkva eld. 56 30. apríl

Brunamálanefnd getur skyldað húseigendur, þar sem óvenjuleg brunahætta er, til þess að útvega á eiginn kostnað, og hafa á tilteknum stað í húsinu, slökkviáhöld af þeirri gerð, er Brunabótafélag Íslands tekur gild.

IV. KAFLI.

Skylda borgaranna til þess að gegna slökkviliðsstörfum og skipun slökkviliðs.

7. gr.

Slökkviliðsstjórinn, og í forföllum hans vara-slökkviliðsstjórinn, er yfirmaður og stjórnandi alls slökkviliðsins. Auglýsa skal tvisvar árlega (í marz og september) á stað, þar sem festar eru upp aðrar sveitarstjórnarauglýsingar, hver sé slökkviliðsstjóri, hvar hann býr, og hverjir séu honum næstir yfirmenn í slökkviliðinu. Slökkviliðsstjóri og vara-slökkviliðsstjóri mega aldrei vera báðir burtu úr kaupstaðnum í senn, nema alveg sérstaklega standi á, og þó því aðeins, að þeir tilkynni brottför sína tímanlega, og settur sé slökkviliðsstjóri í þeirra stað á meðan, í samráði við brunamálanefnd.

8. gr.

Allir verkfærir karlmenn 20—60 ára að aldri, sem heimilisfastir eru í kauptúninu, að undanskildum presti, læknum, lyfsala og símastjóra, og þeim mönnum, sem með læknisvottorði sanna, að þeir fyrir heilsubilun séu ekki færir til vinnu, eru skyldir til þjónustu í slökkviliðinu. Mæti svo margir við æfingar eða eldsvoða, að eigi sé þörf fyrir alla, skulu þeir elztu ganga fyrir með hvíld.

9. gr.

Í slökkviliði kauptúnsins skulu að minnsta kosti vera fastráðnir þessir menn: Slökkviliðsstjóri, vara-slökkviliðsstjóri, 16 liðsmenn og 2 brunaboðar.

10. gr.

Hreppsnefnd skipar slökkviliðsstjóra og vara-slökkviliðsstjóra eftir tillögum brunamálanefndar, en brunamálanefnd ræður aðra starfsmenn slökkviliðsins eftir tillögum slökkviliðsstjóra. Slökkviliðsstjóri getur sagt upp liðsmönnum slökkviliðsins án nokkurs fyrirvara, ef hann finnur ástæðu til, og ráðið aðra í þeirra stað til bráðabirgða, en þó skal hann gera brunamálanefnd grein fyrir brottrekstrinum, og ræður hún síðan menn í stað þeirra, sem vikið hefir verið úr liðinu. Allir liðsmenn í slökkviliðinu eru skyldir til að tilkynna slökkviliðsstjóra með viku fyrirvara, ef þeir af gildum ástæðum geta ekki gegnt starfi sínu í slökkviliðinu.

Flokksstjórar skulu skyldir til að tilkynna slökkviliðsstjóra, ef þeir fara burt úr kaupstaðnum daglangt, og liggur sekt við, ef út af er brugðið.

56 30. apríl

11. gr.

Slökkviliðsstjóri og vara-slökkviliðsstjóri hafa fasta þóknun fyrir starfa sinn, eftir nánari ákvörðun hreppsnefndar. Aðrir liðsmenn slökkviliðsins fá greiðslu fyrir starf það, er þeir vinna í þjónustu þess við æfingar eða við að slökkva eld, eftir gjaldskrá, er hreppsnefnd setur í janúarmánuði ár hvert.

Þeir, sem skemma föt sín í þágu slökkviliðsins, eiga rétt á því að fá skemmdirnar endurgoldnar úr sveitarsjóði, eftir mati, nema öðruvísi semjist um.

12. gr.

Hreppsnefnd ákveður eftir tillögum brunamálanefndar, hver einkenni slökkviliðið skal bera, þegar það er að starfi sínu.

13. gr.

Slökkviliðsstjóri stjórnar æfingum slökkviliðsins, og ber ábyrgð á, að ávallt séu nógu margir í slökkviliðinu, og það sé vel æft. Þegar eldsvoða ber að höndum ákveður hann, hvernig slökkviliðinu skuli fyrir komið, og allt hvað gera skuli til þess að slökkva eldinn, og varna útbreiðslu hans. Þó má hann ekki rífa niður hús til varnar útbreiðslu elds, nema samþykki lögreglustjóra komi til, eða þess, er fer með umboð hans við eldsvoðann. Ef slökkviliðsstjóri er forfallaður, gengur vara-slökkviliðsstjóri í hans stað, og sé hann heldur ekki viðstaddur, þá hefir yfirstjórn á hendi sá af liðsmönnum, sem slökkviliðsstjóri, í samráði við brunamálanefnd, hefir fyrirfram ákveðið til þess.

14. gr.

Sérhver slökkviliðsmaður er, að viðlagðri sekt, skyldur til að mæta til æfinga og til þess að slökkva eld, þegar hann er til þess kallaður, hvar sem er innan lögsagnarumdæmis kauptúnsins, og hlýða þá í öllum atriðum, öllu því, er yfirmaður hans skipar honum. Enginn má heldur án leyfis yfirmanna, yfirgefa eldsvoða áður en slökkt er, né slökkviliðsæfingu áður en henni er lokið.

15. gr.

Hreppstjóri er yfirmaður lögreglusveitar þeirrar, er viðhalda skal góðri reglu við eldsvoða og slökkviliðsæfingar. Brunamálanefnd kveður í flokk þenna eftir tillögum hreppssjóra, hæfilega marga menn meðal þeirra, er skyldir eru til þess að vera í slökkviliðinu. Hreppsstjóri ákveður í samráði við slökkviliðsstjóra skipulag lögreglusveitarinnar og starfssvið hvers einstaks í henni. Skylt er lögreglusveitinni að halda uppi góðri reglu við eldsvoða og æfingar, sjá slökkviliðsmönnum fyrir greiðum gangi að eldinum, og annast um að engir óviðkomandi menn gangi of nærri húsi því, sem brennur, eða flytji þaðan neitt burtu.

Ennfremur sér lögreglusveitin um bjargaða muni, annast brottflutning og aðhjúkrun þeirra, er verða fyrir slysum, vísar burtu eða tekur fasta þá, er sekir verða um brot og kærir þá.

Umferð má banna um götur, þar sem þess þarf með.

V. KAFLI.

Um vatnstöku, vatnsburð o. fl.

16. gr.

Heimilt er að taka vatn til þess að slökkva eld og til æfinga úr brunnum og vatnsbólum hvar sem er. Skylt er sérhverjum húseiganda að leyfa að vatn sé tekið úr vatnshönum í húsi hans til að slökkva eld, og má enginn, sem í húsinu er, leggja tálmanir fyrir, að slökkviliðið hafi greiðan aðgang að vatnshönum í húsinu.

Þegar verið er að slökkva eld, er sérhverjum húseiganda skylt að leyfa slökkviliðinu tálmunarlausan aðgang um lóð sína, en fullt endurgjald komi fyrir skemmdir ef einhverjar verða.

Ef hús brennur, er sérhverjum skylt að lána þau tæki, er hann hefir, til þess að flytja vatn og tæki slökkviliðsins. Ef tæki, sem hefir verið lánað, skemmist eða týnist, skal fullt endurgjald koma fyrir úr sveitarsjóði.

Meðan verið er að slökkva eld eru bæjarbúar, er vatn taka úr sömu vatnsveitu eða brunnum, skyldir að takmarka vatnsnotkun sína sem mest má verða.

17. gr.

Það er skylda allra, sem viðstaddir eru eldsvoða, hvort sem þeir eru í slökkviliðinu eða ekki, að láta í té alla þá aðstoð, sem þeir geta, ef slökkviliðsstjórinn krefst þess og hlýða í öllu fyrirskipunum slökkviliðsstjóra.

VI. KAFLI.

Um skoðun eldfæra og reykháfa.

18. gr.

Reykháfa alla skal hreinsa tvisvar á ári, þó getur hreppsnefnd eftir tillögum brunamálanefndar ákveðið að hreinsun skuli fara fram oftar, ef sérstakar ástæður eru til. Brunamálanefnd skal eftir fyrirmælum hreppsnefndar, einu sinni á ári hverju, láta skoða eldfæri og reykháfa í öllum húsum kauptúnsins, og líta eftir að þau séu útbúin lögum samkvæmt, og að reykháfar hafi verið nægilega hreinsaðir, svo og að aðgæta hvort púðurbirgðir, sprengiefni og önnur eldfim og hættuleg efni séu geymd, sem vera ber samkvæmt lögum um brunamál og samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar. Skoðunarmenn skulu og líta eftir, hvort stigar og krókstjakar eru nothæfir og geymdir þar sem þeir eiga að vera. Á sama hátt skal líta eftir sérstökum slökkvitækjum, ef þau eiga að vera í húsinu. Skoðunarmenn skulu gera skýrslu um skoðunina, er afhendist brunamálanefnd og sendist til Brunabótafélags Íslands, ef óskað er.

Komi það í ljós við skoðunina, að einhverju sé ábótavant í þessu efni,

56 skal það tafarlaust bætt, ef hægt er. Ella má veita húseiganda stuttan frest til
30. apríl þess að lagfæra gallana; skal þá að frestinum liðnum ný skoðun fara fram. Komi þá í ljós, við hina síðari skoðun, að enn sé ekki búið að bæta úr því, sem að var fundið, skal tafarlaust kæra hlutaðeiganda fyrir lögreglustjóra, er kemur fram ábyrgð á hendur hinum brotlega og lætur á hans kostnað færa í lag það, er lagfæra þarf.

VII. KAFLI.

Um brunaboðun.

19. gr.

Það er skylda hvers eins, er verður var við eldsvoða, að tilkynna það slökkviliðinu þegar í stað. Næturverðir, ef nokkrir eru, skulu á göngum sínum um kauptúnið hafa sérstakt eftirlit með því, hvort eldur er að kvikna í húsum og tilkynna það þegar í stað slökkviliðsstjóra, brunaboðum og öðrum úr slökkviliðinu, hreppstjóra og símastjóra. Að öðru leyti skal, þar til önnur skipun verður gerð, slökkviliðið kallað saman með því að hefja brunakall um kaupstaðinn, með brunalúðrum.

VIII. KAFLI.

Ýmsar almennar varúðarreglur til að fyrirbyggja eldsvoða.

20. gr.

Á götum, stakkstæðum, torgum eða almannafæri, eða milli húsa, eða í görðum, má ekki setja lausar eldstór eða hlóðir, nema leyfi sé veitt til þess af slökkviliðsstjóra og ákveður hann þá, hvernig eldstæðið skuli búið út og hverra varúðarreglna skuli gætt. Þegar slíkt er leyft, skulu menn alltaf vera við eldinn, meðan logandi er í hlóðunum. Hið sama er og um lýsisbræðslu, tjörugerð og bikgerð og bikun á veiðarfærum. Milli húsa eða úti við, má ekki bera eldsglæður nema í lokuðum málmkössum. Á verzlunarlóðinni má ekki kveikja bál eða halda brennur, nema leyfi hreppsstjóra komi til.

21. gr.

Eldivið, steinkol, mó og annað eldsneyti má ekki leggja fyrir utan hús, nema með samþykki brunamálanefndar, og veitir brunamálanefnd aðeins samþykki til þess, að ekki geti stafað af því eldshætta að marki. Mikið af trjám og borðvið má því aðeins hafa fyrir utan hús, að brunamálanefnd leyfi. Ákveður hún um leið og hún veitir leyfið, hversu stór trjástafli megi vera, hve langt bil skuli vera á milli þeirra, og minnstu fjarlægð frá næsta húsi, sem þó má aldrei vera minni en 6 metrar.

Það skal yfirleitt ekki leyft, að hafa viðarstafla hærri en 4 metra og ekki stærri að flatarmáli en 40 fermetra, enda standi þá staflarnir ekki nær hver öðrum en svo, að 2 metra bil sé á milli þeirra, og ekki nær næsta húsi en 6 metra. Birgðir af steinolíu, benzíni, terpentínu eða öðrum eldfimum vökvum, skulu ætíð geymdar í húsum inni, eða í mannheldur girðingum og hvergi nema þar sem hreppsnefnd samþykkir. Þó má ekki geyma birgðir af vökvum þessum, nema í steinhúsum með steinsteypuloftum eða steinsteyptum kjöllurum með steinloftum og steingólfum. Um undanþágu frá þessu fer samkvæmt lögum um brunamál. Hafi einhver sett birgðir af slíkum eldfimum vökvum á bersvæði eða annars staðar, í óleyfi bæjarstjórnar, má hreppsstjóri láta flytja þær burtu á kostnað eiganda. 56 30. apríl

22. gr.

Þar sem geymdar eru birgðir af steinolíu, terpentínu, benzíni eða áþekkum eldfimum vökvum, skal eftirfarandi varúðarreglum fylgt:

a. Séu birgðirnar meiri en 800 lítrar af steinolíu eða 175 lítrar af benzíni eða álíka eldfimum vökvum, má hvorki bera um geymslustaðinn eld eða ljós, enda þótt það sé birgt í ljóskeri, ekki kveikja á eldspítum né reykja þar tóbak. Þar mega heldur ekki vera eldstór, reykháfar eða hitaleiðslur, sem eldhætta getur stafað af.

b. Séu birgðirnar ekki meiri en 800 lítrar af steinolíu eða 175 lítrar af benzíni eða álíka eldfimum vökvum, og þær geymdar utan húss í görðum eða portum, þar sem ekkert hús er nær en 6 metrar, má því aðeins bera þar um ljós, að það sé í lokuðu ljóskeri, en eld má ekki kveikja þar né bera. Ekki má heldur taka þar ljósvökva úr tunnu eða stærra íláti við ljós, nema ljósið sé í lokuðu ljóskeri og það látið hanga í a. m. k. 2 metra fjarlægð.

Sé slíkar birgðir geymdar innan húss skal gæta sömu varúðar og undir a-lið.

c. Birgðir allt að 200 lítrum af steinolíu eða 10 lítrum af benzíni eða álíka eldfimum vökvum má geyma í sölu- eða smíðahúsum, en þá skulu þær geymdar á afviknum stað í málmíláti eða lokuðum flöskum. Skal þá gætt sömu varúðar og undir a-lið.

d. Í húsum eða herbergjum, þar sem farið er um með eld eða ljós, má ekki taka úr íláti neinn ljósvökva með blossamarki undir 40 stiga hita, hundraðsmælis (Celsíus) (t. d. benzín).

e. Þar sem ljósvökvi er geymdur, hvort heldur úti eða inni, í sölustöðum eða smíðahúsum, skal gætt allrar varúðar. Fari ljósvökvi niður á gólf í húsi, skal hann þerraður upp þegar í stað, svo vel sem hægt er. Í húsinu má ekki geyma eldfima hluti nálægt ljósvökvanum, nema yfir þeim sé höfð ábreiða, sem ekki er eldfim. Þar sem geymdir eru meira en 200 lítrar af steinolíu eða 40 lítrar af benzíni eða álíka eldfimum vökvum, má engin vinna fara fram, nema undir eftirliti fullorðins manns, er þar sé ávallt staddur. Ella skal geymslustaðnum lokað, svo óviðkomandi komist þar ekki inn.

56 30. apríl

f. Benzíngeyma má hvergi setja upp meðfram götum kauptúnsins nema samkvæmt fyrirlagi hreppsstjórnar, að fengnum tillögum brunamálanefndar. Hvergi má setja þá nær steinhúsum en 15 metra og ekki nær timburhúsum en 25 metra, og skal frágangur allur vera svo rammbyggilegur, að sem minnst eldhætta stafi af. Tóbaksreykingar mega ekki fara fram í nánd við geymana. — Tæmdar benzíntunnur skal jafnharðan flytja burtu.

g. Landflutningur á benzíni og olíu í stærri stíl, svo og fylling benzín- og olíugeyma, má ekki fara fram, nema undir eftirliti, sem framkvæmt er eftir fyrirmælum brunamálanefndar, og skal það kostað af eiganda eða farmsmóttakanda.

h. Í hverjum geymslustað skal prentað eintak af reglum þessum hanga á vegg, þar sem það er auðvelt til aflestrar.

23. gr.

Í smíðahúsum handiðnarmanna, sem fást við trésmíði, skal gæta þessara varúðarreglna:

a. Eld má ekki fara með, nema í eldstæðinu eða ofninum og tóbaksreykingar skulu bannaðar. Fyrir framan hverja ofnhurð skal vera kassi úr málmi, er sé að minnsta kosti 50 cm. á hæð, og sé hann þannig áfastur ofninum, að allar glæður og eldur úr honum detti í kassann.

b. Þegar límpotturinn er tekinn af eldstæðinu, skal setja hann á málmplötu, er nái a. m. k. 8 cm. út fyrir pottinn á alla vegu. Brún málmplötunnar skal beygð upp á við.

c. Þar sem ekki er rafmagnsljós má eingöngu nota steinolíuvegglampa eða lokað ljósker, en hvorki borðlampa eða kertaljós.

d. Ekki má fleygja eldspítu á gólfið, þegar kveikt hefir verið á henni, heldur skal fleygja henni í ofninn eða leggja hana á málmplötu eða annan stað, þar sem vissa er fyrir, að hún geti ekki kveikt eld frá sér.

e. Tréspænir, hey eða aðrir slíkir eldfimir hlutir, mega ekki liggja dreifðir um smíðahúsgólfið, dag frá degi. Á hverjum degi, að endaðri vinnu, skal þeim sópað saman og þeir bornir úr smíðahúsinu, eða þeim komið fyrir á sérstökum stað í smíðahúsinu, sem ætlaður er fyrir þá. Miklar birgðir af tréspónum skal geyma í lokuðum klefa, þar sem engin sérstök eldhætta getur stafað af.

f. Miklar birgðir af trésmíðaefni mega ekki liggja í göngum eða stigum, og heldur ekki utan við smíðahúsið, nema sérstakt leyfi brunamálanefndar komi til. Handiðnarmenn, sem fást við trésmíði og járnsmíði mega ekki geyma meira viðarsmíðaefni í járn- eða trésmiðju sinni, en þarf til þess að vinnan verði innt af hendi viðstöðu- og tafarlaust.

g. Þegar vinnunni er lokið að kveldi, og áður en smiðirnir fara úr smíðahúsinu, skal slökkva allan eld og ljós og loka húsinu, svo að óviðkomandi menn komist ekki í það.

h. Í sérhverju smíðahúsi, þar sem vatnsveita er, skal vera sérstakur vatns-

krani með viðfestri slöngu, ella skal vera þar slökkvitæki með slökkvi- 56
vökva, af þeirri gerð, er Brunabótafélag Íslands tekur gilda. Brunamála- 30. apríl
nefnd getur veitt undanþágu frá þessum ákvæðum fyrir verkstæði, þar sem vinna að jafnaði aðeins 1—2 menn.

i. Í sérhverju smíðahúsi skal vera prentað eintak af reglum þessum fest á vegg, þar sem auðvelt er að lesa það. Forstöðumaður smíðahússins skal sjá um, að reglum þessum sé hlýtt, og hinnar mestu varúðar sé að öllu leyti gætt, í meðferð á eldi og ljósi.

IX. KAFLI.

Um slökkviliðið.

24. gr.

Fastir starfsmenn slökkviliðsins (sbr. 9. gr.) skulu skipa þessa flokka:

1. Björgunarflokkur ..... 4 liðsmenn.
2. Húsrifsflokkur ..... 2 —
3. Vatnsslönguflokkur ..... 4 —
4. Dæluflokkur ..... 4 —
5. Vatnsburðarflokkur ..... 2 —
6. Brunaboðar ..... 2 —

Slökkviliðsstjóri skipar flokksstjóra fyrir flokkana. Hann skal og árlega semja skrá yfir alla, sem skyldir eru að mæta samkvæmt 8. gr., og skal hverjum einum tilkynnt í hvaða flokki hann skuli vera.

Að lokinni æfingu eða eldsvoða skal merkja í skránni, við alla þá, sem hafa mætt.

25. gr.

a. Fjórum ákveðnum mönnum úr björgunarflokknum er skylt að mæta, þá er eldsvoða ber að höndum, á brunastaðnum, svo fljótt sem unnt er. Hinir sjá um flutning stiga og annara björgunartækja á brunastaðinn. Fyrsta verk björgunarflokksins skal vera, að bjarga fólki, þá lifandi skepnum, og síðan öllum dauðum munum, hverju nafni sem nefnast undantekningarlaust. Allt, sem hann bjargar, skal fara vel með og koma því á svo óhultan stað sem unnt er. Enga björgun má hann framkvæma, að undanskildu fólki og skepnum, nema eftir fyrirskipun slökkviliðsstjóra eða annars, sem gengur í hans stað. Slökkviliðsstjóri skipar einn úr flokki þessum sem flokksstjóra, sem hann getur sérstaklega snúið sér til með skipanir sínar, sem og til hinna annara flokksstjóra, er skipaðir kunna að verða.

b. Húsrifsflokkur skal hafa á hendi að rífa það, sem þurfa þykir, eftir skipun slökkviliðsstjóra. Skal hann ávallt vera með sín ákveðnu verkfæri á brunastaðnum, og aðstoða björgunarflokkinn eftir fyrirmælum slökkviliðsstjóra.

56 30. apríl

c. Vatnsslönguflokkur skal sjá um, að allar slöngur og vatnsgeymar komi á brunastaðinn jafnframt dælunum, og skal hann koma slöngunum svo fyrir, að þægilegt sé að drepa eldinn. Síðan skal flokkurinn starfa sem bunustjórar eftir fyrirskipunum yfirmanna.

d. Dæluflokkur skal mæta við slökkvistöðina svo fljótt sem unnt er, þegar eldsvoða ber að höndum, og hafa dælurnar í góðu standi, flytja þær þangað sem slökkviliðsstjóri skipar fyrir, setja véldælurnar í gang og láta þær dæla, og knýja handdælu verði hún notuð. Einnig skulu þeir aðstoða vatnsslönguflokkinn við samsetningu slangnanna.

e. Brunaboðar skulu, þá er eldsvoða verður vart, gera slökkviliðinu aðvart með því að blása í lúðra, eða á annan hátt, sem fyrirskipað er af brunamálanefnd. Sé það að næturþeli, skulu þeir blása í lúður við hús hvers liðsmanns, þar til hann verður var við þá, og skal liðsmaður þegar gefa þeim merki um, að hann hafi orðið þeirra var. Ekki mega þeir tala við nokkurn mann, nema segja götu- og hústölu, þar sem eldurinn er. Skulu þeir að afloknu brunakalli, skyldir til að mæta á brunastaðnum, og vinna þar það, sem slökkviliðsstjóri leggur fyrir þá. Loks skulu þeir skyldir til að tilkynna slökkviliðsæfingar eftir fyrirskipun slökkviliðsstjóra.

f. Vatnsburðarflokkur skal ákveðinn af slökkviliðsstjóra í samráði við brunamálanefnd. Fyrirliðar flokksins geta skipað hverjum sem er úr flokknum, að aðstoða sig eftir þörfum, með flutning á vatnsfötum til og frá slökkvistöðinni, að viðlögðum sektum, sbr. 28. gr.

26. gr.

Árlega skal halda minnst 3 æfingar og er liðsmönnum öllum (sbr. 9. gr.) skylt að mæta þar eins og við eldsvoða, sömuleiðis þeim mönnum öðrum úr skylduliðinu, sbr. 8. gr., er slökkviliðsstjóri gerir aðvart. Slökkviliðsstjóri ákveður hvenær æfingar skuli haldnar, en gæta skal um það hagræðis liðsmanna.

27. gr.

Allir liðsmenn skulu, þegar þeir eru að verki, forðast allan óþarfa hávaða eða tal, og gera sér far um að taka öllu með gætni og stillingu, og vera skjótir og liðugir að framkvæma skipanir yfirmanna sinna.

28. gr.

Allir liðsmenn skulu ef þeir verða varir við, að óvarlega er farið með eld, eða á annan hátt brotið á móti brunareglugerð kaupstaðarins, vanda um við þá, sem gera sig seka í því, og ef þeir hlýða ekki aðvörun þeirra, gera slökkviliðsstjóra aðvart svo fljótt sem unnt er.

29. gr.

Allir liðsmenn eru skyldir til þess að mæta á slökkvistöðinni, að undanskildum nokkrum hluta björgunarliðsins (sbr. 25. gr.), nema þeir séu þess

fullvissir, að öll áhöld séu komin á brunastaðinn, og ber þeim öllum skylda til að sjá um, að þau komist á brunastaðinn í nothæfu ástandi. Enginn má fara af brunastaðnum, nema með leyfi slökkviliðsstjóra. Engin forföll eru tekin gild önnur en veikindi, eða fjarvera úr lögsagnarumdæminu. 56 30. apríl

X. KAFLI.

Sektarákvæði o. fl.

30. gr.

Með brot gegn reglugerð þessari skal fara sem opinber lögreglumál, og greiði hinn seki allt að 100 kr. sekt fyrir afbrot sitt, er renni í sveitarsjóð.

Reglugerð þessi staðfestist hérmeð samkvæmt lögum nr. 85, 22. nóvember 1907, til þess að öðlast gildi 1. maí 1932 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 30. apríl 1932.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá viðvíkjandi jörðinni Viðfirði í Norðfjarðarhreppi í Suður-Múlasýslu, útgefin á venjulegan hátt 30. apríl að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 30. apríl 1932. Skipulagsskráin er þannig: 57 30. apríl

SKIPULAGSSKRÁ

viðvíkjandi jörðinni Viðfirði í Norðfjarðarhreppi í Suður-Múlasýslu.

Sá hluti ofannefndrar jarðar, sem ég á nú, sem er: fimm hundruð heil og eitt hundrað álnir að fornu mati, skal eftir minn dag vera óðalseign afkomenda minna og óseljanlegur, og skal öll meðferð á nefndum jarðarhluta fara eftir þeim reglum, sem með þessu bréfi verða settar.

1. Forgangsrétt til ábúðar á téðum jarðarhluta hefir einhver sá afkomandi minn, ef það er karlmaður, sem þarfnast þess við, og er líklegur til að standa í skilum með greiðslu á landskuld og sköttum, sem á eigninni hvíla, og halda við húsum og ræktun á jörðinni. Ef ágreiningur verður með þennan forgangsrétt, skal umráðandi eignarinnar skera úr honum.

57 30. apríl

2. Umráðamaður téðrar eignar skal vera Jón sonur minn, meðan hann lifir, en eftir hans dag skal eignin vera undir umsjón hreppsnefndar.
3. Leiga eftir nefndan jarðarhluta er nú kr. 52.00 árlega, en við næstu ábúð má hún ekki vera minni en 10 — tíu — krónur eftir hvert hundrað, en þó aldrei fara upp úr 15 kr. fyrir hundrað hvert, nema ef þar myndaðist atvinnurekstur, sem gæfi orsök til hækkaðs eftirgjalds. Gjalddagi þess skal bundinn við nýár.
4. Afgjaldinu skal varið sem hér segir:
   a. Til lúkningar á útför minni.
   b. Að innkaupa hinn hluta jarðarinnar Viðfjarðar.
   c. Til áframhaldandi jarðarkaupa til að stækka óðalseign ættmennanna, sem aldrei skal koma til sölu né erfðaskipta, en ávallt heimilast einhverjum ættmennanna til ábúðar gegn venjulegu eftirgjaldi.
5. Umráðamanni ber 6% í innheimtulaun á afgjaldi nefndrar eignar, og ber honum að ávaxta það fé á tryggum stað, í sparisjóði eða banka. Honum ber einnig að annast um jarðarkaup, ef til kemur, og skal hann þá útnefna tvo menn sér til ráðuneytis og aðstoðar (ef umráðamaður er ekki hreppsnefnd samkvæmt 2. gr.). Honum ber einnig að halda glöggan reikning yfir hag sjóðsins.

Þessu til staðfestu er mín eigin undirskrift með tveim vitundarvottum.

Skorrastað, 12. júlí 1924.

Guðrún Jónsdóttir.
(handsalað).

58 11. maí

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Minningar- og líknarsjóð Ingibjargar Brynjólfsdóttur og Magnúsar prófasts Bjarnarsonar, hjóna frá Prestsbakka á Síðu“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 11. maí 1932. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir minningar- og líknarsjóð Ingibjargar Brynjólfsdóttur og Magnúsar prófasts Bjarnarsonar, hjóna frá Prestsbakka á Síðu.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Minningar- og líknarsjóður Ingibjargar Brynjólfsdóttur og Magnúsar prófasts Bjarnarsonar, hjóna frá Prestsbakka á Síðu.

2. gr. 58

Sjóðurinn er stofnaður af Magnúsi Bjarnarsyni, prófasti frá Prestsbakka 11. maí
á Síðu.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er 2000 — tvö þúsund — krónur. Sjóðurinn ávaxtast í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands. Höfuðstól hans má aldrei skerða fram yfir það, sem greint verður í skipulagsskrá þessari, né það, sem við hann er lagt, hvort heldur það stafar af viðlögðum vöxtum, áheitum, gjöfum eða öðru, sem fellur honum til aukningar.

4. gr.

Næstu 13 árin, eða til 1. jan. 1945, leggjast allir vextir við höfuðstól sjóðsins. Frá þeim tíma falla ½ vextir til útborgunar árlega þar til sjóðurinn nemur 15,000 — fimmtán þúsund — krónum, þá falla ⅔ hlutar ársvaxta til útborgunar, þar til sjóðurinn nemur 30,000 — þrjátíu þúsund — krónum, úr því falla til útborgunar ¾ hlutar ársvaxtanna.

5. gr.

Markmið sjóðsins er að styrkja sjúklinga úr Síðuhéraði og Öræfum í Austur-Skaftafellssýslu, er dvelja til lækninga á sjúkrahúsinu á Breiðabólstað á Síðu. Þó skulu, að öðru jöfnu, ganga fyrir öðrum, sjúklingar úr Kirkjubæjarklaustursprestakalli, eins og það nú er, þar til sjóðurinn er orðinn það stór, að öllum sjúklingum úr ofangreindu héraði verði veitt þar ókeypis dvöl. Munaðarlaus börn, 14 ára og yngri, og eignalaus einstæðings gamalmenni (65 ára og eldri), sitja fyrir öðrum við styrkveitingar.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn: Læknir Síðuhéraðs, sóknarprestur Kirkjubæjarklaustursprestakalls og 3ji maður tilnefndur af sýslumanni Vestur-Skaptafellssýslu úr Hörglandshreppi, karl eða kona úr bændastétt; gildir sú tilnefning til 6 ára í senn, og má endurkjósa eitt skipti, en eigi oftar. Stjórnin veitir viðtöku vöxtum, er árlega falla til útborgunar og ver þeim samkvæmt fyrirmælum skipulagsskrár þessarar. Stjórnin skiptir með sér verkum: formanns, ritara og gjaldkera. Sýslunefnd Vestur-Skaftafellsýslu endurskoðar árlega reikninga sjóðsins.

7. gr.

Nú ber svo við einhver ár, að engir sjúklingar dvelja á hælinu, er stjórn sjóðsins telur þurfa styrksins við, eða einhvers hluta hans, þá má verja þeim hluta vaxtanna, er til úthlutunar kemur það ár, og afgangs verður sjúkrastyrk, til að kaupa fyrir rúmstæði í sjúkrastofurnar, rúmfatnað, legubekki, hægindastóla og önnur húsgögn, þar til þess er ei lengur þörf. Að öðrum kosti leggst afgangurinn við höfuðstólinn.

58
11. maí

8. gr.

Þegar sjóðurinn nær þeirri upphæð, að útborgaðir vextir meir en hrökkva til framangreindra styrkveitinga og umbóta húsgagna sjúkraskýlisins, skal leggja það, sem afgangs verður í sérstakan sjóð, er nefnist „Sjúkraskýlissjóður Síðuhéraðs“, og verja til sérstakrar sjúkraskýlisbyggingar á Breiðabólstað, fyrir áðurgreind byggðarlög, er sé gert úr steinsteypu, og búið öllum þeim nýtízkuþægindum, er þá gerast.

9. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Borg á Mýrum, 31. marz 1932.

Magnús Bjarnarson.

59
31. maí

SAMÞYKKT

um breyting á samþykkt um sýsluvegasjóð Austur-Húnavatnssýslu frá 2. apríl 1928.

Aftan við 12. gr. bætist:

Þó getur sýslunefnd falið öðrum umsjón með viðhaldinu, ef hún telur það heppilegra.

Samþykkt þessi staðfestist hérmeð, samkvæmt lögum nr. 10, 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 31. maí 1932.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.

60
13. júní

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð fyrir Austur-Húnavatnssýslu um fjallskil o. fl., frá 2. nóvember 1917.

Inn í 42. gr. á eftir orðunum „þar sem aðalrétt stendur“, komi: einnig má afhenda sauðfé til sölu að afloknum töfludrætti í fyrri Stafnsrétt.

Reglugerð þessi staðfestist hérmeð samkvæmt 42. gr. sveitarstjórnarlaganna nr. 12, 31. maí 1927, til þess að öðlast gildi þegar í stað. 60 13. júní

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 13. júní 1932.

Þorsteinn Briem.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ 61 14. júní

fyrir Austur-Eyjafjallahrepp, um sundnám sem skyldunámsgrein við barnaskóla hreppsins.

1. gr.

Öllum heimilisföstum unglingum á aldrinum frá 12—16 ára, er skylt að stunda sundnám í heitri sundlaug í hreppnum allt að 4 mánuðum samtals.

Þó skal jafnan undanþiggja þá unglinga sundnámsskyldu, sem að dómi sundkennara eru sæmilega syndir, ef þess er óskað.

2. gr.

Undanþegnir sundnámsskyldu skulu þeir, sem sanna með læknisvottorði, að þeir megi ekki stunda sundnám sökum heilsubrests.

3. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 10—200 krónum. Sektir renna í sveitarsjóð.

4. gr.

Með mál út af brotum gegn reglugerð þessari, skal farið sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi, sem samin er samkvæmt lögum nr. 39, 27. júní 1925, staðfestist hérmeð til að öðlast gildi 1. júlí 1932.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 14. júní 1932.

F. h. r.
G. Sveinbjörnsson.

Gissur Bergsteinsson.

62
16. júní

AUGLÝSING

um staðfestingu dómsmálaráðuneytisins á viðauka við heilbrigðissamþykkt fyrir Ytri-Akraneshrepp í Borgarfjarðarsýslu, nr. 65 frá 1929.

Samkvæmt lögum nr. 64, 10. nóv. 1905, um heilbrigðissamþykktir fyrir bæjar- og sveitarfélög, er hérmeð staðfestur eftirfarandi viðauki við heilbrigðissamþykkt fyrir Ytri-Akraneshrepp nr. 65, 4. júlí 1929, sem sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu hefir samþykkt eftir tillögum hreppsnefndar.

1. gr.

Aftan við 23. gr. heilbrigðissamþykktarinnar bætist:

Óheimilt er að breiða þorskhausa og annan fiskúrgang á tún og óbyggðar lóðir kauptúnsins fyrir neðan línu, er dregin sé beint frá ofanverðri Leirgróf að fiskhúsi Halldórs Jónssonar á Götuhúsakampi og niður að fyrirhugaðri Ægisgötu.

Fiskúrgang, sem notaður er undir þökur, verður að tyrfa strax.

Bannað er með öllu að kasta slori, eða öðrum óhreinindum á bakkann eða í fjöruna frá Presthúsakampi inn að Jaðri, nema þar sem heilbrigðisnefnd ákveður.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist hérmeð til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 16. júní 1932.

Magnús Guðmundsson.

Gissur Bergsteinsson.

63
20. júní

SAMÞYKKT

um breyting á samþykkt um lokunartíma sölubúða í Hafnarfjarðarkaupstað frá 22. júní 1927.

4. málsgrein 2. greinar orðist svo:

Á tímabilinu frá 1. júní til 1. september skal á laugardögum loka búðum eigi síðar en kl. 4 síðdegis.

Samþykkt þessi staðfestist hérmeð samkvæmt lögum nr. 73, 14. nóvember 1917, sbr. lög nr. 9, 2. ágúst 1918, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. 63 20. júní

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 20. júní 1932.

Magnús Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

Staðfesting konungs, á skipulagsskrá fyrir Enghlíðingasjóð, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 23. júní 1932. Skipulagsskráin er þannig: 64 23. júní

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

Enghlíðingasjóð.

1. gr.

Enghlíðingasjóður er myndaður af verði fyrir jörðina Blöndubakka að upphæð kr 5500,00, og er eign Engihlíðarhrepps í Húnavatnssýslu.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að létta íbúum Engihlíðarhrepps sveitargjöldin og í framtíðinni að efla framfarir sveitarinnar.

3. gr.

Engihlíðarhreppur leggur 5500 kr. í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands og skulu allir vextir af höfuðstólnum leggjast við hann í næstu 25 ár. Að þeim tíma liðnum má verja helming vaxtanna í þarfir sveitarinnar, en hinn helmingurinn skal jafnan lagður við höfuðstólinn, sem aldrei má skerða.

4. gr.

Stjórn sjóðsins hefir hreppsnefnd Engihlíðarhrepps undir yfir umsjón sýslunefndar Austur-Húnavatnssýslu. Skal hreppsnefndin eftir að farið er að eyða vöxtunum árlega gera reikning yfir sjóðinn, og skal farið með endurskoðun hans og samþykkt eins og sveitarsjóðsreikningsins.

5. gr.

Venjulegast skulu hálfir vextirnir — eftir að þeir koma til útborgunar — verða tekjur sveitarsjóðsins. Þó getur hreppsnefnd með samþykki almenns

64 hreppsfundar er sé löglega boðaður varið ½ vöxtunum eða parti af þeim til ein-
23. júní hverra framfara-fyrirtækja í hreppnum.

6. gr.

Virðist hreppsnefnd Engihlíðarhrepps að 100 árum liðnum, nauðsyn að breyta skipulagsskrá þessari, má gera það ef það verður samþykkt á löglega boðuðum sveitarfundi af ¾ atkvæða. Þó má aldrei gera neinar breytingar er ganga í þá átt að skerða höfuðstól þann sem þá er til.

7. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Á hreppsnefndarfundi að Holtastöðum 7. apríl 1930.

Jónatan J. Líndal, Bjarni Ó. Frímannsson, Ari H. Erlendsson, Einar Guðmundsson, Þorbjörn Björnsson.

65
24. júní

REGLUGERÐ

fyrir bændaskólana á Hólum og Hvanneyri.

I. Tilgangur skólanna og námstími.

1. gr.

Tilgangur skólanna er að veita bændaefnum nauðsynlega sérþekking til undirbúnings stöðu þeirra.

2. gr.

Í hvorum skóla séu tvær deildir: búfræðideild með tveim bekkjum og bændadeild, sem er aðeins einn bekkur. Skólaár telst frá 15. okt. til 30. apríl í búfræðideild, en í bændadeild frá 15. okt. til 15. maí. Jólaleyfi skal vera frá 22. des. til 4. jan., að báðum dögum meðtöldum. Kennsla fer og ekki fram 1. des., laugardag næstan fyrir páska og fyrsta sumardag.

II. Stjórn og fyrirkomulag.

3. gr.

Atvinnumálaráðuneytið hefir á hendi yfirumsjón skólanna. Það skipar skólastjóra og kennara í samráði við skólastjóra.

4. gr.

Skólastjórar hafa umsjón og stjórn hvors skólans um sig á hendi. Þeir skulu og annast reikningshald skólanna og aðra bókfærslu.

Reikningsár skólanna er almanaksárið. Skulu reikningar sendir fjármálaráðuneytinu fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert.

Skólastjórar skulu árlega semja skýrslur um skólana og senda atvinnumálaráðuneytinu.

5. gr.

Nemendur fá ókeypis á skólunum: kennslu, húsnæði, rúmstæði með dýnum, ljós og hita. Að öðru en þessu kosta nemendur sig sjálfir.

6. gr.

Auk hinnar reglulegu kennslu skal hafa stutt kennsluskeið fyrir bændur og bændaefni, þegar því verður við komið. Skal kennslan þar aðallega vera fólgin í fyrirlestrum í sambandi við umræðufundi um búnaðarmál.

III. Inntaka og inntökuskilyrði.

7. gr.

Skrifleg beiðni um inntöku í skólana skal send skólastjórum fyrir lok ágústmánaðar ár hvert. Skólastjórar veita inntöku í skólana og tilkynna umsækjanda veitinguna.

8. gr.

Til inntöku í skólana útheimtist:

1. Að umsækjandi sé ekki haldinn neinum smitandi sjúkdómi.
2. Að siðferði umsækjanda sé óspillt.
3. Að umsækjandi sé ekki yngri en 17 ára í búfræðideild, en 18 ára í bændadeild.
4. Að umsækjandi hafi unnið a. m. k. eitt ár að almennum bústörfum.
5. Að hann hafi gengið a. m. k. einn vetur á unglingaskóla eða alþýðuskóla, nema hann sanni með vottorðum, að hann sé vel læs og vel skrifandi, kunni í reikningi fjórar höfuðgreinar í heilum tölum og brotum, riti íslenzku stórlýtalaust og skilji auðvelda dönsku.

Skilríki frá sóknarpresti eða tveimur valinkunnum mönnum fyrir þessum atriðum eiga að fylgja inntökubeiðninni, svo og yfirlýsing frá fullveðja manni um að hann gangi í ábyrgð fyrir öllum fjárhags-skuldbindingum umsækjanda við skólastofnunina, þar með talinn sjúkdóms- og jarðarfararkostnaður. Vottorð læknis um heilbrigðisástand umsækjanda skal fylgja inntökubeiðninni.

Frá þessum skilyrðum má þó veita undanþágu, ef ástæða þykir til, að dómi skólastjóra.

65 24. júní

Auk þessa eru sérstök skilyrði fyrir inntöku í efri bekk búfræðideildar (sbr. 16. gr.).

IV. Bókleg kennsla.

9. gr.

Kennsla skal fara fram í fyrirlestrum og yfirheyrslum eftir ákvæðum skólastjóra og kennara. Sama gildir um skrifleg úrlausnarefni, sem lögð eru fyrir nemendur.

10. gr.

Sérstök stofa skal ætluð til verklegra tilrauna í efnafræði, eðlisfræði, grasafræði, líffærafræði, steina- og jarðfræði o. fl., ef ástæður leyfa, þannig að nemendur geti þar undir umsjón kennara gert ýmsar tilraunir, er séu bóklegu kennslunni til skýringa.

Sérstök stofa sé ætluð til þess að geyma í kennsluáhöld og bækur skólanna og sé hún notuð til lestrarstofu fyrir nemendur, ef hægt er, þannig, að þeir geti þar hagnýtt sér bókasafn skólans ákveðinn tíma undir umsjón kennara.

11. gr.

Í skólunum skal kenna þessar námsgreinar: íslenzku, búnaðarsögu, stærðfræði, reikningsfærzlu, dráttlist, eðlisfræði, efnafræði, grasafræði, líffærafræði, steina- og jarðfræði, jarðræktarfræði, búfjárfræði, mjólkurfræði, búnaðarhagfræði, arfgengisfræði, landafræði, búnaðarlöggjöf, þjóðfélagsfræði, land- og hallamælingar, söng og leikfimi.

12. gr.

Í búfræðideild skólanna skal kennslunni hagað svo sem hér segir um hverja grein:

1. Íslenzka. Markmið kennslunnar er að nemendur læri að lesa íslenzkt mál áheyrilega og tala það og rita rétt, ljóst og lipurt. Skal í hvívetna reynt að glæða ást nemendanna á íslenzkri tungu og bókmenntum og vekja þá til umhugsunar um gildi þeirra.
2. Búnaðarsaga. Kenna skal ágrip af sögu Íslands og þá einkum búnaðar- og verzlunarsögu, og nemendum skal kennt að færa sér í nyt skýrslur um atvinnuvegi vora og þjóðarhag.
3. Stærðfræði:
   a. Reikningur. Í honum skal kenna: Einingarreikning, hlutfallsreikning, prósentureikning, rentureikning og deilireikning, einnig blöndunarreikning og jöfnur.
   b. Flatar- og rúmmálsfræði. Skýra skal algengustu flatarmyndir og líkamalaganir og kenna að reikna út flatarmál þeirra og teningsmál. Jafnframt skal kenna rótarútdrátt af stærðum í öðru og þriðja veldi.

4. Reikningsfærsla. Nemendur skulu fá form fyrir búreikningum og læra að nota þau. Skýra skal einfalda viðskiptareikninga sérstaklega vel. Í sambandi við reikningsfærsluna eiga nemendur að fá skýringar á því, hver séu hin helztu opinber gjöld hér á landi og nokkra æfingu í að reikna þau út. 65 24. júní
5. Dráttlist. Kennslan skal fyrst og fremst miða að því, að örfa eftirtekt nemendanna, svo að þeir geti dregið upp myndir af hlutum, er þeir hafa fyrir sér og sem auðvelt er að gera myndir af. Þeir skulu sérstaklega vandir við notkun teikniáhalda og fá talsverða æfingu í að draga upp myndir af verkfærum og húsum, einnig að gera uppdrætti af landspildum er þeir hafa mælt.
6. Eðlisfræði. Í henni skal einkum lögð áherzla á hitann og helztu lögmál aflfræðinnar. Kenna skal grundvallaratriði ljós-, raf- og veðurfræði.
7. Efnafræði. Nemendur skulu fá fræðslu um hin helztu frumefni, efnasambönd og efnabreytingar. Aðaláherzla skal lögð á að skýra efnabreytingar þær, er verða í jarðvegi og í jurtum og dýrum.
8. Grasafræði. Í henni skal kennt hið helzta um lögun, útlit, eðli, vöxt og þroskunarskilyrði jurta. Skýra skal einnig skiptingu jurtaríkisins, og skulu nemendur læra að þekkja helztu ættir og jurtir, er miklu skipta íslenzkan landbúnað.
9. Líffærafræði. Vaxtarlag og eðli búfjár skal skýrt fyrir nemendum.
10. Steina- og jarðfræði. Aðallega skal leggja áherzlu á jarðmyndun Íslands og helztu steina- og bergtegundir íslenzkar og áhrif þeirra á jarðvegsmyndunina.
11. Jarðræktarfræði.
    a. Jarðyrkjufræði. Um eðli og samsetning jarðvegstegunda, um áburð, framræslu, vatnsveitingar, grasrækt og ræktunartilraunir.
    b. Garðyrkjufræði. Um ræktun þeirra garðjurta og runna, sem reynslan hefir sýnt, að geti þrifizt hér á landi.
    c. Skógræktarfræði. Um gróðursetning, sáningu og meðferð þeirra trjátegunda, sem geta þrifizt hér á landi.
    d. Verkfærafræði. Lýsing á þeim jarðyrkjuverkfærum, sem einkum er hægt að nota hér á landi.
12. Búfjárfræði:
    a. Um helztu búfjártegundir og kyn þeirra, uppeldi og fóðrun, meðferð, kynbætur og um vaxtareinkenni vel nothæfra húsdýra.
    b. Um helztu heilbrigðisskilyrði búfjár og algengustu sjúkdóma í búfé hér á landi og meðferð þeirra.
13. Mjólkurfræði. Um eðli mjólkur, efnasamsetningu og meðferð, mjaltir og fitumælingar; ennfremur stutt ágrip af framleiðslu mjólkurafurða, eftir því sem við verður komið.
14. Búnaðarhagfræði. Skýra skal helztu skilyrði þess, hvernig hægt sé að gera búnaðinn arðvænlegan.

65 24. júní

15. Arfgengisfræði. Skýra skal helztu lögmál arfgengi og kynbætur jurta og dýra.
16. Þjóðfélagsfræði. Skýra skal nemendum frá helztu atriðum þjóðfélagsfræðinnar.
17. Landbúnaðarlöggjöf. Skýra skal nemendum frá helztu lögum og reglugerðum er snerta íslenzkan landbúnað.
18. Landafræði. Aðaláherzlan skal lögð á lýsing Íslands. Kenna skal auk hennar ágrip af almennri landafræði, og skýra frá verzlunarviðskiptum Íslands við önnur lönd.
19. Landmælingar. Útskýringar á grundvallaratriðum þeim, er verklegar land- og hallamælingar byggjast á.
20. Söngur sé talsvert iðkaður. Skal einkum syngja ættjarðarljóð.
21. Leikfimi. Nemendur skulu hafa reglubundnar líkamsæfingar, er miði að því að gera líkama þeirra hraustan, styrkan og fiman. Þeir skulu einnig iðka glímur.

Í bændadeild skal lögð aðaláherzla á jarðræktarfræði og búfjárfræði, en kenna skal aðrar námsgreinar eftir því sem við verður komið og eftir ákvæðum skólastjóra og kennara.

13. gr.

Til þess að kennslan geti verið í sem beztu sambandi við hinar verklegu framkvæmdir í búnaðinum, er kennurunum skylt að sýna nemendunum þær jarðabætur og húsabætur, sem gerðar hafa verið og verið er að gera á skólasetrunum. Einnig skal nemendum heimilt að koma í peningshús og skoða búpening svo oft, sem þörf gerist vegna kennslunnar, undir umsjón kennara.

14. gr.

Á hverju námstímabili skulu kennarar fara með nemendum eina eða fleiri ferðir til fyrirmyndarbúa, eftir ákvæðum skólastjóra, þar sem piltum gefst kostur á að kynna sér framkvæmdir í búnaði. Á ferðum þessum skulu kennarar skýra fyrir nemendum hið helzta, er fyrir augun ber. Kostnað er leiðir af þessum ferðalögum má greiða af fé skólans. Geta skal ferðalaganna í skólaskýrslum.

V. Verkleg kennsla.

15. gr.

A. Búfræðideild. Kenna skal með nýjustu og beztu aðferðum, þeim er bezt henta bændum almennt, öll mikilvægustu störf, er lúta að jarðyrkju og garðrækt, svo sem framræslu, uppsetning girðinga, plægingu, herfingu, jöfnun, völtun, dreifing sáðvöru og áburðar, flóðgarðahleðslu, niðursetning jarðepla, sáning rófnafræs, hreinsun illgresis, uppskeru jarðepla og rófna. Ennfremur

eftir því sem við verður komið: meðferð heyvinnuvéla, steinsteypu, ræktun 65
þeirra garðjurta annara en jarðepla og rófna, sem helzt geta þrifizt hér á landi, 24. júní
ræktun trjáa og blóma, meðferð dráttarvéla o. fl. er að gagni má koma og telja
má nauðsynlegt bændum á hverjum tíma.

B. Bændadeild. Kenna skal hin sömu störf og í búfræðideild eftir því sem unnt er. Skal kennslan vera þeim mun yfirgripsminni sem verknámstíminn er styttri en í búfræðideild.

Leggja skal áherzlu á, að nemendur fái fullan skilning á störfunum, sem unnin eru. Skulu þau útskýrð svo sem þörf er á jafnhliða framkvæmd þeirra. Í sambandi við gerð skurða og flóðgarða skal nemendum kennt að mæla fyrir þeim. Nemendur skulu og fá tækifæri til þess að sjá og kynna sér framkvæmd tilrauna, læra að þekkja og safna jurtum og steinum o. fl.

Verknemar skulu færa dagbækur um dagleg störf, þar sem m. a. sé ritað hvað unnið er daglega, hvernig hin ýmsu störf eru framkvæmd, stutt veðurfarslýsing o. s. frv.

16. gr.

Á ári hverju geta 2—4 nemendur við hvorn skóla fengið að læra að fara með dráttarvél. Skulu þeir að náminu loknu fá námsvottorð þar sem getur um hæfi þeirra til þess að stjórna dráttarvél og þekkingu þeirra yfirleitt á gerð og samsetningu slíkra véla.

17. gr.

Nemendur, sem taka þátt í verklegu námi, fá kaup fyrir starfa sinn, eftir því sem hér segir:

a) Fæði, húsnæði og þjónustu, sem greiðist af skólabúunum.
b) Fyrir hvert fullt dagsverk (10 klst.) greiðir ríkissjóður 3 kr. í kaup, ef skólabúið er rekið á kostnað hans.
c) Þeir nemendur, sem læra að fara með dráttarvélar hafa í kaup 1 kr. á dag auk fæðis, húsnæðis og þjónustu og greiðist kaupið af skólabúunum.

VI. Próf og vitnisburðir.

18. gr.

Í lok hvers skólaárs skulu nemendur prófaðir í þeim námsgreinum, sem kenndar eru í ársdeildum. Þó skal ekki prófað í söng og handavinnu, landafræði, búnaðarlöggjöf og þjóðfélagsfræði. Vorpróf nemenda í fyrri bekk búfræðideildar er inntökuskilyrði fyrir þá í síðari bekk hennar, og skulu þeir fá a. m. k. 3 stig til jafnaðar í hverri grein, til þess að standast prófið. Sama gildir um nýsveina þá, er óska að setjast í síðari bekk búfræðideildar.

Enginn getur fengið burtfararpróf frá skólanum, nema hann hafi lokið 6 vikna verklegu námi í bændadeild eða 9 vikna verklegu námi í búfræðideild

65 24. júní

vor og haust. Skal verklegt próf fara fram að náminu loknu í þeim störfum, sem unnt er að prófa í á þeim tíma, en í öðrum greinum gefur verknámskennarinn einkunnir í samráði við skólastjóra.

19. gr.

Próf í stærðfræði sé skriflegt. Skulu gefnar einkunnir fyrir hvort um sig, reikning og flatar- og rúmmálsfræði.

Í jarðræktarfræði og búfjárfræði er prófið bæði munnlegt og skriflegt. Skulu sérstakar einkunnir gefnar fyrir hvort um sig í hvorri grein.

Próf í íslenzku sé skriflegt og munnlegt. Meðaltalið gildir sem ein einkunn.

Í öðrum námsgreinum er prófið munnlegt eða skriflegt eftir ákvæðum skólastjóra og kennara.

Í verklegu skulu gefnar þessar einkunnir:

1 fyrir plægingu.
1 — dreifingu sáðvöru og áburðar.
1 — garðrækt.
1 — framræslu.
1 — flóðgarðahleðslu.
1 — meðferð hesta.
1 — dugnað.
1 — ástundun og stundvísi.
1 — dagbók.

Geta skal þessar einkunnir: ágætlega, dável, vel, laklega, ill og afarilla, er jafngildi tölunum 6, 5, 4, 3, 2 og 1. Má auka og minnka gildi þeirra með + eða ÷ (ágætlega verður þó ekki aukið, né afarilla minnkað). Aukning þessi og afdráttur táknast í tölu með brotinu ⅓.

Einkunnir reiknast þannig til stiga:

Ágætlega = 8, ágætlega ÷ = 7⅓, dável + = 6⅔, dável = 6, dável ÷ = 5⅓, vel = 4⅔, vel = 4, vel ÷ = 3, laklega + = 2, laklega = 1, laklega ÷ = ÷ 1⅓, illa + = ÷ 2⅔, illa = ÷ 4, illa ÷ = ÷ 5⅔, afarilla + = ÷ 6⅔, afarilla = ÷ 8.

Til ágætiseinkunna þarf 7 stig til jafnaðar.

Til 1. einkunnar þarf 5⅔ stig til jafnaðar.

Til 2. einkunnar þarf 4 stig til jafnaðar.

Til 3. einkunnar þarf 2⅔ stig til jafnaðar.

Tvær aðaleinkunnir skulu gefnar, önnur fyrir bóklegt, hin fyrir verklegt nám. Skulu þær vera a. m. k. 2⅔ stig að meðaltali í hvoru fyrir sig, til þess að nemendur standist prófið.

20. gr.

Nemendur þeir, sem hafa staðizt prófið skulu fá skírteini, er sýnir einkunnir þeirra í hverri námsgrein og í hinum verklegu greinum (smbr. 17. gr.). Ennfremur skulu þeir fá vitnisburð um hegðun í skólanum.

21. gr. 65
Atvinnumálaráðherra skipar prófdómara. Hann gefur einnig út eyðu- 24. júní
blöð fyrir prófskírteini.

22. gr.
Reglugerðir bændaskólanna á Hólum í Hjaltadal og Hvanneyri frá 17. des. 1913 eru úr gildi felldar.

Reglugerð þessi er hérmeð sett samkvæmt lögum nr. 51, 19. maí 1930, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 24. júní 1932.

Þorsteinn Briem.

Vigfús Einarsson.

Staðfesting konungs, á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Guðrúnar 66
Gísladóttur Björns hjúkrunarkonu" útgefin á venjulegan hátt, ad mandatum af 27. júní
dómsmálaráðherra 27. júní 1932. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Guðrúnar Gísladóttur Björns hjúkrunarkonu.

1. gr.
Sjóðurinn er stofnaður 20. maí 1931 af Félagi ísl. hjúkrunarkvenna til minningar um Guðrúnu Gísladóttur Björns hjúkrunarkonu, sem lézt 30. maí 1930.

Stofnfé sjóðsins er 300 kr.

Sjóðurinn veitir móttöku gjöfum frá félagskonum og öðrum, sem kunna að vilja styrkja sjóðinn.

2. gr.
Sjóðinn skal ávaxta í Landsbanka Íslands og má aldrei skerða höfuðstólinn.

3. gr.
Tilgangur sjóðsins er að styrkja hjúkrunarkonur og hjúkrunarnema í ofangreindu félagi, til þess að leita sér heilsubótar, ef þær veikjast af sjúkdómi, sem hefir tilfinnanlegan kostnað í för með sér.

Sjóðinn skal ávaxta þangað til hann er orðinn 3000 kr. Að því búnu má verja allt að ⅔ hlutum af árlegum vöxtum sjóðsins til styrkveitinga, en hinn

66 27. júní hlutinn skal lagður við höfuðstólinn þangað til hann er orðinn kr. 5000,00. Að því búnu má verja öllum vöxtunum til styrkveitinga, ef með þarf.

4. gr.

Nú skyldi eitthvert ár eigi vera úthlutað styrk úr sjóðnum og leggjast þá allir vextirnir við höfuðstólinn.

5. gr.

Málefnum sjóðsins skal stjórnað af þremur félagskonum, sem kosnar skulu á aðalfundi félagsins til eins árs í senn. Þá skulu og kosnir tveir endurskoðendur að reikningum sjóðsins.

6. gr.

Stjórn sjóðsins hefir á hendi alla framkvæmd styrkveitinga, og reikningshald sjóðsins. Skal sjóðurinn hafa sérstaka bók og skal skipulagskrá þessi innfærð í hana, svo og styrkveitingar allar og reikningar.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Eftir hver árslok skulu reikningar sjóðsins endurskoðaðir af tveim þar til kjörnum endurskoðendum, en síðan skulu reikningar sjóðsins samþykktir af aðalfundi félagsins.

8. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Sigríður Eiríksdóttir, formaður. **Ólafía Jónsdóttir,** form. ofangreinds sjóðs.
María Maack. Vilborg Stefánsdóttir.

67 29. júní

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð frá 25. október 1929 um bifreiðatryggingar.

Inngangur reglugerðarinnar orðist þannig:

Samkvæmt ákvæðum 17. gr. laga nr. 70, 8. september 1931, um notkun bifreiða, er sérhverjum bifreiðareiganda gert að skyldu að kaupa í tryggingarfélagi, sem viðurkennt er af ríkisstjórninni, og halda við tryggingu fyrir bifreið sína, sem hér segir: Fyrir vörubifreiðar og bifreiðar, sem samkvæmt skoðunarvottorði megi flytja allt að 6 farþegum, 10000 kr. fyrir hverja bifreið. Fyrir bifreiðar, sem mega flytja 7—10 farþega, 20000 kr. fyrir hverja bifreið. Fyrir bifreiðar, sem mega flytja fleiri en 10 farþega, 30000 kr. fyrir hverja bifreið. Skal með því tryggð greiðsla, að því leyti sem til hrekkur, á hverri þeirri skaða-

bótakröfu, er þeim kann að verða gert að greiða, sem ábyrgð ber á bifreiðinni, þegar slysið eða tjónið bar að höndum. Tvíhjóla bifreiðar og þær þríhjóla, sem ætlaðar eru einum manni skulu á sama hátt tryggðar fyrir 5000 kr. 67 29. júní

Með tilvísun til þessa ákveður atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið eftirfarandi reglur um framkvæmd laganna og tilkynnir jafnframt, að tryggingarfélögum, er sækja um viðurkenningu til þess að taka að sér bifreiðartryggingar, verða sett eftirfarandi almenn skilyrði fyrir slíkri viðurkenningu:

1. gr.

Í stað 1. mgr. 1. gr. komi:

Þá er tryggingarfélag tekur að sér tryggingu fyrir bifreið ber það alla þá áhættu, sem bifreiðareiganda er skylt að tryggja samkvæmt fyrirmælum ofangreindra laga, og vanræksla af hendi þess tryggða á skuldbindingum sínum gagnvart félaginu heimilar því engan rétt til þess að neita greiðslu til þess, sem á rétt á skaðabótum. Öll ákvæði í tryggingarbréfinu eða í tryggingarskilyrðum félagsins, er takmarka ábyrgð félagsins að þessu leyti, eru ógild, þó er félaginu heimilt að áskilja sér rétt gagnvart þeim, er trygginguna kaupir.

Tryggingin gengur í gildi þegar félagið eða umboðsmaður þess hefir fengið tryggingarbeiðnina í hendur, nema sá er kaupa vill trygginguna, æski þess að hún gangi í gildi á öðrum tíma.

Trygging fyrir vörubifreið nær til farþega, sem fluttir eru í stýrishúsi bifreiðarinnar.

Nú eru bætur vegna sama slyss ákveðnar hærri samtals en vátryggingarfjárhæðinni nemur og skal þá skipta henni hlutfallslega milli þeirra, sem kröfur eiga út af slysinu.

Þetta ákvæði gildir einnig þótt vátryggingarupphæðin sé hærri en lögboðið er.

Ekki skal setja á sama vátryggingarskjal aðra tryggingu en hina lögboðnu.

2. gr.

Aftan við 1. mgr. 3. gr. komi:

Uppsögn skal ætíð miða við 1. júlí.

3. gr.

10. gr. falli burtu og breytist greinatalan samkvæmt því.

4. gr.

Á eftir 14. gr., sem verður 13. gr. kemur ný grein sem verður 14. gr. svo hljóðandi:

Bifreiðaeigendur eru skyldir til þess að tryggja bifreiðar sínar fyrir eitt ár í senn frá 1. júlí til 30. júní næsta ár, og greiðist iðgjaldið fyrirfram fyrir allt árið. Ef ný bifreið er tryggð á árinu skal hún tryggð til næstkomandi 30. júní þannig að tryggingartími allra bifreiða miðist við tímabilið 1. júlí til 30. júní næsta ár.

67 29. júní

Fyrir vörubifreið, sem í viðlögum er tekin til fólksflutninga, nægir 10000 kr. trygging, ef ekki á að flytja fleiri en 6 farþega, en eigi að flytja í bifreiðinni 7—10 farþega er bifreiðareiganda skylt að kaupa 10000 kr. viðbótartryggingu fyrir bifreiðina og eigi að flytja fleiri en 10 farþega þá 20000 kr. viðbótartryggingu, þannig að farþegarnir séu tryggðir fyrir slysum, og gildir þetta hvort sem ekið er borgunarlaust eða ekki. Þessa aukatryggingu þarf eigi að kaupa nema fyrir hverja ferð, er nota á bifreiðina til farþegaflutnings.

Ef bifreið ónýtist meðan hún er í tryggingu, er tryggingarfélaginu skylt að endurgreiða fyrirfram greitt iðgjald að réttri tiltölu. Bifreiðareigandi sem um tíma, þó ekki skemur en einn mánuð, notar eigi bifreið sína, á og við lok ábyrgðartímabilsins heimtingu á hlutfallslegri endurgreiðslu á iðgjaldinu, ef hann sannar að hann hafi afhent lögreglustjóra skrásetningarmerki bifreiðarinnar og lætur félaginu jafnframt í té yfirlýsingu um að hann hafi ekki notað bifreiðina þann tíma, er skrásteningarmerkið var í vörzlum lögreglustjóra.

Iðgjöld, er tryggingarskyldur bifreiðareigandi skuldar viðurkenndu tryggingarfélagi, eru lögtakskræf.

5. gr.

Í stað síðari málsgr. 18. gr. komi:

Ef slík trygging er eigi fyrir hendi skal lögreglustjóri taka skrásetningarmerki bifreiðarinnar í sínar vörzlur og að öðru leyti annast um að bifreiðin verði eigi notuð.

6. gr.

19. gr. orðist þannig:

Lögreglustjóri skal einu sinni á ári að minnsta kosti rannsaka hvort tryggingar bifreiða eru í lagi svo sem fyrir er mælt í 15. gr. hér að framan.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 70, 8. september 1931 um notkun bifreiða til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 29. júní 1932.

Þorsteinn Briem.

Vigfús Einarsson.

SAMÞYKKT

68
6. júlí

um

breyting á samþykkt um ýms atriði, er snerta fuglaveiðar í Vestmannaeyjum frá 16. júlí 1895.

Lunda má veiða með háf á Heimalandi í sumar frá því 11 vikur af sumri þar til fullar 16 vikur eru af sumri.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórnin í Vestmannaeyjum hefir gert samkvæmt lögum nr. 13, 13. apríl 1894, sbr. lög nr. 22, 9. júlí 1909, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 6. júlí 1932.

Þorsteinn Briem.

Vigfús Einarsson.

REGLUGERÐ

69
13. júlí

um

skipun slökkviliðs og brunamála í Þingeyrarkauptúni.

I. KAFLI.

Um skipun brunamálanefndar og verksvið hennar.

1. gr.

Yfirstjórn brunamála í kauptúninu skal falin 3 manna nefnd og eiga sæti í henni oddviti hreppsnefndar, sem er formaður nefndarinnar, Slökkviliðsstjóri og einn maður sem hreppsnefndin kýs til 3 ára í senn.

Brunamálanefnd skal hafa á hendi, undir umsjón hreppsnefndar eftirlit með, að fyrirmælum laga um brunamál og reglugerðar þessarar sé í einu og öllu framfylgt, nema sérstaklega heyri beinlínis undir verksvið hreppstjóra eða slökkviliðsstjóra.

69
13. júlí

II. KAFLI.

Hver slökkvitæki kaupstaðurinn skuli eiga og viðhald þeirra.

2. gr.

Þingeyrarkauptúni er skylt að eiga í nothæfu ástandi að minnsta kosti þessi slökkvitæki og áhöld:

Véldælu með slöngum og tenglum, brunasegl og björgunarsegl, áhaldakerru auk annara minni áhalda.

Áhöldum öllum skal á kostnað sveitarsjóðs haldið vel við. Skal smyrja vélar og vagna svo oft sem þess er þörf og reyna dælur ekki sjaldnar en einu sinni í mánuði. Ef brunamálanefnd þykir ástæða til að auka slökkvitækin eða endurnýja þau, skal hún senda hreppsnefnd skriflega tillögu þar um. Áður en hreppsnefnd tekur ákvörðun um tillöguna skal leitað umsagnar Brunabótafélags Íslands.

3. gr.

Öll tæki til brunavarna skulu geymd í slökkvistöðinni. Skal þeim haganlega fyrir komið, svo greiður verði gangur að þeim, er á þarf að halda. Lykill að slökkvistöðinni skal vera í vörzlum slökkviliðsstjóra, og svo margra úr slökkviliðinu, sem þurfa þykir. Brunamálanefnd getur ákveðið að geyma 1 lykil í smáskáp með glerloki fyrir, er hangi utan á slökkvistöðinni. Slökkvistöðinni skal haldið vel við á kostnað sveitarsjóðs.

4. gr.

Slökkviliðsstjóri hefir undir umsjón brunamálanefndar eftirlit með slökkvitækjunum, og ber hann ábyrgð á því, að þau séu fyrir hendi, og að þeim sé vel við haldið. Við árslok hver sendir slökkviliðsstjóri brunamálanefnd skrá yfir slökkvitæki þau, sem til eru, og skal þess jafnframt getið hver slökkvitæki hafi verið keypt á árinu og hver hafi gengið úr sér.

III. KAFLI.

Hver slökkvitæki húseigandi skuli útvega sér, og láta fylgja húsi sínu.

5. gr.

Slökkviliðsstjóri skal tryggja slökkviliðinu afnot lausastiga á hæfilega mörgum stöðum viðsvegar í kauptúnina, er eldsvoða ber að höndum.

Hverju timburhúsi, þar sem íbúðarherbergi eru á 2 eða 3 hæðum ofan kjallara, skal fylgja nægilega langur krókstjaki og traustur stigi, er sé svo langur, að hann nái upp í glugga á efsta íbúðarherbergi hússins. Skal stiginn og krókstjakinn geymdur á tilteknum stað, er sé aðgengilegur fyrir slökkviliðið.

6. gr.

Brunamálanefnd getur að fengnu samþykki hreppsnefndar látið setja í sérhverju húsi, þar sem óvenjuleg eldhætta er (samkomuhús, kvikmyndahús, smíðastofur þar sem eldfim efni eru), slökkvitæki í sambandi við vatnsveitu hússins. Húseigandi er skyldur til að viðhalda slíkum slökkvitækjum og endurnýja þau, og má ekki nota þau til neins annars en þess að verja eldsvoða eða slökkva eld.

Brunamálanefnd getur skyldað húseigendur, þar sem óvenjuleg brunahætta er, til þess að útvega á eiginn kostnað, og hafa á tilteknum stað í húsinu, slökkviáhöld af þeirri gerð, er Brunabótafélag Íslands tekur gild.

IV. KAFLI.

Skylda borgaranna til þess að gegna slökkviliðsstörfum og skipun slökkviliðs.

7. gr.

Slökkviliðsstjórinn, og í forföllum hans vara-slökkviliðsstjórinn, er yfirmaður og stjórnandi alls slökkviliðsins. Auglýsa skal tvisvar árlega (í marz og september) á stað, þar sem festar eru upp aðrar sveitarstjórnarauglýsingar, hver sé slökkviliðsstjóri, hvar hann býr, og hverjir séu honum næstir yfirmenn í slökkviliðinu. Slökkviliðsstjóri og vara-slökkviliðsstjóri mega aldrei vera báðir burtu úr kaupstaðnum í senn, nema alveg sérstaklega standi á, og þó því aðeins, að þeir tilkynni brottför sína tímanlega, og settur sé slökkviliðsstjóri í þeirra stað á meðan, í samráði við brunamálanefnd.

8. gr.

Allir verkfærir karlmenn 20—60 ára að aldri, sem heimilisfastir eru í kaupstaðnum, að undanskildum presti, læknum, lyfsala og símstjóra, og þeim mönnum, sem með læknisvottorði sanna, að þeir fyrir heilsubilun sé ekki færir til vinnu, eru skyldir til þjónustu í slökkviliðinu. Mæti svo margir við æfingar eða eldsvoða, að eigi sé þörf fyrir alla, skulu þeir elztu ganga fyrir með hvíld.

9. gr.

Í slökkviliði kaupstaðarins skulu að minnsta kosti vera fastráðnir þessir menn: Slökkviliðsstjóri, vara-slökkviliðsstjóri, 16 liðsmenn og 2 brunaboðar.

10. gr.

Hreppsnefnd skipar slökkviliðsstjóra og vara-slökkviliðsstjóra eftir tillögum brunamálanefndar, en brunamálanefnd ræður aðra starfsmenn slökkviliðsins eftir tillögum slökkviliðsstjóra. Slökkviliðsstjóri getur sagt upp liðsmönnum slökkviliðsins án nokkurs fyrirvara, ef hann finnur ástæðu til, og ráðið aðra í þeirra stað til bráðabirgða, en þó skal hann gera brunamálanefnd

69 grein fyrir brottrekstrinum, og ræður hún síðan menn í stað þeirra, sem vikið
13. júlí hefir verið úr liðinu. Allir liðsmenn í slökkviliðinu eru skyldir til að tilkynna slökkviliðsstjóra með viku fyrirvara, ef þeir af gildum ástæðum geta ekki gegnt starfi sínu í slökkviliðinu.

Flokksstjórar skulu skyldir til að tilkynna slökkviliðsstjóra, ef þeir fara burt úr kaupstaðnum daglangt, og liggur sekt við, ef út af er brugðið.

11. gr.

Slökkviliðsstjóri og vara-slökkviliðsstjóri hafa fasta þóknun fyrir starfa sinn, eftir nánari ákvörðun hreppsnefndar. Aðrir liðsmenn slökkviliðsins fá greiðslu fyrir hverja klukkustund, er þeir vinna í þjónustu þess við að slökkva eld, eftir gjaldskrá, er hreppsnefnd setur í janúarmánuði ár hvert.

Þeir sem skemma föt sín í þágu slökkviliðsins, eiga rétt á því að fá skemmdirnar endurgoldnar úr sveitarsjóði, eftir mati, nema öðru vísi semjist um.

12. gr.

Hreppsnefnd ákveður eftir tillögum brunamálanefndar, hver einkenni slökkviliðið skal bera, þegar það er að starfi sínu.

13. gr.

Slökkviliðsstjóri stjórnar æfingum slökkviliðsins, og ber ábyrgð á, að ávallt séu nógu margir í slökkviliðinu, og að það sé vel æft. Þegar eldsvoða ber að höndum ákveður hann, hvernig slökkviliðinu skuli fyrir komið, og allt hvað gera skuli til þess að slökkva eldinn, og varna útbreiðslu hans. Þó má hann ekki rífa niður hús til varnar útbreiðslu elds, nema samþykki lögreglustjóra komi til, eða þess, er fer með umboð hans við eldsvoðann. Ef slökkviliðsstjóri er forfallaður, gengur vara-slökkviliðsstjóri í hans stað, og sé hann heldur ekki viðstaddur, þá hefir yfirstjórn á hendi sá af liðsmönnunum, sem slökkviliðsstjóri, í samráði við brunamálanefnd, hefir fyrirfram ákveðið til þess.

14. gr.

Sérhver slökkviliðsmaður er, að viðlagðri sekt, skyldur til að mæta til æfinga og til þess að slökkva eld, þegar hann er til þess kallaður, hvar sem er innan lögsagnarumdæmis kauptúnsins, og hlýða þá í öllum atriðum, öllu því, er yfirmaður hans skipar honum. Enginn má heldur án leyfis yfirmanna, yfirgefa eldsvoða áður en slökkt er, né slökkviliðsæfingu áður en henni er lokið.

15. gr.

Hreppstjóri er yfirmaður lögreglusveitar þeirrar, er viðhalda skal góðri reglu við eldsvoða og slökkviliðsæfingar. Brunamálanefnd kveður í flokk þenna eftir tillögum hreppsstjóra, hæfilega marga menn meðal þeirra, er skyldir eru til þess að vera í slökkviliðinu. Hreppsstjóri ákveður í samráði við slökkviliðsstjóra skipulag lögreglusveitarinnar og starfssvið hvers einstaks í henni. Skylt er

lögreglusveitinni að halda uppi góðri reglu við eldsvoða og æfingar, sjá slökkviliðsmönnunum fyrir greiðum gangi að eldinum, og annast um að engir óviðkomandi menn gangi of nærri húsi því, sem brennur, eða flytji þaðan neitt burtu.

Ennfremur sér lögreglusveitin um bjargaða muni, annast brottflutning og aðhjúkrun þeirra, er verða fyrir slysum, vísar burtu eða tekur fasta þá, er sekir verði um brot og kærir þá.

Umferð má banna um götur, þar sem þess þarf með.

V. KAFLI.

Um vatnstöku, vatnsburð o. fl.

16. gr.

Heimilt er að taka vatn til þess að slökkva eld og til æfinga úr brunnum og vatnsbólum hvar sem er. Skylt er sérhverjum húseiganda að leyfa að vatn sé tekið úr vatnshönum í húsi hans til að slökkva eld, og má enginn, sem í húsinu er, leggja tálmanir fyrir, að slökkviliðið hafi greiðan aðgang að vatnshönum í húsinu.

Þegar verið er að slökkva eld, er sérhverjum húseiganda skylt að leyfa slökkviliðinu tálmunarlausan aðgang um lóð sína, en fullt endurgjald komi fyrir skemmdir ef einhverjar verða.

Ef hús brennur, er sérhverjum skylt að lána þau tæki, er hann hefir, til þess að flytja vatn og tæki slökkviliðsins. Ef tæki, sem hefir verið lánað, skemmist eða týnist, skal fullt endurgjald koma fyrir úr sveitarsjóði.

Meðan verið er að slökkva eld eru bæjarbúar, er vatn taka úr sömu vatnsveitu eða brunnum, skyldir að takmarka vatnsnotkun sína sem mest má verða.

17. gr.

Það er skylda allra, sem viðstaddir eru eldsvoða, hvort sem þeir eru í slökkviliðinu eða ekki, að láta í té alla þá aðstoð, sem þeir geta, ef slökkviliðsstjórinn krefst þess og hlýða í öllu fyrirskipunum slökkviliðsstjóra.

VI. KAFLI.

Um skoðun eldfæra og reykháfa.

18. gr.

Reykháfa alla skal hreinsa tvisvar á ári, þó getur hreppsnefnd eftir tillögum brunamálanefndar ákveðið að hreinsun skuli fara fram oftar, ef sérstakar ástæður eru til. Brunamálanefnd skal eftir fyrirmælum hreppsnefndar, einu sinni á ári hverju, láta skoða eldfæri og reykháfa í öllum húsum kauptúnsins;

69 13. júlí

og líta eftir að þau séu útbúin lögum samkvæmt, og að reykháfar hafi verið nægilega hreinsaðir, svo og að aðgæta hvort púðurbirgðir, sprengiefni og önnur eldfim og hættuleg efni séu geymd, sem vera ber samkvæmt lögum um brunamál og samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar. Skoðunarmenn skulu og líta eftir, hvort stigar og krókstjakar eru nothæfir og geymdir þar sem þeir eiga að vera. Á sama hátt skal líta eftir sérstökum slökkvitækjum, ef þau eiga að vera í húsinu. Skoðunarmenn skulu gera skýrslu um skoðunina, er afhendist brunamálanefnd og sendist til Brunabótafélags Íslands, ef óskað er.

Komi það í ljós við skoðunina, að einhverju sé ábótavant í þessu efni, skal það tafarlaust bætt, ef hægt er. Ella má veita húseiganda stuttan frest til þess að lagfæra gallana; skal þá að frestinum liðnum ný skoðun fara fram. Komi þá í ljós, við hina síðari skoðun, að enn sé ekki búið að bæta úr því, sem að var fundið, skal tafarlaust kæra hlutaðeiganda fyrir lögreglustjóra, er kemur fram ábyrgð á hendur hinum brotlega og lætur á hans kostnað færa í lag það, er lagfæra þarf.

VII. KAFLI.

Um brunaboðun.

19. gr.

Það er skylda hvers eins, er verður var við eldsvoða, að tilkynna það slökkviliðinu þegar í stað. Næturverðir, ef nokkrir eru, skulu á göngum sínum um kauptúnið hafa sérstakt eftirlit með því, hvort eldur er að kvikna í húsum og tilkynna það þegar í stað slökkviliðsstjóra, brunaboðum og öðrum úr slökkviliðinu, hreppsstjóra og simastjóra. Að öðru leyti skal, þar til önnur skipun verður gerð, slökkviliðið kallað saman með því að hefja brunakall um kaupstaðinn, með brunalúðrum.

VIII. KAFLI.

Ýmsar almennar varúðarreglur til að fyrirbyggja eldsvoða.

20. gr.

Á götum, stakkstæðum, torgum eða almannafæri, eða milli húsa, eða í görðum, má ekki setja lausar eldstór eða hlóðir, nema leyfi sé veitt til þess af slökkviliðsstjóra og ákveður hann þá, hvernig eldstæðið skuli búið út og hverra varúðarreglna skuli gætt. Þegar slíkt er leyft, skulu menn alltaf vera við eldinn, meðan logandi er í hlóðunum. Hið sama er og um lýsisbræðslu, tjörugerð og bikgerð og bikun á veiðarfærum. Milli húsa eða úti við, má ekki bera eldsglæður nema í lokuðum málmkössum. Á verzlunarlóðinni má ekki kveikja bál eða halda brennur, nema leyfi hreppsstjóra komi til.

21. gr.

Eldivið, steinkol, mó og annað eldsneyti má ekki leggja fyrir utan hús, nema með samþykki brunamálanefndar, og veitir brunamálanefnd aðeins samþykki til þess, að ekki geti stafað af því eldshætta að marki. Mikið af trjám og borðvið má því aðeins hafa fyrir utan hús, að brunamálanefnd leyfi. Ákveður hún um leið og hún veitir leyfið, hversu stór trjástafli megi vera, hve langt bil skuli vera á milli þeirra, og minnstu fjarlægð frá næsta húsi, sem þó má aldrei vera minni en 6 metrar.

Það skal yfirleitt ekki leyft, að hafa viðarstafla hærri en 4 metra og ekki stærri að flatarmáli en 40 fermetra, enda standi þá staflanir ekki nær hver öðrum en svo, að 2 metra bil sé á milli þeirra, og ekki nær næsta húsi en 6 metra. Birgðir af steinolíu, benzíni, terpentínu eða öðrum eldfimum vökvum, skulu ætíð geymdir í húsum inni, eða í mannheldum girðingum og hvergi nema þar sem hreppsnefnd samþykkir. Þó má ekki geyma birgðir af vökvum þessum, nema í steinhúsum með steinsteypuloftum eða steinsteyptum kjöllurum með steinloftum og steingólfum. Um undanþágu frá þessu fer samkvæmt lögum um brunamál. Hafi einhver sett birgðir af slíkum eldfimum vökvum á bersvæði eða annars staðar, í óleyfi bæjarstjórnar, má hreppsnefnd láta flytja þær burtu á kostnað eiganda.

22. gr.

Þar sem geymdar eru birgðir af steinolíu, terpentínu, benzíni eða áþekkum eldfimum vökvum, skal eftirfarandi varúðarreglum fylgt:

a. Séu birgðirnar meiri en 800 lítrar af steinolíu eða 175 lítrar af benzíni eða álíka eldfimum vökvum, má hvorki bera um geymslustaðinn eld eða ljós, enda þótt það sé birgt í ljóskeri, ekki kveikja á eldspýtum né reykja þar tóbak. Þar mega heldur ekki vera eldstór, reykháfar eða hitaleiðslur, sem eldhætta getur stafað af.

b. Séu birgðirnar ekki meiri en 800 lítrar af steinolíu eða 175 lítrar af benzíni eða álíka eldfimum vökvum, og þær geymdar utan húss í görðum eða portum, þar sem ekkert hús er nær en 6 metrar, má því aðeins bera þar um ljós, að það sé í lokuðu ljóskeri, en eld má ekki kveikja þar né bera. Ekki má heldur taka þar ljósvökva úr tunnu eða stærra íláti við ljós, nema ljósið sé í lokuðu ljóskeri og það látið hanga í a. m. k. 2 metra fjarlægð.

Séu slíkar birgðir geymdar innan húss skal gæta sömu varúðar og undir a-lið.

c. Birgðir allt að 200 lítrum af steinolíu eða 10 lítrum af benzíni eða álíka eldfimum vökvum má geyma í sölu- eða smíðahúsum, en þá skulu þær geymdar á afviknum stað í málmíláti eða lokuðum flöskum. Skal þá gætt sömu varúðar og undir a-lið.

d. Í húsum eða herbergjum, þar sem farið er um með eld eða ljós, má ekki taka úr íláti neinn ljósvökva með blossamarki undir 40 stiga hita, hundraðsmælis (Celsius) (t. d. benzín).

69 13. júlí

e. Þar sem ljósvökvi er geymdur, hvort heldur úti eða inni, í sölustöðum eða smíðahúsum, skal gætt allrar varúðar. Fari ljósvökvi niður á gólf í húsi, skal hann þerraður upp þegar í stað, svo vel sem hægt er. Í húsinu má ekki geyma eldfima hluti nálægt ljósvökvanum, nema yfir þeim sé höfð ábreiða, sem ekki er eldfim. Þar sem geymdir eru meira en 200 lítrar af steinolíu eða 40 lítrar af benzíni eða álíka eldfimum vökvum, má engin vinna fara fram, nema undir eftirliti fullorðins manns, er þar sé ávallt staddur. Ella skal geymslustaðnum lokað, svo óviðkomandi komist þar ekki inn.

f. Benzíngeyma má hvergi setja upp meðfram götum kauptúnsins nema samkvæmt fyrirlagi hreppsstjórnar, að fengnum tillögum brunamálanefndar. Hvergi má setja þá nær steinhúsum en 15 metra og ekki nær timburhúsum en 25 metra, og skal frágangur allar vera svo rammbyggilegur, að sem minnst eldhætta stafi af. Tóbaksreykingar megi ekki fara fram í nánd við geymana. — Tæmdar benzíntunnur skal jafnharðan flytja burtu.

g. Landflutningur á benzíni og olíu í stærri stíl, svo og fylling benzín- og olíugeyma, má ekki fara fram, nema undir eftirliti, sem framkvæmt er eftir fyrirmælum brunamálanefndar, og skal það kostað af eiganda eða farmsmóttakanda.

h. Í hverjum geymslustað skal prentað eintak af reglum þessum hanga á vegg, þar sem það er auðvelt til aflestrar.

23. gr.

Í smíðahúsum handiðnarmanna, sem fást við trésmíði, skal gæta þessara varúðarreglna:

a. Eld má ekki fara með, nema í eldstæðinu eða ofninum og tóbaksreykingar skulu bannaðar. Fyrir framan hverja ofnhurð skal vera kassi úr málmi, er sé að minnsta kosti 50 cm. á hæð, og sé hann þannig áfastur ofninum, að allar glæður og eldur úr honum detti í kassann.

b. Þegar límpotturinn er tekinn af eldstæðinu, skal setja hann á málmplötu, er nái a. m. k. 8 cm. út fyrir pottinn á alla vegu. Brún málmplötunnar skal beygð upp á við.

c. Þar sem ekki er rafmagnsljós má eingöngu nota steinolíuvegglampa eða lokað ljósker, en hvorki borðlampa eða kertaljós.

d. Ekki má fleygja eldspýtu á gólfið, þegar kveikt hefir verið á henni, heldur skal fleygja henni í ofninn eða leggja hana á málmplötu eða annan stað, þar sem vissa er fyrir, að hún geti ekki kveikt eld frá sèr.

e. Tréspænir, hey eða aðrir slíkir eldfimir hlutir, mega ekki liggja dreifðir um smíðahúsgólfið, dag frá degi. Á hverjum degi, að endaðri vinnu, skal þeim sópað saman og þeir bornir úr smíðahúsinu, eða þeim komið fyrir á sérstökum stað í smíðahúsinu, sem ætlaður er fyrir þá. Miklar birgðir af tréspónum skal geyma í lokuðum klefa, þar sem engin sérstök eldhætta getur stafað af.

f. Miklar birgðir af trésmíðaefni mega ekki liggja í göngum eða stigum, og

heldur ekki utan við smíðahúsið, nema sérstakt leyfi brunamálanefndar komi til. Handiðnarmenn, sem fást við trésmíði og járnsmíði mega ekki geyma meira viðarsmíðaefni í járn- eða trésmiðju sinni, en þarf til þess að vinnan verði innt af hendi viðstöðu- og tafarlaust. 69 13. júlí

g. Þegar vinnunni er lokið að kveldi, og áður en smiðirnir fara úr smíðahúsinu, skal slökkva allan eld og ljós og loka húsinu, svo að óviðkomandi menn komist ekki í það.

h. Í sérhverju smíðahúsi, þar sem vatnsveita er, skal vera sérstakur vatnskrani með viðfestri slöngu, ella skal vera þar slökkvitæki með slökkvivökva, af þeirri gerð, er Brunabótafélag Íslands tekur gilda. Brunamálanefnd getur veitt undanþágu frá þessum ákvæðum fyrir verkstæði, þar sem vinna að jafnaði aðeins 1—2 menn.

i. Í sérhverju smíðahúsi skal vera prentað eintak af reglum þessum fest á vegg, þar sem auðvelt er að lesa það. Forstöðumaður smíðahússins skal sjá um, að reglum þessum sé hlýtt, og hinnar mestu varúðar sé að öllu leyti gætt, í meðferð á eldi og ljósi.

IX. KAFLI.

Um slökkviliðið.

24. gr.

Fastir starfsmenn slökkviliðsins (sbr. 9. gr.) skulu skipa þessa flokka:

1. Björgunarflokkur	4	liðsmenn.
2. Húsrifsflokkur	2	—
3. Vatnsslönguflokkur	4	—
4. Dæluflokkur	4	—
5. Vatnsburðarflokkur	2	—
6. Brunaboðar	2	—

Slökkviliðsstjóri skipar flokksstjóra fyrir flokkana. Hann skal og árlega semja skrá yfir alla, sem skyldir eru að mæta samkvæmt 8. gr., og skal hverjum einum tilkynnt í hvaða flokki hann skuli vera.

Að lokinni æfingu eða eldsvoða skal merkja í skránni, við alla þá, sem hafa mætt.

25. gr.

a. Fjórum ákveðnum mönnum úr björgunarflokknum er skylt að mæta, þá er eldsvoða ber að höndum, á brunastaðnum, svo fljótt sem unnt er. Hinir sjá um flutning stiga og annara björgunartækja á brunastaðinn. Fyrsta verk björgunarflokksins skal vera, að bjarga fólki, þá lifandi skepnum, og síðan öllum dauðum munum, hverju nafni sem nefnast undantekningarlaust. Allt, sem hann bjargar, skal fara vel með og koma því á svo óhultan stað sem unnt er. Enga björgun má hann framkvæma, að undanskildu

69 13. júlí

fólki og skepnum, nema eftir fyrirskipun slökkviliðsstjóra eða annars, sem gengur í hans stað. Slökkviliðsstjóri skipar einn úr flokki þessum sem flokksstjóra, sem hann getur sérstaklega snúið sér til með skipanir sínar, sem og til hinna annara flokksstjóra, er skipaðir kunna að verða.

b. Húsrifsflokkur skal hafa á hendi að rífa það, sem þurfa þykir, eftir skipun slökkviliðsstjóra. Skal hann ávallt vera með sín ákveðnu verkfæri á brunastaðnum, og aðstoða björgunarflokkinn eftir fyrirmælum slökkviliðsstjóra.

c. Vatnsslönguflokkur skal sjá um, að allar slöngur og vatnsgeymar komi á brunastaðinn jafnframt dælunum, og skal hann koma slöngunum svo fyrir, að þægilegt sé að drepa eldinn. Síðan skal flokkurinn starfa sem bunustjórar eftir fyrirskipunum yfirmanna.

d. Dæluflokkur skal mæta við slökkvistöðina svo fljótt sem unnt er, þegar eldsvoða ber að höndum, og hafa dælurnar í góðu standi, flytja þær þangað sem slökkviliðsstjóri skipar fyrir, setja véldælurnar í gang og láta þær dæla, og knýja handdælu verði hún notuð. Einnig skulu þeir aðstoða vatnsslönguflokkinn við samsetningu slangnanna.

e. Brunaboðar skulu, þá er eldsvoða verður vart, gera slökkviliðinu aðvart með því að blása í lúðra, eða á annan hátt, sem fyrirskipað er af brunamálanefnd. Sé það að næturþeli, skulu þeir blása í lúður við hús hvers liðsmanns, þar til hann verður var við þá, og skal liðsmaður þegar gefa þeim merki um, að hann hafi orðið þeirra var. Ekki mega þeir tala við nokkurn mann, nema segja götu- og hústölu, þar sem eldurinn er. Skulu þeir að afloknu brunakalli, skyldir til að mæta á brunastaðnum, og vinna þar það, sem slökkviliðsstjóri leggur fyrir þá. Loks skulu þeir skyldir til að tilkynna slökkviliðsæfingar eftir fyrirskipun slökkviliðsstjóra.

f. Vatnsburðarflokkur skal ákveðinn af slökkviliðsstjóra í samráði við brunamálanefnd. Fyrirliðar flokksins geta skipað hverjum sem er, úr flokknum, að aðstoða sig eftir þörfum, með flutning á vatnsfötum til og frá slökkvistöðinni, að viðlögðum sektum, sbr. 28. gr.

26. gr.

Árlega skal halda minnst 3 æfingar og er liðsmönnum öllum (sbr. 9. gr.) skylt að mæta þar eins og við eldsvoða, sömuleiðis þeim mönnum öðrum úr skylduliðinu, sbr. 8. gr., er slökkviliðsstjóri gerir aðvart. Slökkviliðsstjóri ákveður hvenær æfingar skuli haldnar, en gæta skal um það hagræðis liðsmanna og skylduliðs. Skal halda skýrslu um æfingar og senda hana í byrjun hvers árs til Brunabótafélags Íslands til athugunar.

27. gr.

Allir liðsmenn skulu, þegar þeir eru að verki, forðast allan óþarfa hávaða eða tal, og gera sér far um að taka öllu með gætni og stillingu, og vera skjótir og liðugir að framkvæma skipanir yfirmanna sinna.

28. gr.

Allir liðsmenn skulu, ef þeir verða varir við, að óvarlega er farið með eld, eða á annan hátt brotið á móti brunareglugerð kaupstaðarins, vanda um við þá, sem gera sig seka í því, og ef þeir hlýða ekki aðvörun þeirra, gera slökkviliðsstjóra aðvart svo fljótt sem unnt er.

29. gr.

Allir liðsmenn eru skyldir til þess að mæta á slökkvistöðinni, að undanskildum nokkrum hluta björgunarliðsins (sbr. 25. gr.), nema þeir séu þess fullvissir, að öll áhöld séu komin á brunastaðinn, og ber þeim öllum skylda til að sjá um, að þau komist á brunastaðinn í nothæfu ástandi. Enginn má fara af brunastaðnum, nema með leyfi slökkviliðsstjóra. Engin forföll eru tekin gild önnur en veikindi, eða fjarvera úr lögsagnarumdæminu.

X. KAFLI.

Sektarákvæði o. fl.

30. gr.

Með brot gegn reglugerð þessari skal fara sem opinber lögreglumál, og greiði hinn seki allt að 100 kr. sekt fyrir afbrot sitt, er renni í sveitarsjóð.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 85, 22. nóvember 1907, til þess að öðlast gildi 1. ágúst 1932 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 13. júlí 1932.

Þorsteinn Briem.

Vigfús Einarsson.

70
13. júlí

REGLUGERÐ

um

skipun slökkviliðs og brunamála í Sauðárkrókskauptúni.

I. KAFLI.

Um skipun brunamálanefndar og verksvið hennar.

1. gr.

Stjórn brunamála í kauptúninu skal falin 3 manna nefnd og eiga sæti í henni hreppstjóri, sem er formaður nefndarinnar, slökkviliðsstjóri og einn maður, sem hreppsnefndin kýs til 3 ára í senn úr sínum flokki ef vill.

Brunamálanefnd skal hafa á hendi, undir umsjón hreppsnefndar eftirlit með, að fyrirmælum laga um brunamál og reglugerðar þessarar sé í einu og öllu framfylgt, nema sérstaklega heyri beinlínis undir verksvið hreppsstjóra eða slökkviliðsstjóra.

II. KAFLI.

Hver slökkvitæki kaupstaðurinn skuli eiga og viðhald þeirra.

2. gr.

Sauðárkrókskauptúni er skylt að eiga í nothæfu ástandi að minnsta kosti þessi slökkvitæki og áhöld:

Véldælu með slöngum og tenglum, brunasegl og björgunarsegl, rafknúinn brunalúður, áhaldakerru auk annara minni áhalda.

Áhöldum öllum skal á kostnað sveitarsjóðs haldið vel við. Skal smyrja vélar og vagna svo oft sem þess er þörf og reyna dælur ekki sjaldnar en einu sinni í mánuði. Ef brunamálanefnd þykir ástæða til að auka slökkvitækin eða endurnýja þau, skal hún senda hreppsnefnd skriflega tillögu þar um. Áður en hreppsnefnd tekur ákvörðun um tillöguna skal leitað umsagnar Brunabótafélags Íslands.

3. gr.

Öll tæki til brunavarna skulu geymd í slökkvistöðinni. Skal þeim haganlega fyrir komið, svo greiður verði gangur að þeim, er á þarf að halda. Lykill að slökkvistöðinni skal vera í vörzlum slökkviliðsstjóra, og svo margra úr slökkviliðinu, sem þurfa þykir. Slökkvistöðinni skal haldið vel við á kostnað

sveitarsjóðs. Brunamálanefnd getur ákveðið að geyma 1 lykil í smáskáp með glerloki fyrir, er hangi utan á slökkvistöðinni. 70 13. júlí

4. gr.

Slökkviliðsstjóri hefir undir umsjón brunamálanefndar eftirlit með slökkvitækjunum, og ber hann ábyrgð á því, að þau séu fyrir hendi, og að þeim sé vel við haldið. Við árslok hver sendir slökkviliðsstjóri brunamálanefnd skrá yfir slökkvitæki þau, sem til eru, og skal þess jafnframt getið hver slökkvitæki hafi verið keypt á árinu og hver hafi gengið úr sér.

III. KAFLI.

Hver slökkvitæki húseigandi skuli útvega sér, og láta fylgja húsi sínu.

5. gr.

Slökkviliðsstjóri skal tryggja slökkviliðinu afnot lausastiga á hæfilega mörgum stöðum víðsvegar í kauptúninu, er eldsvoða ber að höndum.

Hverju timburhúsi, þar sem íbúðarherbergi eru á 2 eða 3 hæðum ofan kjallara, skal fylgja nægilega langur krókstjaki og traustur stigi, er sé svo langur, að hann nái upp í glugga á efsta íbúðarherbergi hússins. Skal stiginn og krókstjakinn geymdur á tilteknum stað, er sé aðgengilegur fyrir slökkviliðið.

Auk þess skal hreppsfélagið eiga að minnsta kosti 5 stiga og 3 krókstjaka, er ætíð séu til afnota fyrir brunaliðið og geymdir þar sem brunamálanefnd telur hagkvæmast.

6. gr.

Brunamálanefnd getur að fengnu samþykki hreppsnefndar látið setja í sérhverju húsi, þar sem óvenjuleg eldhætta er (samkomuhús, kvikmyndahús, smíðastofur þar sem eldfim efni eru), slökkvitæki í sambandi við vatnsveitu hússins. Húseigandi er skyldur til að viðhalda slíkum slökkvitækjum og endurnýja þau, og má ekki nota þau til neins annars en þess að verja eldsvoða eða slökkva eld.

Brunamálanefnd getur skyldað húseigendur, þar sem óvenjuleg brunahætta er, til þess að útvega á eiginn kostnað, og hafa á tilteknum stað í húsinu, slökkviáhöld af þeirri gerð, er Brunabótafélag Íslands tekur gild.

IV. KAFLI.

Skylda borgaranna til þess að gegna slökkviliðsstörfum og skipun slökkviliðs.

7. gr.

Slökkviliðsstjórinn, og í forföllum hans vara-slökkviliðsstjórinn, er yfirmaður og stjórnandi alls slökkviliðsins. Auglýsa skal tvisvar árlega (í marz og

70 13. júlí

september) á stað, þar sem festar eru upp aðrar sveitarstjórnarauglýsingar, hver sé slökkviliðsstjóri, hvar hann býr, og hverjir séu honum næstir yfirmenn í slökkviliðinu. Slökkviliðsstjóri og vara-slökkviliðsstjóri mega aldrei vera báðir burtu úr kaupstaðnum í senn, nema alveg sérstaklega standi á, og þó því aðeins, að þeir tilkynni brottför sína tímanlega, og settur sé slökkviliðsstjóri í þeirra stað á meðan, í samráði við brunamálanefnd.

8. gr.

Allir verkfærir karlmenn 20—60 ára að aldri, sem heimilisfastir eru í kaupstaðnum, að undanskildum presti, læknum, lyfsala og símastjóra, og þeim mönnum, sem með læknisvottorði sanna, að þeir fyrir heilsubilun sé ekki færir til vinnu, eru skyldir til þjónustu í slökkviliðinu. Mæti svo margir við æfingar eða eldsvoða, að eigi sé þörf fyrir alla, skulu þeir elztu ganga fyrir með hvíld.

9. gr.

Í slökkviliði kauptúnsins skulu að minnsta kosti vera fastráðnir þessir menn: Slökkviliðsstjóri, vara-slökkviliðsstjóri, 16 liðsmenn og 2 brunaboðar.

10. gr.

Hreppsnefnd skipar slökkviliðsstjóra og vara-slökkviliðsstjóra eftir tillögum brunamálanefndar, en brunamálanefnd ræður aðra starfsmenn slökkviliðsins eftir tillögum slökkviliðsstjóra. Slökkviliðsstjóri getur sagt upp liðsmönnum slökkviliðsins án nokkurs fyrirvara, ef hann finnur ástæðu til, og ráðið aðra í þeirra stað til bráðabirgða, en þó skal hann gera brunamálanefnd grein fyrir brottrekstrinum, og ræður hún síðan menn í stað þeirra, sem vikið hefir verið úr liðinu. Allir liðsmenn í slökkviliðinu eru skyldir til að tilkynna slökkviliðsstjóra með viku fyrirvara, ef þeir af gildum ástæðum geta ekki gegnt starfi sínu í slökkviliðinu.

Flokksstjórar skulu skyldir til að tilkynna slökkviliðsstjóra, ef þeir fara burt úr kaupstaðnum daglangt, og liggur sekt við, ef út af er brugðið.

11. gr.

Slökkviliðsstjóri og vara-slökkviliðsstjóri hafa fasta þóknun fyrir starfa sinn, eftir nánari ákvörðun hreppsnefndar. Öðrum liðsmönnum slökkviliðsins, og þeim, er það kann að kalla til hjálpar, getur hreppsnefnd ákveðið greiðslu fyrir vinnu þeirra í þágu brunamálanna, samkv. gjaldskrá, er hún semur í janúar ár hvert.

Þeir sem skemma föt sín í þágu slökkviliðsins, eiga rétt á því að fá skemmdirnar endurgoldnar úr sveitarsjóði, eftir mati, nema öðru vísi semjist um.

12. gr.

Hreppsnefnd ákveður eftir tillögum brunamálanefndar, hver einkenni slökkviliðið skal bera, þegar það er að starfi sínu.

13. gr.

Slökkviliðsstjóri stjórnar æfingum slökkviliðsins, og ber ábyrgð á, að ávallt séu nógu margir í slökkviliðinu, og það sé vel æft. Þegar eldsvoða ber að höndum ákveður hann, hvernig slökkviliðinu skuli fyrir komið, og allt hvað gera skuli til þess að slökkva eldinn, og varna útbreiðslu hans. Þó má hann ekki rífa niður hús til varnar útbreiðslu elds, nema samþykki lögreglustjóra komi til, eða þess, er fer með umboð hans við eldsvoðann. Ef slökkviliðsstjóri er forfallaður, gengur vara-slökkviliðsstjóri í hans stað, og sé hann heldur ekki viðstaddur, þá hefir yfirstjórn á hendi sá af liðsmönnunum, sem slökkviliðsstjóri, í samráði við brunamálanefnd, hefir fyrirfram ákveðið til þess.

14. gr.

Sérhver slökkviliðsmaður er, að viðlagðri sekt, skyldur til að mæta til æfinga og til þess að slökkva eld, þegar hann er til þess kallaður, hvar sem er innan lögsagnarumdæmis kauptúnsins, og hlýða þá í öllum atriðum, öllu því, er yfirmaður hans skipar honum. Enginn má heldur án leyfis yfirmanna, yfirgefa eldsvoða áður en slökkt er, né slökkviliðsæfingu áður en henni er lokið.

15. gr.

Hreppstjóri er yfirmaður lögreglusveitar þeirrar, er viðhalda skal góðri reglu við eldsvoða og slökkviliðsæfingar. Brunamálanefnd kveður í flokk þenna eftir tillögum hreppsstjóra, hæfilega marga menn meðal þeirra, er skyldir eru til þess að vera í slökkviliðinu. Hreppsstjóri ákveður í samráði við slökkviliðsstjóra skipulag lögreglusveitarinnar og starfssvið hvers einstaks í henni. Skylt er lögreglusveitinni að halda uppi góðri reglu við eldsvoða og æfingar, sjá slökkviliðsmönnunum fyrir greiðum gangi að eldinum, og annast um að engir óviðkomandi menn gangi of nærri húsi því, sem brennur, eða flytji þaðan neitt burtu.

Ennfremur sér lögreglusveitin um bjargaða muni, annast brottflutning og aðhjúkrun þeirra, er verða fyrir slysum, vísar burtu eða tekur fasta þá, er sekir verða um brot og kærir þá.

Umferð má banna um götur, þar sem þess þarf með.

V. KAFLI.

Um vatnstöku, vatnsburð o. fl.

16. gr.

Heimilt er að taka vatn til þess að slökkva eld og til æfinga úr brunnum og vatnsbólum hvar sem er. Skylt er sérhverjum húseiganda að leyfa að vatn sé tekið úr vatnshönum í húsi hans til að slökkva eld, og má enginn, sem í húsinu er, leggja tálmanir fyrir, að slökkviliðið hafi greiðan aðgang að vatnshönum í húsinu.

70 13. júlí

Þegar verið er að slökkva eld, er sérhverjum húseiganda skylt að leyfa slökkviliðinu tálmunarlausan aðgang um lóð sína, en fullt endurgjald komi fyrir skemmdir ef einhverjar verða.

Ef hús brennur, er sérhverjum skylt að lána þau tæki, er hann hefir, til þess að flytja vatn og tæki slökkviliðsins. Ef tæki, sem hefir verið lánað, skemmist eða týnist, skal fullt endurgjald koma fyrir úr sveitarsjóði.

Meðan verið er að slökkva eld eru bæjarbúar, er vatn taka úr sömu vatnsveitu eða brunnum, skyldir að takmarka vatnsnotkun sína sem mest má verða.

17. gr.

Það er skylda allra, sem viðstaddir eru eldsvoða, hvort sem þeir eru í slökkviliðinu eða ekki, að láta í té alla þá aðstoð, sem þeir geta, ef slökkviliðsstjórinn krefst þess og hlýða í öllu fyrirskipunum slökkviliðsstjóra.

VI. KAFLI.

Um skoðun eldfæra og reykháfa.

18. gr.

Reykháfa alla skal hreinsa tvisvar á ári, þó getur hreppsnefnd eftir tillögum brunamálanefndar ákveðið að hreinsun skuli fara fram oftar, ef sérstakar ástæður eru til. Brunamálanefnd skal eftir fyrirmælum hreppsnefndar, einu sinni á ári hverju, láta skoða eldfæri og reykháfa í öllum húsum kauptúnsins, og líta eftir að þau séu útbúin lögum samkvæmt, og að reykháfar hafi verið nægilega hreinsaðir, svo og að aðgæta hvort púðurbirgðir, sprengiefni og önnur eldfim og hættuleg efni séu geymd, sem vera ber samkvæmt lögum um brunamál og samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar. Skoðunarmenn skulu og líta eftir, hvort stigar og krókstjakar eru nothæfir og geymdir þar sem þeir eiga að vera. Á sama hátt skal líta eftir sérstökum slökkvitækjum, ef þau eiga að vera í húsinu. Skoðunarmenn skulu gera skýrslu um skoðunina, er afhendist brunamálanefnd og sendist til Brunabótafélags Íslands, ef óskað er.

Komi það í ljós við skoðunina, að einhverju sé ábótavant í þessu efni, skal það tafarlaust bætt, ef hægt er. Ella má veita húseiganda stuttan frest til þess að lagfæra gallana; skal þá að frestinum liðnum ný skoðun fara fram. Komi þá í ljós, við hina síðari skoðun, að enn sé ekki búið að bæta úr því, sem að var fundið, skal tafarlaust kæra hlutaðeiganda fyrir lögreglustjóra, er kemur fram ábyrgð á hendur hinum brotlega og lætur á hans kostnað færa í lag það, er lagfæra þarf.

VII. KAFLI.

Um brunaboðun.

19. gr.

Það er skylda hvers eins, er verður var við eldsvoða, að tilkynna það slökkviliðinu þegar í stað. Næturverðir, ef nokkrir eru, skulu á göngum sínum um kauptúnið hafa sérstakt eftirlit með því, hvort eldur er að kvikna í húsum og tilkynna það þegar í stað slökkviliðsstjóra, brunaboðum og öðrum úr slökkviliðinu, hreppstjóra og símastjóra. Að öðru leyti skal, þar til önnur skipun verður gerð, slökkviliðið kallað saman með því að hefja brunakall um kauptúnið, með brunalúðrum.

VIII. KAFLI.

Ýmsar almennar varúðarreglur til að fyrirbyggja eldsvoða.

20. gr.

Á götum, stakkstæðum, torgum eða almannafæri, eða milli húsa, eða í görðum, má ekki setja lausar eldstór eða hlóðir, nema leyfi sé veitt til þess af slökkviliðsstjóra og ákveður hann þá, hvernig eldstæðið skuli búið út og hverra varúðarreglna skuli gætt. Þegar slíkt er leyft, skulu menn alltaf vera við eldinn, meðan logandi er í hlóðunum. Hið sama er og um lýsisbræðslu, tjörugerð og bikgerð og bikun á veiðarfærum. Milli húsa eða úti við, má ekki bera eldsglæður nema í lokuðum málmkössum. Á verzlunarlóðinni má ekki kveikja bál eða halda brennur, nema leyfi hreppsstjóra komi til.

21. gr.

Eldivið, steinkol, mó og annað eldsneyti má ekki leggja fyrir utan hús, nema með samþykki brunamálanefndar, og veitir brunamálanefnd aðeins samþykki til þess, að ekki geti stafað af því eldshætta að marki. Mikið af trjám og borðvið má því aðeins hafa fyrir utan hús, að brunamálanefnd leyfi. Ákveður hún um leið og hún veitir leyfið, hversu stór trjástafli megi vera, hve langt bil skuli vera á milli þeirra, og minnsta fjarlægð frá næsta húsi, sem þó má aldrei vera minna en 6 metrar.

Það skal yfirleitt ekki leyft, að hafa viðarstafla hærri en 4 metra og ekki stærri að flatarmáli en 40 fermetra, enda standi þá staflarnir ekki nær hver öðrum en svo, að 2 metra bil sé á milli þeirra, og ekki nær næsta húsi en 6 metra. Birgðir af steinolíu, benzíni, terpentínu eða öðrum eldfimum vökvum, skulu ætíð geymdar í húsum inni, eða í mannheldum girðingum og hvergi nema þar sem hreppsnefnd samþykkir. Þó má ekki geyma birgðir af vökvum þessum, nema í steinhúsum með steinsteypuloftum eða steinsteyptum kjöllurum með steinloftum og steingólfum. Um undanþágu frá þessu fer samkvæmt lög-

70 13. júlí um um brunamál. Hafi einhver sett birgðir af slíkum eldfimum vökvum á bersvæði eða annars staðar, í óleyfi sveitarstjórnar, má hreppstjóri láta flytja þær burtu á kostnað eiganda.

22. gr.

Þar sem geymdar eru birgðir af steinolíu, terpentínu, benzíni eða áþekkum eldfimum vökvum, skal eftirfarandi varúðarreglum fylgt:

a. Séu birgðirnar meiri en 800 lítrar af steinolíu eða 175 lítrar af benzíni eða álíka eldfimum vökvum, má hvorki bera um geymslustaðinn eld eða ljós, enda þótt það sé birgt í ljóskeri, ekki kveikja á eldspýtum né reykja þar tóbak. Þar mega heldur ekki vera eldstór, reykháfar eða hitaleiðslur, sem eldhætta getur stafað af.

b. Séu birgðirnar ekki meiri en 800 lítrar af steinolíu eða 175 lítrar af benzíni eða álíka eldfimum vökvum, og þær geymdar utan húss í görðum eða portum, þar sem ekkert hús er nær en 6 metrar, má því aðeins bera þar um ljós, að það sé í lokuðu ljóskeri, en eld má ekki kveikja þar né bera. Ekki má heldur taka þar ljósvökva úr tunnu eða stærra íláti við ljós, nema ljósið sé í lokuðu ljóskeri og það látið hanga í a. m. k. 2 metra fjarlægð.

Séu slíkar birgðir geymdar innan húss skal gæta sömu varúðar og undir a-lið.

c. Birgðir allt að 200 lítrum af steinolíu eða 10 lítrum af benzíni eða álíka eldfimum vökvum má geyma í sölu- eða smíðahúsum, en þá skulu þær geymdar á afviknum stað í málmíláti eða lokuðum flöskum. Skal þá gætt sömu varúðar og undir a-lið.

d. Í húsum eða herbergjum, þar sem farið er um með eld eða ljós, má ekki taka úr íláti neinn ljósvökva með blossamarki undir 40 stiga hita, hundraðsmælis (Celsíus) (t. d. bensín).

e. Þar sem ljósvökvi er geymdur, hvort heldur úti eða inni, í sölustöðum eða smíðahúsum, skal gætt allrar varúðar. Fari ljósvökvi niður á gólf í húsi, skal hann þerraður upp þegar í stað, svo vel sem hægt er. Í húsinu má ekki geyma eldfima hluti nálægt ljósvökvanum, nema yfir þeim sé höfð ábreiða, sem ekki er eldfim. Þar sem geymdir eru meira en 200 lítrar af steinolíu eða 40 lítrar af benzíni eða álíka eldfimum vökvum, má engin vinna fara fram, nema undir eftirliti fullorðins manns, er þar sé ávallt staddur. Ella skal geymslustaðnum lokað, svo óviðkomandi komist þar ekki inn.

f. Benzíngeyma má hvergi setja upp meðfram götum kauptúnsins nema samkvæmt fyrirlagi hreppstjórnar, að fengnum tillögum brunamálanefndar. Hvergi má setja þá nær steinhúsum en 15 metra og ekki nær timburhúsum en 25 metra, og skal frágangur allur vera svo rammbyggilegur, að sem minnst eldhætta stafi af. Tóbaksreykingar mega ekki fara fram í nánd við geymana. — Tæmdar benzíntunnur skal jafnharðan flytja burtu.

g Landflutningur á benzíni og olíu í stærri stíl, svo og fylling benzín- og olíugeyma, má ekki fara fram, nema undir eftirliti, sem framkvæmt er eftir

fyrirmælum brunamálanefndar, og skal það kostað af eiganda eða farms- 70
móttakanda. 13. júlí

h. Í hverjum geymslustað skal prentað eintak af reglum þessum hanga á vegg, þar sem það er auðvelt til aflestrar.

23. gr.

Í smíðahúsum handiðnarmanna, sem fást við trésmíði, skal gæta þessara varúðarreglna:

a. Eld má ekki fara með, nema í eldstæðinu eða ofninum og tóbaksreykingar skulu bannaðar. Fyrir framan hverja ofnhurð skal vera kassi úr málmi, er sé að minnsta kosti 50 cm. á hæð, og sé hann þannig áfastur ofninum, að allar glæður og eldur úr honum detti í kassann.

b. Þegar límpotturinn er tekinn af eldstæðinu, skal setja hann á málmplötu, er nái a. m. k. 8 cm. út fyrir pottinn á alla vegu. Brún málmplötunnar skal beygð upp á við.

c. Þar sem ekki er rafmagnsljós má eingöngu nota steinolíuvegglampa eða lokað ljósker, en hvorki borðlampa eða kertaljós.

d. Ekki má fleygja eldspítu á gólfið, þegar kveikt hefir verið á henni, heldur skal fleygja henni í ofninn eða leggja hana á málmplötu eða annan stað, þar sem vissa er fyrir, að hún geti ekki kveikt eld frá sér.

e. Tréspænir, hey eða aðrir slíkir eldfimir hlutir, mega ekki liggja dreifðir um smíðahúsgólfið, dag frá degi. Á hverjum degi, að endaðri vinnu, skal þeim sópað saman og þeir bornir úr smíðahúsinu, eða þeim komið fyrir á sérstökum stað í smíðahúsinu, sem ætlaður er fyrir þá. Miklar birgðir af tréspónum skal geyma í lokuðum klefa, þar sem engin sérstök eldhætta getur stafað af.

f. Miklar birgðir af trésmíðaefni megi ekki liggja í göngum eða stigum, og heldur ekki utan við smíðahúsið, nema sérstakt leyfi brunamálanefndar komi til. Handiðnarmenn, sem fást við trésmíði og járnsmíði mega ekki geyma meira viðarsmíðaefni í járn- eða trésmiðju sinni, en þarf til þess að vinnan verði innt af hendi viðstöðu- og tafarlaust.

g. Þegar vinnunni er lokið að kveldi, og áður en smiðirnir fara úr smíðahúsinu, skal slökkva allan eld og ljós og loka húsinu, svo að óviðkomandi menn komist ekki í það.

h. Í sérhverju smíðahúsi, þar sem vatnsveita er, skal vera sérstakur vatnskrani með viðfestri slöngu, ella skal vera þar slökkvitæki með slökkvivökva, af þeirri gerð, er Brunabótafélag Íslands tekur gilda. Brunamálanefnd getur veitt undanþágu frá þessum ákvæðum fyrir verkstæði, þar sem vinna að jafnaði aðeins 1—2 menn.

i. Í sérhverju smíðahúsi skal vera prentað eintak af reglum þessum fest á vegg, þar sem auðvelt er að lesa það. Forstöðumaður smíðahússins skal sjá um, að reglum þessum sé hlýtt, og hinnar mestu varúðar sé að öllu leyti gætt, í meðferð á eldi og ljósi.

70
13. júlí

IX. KAFLI.

Um slökkviliðið.

24. gr.

Fastir starfsmenn slökkviliðsins (sbr. 9. gr.) skulu skipa þessa flokka:

1. Björgunarflokkur ..... 4 liðsmenn.
2. Húsrifsflokkur ..... 2 —
3. Vatnsslönguflokkur ..... 4 —
4. Dæluflokkur ..... 4 —
5. Vatnsburðarflokkur ..... 2 —
6. Brunaboðar ..... 2 —

Slökkviliðsstjóri skipar flokksstjóra fyrir flokkana. Hann skal og árlega semja skrá yfir alla, sem skyldir eru að mæta samkvæmt 8. gr., og skal hverjum einum tilkynnt í hvaða flokki hann skuli vera.

Að lokinni æfingu eða eldsvoða skal merkja í skránni, við alla þá, sem hafa mætt.

25. gr.

a. Fjórum ákveðnum mönnum úr björgunarflokknum er skylt að mæta, þá er eldsvoða ber að höndum, á brunastaðnum, svo fljótt sem unnt er. Hinir sjá um flutning stiga og annara björgunartækja á brunastaðinn. Fyrsta verk björgunarflokksins skal vera, að bjarga fólki, þá lifandi skepnum, og síðan öllum dauðum munum, hverju nafni sem nefnast undantekningarlaust. Allt, sem hann bjargar, skal fara vel með og koma því á svo óhultan stað sem unnt er. Enga björgun má hann framkvæma, að undanskildu fólki og skepnum, nema eftir fyrirskipun slökkviliðstjóra eða annars, sem gengur í hans stað. Slökkviliðsstjóri skipar einn úr flokki þessum sem flokksstjóra, sem hann getur sérstaklega snúið sér til með skipanir sínar, sem og til hinna annara flokksstjóra, er skipaðir kunna að verða.
b. Húsrifsflokkur skal hafa á hendi að rífa það, sem þurfa þykir, eftir skipun slökkviliðsstjóra. Skal hann ávallt vera með sín ákveðnu verkfæri á brunastaðnum, og aðstoða björgunarflokkinn eftir fyrirmælum slökkviliðsstjóra.
c. Vatnsslönguflokkur skal sjá um, að allar slöngur og vatnsgeymar komi á brunastaðinn jafnframt dælunum, og skal hann koma slöngunum svo fyrir, að þægilegt sé að drepa eldinn. Síðan skal flokkurinn starfa sem bunustjórar eftir fyrirskipunum yfirmanna.
d. Dæluflokkur skal mæta við slökkvistöðina svo fljótt sem unnt er, þegar eldsvoða ber að höndum, og hafa dælurnar í góðu standi, flytja þær þangað sem slökkviliðsstjóri skipar fyrir, setja véldælurnar í gang og láta þær dæla, og knýja handdælu verði hún notuð. Einnig skulu þeir aðstoða vatnsslönguflokkinn við samsetningu slangnanna.

e. Brunaboðar skulu, þá er eldsvoða verður vart, gera slökkviliðinu aðvart með því að blása í lúðra, eða á annan hátt, sem fyrirskipað er af brunamálanenfnd. Sé það að næturþeli, skulu þeir blása í lúður við hús hvers liðsmanns, þar til hann verður var við þá, og skal liðsmaður þegar gefa þeim merki um, að hann hafi orðið þeirra var. Ekki mega þeir tala við nokkurn mann, nema segja götu- og hústölu, þar sem eldurinn er. Skulu þeir að afloknu brunakalli, skyldir til að mæta á brunastaðnum, og vinna þar það, sem slökkviliðsstjóri leggur fyrir þá. Loks skulu þeir skyldir til að tilkynna slökkviliðsæfingar eftir fyrirskipun slökkviliðsstjóra. 70 13. júlí
f. Vatnsburðar flokkur skal ákveðinn af slökkviliðsstjóra í samráði við brunamálanefnd. Fyrirliðar flokksins geta skipað hverjum sem er, úr flokknum, að aðstoða sig eftir þörfum, með flutning á vatnsfötum til og frá slökkvistöðinni, að viðlögðum sektum, sbr. 28. gr.

26. gr.

Árlega skal halda minnst 3 æfingar og er liðsmönnum öllum (sbr. 9. gr.) skylt að mæta þar eins og við eldsvoða, sömuleiðis þeim mönnum öðrum úr skylduliðinu, sbr. 8. gr., er slökkviliðsstjóri gerir aðvart. Slökkviliðsstjóri ákveður hvenær æfingar skuli haldnar, en gæta skal um það hagræðis liðsmanna og skylduliðs. Skal halda skýrslu um æfingar og senda hana í byrjun hvers árs til Brunabótafélags Íslands til athugunar.

27. gr.

Allir liðsmenn skulu, þegar þeir eru að verki, forðast allan óþarfa hávaða eða tal, og gera sér far um að taka öllu með gætni og stillingu, og vera skjótir og liðugir að framkvæma skipanir yfirmanna sinna.

28. gr.

Allir liðsmenn skulu ef þeir verða varir við, að óvarlega er farið með eld, eða á annan hátt brotið á móti brunareglugerð kauptúnsins, vanda um við þá, sem gera sig seka í því, og ef þeir hlýða ekki aðvörun þeirra, gera slökkviliðsstjóra aðvart svo fljótt sem unnt er.

29. gr.

Allir liðsmenn eru skyldir til þess að mæta á slökkvistöðinni, að undanskildum nokkrum hluta björgunarliðsins (sbr. 25. gr.), nema þeir séu þess fullvissir, að öll áhöld séu komin á brunastaðinn, og ber þeim öllum skylda til að sjá um, að þau komist á brunastaðinn í nothæfu ástandi. Enginn má fara af brunastaðnum, nema með leyfi slökkviliðsstjóra. Enginn forföll eru tekin gild önnur en veikindi, eða fjarvera úr lögsagnarumdæminu.

70
13. júlí

X. KAFLI.

Sektarákvæði o. fl.

30. gr.

5. Á hverju herbergi skal vera gluggi, er veit út að götu eða opnum garði. Ljósmál glugga má minnst vera $^1/_{12}$ af gólffletinum, og skal vera hægt að opna hann.
6. Byggingarnefnd getur leyft að hafa eingöngu ofanljós, ef ekki er hægt að koma glugga fyrir á herbergi á annan hátt, og skal glugginn þá vera svo gerður, að hæglega megi opna hann.

Kjallaraíbúð.

33. gr.

1. Kjallara má ekki nota til íbúðar nema byggingarnefnd leyfi og gluggar viti út að götu eða opnum garði. Ekki má nota herbergi til íbúðar, sem aðeins hefir glugga á móti norðri, nema það sé hluti af íbúð, sem hefir glugga móti öðrum áttum og nýtur nokkurrar sólar.
2. Lofthæð herbergja skal eigi minni vera en 2,30 metrar og í minnsta lagi helmingur af rúmmáli hvers herbergis skal vera ofanjarðar. Þó má byggingarnefnd leyfa, að einstök íbúðarherbergi í kjallara hafi aðeins 2,20 metra lofthæð, ef þau fylgja íbúð á öðrum hæðum í húsinu, ná ekki lengra en 1,00 metra niður í jörðu, og eru ekki minna en 9 fermetrar að flatarmáli.
3. Glerflötur glugga ofanjarðar sé eigi minni en nemi $^1/_{12}$ af gólffleti herbergis.
4. Gólfið skal gert úr steinsteypu eða öðru álíka vatnsheldu efni, og sé trégólf þar ofan á, eða annað gólf ekki lakara.
5. Gólfið sé að minnsta kosti 0,30 metra fyrir ofan hæsta stórstraumsflóð, og skal þurka jarðveginn undir því með fráræsi, eftir fyrirmælum byggingarnefndar, svo að jarðvatn nái aldrei upp að gólfi.
6. Veggi skal verja raka á þann hátt, er byggingarnefnd mælir fyrir um. Hvert íbúðarherbergi skal vera hægt að hita.

Herbergi, sem notuð eru um stundarsakir.

34. gr.

Þvottahús, forstofur, búr, baðherbergi og snyrtiklefar skulu hafa nægilegt ljós og birtu og vera varin gegn raka. Ekki má leyfa þvottahús með glugga að götu, nema byggingarnefnd telji, að ekki stafi mikil óþægindi af vatnsgufu frá því fyrir þá, sem um götuna fara. Í þvottahúsum skal vera þétt steypugólf; þó getur byggingarnefnd veitt undanþágu frá því, ef nauðsyn þykir.

74 Hæfilega mörg salerni skulu fylgja hverju húsi, og skal gólfflötur þeirra
27. júlí eigi minni en 0,80×0,70 metrar.

Veggir steinhúsa.

35. gr.

1. Veggir steinhúsa séu hlaðnir úr settu og höggnu grjóti, lögðu í steinlím, eða gerðir úr steinsteypu. Steinsteypuveggir í íbúðarhúsum ofan kjallara og einnig í kjöllurum, sem ætlaðir eru til íbúðar, skulu gerðir úr vandaðri steypu og ekki veikari að blöndu en 1 : 4 : 7 (þ. e. 1 hluti sements móti 4 hlutum sands og 7 hlutum grjótmulnings eða malar eða hvorstveggja). Aðra veggi og undirstöður má gera úr steypu 1 : 4 : 8.

   Ef notuð er önnur gerð steypu en fyrr er sagt, t. d. holsteinar, skal byggingarnefnd leita sér upplýsinga hjá húsameistara ríkisins um gerð þeirra og notagildi áður en hún samþykkir að hús séu byggð úr þeim.

   Drýgja má steypu í undirstöðum, kjöllurum og húsum, sem ekki eru hærri en 1 hæð auk kjallara, með hreinu, sterku grjóti, hrjúfu eða brotnu (hraungrjót má því aðeins nota, að það sé sæmilega sterkt). Þó má enginn steinn vera stærri en nemi allt að helmingi veggþykktar. Ekki skulu steinar þéttari en svo, að auðvelt sé að þjappa steypunni á milli þeirra svo holulaus verði. Allsstaðar skal vera smágerð steypa á milli steinanna, og að öðru leyti svo sterk, sem fyrr segir.

   Öll steypuefni séu sterk, hrein, ófúin og að öllu óskemmd, laus við mold og lífræn efni. Grjótmulningur og steypumöl sé ekki stórgerðari en svo, að stærstu molarnir fari greiðlega gegnum 6 sentimetra víðan hring.
2. Þykkt útveggja, sem gerðir eru úr ekki veikari steypublöndu en 1 : 4 : 7, skal vera sem hér segir:
   a. Þykkt hliðarveggja þeirra eða útveggja, sem eru burðarveggir í vanalegum íbúðarhúsum með lofti og gólfi úr járnbentri steinsteypu, skulu í einlyftum húsum eða á efstu hæð vera 0,22 metra á þykkt, á næstu hæð fyrir neðan 0,25 metra og næstu hæð þar fyrir neðan (í kjallara) 0,32 metra á þykkt. Ef gólf eru úr timbri, skulu veggþykktir vera 0,24, 0,30 og 0,34 metra.

      Ef húsið er porthyggt, skal portið hafa sömu þykkt og veggurinn á næstu hæð fyrir neðan, ef hæð þess fer ekki fram úr 0,70 metrum. Sé portið hærra, skal það gert með veggþykkt sem full hæð væri.

      Ef byggingarnefnd telur, að svo langt sé milli burðarveggja eða þverveggja úr sama efni, að ekki fáist nægur bindingur í húsið, getur hún krafizt þess, að burðarveggir séu gerðir svo traustir, sem hún álítur með þurfa

      Ef um hús er að ræða með mjög stórum herbergjum eða sölum, t. d. samkomuhús, verzlunarhús o. þ. h., eða ef vegghæð fer fram úr

3,00 metrum af gólfi á gólf, getur byggingarnefnd krafizt, að styrkleiki allra burðarveggja sé ákveðinn af sérfróðum manni.

b. Gaflveggir, sem járnbent steypugólf hvíla á og á eru glugga- eða dyraop, skulu hafa sömu þykkt og burðarveggir, og reiknast þá allur veggurinn fyrir ofan efsta gólf (hér með talið risið) með sömu þykkt og efsta hæð. Gaflveggir, sem aðeins bera sinn eigin þunga (ef loft eru úr tré), mega vera 0,21 metra þykkir á öllum hæðum, nema í kjallara. Þar skulu þeir ekki þynnri vera en 0,32 metra.

c. Byggingarnefnd getur leyft aðra þykkt útveggja en hér segir, t. d. ef járn er í steypunni eða veggir tvöfaldir. Einnig getur byggingarnefnd krafizt, að veggþykktin sé önnur en fyrr er sagt, ef um holsteina er að ræða.

Byggingarnefnd getur leyft þynnri útveggi en fyrr er sagt, ef um mjög stutt haf er að ræða, t. d. í stigaskútum, og veggirnir bera aðeins sinn eigin þunga.

Í smáskútum (skúrum) og geymsluhúsum má nota þynnri veggi en fyrr er sagt; þó verður byggingarnefnd að ganga úr skugga um, að engin hætta geti stafað af.

Undir gluggum en ofan gólfs mega veggir vera 0,19 metra þykkir, þó þeir séu þykkri milli glugga. Í kjallara skal þrep undir gluggum aldrei þynnra vera en 0,26 metrar.

3. a. Burðarveggir innanhúss séu á þykkt í efstu hæð 0,16 metrar, og þar fyrir neðan aukist þykkt veggjarins við hverja hæð um 3 sentimetra. Byggingarnefnd getur veitt leyfi til að hafa þynnri burðarveggi, ef um mjög lítil hús er að ræða, eða ef tveir burðarveggir eru samhliða og bilið á milli þeirra er mjög stutt, t. d. göng. Þó má enginn burðarveggur þynnri vera en 0,14 metra.

Ef burðarveggir hafa, að dómi byggingarnefndar, ónógan stuðning af þverveggjum, eða á þeim eru stórar dyr með mjóum millibilum, getur byggingarnefnd krafizt, að veggþykktin sé aukin eða styrkleiki veggjarins aukinn á annan hátt, sem henni þykir nauðsyn til.

b. Innri veggir úr steini eða steypu, sem hvorki eru burðarveggir né stigar hvíla á, skulu vera ekki minna en 0,12 metra þykkir. Sé hafið stutt, má þykktin þó vera allt að 0,08 metrar.

c. Veggir þeir, sem stein- eða steypustigar eru festir í, þannig að veggirnir bera stigann, skulu í efstu stigahæð eigi þynnri vera en 0,18 metrar, og við hverja hæð þar fyrir neðan aukist þykkt veggjarins um 3 sentimetra. Stigahúsveggir, sem liggja að tréstiga, skulu eigi þynnri vera en sagt er í þessum lið.

d. Ekki má skerða þykkt veggja, sem um getur í a.-, b.- og d.-lið, á þann hátt að leggja í þá áframhaldandi vegglægjur; þó er leyfilegt að setja þaklægjur („múrlektur“) undir þverbita í þaki.

e. Samanlögð breidd glugga og dyratófta má ekki vera meiri en helming-

74
27. júlí

ur af allri lengd veggjarins. Byggingarnefnd getur þó veitt undanþágu frá þessu, ef veggir eru járnbentir. Enginn veggstöpull má mjórri vera en ⅓ af samanlagðri breidd beggja tóftanna báðumegin við hann, né á neinn veg þynnri en samsvari ⅛ af hæð hans, nema í honum sé járnbendingur, eða á annan hátt gerður með þeim styrkleika, sem byggingarnefnd er kunnugt um að sé nauðsynlegur.

4. Byggingarnefnd getur fyrirskipað meiri veggþykkt en fyrr er ákveðið, þar sem gerðar eru stórar veggbrúnir, eða annað það, sem eykur áreynslu á veggina eða rýrir styrkleika þeirra. Ef þykkt veggjar er aukin á einhverri hæð, skal hún einnig aukin þar fyrir neðan, eftir því er byggingarnefnd telur þurfa. Byggingarnefnd getur ákveðið, að veggir úr járnbentri steinsteypu eða steypu, sem er sterkari og þéttari en hér hefir verið miðað við, megi vera þynnri en ákveðið er í þessari grein, ef járngrindin og gerð veggjarins að öðru leyti er eftir fyrirsögn sérfróðs manns og byggingarnefnd telur vegginn fulltraustan.
5. Veggir hlaðnir úr höggnum grásteini, tígulsteini eða öðrum steini, skulu gerðir með sama styrkleik og hér er sagt um steypuveggi. Byggingarnefnd dæmir um, hvort þeirri kröfu sé fullnægt.
6. Útveggi úr steini eða steypu skal slétta utan með sementshúð ofan jarðar. Þó nægir að bursta veggi utan með sementsblöndu, ef byggingarnefnd samþykkir.
7. Innan við alla einfalda útveggi íbúðarherbergja, sem steyptir eru eða hlaðnir úr grásteini, steyptum steini eða holsteini, skal setja innri skjólvegg úr steini eða steypu með tróði á milli, eða úr timbri, korki eða öðru ekki lakara efni, sem byggingarnefnd tekur gilt.
8. Ekki má múra eða steypa húsveggi, undirstöður eða gólf, ef frost er 2° C. eða meira.

Steypuloft og steypustigar.

36. gr.

Byggingarnefnd getur því aðeins leyft að gera loft og stiga úr steypu, að sérfróður maður hafi gert áætlun um styrkleika þeirra; þó getur byggingarnefnd veitt undanþágu frá þessu, ef um mjög lítið gólf er að ræða. Maður sá, er vinnur að verkinu, skal að dómi byggingarnefndar vera hæfur til þess.

Veggir timburhúsa.

37. gr.

1. Undirstöður og útveggir í kjallara timburhúsa skulu að þykkt vera ekki undir 0,24 metra, en burðarveggir innanhúss ekki undir 0,20 metra; ef um stærri hús er að ræða, getur byggingarnefnd aukið þykkt veggjanna frá því, sem fyrr um getur, ef henni þykir nauðsyn til.

2. Timbur, sem notað er til húsabygginga, skal vera vandað og óskemmt. **74**
a. Í timburhúsum, þar sem lofthæð er allt að 3,00 metrum og herbergis- 27. júlí
dýpt allt að 4,50 metrum, mega stafir í útveggjum á efsta lofti og efri hæð eigi vera grennri en 10×10 sentimetrar (4×4″), á neðri hæð 10×13 sentimetrar (4×5″) og hornstafir 13×13 sentimetrar (5×5″). Sé hæðin meiri, eða allt að 4,00 metrum, og herbergjadýpt allt að 5,50 metrum, skal þykkt stafanna út og inn aukin að minnsta kosti um 2½ sentimetra (1″). Í stærri húsum ákveður byggingarnefnd gildleika stafanna.

Byggingarnefnd getur veitt leyfi til að hafa annan gildleik á stöfum en fyrr er sagt, ef hún álítur, að styrkleikinn verði nægur.

Stafir skulu ekki vera strjálli en svo, að í minnsta lagi komi einn stafur á hverja 1,25 metra að meðaltali í lengd veggjarins, og hvergi má vera lengra á milli þeirra en 1,60 metrar, nema byggingarnefnd leyfi sérstaklega.

Milli allra stafa skulu verða skorður („lausholt“) og í hverjum vegg eigi minni en tvær spyrnur („skáskífur“). Spyrnur skulu ekki mynda minna horn en 30° við lóðrétta línu. Skorður skulu ekki vera grennri en stafir.

Í útveggjum þeim, sem bita bera, skal undir bitaendum liggja aurstokkur á grunni, ekki grennri en stafir eru í veggjum. Byggingarnefnd getur þó leyft, að aurstokkur sé ekki gildari en 13×13 sentimetrar (5×5″), þó að stafir í veggnum séu gildari.

Ofan á bitaenda komi staflægjur („undirstokkar“), jafnbreiðar stöfum og eigi þynnri en 6½ sentimetri (2½″). Niður undan stöfum skal fella tré á milli aurstokks og undirstokks.

Ofan á stafi skal fella syllur, á hvorugan veg grennri en stafir eru út og inn, sem undir þeim standa.

Stafi skal festa saman um hæðamót, og á neðri hæð við aurstokk, með sterkum járnklóm og reknagla í staflægjur og aurstokk.

Aurstokkur skal festur með járnum í undirstöður, eða að öðrum kosti vera vel múrað upp með honum.

b. Utan á grind íbúðarhúsa skal koma þil úr borðum 2½ sentimetra (1″) þykkum, og skal negla þau vandlega í alla viði grindarinnar.

Utan á þil skal settur pappi og síðan bárujárn eða annað efni ekki lakara, er byggingarnefnd samþykkir. Milli járns og pappa komi 1½ sentimetra (½″) þykkir listar. Bárujárn á veggjum má ekki þynnra vera en 26 B. W. G. Þó má hafa þil í stað bárujárns á veggjum, ef húsin standa sérstæð og að dómi byggingarnefndar engin eldhætta stafar af þeim.

Innan á grind skal settur pappi og þil, ekki þynnra en 2 sentimetrar (¾″), eða annað lag ekki lakara.

c. Grind burðarveggja innanhúss skal gera úr viðum eigi grennri en 10×10 sentimetra (4×4″) á neðri hæð, og 8×10 sentimetra (3×4″)

74
27. júlí

þar fyrir ofan. Í smærri húsum má þó nota grennri viði, ef byggingarnefnd álítur að styrkleikinn sé nógur. Byggingarnefnd getur krafizt gildari viða, ef um stór hús er að ræða og henni þykir ástæða til.

Að öðru leyti gilda sömu ákvæði sem um útveggi að því er snertir staflægjur, stafi, skorður og spyrnur.

d. Aðrir timburveggir mega ekki, ef þeir eru á milli íbúðarherbergja, vera lakari að gerð en svo, að þil úr borðum 2 sentimetra (¾″) þykkum, eða annað lag ekki lakara, sé hvoru megin, og 3,2 sentimetra (1¼″) þykkir renningar á milli. Jafnvænir skulu veggir vera, sem stigar liggja upp að, nema byggingarnefnd telji þörf á meiri styrkleik. Veggi, sem tveir stigar liggja að, skal gera jafnvæna burðarveggjum (sbr. lið c.).
e. Í útihúsum og skútum, sem eru aðeins ein hæð, má gera grind úr plönkum („battingum").
f. Í timburveggjum sé samanlögð breidd glugga og dyraopa mæld á milli stafa ekki meira en hálf lengd veggjar, nema byggingarnefnd veiti sérstakt leyfi til.
g. Nota má máttarviði með öðrum gildleika en til er tekið í þessari grein, ef samur er styrkleikinn eða meiri.

Fjarlægð húsa frá nágrannalóð.

38. gr.

Ekkert steinhús má vera nær nágrannalóð en 3,15 metrar, nema eldvarnarveggur snúi að lóðinni (sbr. 22. gr.). Timburhús án eldvarnarveggs má eigi vera nær nágrannalóð en helmingur af hæsta vegg, er að nágranna veit, þó eigi nær en 5,00 metrar. Byggingarnefnd getur veitt ívilnanir niður í 4,00 metra, ef sérstakar ástæður mæla með því.

Stærð timburhúsa.

39. gr.

Ekkert timburhús má stærra vera en 150 fermetrar að flatarmáli, að meðtöldum tilheyrandi útihúsum, og aldrei mega fleiri timburhús vera sambyggð en svo, að flatarmál þeirra fari ekki fram úr 350 fermetrum. Þó getur hreppsnefnd fært bæði þessi hámörk niður.

Skemmur og vörugeymsluhús.

40. gr.

Skemmur og vörugeymsluhús eru engum ákvæðum bundin um tölu hæða, og þurfa ekki hærri að vera en 2,00 metra þó má vegghæð, mæld upp að skurðarlínu þaks og veggjar ekki vera yfir 8,00 metra. Ef geymd eru eldfim

efni í skemmu eða vörugeymsluhúsi úr tré, skulu þau vera í sérstöku herbergi með eldtraustum veggjum, gólfi og lofti. 74 27. júlí

Torfbæir.

41. gr.

Torfbæir teljast þær byggingar, þar sem veggir, eða þak og veggir, eru að öllu eða miklu leyti þakið torfi.

Byggja má torfbæi á þeim stöðum, er skipulagsuppdráttur sýnir; en þar til skipulagsuppdráttur er lagður fram, getur byggingarnefnd leyft að þeir séu reistir í útjaðri bæjar og þar sem ekki er útlit fyrir, að reist verði stærri hús í náinni framtíð.

Torfbæir skulu að öllu leyti vandaðir að frágangi og hlíta þeim skilyrðum, er byggingarnefnd setur í því efni.

Glugga- og dyraumgerð.

42. gr.

Glugga- og dyraumgerð skal að jafnaði vera gerð úr plönkum, ekki þynnri en 5 sentimetra (2″). Þeir skulu í steypuveggjum roðnir karbólíni, eða öðru efni ekki lakara, á þá hlið, er veit að steini eða steypu. Með þeim skal, í útveggjum, sérstaklega í steinhúsum, troða vandlega hampi, eða öðru ekki lakara efni, bæði utan og innan.

Viðhald húsa.

43. gr.

Byggingarnefnd getur krafizt þess, að húsum sé haldið sæmilega við, svo eigi verði þau til lýta fyrir bæinn eða umhverfi þeirra.

Um byggingaraðferðir og efni, sem ekki er tilgreint í samþykkt þessari.

44. gr.

Ef nota skal byggingaraðferð eða byggingarefni, sem ekki er tilgreint í samþykkt þessari, ber umsækjanda að geta þess, er hann sækir um byggingarleyfi. Einnig skal hann skyldur til að gefa þær upplýsingar þessu viðvíkjandi, sem byggingarnefnd álítur nauðsynlegar.

Byggingarnefnd getur á kostnað umsækjanda látið gera þá rannsókn á byggingarefni, sem hún álítur nauðsynlega, til að ganga úr skugga um, að aðferð og efni fullnægi þeim kröfum, sem gerðar eru í samþykkt þessari.

74 27. júlí

Hús, þar sem farið er með eldfim efni.

45. gr.

Öll hús, þar sem unnið er að einhverju, sem sérstök eldshætta stafar af, skulu gerð úr steini eða steypu, nema þau séu svo langt frá öðrum húsum, að engin eldshætta stafi frá þeim fyrir nágranna; þá getur byggingarnefnd leyft, að þau séu úr timbri.

Allir veggir í smiðjum skulu vera úr eldtraustu efni, að minnsta kosti 1,00 metra frá gólfi; ennfremur skal gólfið vera úr eldtraustu efni.

Í smíðahúsum trésmiða má aðeins setja lokuð eldstæði. Utan um þau skal setja járnkassa, sem nær minnst 0,20 metra til allra hliða út fyrir eldstæðið og er á hæð 0,30 metra frá gólfi. Loft og veggir slíkra húsa skal vera úr eldtraustu efni, eða ef það er úr timbri, þá klætt innan með járnþynnum á listum eða öðru efni jafn-eldtraustu.

Flatarmál byggðrar lóðar og fjarlægð frá lóðarmörkum.

46. gr.

Þegar mældur er flötur byggðrar lóðar, skulu veggsvalir og önnur framskot talin með, ef þau eru með þaki og undirstöður ná frá jörðu. Fjarlægð frá lóðarmörkum mælist ætíð frá þeim hluta hússins, sem nær lengst út.

Verkpallar o. fl.

47. gr.

Verkpallar, útbúnaður allur og tæki við húsasmíði og mannvirki skal traust og í góðu lagi, svo ekki valdi slysum eða tjóni. Byggingarfulltrúa er heimilt að gera um þetta þær ráðstafanir, er duga mega, á kostnað eiganda, ef nauðsyn þykir, eða stöðva verkið að öðrum kosti, þar til bót er á ráðin.

III. KAFLI.

Byggingarleyfi. Framkvæmd verksins. Eftirlit.

48. gr.

1. Áður en byrjað er á húsi eða öðru mannvirki, sem samþykkt þessi nær til, skal senda skriflega beiðni um það til byggingarnefndar og fá samþykki hennar og hreppsnefndar (sbr. 3. gr.) til að framkvæma verkið.

Ekki má rífa hús, nema skrifleg tilkynning um það sé send til byggingarnefndar.

Umsækjandi má ekki byrja á verkinu fyrr en hann hefir fengið tilkynningu frá byggingarnefnd að leyfið sé veitt.

2. Beiðninni skal fylgja nákvæm lýsing af öllu því, sem nauðsynlegt er til sönnunar því, að verkið sé samkvæmt byggingarsamþykkt. Þar að auki skal fylgja í tveim eintökum: 74 27. júlí
   a. Lóðaruppdráttur eftir mælikvarða að minnsta kosti 1 : 500, með árituðum stærðarhlutföllum; skal á honum sýna mannvirki þau, er reisa skal, ásamt þeim er fyrir kunna að vera á lóðinni, ennfremur afstöðu gagnvart götum, er að liggja, og nágrönnum. Flatarmál lóðar og mannvirkja skal ritað á uppdráttinn.
   b. Uppdrættir eftir mælikvarða að minnsta kosti 1 : 100, með árituðum stærðarmálum, og skulu þeir svo greinilegir, að glögglega megi af þeim sjá alla gerð, stærð og lögun mannvirkis þess, er um ræðir, og til hvers herbergi eru notuð, þegar um hús er að ræða.

      Við breytingu á eldra húsi skulu uppdrættir og lýsing glögglega sýna hlutfallið bæði fyrir og eftir breytinguna.

      Sýna skal á húsuppdráttum þykkt allra burðarveggja og gildleik máttarviða.
   c. Áður en leyft er að byggja hús í sambyggðri húsaröð, getur byggingarnefnd krafizt, að gerður sé lauslegur uppdráttur af hliðum allra sambyggðu húsanna, á kostnað lóðaeigenda.
   d. Þá hluta húsa eða mannvirkja, sem að gerð eru frábrugðin almennri venju, eða verða að vera það sökum áreynslu eða annara orsaka, skal sýna á uppdráttum, ef byggingarnefnd óskar, og eftir mælikvarða að minnsta kosti 1 : 20. Skal glögg lýsing fylgja og styrkleikaútreikningur látinn í té, ef þess er krafizt.
   e. Lýsing á lóðinni og ásigkomulag grundvallar. Ef um nýtt hús er að ræða eða gagngerða breytingu á eldra húsi, skal sýna hvernig ætlast er til, að séð verði fyrir afrennsli frá húsi og lóð og vegi að húsinu, ef það stendur ekki við götu.
3. Tilkynna ber nágranna, ef mannvirki það, sem reisa skal snertir hagsmuni hans. Ber yfirlýsing í þessa átt að fylgja umsókninni og tekið fram, hverja nágrannaeign sé átt við.
4. Á alla uppdrætti skal draga mælikvarða uppdráttarins í metramáli. Allir uppdrættir skulu undirskrifaðir af þeim, sem gerði þá. Sá, sem verkið er unnið fyrir, ber ábyrgð á, að það verði gert samkvæmt byggingarsamþykkt og eins og uppdrættir sýna.
5. Eftir að byggingarfulltrúinn hefir kynnt sér umsóknina, leggur hann málið fyrir byggingarnefnd ásamt umsögn sinni. Ef fleiri nefndum ber að fjalla um málið, skal byggingarfulltrúi fyrst leggja málið fyrir þær nefndir. Þegar byggingarnefnd hefir gert tillögu sína, skal málið lagt fyrir hreppsnefnd, sem veitir byggingarleyfið, sbr. þó 3. gr.

   Byggingarnefnd leggur annað eintak umsóknarskjalanna til geymslu í skjalasafn sitt, en endursendir umsækjanda hitt eintakið með árituðum úrskurðum, að jafnaði innan hálfsmánaðar frá fyrsta fundi byggingar-

74 27. júlí

nefndar eftir að umsókn var afhent henni. Sé synjað um leyfið eða breytingar gerðar að samþykktarskilyrði, skal greina ástæður þess.

Öll byggingarleyfi skulu veitt með því skilyrði, að umsjón verksins og ábyrgð sé í höndum manns, sem byggingarnefnd telur til þess hæfan fyrir kunnáttu sakir og áreiðanleika.

6. Ekki má í neinu víkja frá samþykktum uppdráttum nema fengið sé leyfi byggingarnefndar til þess.
7. Hið endursenda eintak af uppdráttum og lýsingu byggingar skal jafnan vera við hendina nothæft á vinnustaðnum meðan á smíðinni stendur. Byggingarfulltrúa, svo og einstökum mönnum úr byggingarnefnd, sé jafnan heimill aðgangur að uppdráttunum og byggingunni meðan hún er í smíðum.
8. Húseigandi skal tilkynna byggingarfulltrúa með tveggja daga fyrirvara:
   a. hvenær byrjað verður á undirstöðum,
   b. hvenær rakavarnarlög verða lögð í veggi,
   c. hvenær þak verður reist á steinhúsi eða grind í timburhúsi,
   d. hvenær gólf verða lögð á bita eða járn í steypuloft.
9. Hreppsnefnd ákveður gjöld fyrir byggingarleyfi. Gjaldið rennur í sveitarsjóð.
10. Byggingarleyfi fellur úr gildi, ef ekki er farið að nota það innan eins árs.

Um byggingarleyfi, sem fer í bág við samþykkt þessa.

49. gr.

Nú veitir hreppsnefnd byggingarleyfi, en síðar kemur í ljós að mannvirkið fer í bága við samþykktina, þá getur byggjandi krafizt sanngjarnra skaðabóta úr sveitarsjóði, svo framarlega sem það, er fer í bága við samþykktina, hafi sézt ljóslega í umsókn hans og á uppdráttum og sýnilegt sé, að hann hafi farið eftir beztu vitund, enda skal hann skyldur að breyta verkinu, svo það verði samþykkt og reglum samkvæmt.

Um leyfi til þess að flytja í ný hús.

50. gr.

Eigi má taka hús til afnota fyrr en fengið er vottorð byggingarfulltrúa að húsið fullnægi byggingarsamþykktinni.

Eftirlit með gömlum byggingum, forgörðum o. fl.

51. gr.

Byggingarnefnd skal sjá um, að öll mannvirki, girðingar, auglýsingaspjöld („skilti“) og annað það, er henni ber að líta eftir, geti eigi valdið hættu

og sé ekki til óprýði. Byggingarfulltrúi hefir eftirlit þetta á hendi, en ef eigandi vanrækir að fullnægja kröfum hans, getur hreppsnefnd látið lagfæra það, sem byggingarnefnd telur með þurfa, á kostnað eiganda. 74 27. júlí

Nú er íbúð eða einstök herbergi, sem ætluð eru til íbúðar, svo illa á sig komin, að þau, að áliti byggingarnefndar, séu óheilnæm eða eigi örugg til íbúðar, þá skal hún leita umsagnar héraðslæknis. Sé hann á sama máli og nefndin, getur hún krafizt þess, að eigandinn lagi gallana innan ákveðins tíma. Verði hann eigi við þessu, getur hreppsnefnd eftir tillögum byggingarnefndar úrskurðað, að ekki megi búa í íbúðinni.

Ef ekki er unnt að flytja úr íbúðinni, vegna þess, að eigi er mögulegt að ná í aðra fyrir sæmilegt verð, ber hreppsnefnd að sjá um, að útvega íbúð jafnskjótt og hægt er.

IV. KAFLI.

Sektarákvæði og breyting á samþykkt.

52. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum frá 10—50 krónur, og skal sekta bæði smið og eiganda, er hlut eiga að máli. Sektirnar renna í sveitarsjóð. Auk þess skal eigandi á sinn kostnað rífa niður það, er fer í bág við ákvæði samþykktarinnar eða reglur þær, sem byggingarnefnd setur samkvæmt samþykktinni. Ella sé það rifið á hans kostnað. Sé um brot á 50. gr. að ræða eða verk, sem til þarf sérstakt leyfi byggingarnefndar, hafið án þess að leyfið sé fengið, skal lögreglustjóri, undir eins og brotið kemst til vitundar hans, banna að verkinu sé haldið áfram, fyrr en fengið er leyfi byggingarnefndar.

Með mál út af brotum á samþykkt þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

53. gr.

Til þess að breyting á samþykkt þessari geti öðlazt gildi, þarf umræður hreppsnefndar á tveim fundum hennar, samþykki hreppsnefndar á breytingunni, og staðfestingu ráðuneytisins.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Ólafsfjarðarhrepps hefir samið og samþykkt, er hér með staðfest samkvæmt lögum nr. 19, 20. okt. 1905 sbr. lög nr. 55, 27. júní 1921, til þess að öðlast gildi 1. ágúst 1932, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 27. júlí 1932.

Þorsteinn Briem.

Vigfús Einarsson.

75
27. júlí

BYGGINGARSAMÞYKKT

fyrir

Keflavíkurkauptún.

I. KAFLI.

Verksvið samþykktar og stjórn byggingarmála.

1. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir Keflavíkurkauptún, innan þess svæðis, er skipulagsuppdráttur nær yfir. Þó getur ráðuneytið veitt undanþágu frá ákvæðum hennar, þegar byggingarnefnd og hreppsnefnd mæla með því.

2. gr.

Samþykktin tekur til allra nýrra bygginga, sem ekki eru fullgerðar, þegar hún öðlast gildi. Þó verður ekki krafizt breytinga á því, sem þegar hefir verið gert. Ennfremur nær samþykktin til höfuðbreytinga á eldri byggingum, svo og til minni breytinga, ef við verður komið án verulegs kostnaðarauka eða röskunar.

Byggingarnefnd úrskurðar í hvert skipti, hverjar aðgerðir skulu teljast höfuðbreytingar.

3. gr.

Stjórn byggingarmála er í höndum hreppsnefndar. Hún getur synjað um byggingarleyfi, sem byggingarnefnd hefir samþykkt, enda sé það gert áður en mánuður er liðinn frá því að byggingarnefnd gerði tillögu sína (sbr. 48. gr. 5.). Hreppsnefnd getur ekki veitt byggingarleyfi án samþykkis byggingarnefndar.

Hreppsnefnd getur gefið byggingarnefnd umboð til þess að veita byggingarleyfi, án þess að borið sé undir hreppsnefnd.

Byggingarnefnd gerir tillögu um öll byggingarleyfi og hefir umsjón þess, að byggingarsamþykktinni sé fylgt.

Ef lóðarleigjanda, lóðareiganda eða húseiganda þykir rétti sínum hallað með úrskurði hreppsnefndar, eða byggingarnefndar, getur hann skotið honum til ráðuneytisins.

4. gr.

1. Í byggingarnefnd eiga sæti: Hreppsnefndaroddviti, er sá formaður, og fjórir atkvæðisbærir hreppsbúar, er hreppsnefnd kýs. Tveir nefndarmenn ganga úr nefndinni á hverjum þriggja ára fresti, fyrsta sinn eftir hlutkesti.
2. Nefndin velur sér ritara og heldur sérstaka gerðabók yfir athafnir sínar

og ályktanir; undirskrifa allir viðstaddir nefndarmenn hana í hver fundarlok. 75 27. júlí

3. Nú er ágreiningur meðal nefndarmanna og atkvæði jöfn, og ræður þá atkvæði formanns úrslitum. Heimilt er hverjum nefndarmanni, sem ekki er samþykkur ályktun meiri hluta, að láta bóka ágreiningsatkvæði sitt.
4. Gerðabók skal fylgja glögg skrá eða registur svo gert, að greiðlega megi finna allar ákvarðanir nefndarinnar um hverja einstaka eign, er til hennar tekur.
5. Ennfremur skal nefndin halda lóðabók, dagbók yfir öll bréf og bréfabók.
6. Byggingarnefndarfundur er lögmætur, ef minnst þrír nefndarmenn sitja hann.
7. Hreppsnefnd skal skipa byggingarfulltrúa og setja honum erindisbréf með ráði byggingarnefndar. Hann skal vera vanur húsasmiður eða á annan hátt fengin vissa fyrir, að hann sé starfinu vaxinn. Í erindisbréfinu má ákveða hæfilega þóknun fyrir þau störf, sem hann leysir af hendi, sem eftirlitsmaður með byggingarmálum í þarfir einstakra manna eftir beiðni þeirra. Þessi gjöld, svo og gjöld fyrir byggingarleyfi ,skulu hafa lögtaksrétt og renna í sveitarsjóð, en byggingarfulltrúi skal hafa þóknun fyrir starf sitt úr sveitarsjóði. Byggingarfulltrúi skal hafa á hendi framkvæmd byggingarmála og eftirlit samkvæmt fyrirmælum byggingarnefndar.
8. Nefndin getur gefið byggingarfulltrúa umboð til að veita upp á sitt eindæmi ýms smávægileg byggingarleyfi, eftir því, sem nefndin kveður nánara á um. Skal byggingarfulltrúi rita úrskurð sinn á umsóknarskjalið og leggja málið svo fyrir byggingarnefnd á næsta fundi hennar.
9. Skylt er byggingarfulltrúa að sækja fundi byggingarnefndar, þótt eigi sé hann í nefndinni og hafi því eigi atkvæðisrétt á fundum hennar, en hinsvegar á hann þar tillögurétt.
10. Byggingarnefnd getur heimilað þeim, sem hefir hagsmuna að gæta, að koma á fund nefndarinnar og skýra ástæður sínar.
11. Byggingarnefnd leitar aðstoðar sérfræðinga í þeim málum, er hana varðar, en brestur sérþekkingu á.

5. gr.

Samkvæmt lögum nr. 55, 27. júní 1921, ásamt viðaukalögum nr. 27, 15. júní 1926, um skipulag kauptúna og sjávarþorpa, verður gerður skipulagsuppdráttur af kauptúninu, og fer um skipulag þess samkvæmt ákvæðum þeirra laga og uppdráttum, sem gerðir verða samkvæmt þeim.

Á svæði því, sem skipulagsuppdráttur nær yfir, skal öllum byggingum hagað í samræmi við hann. Utan þess svæðis ræður byggingarnefnd götum og húsaskipun, með samþykki hreppsnefndar.

75
27. júlí

II. KAFLI.

Ákvæði um húsagerð.

Húsalínur.

6. gr.

Þar sem húsalína er ákveðin, skal að minnsta kosti ein hæð af framhlið hússins fylgja henni.

Framskot og innskot getur byggingarnefnd leyft, ef æskilegt er vegna húsasniðsins.

Lóðagirðingar.

7. gr.

Byggingarnefnd getur krafizt þess, að komið sé upp og haldið við sæmilegri girðingu um lóðir og óbyggð lönd þeim megin, er að götu veit, eða vegi innan þess svæðis, sem samþykkt þessi nær til.

Nefndin ákveður hvar og hvernig girðingar skulu vera.

Gaddavírsgirðingar má hvergi nota fram með götu eða vegi, og ber að nema í burtu þær gaddavírsgirðingar, er nú eru, og setja aðrar í staðinn, er byggingarnefnd samþykkir, innan eins árs frá þeim degi, er samþykkt þessi gengur í gildi.

Hornsneiðingar.

8. gr.

Byggingarnefnd getur krafizt þess, ef henni þykir nauðsynlegt vegna umferðar, að hús, sem reist eru á götuhornum og mynda hvassara horn en 135° við götu, veg eða torg, verði sniðin á horni. Sniðið sé eigi minna en 2,00 metrar, og myndi jafnstórt horn við báðar hliðar, er að liggja. Horn má og gera bungumyndað, ef bungan á miðju nær ekki lengra fram úr fyrgreindum sniðfleti en 0,50 metra.

Byggingarnefnd getur einnig veitt leyfi til, að hornsneiðing sé með öðru sniði en fyrr er greint, ef það er álitið æskilegt vegna húsasniðsins.

Framskot.

9. gr.

Grunnbrún („Sökkulband") má ekki ná lengra en 0,15 metra út í götu.

Framskot bæði opin og lokuð, má gera út úr framhlið húss, ef æskilegt er talið vegna sniðsins.

Ef húsalína og götulína fara saman, má ekki leyfa önnur framskot, sem byggð eru frá grundvelli, en súlur og undirstöðupalla, og mega þau eigi án

leyfis byggingarnefndar ná lengra en 0,50 metra út frá vegg. Ef hús stendur innan götulínu, má framskotið vera stærra, en þó má það eigi ná lengra fram frá húshlið en nemi helmingi bilsins milli húshliðar og götulínu. Byggingarnefnd getur veitt undanþágu frá ákvæði þessu, ef sérstakar ástæður mæla með. 75 27. júlí

Veggsvalir og framskotsgluggar mega ekki ná lengra út frá húshlið en 0,80 metra, og eigi má skemmra vera frá stétt eða stíg upp undir slík framskot en 3,00 metrar. Standi hús innan húsalínu, fellur ákvæði þetta burtu.

Samanlögð breidd framskota má ekki fara fram úr þriðjungi af lengd húshliðar þeirrar, sem þau eru á, og ekki nær nágranna en 1½ sinnum dýpt þeirra.

Framskot mega ekki vera úr eldfimara efni en húsið, sem þau eru á. Þó getur byggingarnefnd leyft, með sérstökum skilyrðum, ef æskilegt er vegna hússniðsins, framskot, sem ekki fullnægja þessu skilyrði.

Gólf í öllum framskotum skulu vera þétt og vatni veitt frá þeim í rennu sem frá þökum.

Án leyfis byggingarnefndar mega veggbrúnir eða nokkur hluti þeirra hvergi ná lengra en 0,80 metra út frá ytri brún veggjar.

Inngöngurið og birtugrófir.

10. gr.

Inngöngurið mega ná allt að 0,50 metra út í götu. Ef gangstétt er mjó, getur byggingarnefnd leyft eitt þrep, allt að 0,30 metra breitt. Nema skal hornin af neðsta þrepi á inngönguriði, er nær út í götu.

Byggingarnefnd getur heimilað fleiri þrep, ef sérstakar ástæður mæla með því, t. d. ef ný inngöngurið eru sett við gömul hús.

Inngöngurið í kjallara má ekki setja nema með leyfi byggingarnefndar, og mega þau ekki ná lengra út í götu en fyrr er sagt um inngöngurið. Um þau skal svo búið, að umferð stafi ekki hætta af.

Birtugrófir má setja fram með hlið húsa, og mega ekki ná lengra út á gangstétt en 0,60 metra. Yfir þær skal setja málmgrind jafnháa gangstéttinni og nægilega sterka, og skal op milli teina eigi stærra en 0,03 metra. Að öðrum kosti skal setja málmhandrið kringum birtugrófina ekki lægra en 0,75 metra, og svo gert, að börn geti ekki dottið í hana.

Handrið, stólpar o. fl.

11. gr.

Handrið, stólpa o. þ. h. má ekki setja í götur eða gangstétt, nema með leyfi byggingarnefndar.

75
27. júlí

Um hæð húsa.

12. gr.

1. Ef hæð húsa er ekki ákveðin á skipulagsuppdrætti, skal vegghæð húsa hvergi meiri vera en hálf götubreidd milli húsalína. Þó má hæðin aldrei fara fram úr 10,00 metrum á steinhúsum, en 8,00 metrum á timburhúsum, nema leyfi ráðuneytisins komi til.

   Ef götu hallar fram með húsi, skal tekin meðalhæðin. Hæð húsa á gatnamótum má, ef göturnar eru misbreiðar, miða við breiðari götuna, einnig á þeirri hlið, er veit að mjórri götunni, en þó eigi lengra frá horni (skurðpunkti húsalínanna) en framhlið hússins er með breiðari götunni.
2. Vegghæð húsa mælist frá gangstétt eða götu upp í skurðlínu þaks og veggflatar að utan. Ef húsið stendur ekki við götu, skal miða hæðina við beina línu milli jaðra þeirra gatna, sem næst liggja húsinu á báðar hliðar, svo fremi ekki eru miklar mishæðir á jarðvegi. Séu mishæðir miklar, skal vegghæð miðuð við jarðveginn umhverfis húsið.

   Standi hús við opið svæði, ákveður byggingarnefnd, við hvaða stað vegghæðin skuli miðuð.

   Ef byggingarnefnd álítur æskilegt vegna útlits, að veggbrún haldi áfram í sömu hæð, getur hún veitt undanþágu frá ákvæði greinar þessarar um vegghæðina fyrir einstakt hús eða hluta af því.
3. Byggingarnefnd getur veitt leyfi til að byggja turna, kvisti, gafla og þesskonar til skrauts. Þó má ekki samanlögð breidd slíkra útbyggingar nema meiru en ⅔ hlutum af lengd þeirrar húshliðar, sem þær eru á.

   Gluggakvistir mega ekki vera nær nágrannamörkum en breidd þeirra nemur eða hæð, þó ekki nær en 1,50 metra. Að öðrum kosti sé eldvarnarveggur á kvistinum á þann veg, er veit að nágrannalóð. Stórir kvistir mega ekki vera nær lóðarmörkum en 3,15 metra, nema eldvarnarveggur sé á þeirri hlið kvistsins, er veit að nágrannahúsi.

Þakhalli.

13. gr.

Rishalli á þökum þeirra húsa, sem byggð eru með þeirri vegghæð, sem frekast er leyfð (sbr. 12. gr.), má ekki vera meiri en nemi 45° horni við láréttan flöt.

Á húsum þeim, sem eru vegglægri en fyrr er nefnt, má þakhalli og lögun vera á hvern þann hátt sem er, ef útlit að öðru leyti óprýðir hvorki húsið eða nágrannahúsin. Þó má enginn hluti þaksins ná lengra út frá vegg en 0,80 metra.

Byggingarnefnd getur þó ákveðið þakhalla eftir því, sem bezt þykir fara við svip götunnar eða nauðsyn þykir af öðrum ástæðum.

14. gr.

Í húsum úr steini eða steinsteypu má vera íbúð á tveimur hæðum, og auk þess í kjallara (sbr. 33. gr.) og þakhæð, ef ekki mæla aðrar ástæður á móti. Gólf í þakhæð má ekki liggja fyrir ofan skurðlínu þaks og veggflatar og ekki meira en 1,25 metra fyrir neðan hana.

Í timburhúsum má íbúð vera á tveim hæðum, og auk þess í kjallara (sbr. 33. gr.) eða þakhæð. Sömu ákvæði gilda um gólf í þakhæð og í steinhúsum.

Óbyggð lóð og aðgangur að bakhúsum.

15. gr.

Ef ekki er sýnt á skipulagsuppdrætti hlutfallið milli lóða og bygginga, er á þeim eru reistar, skulu eftirfarandi ákvæði gilda:

1. Hverju íbúðarhúsi skal fylgja óbyggð lóð, eigi minni en sjálft hússtæðið. Jafnframt skal þess gætt, að ákvæði 11. gr. skipulagslaganna um fjarlægð milli húshliða sé fullnægt.

   Byggingarnefnd getur veitt undanþágu frá ákvæðum þessum:

   a. Þegar lóð skerðist að nokkrum mun við götubreikkun.
   b. Ef um lóð er að ræða, sem áður er byggt á og liggur að tveimur götum eða nær ekki lengra inn frá húslínu en 15,00 metra.
   c. Í bæjarhverfum, sem byggð eru að mestu eða öllu, ef brýrnar ástæður mæla með því, þó því aðeins, að íbúðarherbergi fá nægilega birtu.
2. Bakhlið húsa mega ekki hærri vera en tekið er fram í 12. gr. um götuhliðar, þó getur byggingarnefnd leyft, ef hússtæðið hallast, að veggbrún götuhliðar haldi lárréttri stefnu fyrir gafla og bakhlið, ef hæðarmunur götuhliðar og bakhliðar fer ekki fram úr 2,50 metrum.
3. Óþrifalega, óreglulega og þrönga stíga yfir lóðir getur byggingarnefnd bannað.
4. Hreppsnefnd getur ákveðið, að óbyggða lóðin skuli vera minni en fyrr er sagt, í þeim kauptúnshlutum, þar sem eingöngu eru reist verzlunarhús, geymsluhús eða verksmiðjur.
5. Ekki má gera þak yfir óbyggða lóð nema með leyfi byggingarnefndar.
6. Að bakhúsum og hliðarhúsum skal vera greiður gangur frá götu, eigi mjórri en 2,00 metrar. Séu fleiri bakgarðar á sömu lóð, skal að hverjum vera aðgangur sem fyr segir, nema þeir að öðru leyti séu í jafngreiðu sambandi hver við annan.

75
27. júlí

Fjarlægð frá glugga að næsta húsi.

16. gr.

1. Á aðalsólarhlið húsa skal fjarlægð frá glugga í íbúðarherbergjum, skrifstofum, vinnustofum eða eldhúsi að næsta húsi andspænis nema að jafnaði að minnsta kosti tvöfaldri vegghæð þess hús fyrir ofan gólfhæð herbergisins, er um ræðir (sbr. 11. gr. c. skipulagslaganna). Ef næsta hús andspænis sólarhlið snýr gafli að, skal vegghæð þess talin upp í mitt ris.

   Ekki má setja glugga nær lóðarmörkum nágranna en 3,15 metra.
2. Gæta ber þess, ef gömul hús eru hækkuð, að fullnægt verði ákvæðinu í 1. lið.

Sameiginleg óbyggð lóð.

17. gr.

Byggingarnefnd getur krafizt þess, að mjög óregluleg lóðamörk milli nágrannahúsa séu jöfnuð, svo að hverju húsi fylgi sæmilega heilleg lóð.

Lóðareigendum ber að jafna á milli sín verðbreytingu þeirri, er þessi nýja lóðarskipting kann að hafa í för með sér. Ef samkomulag næst ekki, skera dómkvaddir menn úr deilumálum.

Skólpveita.

18. gr.

Ef skólpveita er í götu (sjá vatnalög nr. 15, 20. júní 1923), er öllum þeim, er við götuna búa, skylt að leggja fullnægjandi skólpveitu — frá húsi sínu í götuveituna — á sinn kostnað.

Undanþágu frá ákvæði þessu getur hreppsnefnd veitt, ef byggingarnefnd álítur kostnaðinn við veituna óhæfilega háan, eða skólpinu er veitt í lagarhelda safnþró á lóðinni.

Ekki má veita skólpi inn á annars manns lóð án hans samþykkis. Þó má leggja skólpveitu í lokræsi gegnum annars manns lóð, ef byggingarnefnd telur það nauðsynlegt. Allan skaða, sem stafa kann af lagningu veitunnar, er húseigandi skyldur að bæta.

Skólpveita skal vera algerlega þétt og þannig gerð, að ekki stafi óheilnæmi frá henni. Á hana skulu settir vatnslásar og annað, sem með þarf, svo ekki komi óloft frá holræsinu.

Sambygging.

19. gr.

Í sambyggðum húsaröðum skulu öll hús byggð að lóðamörkum, nema skipulagsuppdráttur sýni annað.

Byggingarnefnd getur bannað, að hús séu sambyggð með lágum milli- 75
byggingum. 27. júlí

Undirstöður.

20. gr.

Grafa skal undirstöður útveggja og burðarveggja innanhúss niður á fastan jarðveg og ekki grynnri en 1,00—1,50 metra í jörð niður, eftir ákvörðun byggingarnefndar, þar sem föst klöpp er ekki ofar.

Ef hús er reist fast að nágrannalóð, skal grafa undirstöðu eldvarnarveggs og 1 metra af hliðarveggjum, er frá honum liggja, niður fyrir væntanlega kjallaradýpt nágrannahúss.

Aðrar undirstöður grafist niður eftir þörfum. Undirstöður íbúðarhúsa og allra húsa, sem tvílyft eru, skal hlaða úr grjóti og leggja í steinlím eða gera þær úr steinsteypu. Undirstöður steinhúsa skal gera þannig frá föstum jarðvegi, en undirstöður timburhúsa má gera úr lausagrjóti, þó ekki hærra upp en svo, að ekki sé grynnra á lausagrjótið en 0,70 metra.

Undirstöður úr lausagrjóti einu getur byggingarnefnd leyft undir litlum og lágum timburhúsum, eða þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi og næg trygging fyrir að óhult sé.

Varnarlög.

21. gr.

Rakavarnarlag skal leggja í undirstöður allra húsa, nema lítilla geymsluhúsa. Þar sem kjallari er gerður, skulu lögin vera tvö; skal hið neðra lagt í alla kjallaraveggi 5 sentimetrum fyrir neðan yfirborð kjallaragólfs, en hið efra í alla útveggi 10—20 sentimetra fyrir ofan jarðflöt eða fyrirhugaða hæð hans. Skulu útveggir jarðbikaðir utan á milli laganna eða á annan hátt varðir jarðraka.

Þar sem íbúð er í kjallara með steypugólfi, eða steypugólf í kjallaralausum íbúðarhúsum, skulu vera örugg rakavarnarlög í gólfinu.

Þar sem ekki er kjallari, nægir eitt rakavarnarlag, og má það koma ofan á undirstöður, en ávallt neðar en allir gólfviðir. Ef gólf er úr timbri og ekki nægilega varið jarðraka, skal vera minnst 0,40 metra autt bil frá jarðlagi upp að gólfi, og á múrnum vera loftop, minnst eitt á tveimur andstæðum veggjum.

Rakavarnarlög skulu gerð úr sementi og sandi til helminga og sé að þykkt 1—2 sentimetrar eftir staðháttum, og jarðbikað að ofan, þegar steypan er orðin þurr. Í stað jarðbiks má nota þakhellur lagðar í sement eða annað vatnshelt efni, sem byggingarnefnd samþykkir.

Byggingarnefnd getur veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar, ef um „skúta“ eða lítil útihús er að ræða.

75
27. júlí

Eldvarnarveggir.

22. gr.

1. Eldvarnarvegg má ekki gera að jafnaði nema þar sem ákveðið er að reisa sambyggð hús, þannig að byggt verði að honum síðar.
2. Alla útveggi, sem eru nær nágrannalóð en 3,15 metra, skal gera sem eldvarnarveggi.
3. Við hús, sem nú stendur nær nágrannalóð en 3,15 metra, skal gera eldvarnarvegg, þegar höfuðaðgerð fer fram á því.
4. Eldvarnarveggi skal gera úr steinsteypu eða grjóti lögðu í sementsblöndu. Þeir skulu ná 0,16 metra upp fyrir þak, eða fast upp að yzta lagi á þaki (bárujárni, hellum, o. þ. h., sjá 11. lið þessarar greinar), og mega hvergi þynnri vera en 0,20 metra, en að öðru leyti ákveður byggingarnefnd þykkt þeirra í hvert skipti. Á þeim mega hvorki vera gluggar né önnur op.
5. Eldvarnarveggur getur verið sameiginlegur fyrir tvö hús, ef hann er áfastur við bæði húsin og tekur 0,16 metra upp fyrir þak hærra hússins.
6. Þak má ekki hallast að eldvarnarvegg nema með sérstöku leyfi byggingarnefndar, enda segi hún fyrir um umbúnaðinn.
7. Timburveggur eða innri brún reykháfs má ekki koma nær úthlið eldvarnarveggs en að 0,23 metra séu fyrir utan. Langbönd til að festa þakið með má þó steypa í vegginn.
8. Sementsdraga ber eldvarnarveggi, er ekki verður byggt upp að um langan tíma að dómi byggingarnefndar, og ef útlit er fyrir, að eldvarnarveggur standi þannig um ófyrirsjáanlega langan tíma, ber að ganga svo frá honum, að útlit hans verði ekki lakara en útveggja úr steini.
9. Ef tvö hús eru saman um einn eldvarnarvegg, skal þinglesin skuldbinding um, að hvorugur eigandi geti rifið vegginn meðan annaðhvort húsið stendur.
10. Eldvarnarveggir skulu, ef um timburhús er að ræða, bundnir við grind og þakviði, á þann hátt er byggingarnefnd tekur gilt.
11. Í sambyggðum húsaröðum, skal eldvarnarveggur vera í báða enda á hverju húsi, og skulu þeir alstaðar ná fast upp að yztu húð þaksins (bárujárni, hellum o. þ. h.), en ekki þurfa þeir að ná upp fyrir þak þéttara en á 20,00 metra millibili.
12. Eldvarnarveggi má ekki gera úr holsteini, nema með sérstöku leyfi byggingarnefndar, og má samanlögð þykkt steypunnar aldrei minni vera en 0,18 metra.

Þök.

23. gr.

1. Sperrur og skammbitar megi ekki grennri vera en 10×10 sentimetrar (4″×4″), þegar hafið er allt að 3,15 metrum. Hafið skal mælt á loftbita beint niður undan sperrum og skammbitum. Við hverja 0,32 metra sem hafið vex, skulu þessir viðir vera 1,3 sentimetrum gildari á hvern veg. Nota

má viði af öðrum gildleik en hér er tiltekið, ef samur er styrkleikinn. 75 27. júlí

Bilið á milli sperra, talið af miðju og á miðju, má vera allt að 1,25 metra, undir málm- og pappaþök á timbursúð, en allt að 0,95 metra undir torf, hellu og steinþök.

2. Á sperrur skal leggja súð úr borðum, er ekki séu þynnri en 2½ sentimetrar (1″) og þar yfir bárujárn ekki þynnra en 24 B. W. G., eða annað óeldfimt efni, sem byggingarnefnd tekur gilt. Sé súðin óplægð eða íbúð á þakhæð, skal setja þakpappa utan á hana undir járnið.
3. Gaflveggir úr steini eða steypu skulu bundnir járnakkerum í þakvið og studdir af þeim.
4. Byggingarnefnd getur veitt undanþágu frá ákvæði þessarar greinar eða ívilnanir, þegar um útihús er að ræða.

Trébitar, trégólf og milligólf.

24. gr.

1. Trébitar í gólfum og loftum íbúðarherbergja skulu ekki strjálli en svo, að bilið á milli þeirra, mælt af miðju á miðju, sé að meðaltali ekki yfir 0,95 metra og hvergi meira en 1,05 metri.

Þar sem milligólf er, skulu trébitar ekki grennri vera en 0,16 metra (6″) á hæð og 0,13 metra (5″) á breidd, þegar bitahafið er allt að 3,15 metrar, og skal hæð þeirra vaxa um ekki minna en 2,5 sentimetra, og breidd um 1,3 sentimetra, fyrir hverja 0,63 metra, sem hafið er fram úr 3,15 metrum.

Þar sem ekki er milligólf, mega bitar vera 1,3 sentimetrum grennri en hér er ákveðið.

Nota má bita með öðrum gildleik en hér er ákveðið, ef styrkleikinn er samur eða meiri, þó má hlið bita ekki vera meiri en tvöföld breidd þeirra, nema því aðeins að bitarnir séu skorðaðir hver gegn öðrum með krossböndum milli efri og neðri brúnar á víxl. Bilið milli skorðanna ákveður byggingarnefnd í hvert sinn.

2. Séu húsveggir gerðir úr steini eða steypu, skal að minnsta kosti þriðji hver biti festur við veggina í báða enda með sterkum járnakkerum. Gaflveggir úr steini eða steypu skulu bundnir með járnakkerum á 3 metra bili inn í bitalög.
3. Timburgólf skal vera úr plægðum borðum, ekki þynnri en 3,2 sentimetra (1¼″).

Í loftum má ekki nota striga eða pappa neðan á bita í staðinn fyrir þiljur.

Í gólfi og lofti íbúðarherbergja skal vera millgólf úr borðum, ekki þynnri en 2 sentimetra (¾″), er fest sé annaðhvort á sterka lista, sem negldir eru á bitana, eða í mót í hlið þeirra, enda séu þeir þá að dómi byggingarnefndar þeim mun sterkari en að framan er ákveðið, sem til þess þarf.

75
27. júlí

Ofan á borðin komi 5 sentimetra þykkt lag af deigulmó, móhellu, þurrum mó, steinsteypu eða öðru efni, sem ekki er lakara né veldur óheilnæmi eða fúa, og sé það þurrt áður en gólfborð eru lögð yfir. Sé gólftróðið úr efni, sem hætt er við að valdi ryki, skal leggja pappa undir tróðið. Í loftum milli íbúðarherbergja má í sömu íbúð, með samþykki byggingarnefndar, sleppa milligólfi. Að öðru leyti getur byggingarnefnd veitt ívilnanir um milligólf, þegar gild ástæða þykir til. Þar sem milligólf er undanfelt, skal gólfið vera tvöfalt, annaðhvort þiljað neðan á bita eða á milli þeirra, eða í þess stað sett annað jafngott lag, sem byggingarnefnd tekur gilt.

4. Þar sem bitar ganga út í steypu- eða steinveggi, skal bera á þá rakaverjandi efni.

Stigar.

25. gr.

Í öllum þeim húsum, sem reist eru úr eldfimu efni og eru yfir eina hæð, skal vera óhindraður aðgangur að tveimur stigum (aðalstiga og bakstiga), ef fjarlægð frá neðri brún á glugga að jörðu er yfir 5,00 metra.

Í húsum úr eldtraustu efni má hafa einn stiga, ef íbúðirnar, sem að honum liggja, eru ekki fleiri en 6, þar með taldar íbúðir í þakhæð.

Í húsum úr eldtraustu efni, sem að dómi byggingarnefndar eru aðallega notuð til verzlunarbúða, má hafa einn stiga, þó hærri séu en 2 hæðir. Ekki má hafa íbúð á lofthæð í slíkum húsum nema milliveggir og þak sé gert eldtraust.

Frá herbergjum, sem notuð eru til íbúðar og hafa aðgang að einum stiga, má fjarlægð frá stiga að herbergi ekki vera yfir 25 metrar.

Greiður gangur skal vera úr hverri íbúð og öllum herbergjum hennar að stiga, eða báðum, ef tveir eru, án þess að þurfa að fara um nokkurt herbergi eða hluta annarar íbúðar. Frá lögskipuðum stiga sé greiður útgangur ekki þrengri en stiginn.

Undanfarandi ákvæði um stiga taka ekki til herbergja, sem um getur í 34. gr., ef byggingarnefnd viðurkennir annan aðgang fullnægjandi.

1. Stigar skulu vera í sérstökum lokuðum stigahúsum, sem hafa nægilega birtu og loft. Gluggar mega eingöngu vera á útveggjum eða yfir forstofu eða yfir ganghurð eða í hurðinni. Byggingarnefnd getur leyft glugga á veggjum aðliggjandi herbergja, ef þeir eru úr eldtraustu gleri.

   Ef stigahúsið er úr steini eða steypu, skal setja glerið í múrgreypta járnumgerð.

   Stigi, sem tengir saman tvö herbergi í sömu íbúð, þarf ekki að vera í sérstöku stigahúsi.

   Þak og gólf í eldtraustu stigahúsi skulu vera eldtraust, eða varin með eldtraustu efni. Í slíku stigahúsi má ekki gera skápa úr tré eða þiljur á veggjum, nema með sérstöku leyfi byggingarnefndar.

2. Allir tréstigar skulu hafa steinlímshúð aftan á baki og neðan á pöllum, eða eldvarðir á annan tryggilegan hátt.

3. Ef stigar eru hafðir hvor við hliðina á öðrum, skal vera heill veggur á milli þeirra, ekki þynnri en 0,32 metra, og ekki minna en ein hurð skrálæst á leiðinni frá öðrum stiganum til hins í hverri íbúð. Veggir, sem stigar úr steini eða steypu eru hlaðnir eða steyptir í, þannig að veggurinn ber stigann, skulu svo þykkir sem sagt er í 35. gr., 3, c.
4. Aðalstigi má ekki mjórri vera en 0,80 metra og bakstigi ekki mjórri en 0,66 metra; þó getur byggingarnefnd leyft, að í minni húsum sé aðalstigi 0,75 metra á breidd, ef íbúðarherbergi eru aðeins á tveimur hæðum (ekki þakhæð).
5. Á öllum stigum skulu vera handrið, um 0,70—0,80 metra há, með svo þéttum spölum, að ekki sé hætta á að barn falli niður milli þeirra.
6. Breidd stiga, sem um ræðir í samþykkt þessari er gangbreidd milli veggjar og handriðs eða milli handriða, ef tvö eru.

   Ef veggir eru beggja megin að stiga má ekki mjórra vera á milli þeirra en 0,80 metra í smáum húsum og 1,00 metri í stærri húsum.

   Ganghæð stiga má að jafnaði hvergi minni vera en 2,00 metrar, og skal hafa vídd stigagata eftir því. Þó getur byggingarnefnd leyft minni ganghæð í litlum húsum, ef nauðsyn þykir.
7. Stigar skulu vera svo gerðir, að hvert skref í þeim sé 0,60—0,65 metra. Skref í stiga skal talið eitt framstig og tvö uppstig samanlögð. Framstig er þrepsbreidd lárétt milli brúna, mælt á ganglínu, er liggur í miðjum stiga og fylgir frammeið í jafnri fjarlægð, en þó ekki fjær ytri brún hans en 0,50 metra, þótt stiginn sé breiðari en 1,00 metri. Uppstig er hæðin af þrepi á þrep. Framstig í aðalstiga má ekki mjórra vera en 0,21 metra nema með sérstöku leyfi byggingarnefndar, og bakstigum ekki mjórri en 0,17 metra.
8. Ef sérstakir örðugleikar eru á því að fullnægja ákvæðum þessarar greinar getur byggingarnefnd veitt undanþágu frá einstökum ákvæðum, ef íbúunum stafar engin hætta af.
9. Ákvæði þessarar greinar ná ekki til herbergja þeirra, sem eigi eru notuð til íbúðar og ekki mikill umgangur um, t. d. vörugeymsluhús og skemmur, og ákveður þá byggingarnefnd í hvert sinn, hvernig stigum skuli hagað.

Eldtraustur umbúnaður.

26. gr.

Eldtraustur umbúnaður er það:

a. Að allir veggir, loft og gólf séu úr eldtraustu efni, eða klædd efni, er ráðuneytið telur eldtraust.

   Hurðir, veggþiljur, listar og gluggaumgerðir mega vera úr tré.

b. Að allir stigar og stigagöng, og göng sem tengja íbúðir við stiga, götu, bakgarða eða akdyr, séu úr steini, steinsteypu eða öðru eldtraustu efni. Handrið og fóður á framstiga má vera úr tré.

75 27. júlí

c. Að stigagöng og göng að þeim séu ekki í beinu sambandi við búð, vörugeymslu eða verkstæði.

Gluggaop, hurðaop og önnur op í útveggjum.

27. gr.

Öll op í útveggjum skulu vera lokuð með hlera, grind, hurð eða glugga, nema byggingarnefnd veiti undanþágu frá því.

Hurðir eða gluggar, sem opnast út á opið svæði eða götu, mega eigi ná lengra fram en 0,30 metra út fyrir götulínu þegar opnað er. Þó nær þetta ekki til glugga, sem eru hærra frá götu en 2,10 metra.

Á samkomuhúsum skulu vera nægilega margar og góðar útidyr. Allar hurðir í umferðadyrum skulu falla út og svo umbúnar, að umferð stafi enginn háski eða hindrun af.

Byggingarnefnd getur veitt undanþágu frá ákvæði þessara greinar, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

Þakgluggar.

28. gr.

Byggingarnefnd getur krafizt þess, að á stórum húsum, tveggja hæða eða hærri, sé að minnsta kosti einn þakgluggi, sem má opna, að stærð ekki minni en 0,50 × 0,50 metra; bæði glugginn og karmurinn sé úr járni eða klætt eldtraustu efni.

Þakrennur.

29. gr.

Á öllum þeim húsum, sem framvegis eru reist innan þess svæðis, sem samþykkt þessi nær til, skal setja þakrennur með veggrennum, svo löngum, að op þeirra sé í mesta lagi 0,16 metra fyrir ofan gangstétt eða götu, þar sem gangstétt er fast að húsi. Sé holræsi frá húsinu, skal þakvatni götumegin veitt í það neðanjarðar, nema byggingarnefnd geri aðra skipun.

Ef nauðsynlegt er vegna umferða eða viðhalds á götu, getur byggingarnefnd krafizt þess, að settar séu þak- og veggrennur á hús, sem reist eru áður en samþykkt þessi gengur í gildi.

Reykháfar og sóphurðir.

30. gr.

1. Allir reykháfar frá eldstæðum skulu vera úr eldtraustu efni og standa á eldtraustri undirstöðu á föstum jarðvegi, eða að öðrum kosti hvíla á eld-

traustri múrhvelfingu eða palli milli tveggja steinveggja, en aldrei mega þeir standa á trébitum.

2. Loftrás má aldrei setja í reykháf, nema sérstakar ástæður komi til greina og leyfi byggingarnefndar sé fengið í hvert sinn.
3. Hliðar reykháfsins skulu að minnsta kosti vera 0,12 metra á þykkt, og vídd hans að innanmáli eigi minni en 0,23 metra á hvern veg eða að þvermáli. Þó má leyfa 0,18 metra vídd, ef eldstæði eru ekki fleiri en 3.
4. Þar sem reykháfur gengur gegnum bita og borð, sem lögð eru undir bita, skal hann vera járnklæddur hringinn í kring, og eins þar sem hann gengur í gegnum þak, og skal vera að minnsta kosti 0,17 metra bil milli þeirra hliða hans, sem inn snúa, og viðanna.

   Þó má sleppa járnklæðing, ef bil er gert milli reykháfs og viða, ekki minna en 0,23 metra, og skal þá múrað eða steypt milli reykháfs og viða. Ekki má þilja reykháf utan né klæða hann borðum eða láta um hann veggfóður, sem límt er á lista. Byggingarnefnd getur aðeins leyft að láta einfalda fótlista og loftlista liggja utan um reykháfinn.
5. Reykháfur má hvergi hallast meira en 45° frá lóðréttri línu; skal hann þá hvíla á múr eða tréskorðu, og vera múrað milli skorðu og reykháfs, svo innanmál hans sé ekki nær skorðunni en 0,23 metra. Reykháfur má ekki hallast fram yfir stiga. Hornin, sem myndast við beygjuna, skulu kringd.
6. Reykháfur skal ná að minnsta kosti 0,65 metra upp fyrir húsmæni, en komi hann upp úr þakhlið, ákveður byggingarnefnd í hvert sinn hæðina, en sé þó ekki minni en 1,00 metri upp frá þaki.
7. Inn í 0,23 metra víðan reykháf má ekki setja reykpípur frá fleiri eldfærum en 8, og jafnan skal hafa járnkraga í reykháfum utan um hverja pípu, þannig gerðan, að pípan geti ekki ýtzt inn í reykháfinn. Reykháfur sé þeim mun víðari, sem honum er ætlað að leiða reyk frá fleiri eldstæðum en hér er talið.
8. Innanhúss má sérstæður reykháfur standa óstuddur á allt að 8 sinnum meiri hæð en breidd hans nemur minnst að utanmáli.
9. Ef svo mikill reykur á að fara um reykháf, að byggingarnefnd telji líklegt að óþægindi stafi af honum fyrir þá, er nærri búa, skal gera reykháfinn svo háan, sem byggingarnefnd ákveður. Ef byggingarnefnd álítur að hæð sú, er ákveðin hefir verið, nægi eigi framvegis, getur hún krafizt þess, að reykháfurinn sé svo gerður, að unnt sé að hækka hann síðar.

   Ef reykháfur veldur óþægindum þeim, er nærri búa, er eigandinn skyldur að hækka reykháfinn, eftir skipun byggingarnefndar, án tillits til þess, hvenær reykháfurinn var gerður.
10. Á hverjum reykháf skulu vera nægilega mörg sópop, jafnvíð reykháfnum, og traust járnhurð fyrir í járnumgerð. Undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar getur byggingarnefnd leyft, ef sérstakar ástæður koma til greina og engin eldhætta stafar af.

75
27. júlí

Eldstæði, miðstöðvarupphitun og reykpípur.

31. gr.

1. Eldstæði má því aðeins setja í herbergi, að veggir séu þéttir (t. d. ekki rimlaveggir). Ef herbergið er lægra en 2,00 metrar, skal loft, gólf og veggir vera úr eldtraustu efni.
2. Ofna og eldavélar má ekki setja nær timburvegg en svo, að 0,21 metra sé á milli.
3. Pípur frá ofnum og eldavélum mega ekki koma nær tré en svo, að 0,21 metra sé á milli. Þær skulu liggja í reykháf, og mega ekki liggja um herbergi, sem eldfim efni eru geymd í.
4. Ef eldstæði eru nær trévegg en 0,21 metra, skal setja minnst 0,12 metra þykkan vegg úr steini eða steypu í staðinn fyrir trévegginn, á ekki minna svæði en svo, að hvergi sé skemmra en 0,21 metra frá eldstæði að timbri.
5. Eldavélar má setja á trégólf, ef að minnsta kosti 0,11 metra eru frá gólfi upp að botni á eldavél og á milli séu tvö lög af tígulsteini, hlöðnum í binding og steinlím eða steypugólf, jafnþykkt, eða að gólfið sé þakið járnþynnum, eða öðru eldtraustu efni.
6. Ofnar skulu standa á múruðum eða steyptum fæti, eða á járnfæti, sem annaðhvort er opinn eða fylltur múr eða steypu. Sé rist í botni ofnsins, skal öskuskúffa vera í fætinum, og skal þá undir skúffunni vera járnþynna, er fyllir út í holið minnst 5 millimetra frá gólfi.
7. Þar sem ofnar eða eldavélar standa á trégólfi, skal gólfið fram undan eldstæðum þakið eldtraustu efni, járnþynnu eða öðru ekki lakara. Skal járnþynnan eða það, sem notað er í hennar stað, ná að minnsta kosti 0,32 metra fram á gólfið fram fyrir ofninn eða eldavélina, til hliðar og aftur fyrir, nema veggir séu nær.
8. Í herbergjum, sem ætluð eru fyrir katla til miðstöðvarhitunar, skulu gólf, loft og veggir gerðir úr steini eða steypu. Þó má leyfa tréloft með steinlímshúð að neðan. Ketillinn skal standa á grunnmúr eða járnbentu steingólfi, sem hvílir á traustum steinveggjum. Ef um mjög litla miðstöðvarkatla er að ræða, getur byggingarnefnd leyft, að þeir séu í herbergi með gólfi, veggjum og lofti úr tré, en ætíð skal svo um búið, að byggingarnefnd telji örugt fyrir eldshættu frá miðstöðvarkatlinum.
9. Reykpípur mega aldrei liggja út úr útvegg, en skulu ætíð ganga í reykháfinn. Eigi má reykpípan, á leið út í reykháf, liggja gegnum annað herbergi á lengra svæði en 4,00 metrum, og er þá bilið talið frá ofni að reykháfi. Skal pípan þá ætíð vera úr steypujárni. Reykpípa má eigi vera nær tré en 0,21 metra. Ef hún liggur gegnum trévegg eða þak, skal múrað kringum hana, svo að ytri hlið hennar verði eigi nær trè en 0,21 metra.

   Ef hné er á reykpípu, skal það vera með spjaldi, sem hægt er að taka af til að hreinsa pípuna.

Íbúðarherbergi.

32. gr.

Íbúðarherbergi og herbergi, sem dvalið er í mikinn hluta dags, skulu fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

1. Útveggir á herbergjum skulu svo gerðir, að þeir veiti nægilega vernd gegn kulda og raka.
2. Lofthæð skal vera minnst 2,50 metrar; þó getur byggingarnefnd leyft, ef sérstakar ástæður koma til greina, allt að 0,20 metra minni lofthæð. Ef loftbitar eru sýnilegir, skal lofthæð mæld upp að neðri brún þeirra.

   Í gömlum húsum má leyfa minni hæð, sömuleiðis í þakherbergjum; þó má hæðin aldrei minni vera en 2,15 metrar.
3. Ef herbergi er undir súð, verður að minnsta kosti helmingur af gólffleti þess, og aldrei minna en 6 fermetrar, að hafa lofthæð 2,50 metra; byggingarnefnd getur þó veitt sömu undanþágu, sem um getur í 2. lið.
4. Ekkert herbergi má mjórra vera en 1,70 metrar, og gólfflöturinn minnst 6 fermetrar.
5. Á hverju herbergi skal vera gluggi, er veit út að götu eða opnum garði. Ljósmál glugga má minnst vera $^1/_{12}$ af gólffletinum, og skal vera hægt að opna hann.
6. Byggingarnefnd getur leyft að hafa eingöngu ofanljós, ef ekki er hægt að koma glugga fyrir á herbergi á annan hátt, og skal glugginn þá vera svo gerður, að hæglega megi opna hann.

Kjallaraíbúð.

33. gr.

1. Kjallara má ekki nota til íbúðar nema byggingarnefnd leyfi og gluggar viti út að götu eða opnum garði. Ekki má nota herbergi til íbúðar, sem aðeins hefir glugga móti norðri, nema það sé hluti af íbúð, sem hefir glugga móti öðrum áttum og nýtur nokkurrar sólar.
2. Lofthæð herbergja skal eigi minni vera en 2,30 metrar, og í minnsta lagi helmingur af rúmmáli hvers herbergis skal vera ofanjarðar. Þó má byggingarnefnd leyfa, að einstök íbúðarherbergi í kjallara hafi aðeins 2,20 metra lofthæð, ef þau fylgja íbúð á öðrum hæðum í húsinu, ná ekki lengra en 1,00 metra niður í jörðu og eru ekki minna en 9 fermetrar að flatarmáli.
3. Glerflötur glugga ofanjarðar sé eigi minni en nemi $^1/_{12}$ af gólffleti herbergis.
4. Gólfið skal gert úr steinsteypu eða öðru álíka vatnsheldu efni, og sé trégólf þar ofan á, eða annað gólf ekki lakara.
5. Gólfið sé að minnsta kosti 0,30 metra fyrir ofan hæsta stórstraumsflóð, og skal þurka jarðveginn undir því með fráræsi, eftir fyrirmælum byggingarnefndar, svo að jarðvatn nái aldrei upp að gólfi.

75 27. júlí

6. Veggi skal verja raka á þann hátt, er byggingarnefnd mælir fyrir um. Hvert íbúðarherbergi skal vera hægt að hita.

Herbergi, sem notuð eru um stundarsakir.

34. gr.

Þvottahús, forstofur, búr, baðherbergi og snyrtiklefar skulu hafa nægilegt ljós og birtu og vera varin gegn raka. Ekki má leyfa þvottahús með glugga að götu, nema byggingarnefnd telji, að ekki stafi mikil óþægindi að vatnsgufu frá því fyrir þá, sem um götuna fara. Í þvottahúsum skal vera þétt steypugólf; þó getur byggingarnefnd veitt undanþágu frá því, ef nauðsyn þykir.

Hæfilega mörg salerni skulu fylgja hverju húsi, og skal gólfflötur þeirra eigi minni en $0{,}80 \times 0{,}70$ metra.

Veggir steinhúsa.

35. gr.

1. Veggir steinhúsa séu hlaðnir úr settu og höggnu grjóti, lögðu í steinlími, eða gerðir úr steinsteypu. Steinsteypuveggir í íbúðarhúsum ofan kjallara og einnig í kjöllurum, sem ætlaðir eru til íbúðar, skulu gerðir úr vandaðri steypu og ekki veikari að blöndu en 1:4:7 (þ. e. 1 hluti sements móti 4 hlutum sands og 7 hlutum grjótmulnings eða malar eða hvorttveggja). Aðra veggi og undirstöður má gera úr steypu 1:4:8.

   Ef notuð er önnur gerð steypu en fyrr er sagt, t. d. holsteinar, skal byggingarnefnd leita sér upplýsinga hjá húsameistara ríkisins um gerð þeirra og notagildi áður en hún samþykkir að hús séu byggð úr þeim.

   Drýgja má steypu í undirstöðum, kjöllurum og húsum, sem ekki eru hærri en 1 hæð auk kjallara, með hreinu, sterku grjóti, hrjúfu eða brotnu (hraungrjót má því aðeins nota, að það sé sæmilega sterkt). Þó má enginn steinn vera stærri en nemi allt að helmingi veggþykktar. Ekki skulu steinar þéttari en svo, að auðvelt sé að þjappa steypunni á milli þeirra svo holulaus verði, Alstaðar skal vera smágerð steypa á milli steinanna, og að öðru leyti svo sterk, sem fyrr segir.

   Öll steypuefni séu sterk, hrein, ófúin og að öllu óskemmd, laus við mold og lífræn efni. Grjótmulningur og steypumöl sé ekki stórgerðari en svo, að stærstu molarnir fari greiðlega gegnum 6 sentimetra víðan hring.
2. Þykkt útveggja, sem gerðir eru úr ekki veikari steypublöndu en 1:4:7, skal vera sem hér segir:
   a. Þykkt hliðarveggja þeirra eða útveggja, sem eru burðarveggir í vanalegum íbúðarhúsum með lofti og gólfi úr járnbentri steinsteypu, skulu í einlyftum húsum eða á efstu hæð vera 0,22 metra á þykkt, á næstu hæð fyrir neðan 0,25 metra og næstu hæð þar fyrir neðan (í kjallara) 0,32 metra á þykkt. Ef gólf eru úr timbri, skulu veggþykktir vera 0,24, 0,30 og 0,34 metra.

Ef húsið er portbyggt, skal portið hafa sömu þykkt og veggurinn á næstu hæð fyrir neðan, ef hæð þess fer ekki fram úr 0,70 metra. Sé portið hærra, skal það gert með veggþykkt sem full hæð væri.

Ef byggingarnefnd telur, að svo langt sé milli burðarveggja eða þverveggja úr sama efni, að ekki fáist nægur bindingur í húsið, getur hún krafizt þess, að burðarveggir séu gerðir svo traustir, sem hún álítur með þurfa.

Ef um hús er að ræða með mjög stórum herbergjum eða sölum, t. d. samkomuhús, verzlunarhús o. þ. h., eða ef vegghæð fer fram úr 3,00 metrum af gólfi á gólf, getur byggingarnefnd krafizt, að styrkleiki allra burðarveggja sé ákveðinn af sérfróðum manni.

b. Gaflveggir, sem járnbent steypugólf hvíla á, og á eru glugga- eða dyraop, skulu hafa sömu þykkt og burðarveggir, og reiknast þá allur veggurinn fyrir ofan efsta gólf (hér með talið risið) með sömu þykkt og efsta hæð. Gaflveggir, sem aðeins bera sinn eigin þunga (ef loft eru úr tré), mega vera 0,21 metra þykkir á öllum hæðum, nema í kjallara. Þar skulu þeir ekki þynnri vera en 0,32 metra.

c. Byggingarnefnd getur leyft aðra þykkt útveggja en hér segir, t. d. ef járn er í steypunni eða veggir tvöfaldir. Einnig getur byggingarnefnd krafizt, að veggþykktin sé önnur en fyrr er sagt, ef um holsteina er að ræða.

Byggingarnefnd getur leyft þynnri útveggi en fyrr er sagt, ef um mjög stutt haf er að ræða, t. d. í stigaskútum, og veggirnir bera aðeins sinn eigin þunga.

Í smáskútum (skúrum) og geymsluhúsum má nota þynnri veggi en fyr er sagt; þó verður byggingarnefnd að ganga úr skugga um, að engin hætta geti stafað af.

Undir gluggum en ofan gólfs mega veggir vera 0,19 metra þykkir, þó þeir séu þykkri milli glugga. Í kjallara skal þrep undir gluggum aldrei þynnra vera en 0,26 metra.

3. a. Burðarveggir innanhúss séu á þykkt í efstu hæð 0,16 metra, og þar fyrir neðan aukist þykkt veggjarins við hverja hæð um 3 sentimetra. Byggingarnefnd getur veitt leyfi til að hafa þynnri burðarveggi, ef um mjög lítil hús er að ræða, eða ef tveir burðarveggir eru samhliða og bilið á milli þeirra er mjög stutt, t. d. göng. Þó má enginn burðarveggur þynnri vera en 0,14 metra.

Ef burðarveggir hafa, að dómi byggingarnefndar, ónógan stuðning af þverveggjum, eða á þeim eru stórar dyr með mjóum millibilum, getur byggingarnefnd krafizt, að veggþykktin sé aukin eða styrkleiki veggjarins aukinn á annan hátt, sem henni þykir nauðsyn til.

b. Innri veggir úr steini eða steypu, sem hvorki eru burðarveggir né stigar hvíla á, skulu ekki vera minni en 0,12 metra þykkir. Sé hafið stutt, má þykktin þó vera allt að 0,08 metra.

75
27. júlí

c. Veggir þeir, sem stein eða steypustigar eru festir í, þannig að veggirnir bera stigann, skulu í efstu stigahæð eigi þynnri vera en 0,18 metra, og við hverja hæð þar fyrir neðan aukist þykkt veggjarins um 3 sentimetra. Stigahúsveggir, sem liggja að tréstiga, skulu eigi þynnri vera en sagt er í þessum lið.

d. Ekki má skerða þykkt veggjar, sem um getur í a-, b-, og c-lið á þann hátt að leggja í þá áframhaldandi vegglægjur; þó er leyfilegt að setja þaklægur („múrlektur") undir þverbita í þaki.

e. Samanlögð breidd glugga og dyratófta má ekki vera meiri en helmingur af allri lengd veggjarins. Byggingarnefnd getur þó veitt undanþágu frá þessu, ef veggir eru járnbentir. Enginn veggstöpull má mjórri vera en ⅓ af samanlagðri breidd beggja tóftanna báðumegin við hann, né á neinn veg þynnri en samsvari ⅛ af hæð hans, nema í honum sé járnbendingur, eða á annan hátt gerður með þeim styrkleika, sem byggingarnefnd er kunnugt um að sé nauðsynlegur.

4. Byggingarnefnd getur fyrirskipað meiri veggþykkt en fyr er ákveðið, þar sem gerðar eru stórar veggbrúnir, eða annað það, sem eykur áreynslu á veggina eða rýrir styrkleik þeirra. Ef þykkt veggjar er aukin á einhverri hæð, skal hún einnig aukin þar fyrir neðan, eftir því sem byggingarnefnd telur þurfa. Byggingarnefnd getur ákveðið, að veggir úr járnbentri steinsteypu eða steypu, sem er sterkari og þéttari en hér hefir verið miðað við, megi vera þynnri en ákveðið er í þessari grein, ef járngrindin og gerð veggjarins að öðru leyti er eftir fyrirsögn sérfróðs manns og byggingarnefnd telur vegginn fulltraustan.

5. Veggir hlaðnir úr höggnum grásteini, tígulsteini eða öðrum steini, skulu gerðir með sama styrkleik og hér er sagt um steypuveggi. Byggingarnefnd dæmir um, hvort þeirri kröfu sé fullnægt.

6. Útveggi úr steini eða steypu skal slétta utan með sementshúð ofan jarðar. Þó nægir að bursta veggi utan með sementsblöndu, ef byggingarnefnd samþykkir.

7. Innan við alla einfalda útveggi íbúðarherbergja, sem steyptir eru eða hlaðnir úr grásteini, steyptum steini eða holsteini, skal setja innri skjólvegg úr steini eða steypu með tróði á milli, eða úr timbri, korki eða öðru ekki lakara efni, sem byggingarnefnd tekur gilt.

8. Ekki má múra eða steypa húsveggi, undirstöður eða gólf, ef frost er 2° C. eða meira.

Steypuloft og steypustigar.

36. gr.

Byggingarnefnd getur því aðeins leyft að gera loft og stiga úr steypu, að sérfróður maður hafi gert áætlun um styrkleika þeirra; þó getur byggingarnefnd veitt undanþágu frá þessu, ef um mjög lítið gólf er að ræða. Maður sá, er vinnur að verkinu, skal að dómi byggingarnefndar vera hæfur til þess.

Veggir timburhúsa.

37. gr.

1. Undirstöður og útveggir í kjallara timburhúsa skulu að þykkt vera ekki undir 0,24 metra, en burðarveggir innanhúss ekki undir 0,20 metra; ef um stærri hús er að ræða, getur byggingarnefnd aukið þykkt veggjanna frá því, sem fyrr um getur, ef henni þykir nauðsyn til.
2. Timbur, sem notað er til húsabygginga, skal vera vandað og óskemmt.
   a. Í timburhúsum, þar sem lofthæð er allt að 3,00 metrum og herbergisdýpt allt að 4,50 metrum, mega stafir í útveggjum á efsta lofti og efri hæð eigi vera grennri en 10×10 sentimetrar (4×4″), á neðri hæð 10 ×13 sentimetrar (4×5″) og hornstafir 13×13 sentimetrar (5×5″). Sé hæðin meiri, eða allt að 4,00 metrum, og herbergja dýpt allt að 5,50 metrum, skal þykkt stafanna út og inn aukin að minnsta kosti um 2½ sentimetra (1″). Í stærri húsum ákveður byggingarnefnd gildleika stafanna.

   Byggingarnefnd getur veitt leyfi til að hafa annan gildleik á stöfum en fyrr er sagt, ef hún álítur, að styrkleikinn verði nægur.

   Stafir skulu ekki vera strjálli en svo, að í minnsta lagi komi einn stafur á hverja 1,25 metra að meðaltali í lengd veggjarins, og hvergi má vera lengra á milli þeirra en 1,60 metrar, nema byggingarnefnd leyfi sérstaklega.

   Milli allra stafa skulu vera skorður („lausholt“) og í hverjum vegg eigi minni en tvær spyrnur („skáskífur“). Spyrnur skulu ekki mynda minna horn en 30° við lóðrétta línu. Skorður skulu ekki vera grennri en stafir.

   Í útveggjum þeim, sem bita bera, skal undir bitaendum liggja aurstokkur á grunni, ekki grennri en stafir eru í veggjum. Byggingarnefnd getur þó leyft, að aurstokkur sé ekki gildari en 13×13 sentimetrar (5 ×5″), þó að stafir í veggjum séu gildari.

   Ofan á bitaendana komi staflægjur („undirstokkar“), jafnbreiðar stöfum og eigi þynnri en 6½ sentimetri (2½″). Niður undan stöfum skal fella tré á milli aurstokks og undirstokks.

   Ofan á stafi skal fella syllur, á hvorugan veg grennri en stafir eru út og inn, sem undir þeim standa.

   Stafi skal festa saman um hæðamót, og á neðri hæð við aurstokk sterkum járnklóm og reknagla í staflægjur og aurstokk.

   Aurstokkur skal festur með járnum í undirstöður, eða að öðrum kosti vera vel múrað upp með honum.

   b. Utan á grind íbúðarhúsa skal koma þil úr borðum 2½ sentimetra (1″) þykkum, og skal negla þau vandlega á alla viði grindarinnar.

   Utan á þil skal settur pappi og síðan bárujárn eða annað efni ekki lakara, er byggingarnefnd samþykkir. Milli járns og pappa komi 1½

75
27. júlí

sentimetra (½″) þykkir listar. Bárujárn á veggjum má ekki þynnra vera en 26 B. W. G. Þó má hafa þil í stað bárujárns á veggjum, ef húsin standa sérstæð og að dómi byggingarnefndar engin eldhætta stafar af þeim. Þar sem pappi er settur utan á grind undir þiljur, þarf eigi lista.

Innan á grind skal settur pappi og þil, ekki þynnra en 2 sentimetrar (¾″), eða annað lag ekki lakara.

c. Grind burðarveggja innanhúss skal gera úr viðum eigi grennri en 10×10 sentimetra (4×4″) á neðri hæð, og 8×10 sentimetra (3×4″) þar fyrir ofan. Í smærri húsum má þó nota grennri viði, ef byggingarnefnd álítur, að styrkleikinn sé nógur. Byggingarnefnd getur krafizt gildari viða, ef um stór hús er að ræða og henni þykir ástæða til.

Að öðru leyti gilda sömu ákvæði sem um útveggi að því er snertir staflægjur, stafi, skorður og spyrnur.

d. Aðrir timburveggir mega ekki, ef þeir eru á milli íbúðarherbergja, vera lakari að gerð en svo, að þil úr borðum 2 sentimetra (¾″) þykkum, eða annað lag ekki lakara, séu hvoru megin, og 3,2 sentimetra (1¼″) þykkir renningar á milli. Jafnvænir skulu veggir vera, sem stigar liggja upp að, nema byggingarnefnd telji þörf á meiri styrkleik. Veggi, sem tveir stigar liggja að, skal gera jafnvæna burðarveggjum (sbr. lið c).

e. Í útihúsum og skútum, sem eru aðeins ein hæð, má gera grind úr plönkum („battingum“).

f. Í timburveggjum sé samanlögð breidd glugga og dyraopa mæld á milli stafa ekki meira en hálf lengd veggjar, nema byggingarnefnd veiti sérstakt leyfi til.

g. Nota má máttarviði með öðrum gildleika en til er tekið í þessari grein, ef samur er styrkleikinn eða meiri.

Fjarlægð húsa frá nágrannalóð.

38. gr.

Ekkert steinhús má vera nær nágrannalóð en 3,15 metra, nema eldvarnarveggur snúi að lóðinni (sbr. 22. gr.). Timburhús án eldvarnarveggs má eigi vera nær nágrannalóð en helmingur af hæsta vegg, er að nágranna veit, þó eigi nær en 5,00 metra. Byggingarnefnd getur veitt ívilnanir niður í 4,00 metra, ef sérstakar ástæður mæla með því.

Stærð timburhúsa.

39. gr.

Ekkert timburhús má stærra vera en 150 fermetrar að flatarmáli, að meðtöldum tilheyrandi útihúsum, og aldrei mega fleiri timburhús vera sambyggð en svo, að flatarmál þeirra fari ekki fram úr 350 fermetrum. Þó getur hreppsnefnd fært bæði þessi hámörk niður.

Skemmur og vörugeymsluhús.

40. gr.

Skemmur og vörugeymsluhús eru engum ákvæðum bundin um tölu hæða, og þurfa þær ekki hærri að vera en 2,00 metra. Þó má vegghæð, mæld upp að skurðarlínu þaks og veggjar, ekki vera yfir 8,00 metra. Ef geymd eru eldfim efni í skemmu eða vörugeymsluhúsi úr tré, skulu þau vera í sérstöku herbergi með eldtraustum veggjum, gólfi og lofti.

Torfbæir.

41. gr.

Torfbæir teljast þær byggingar, þar sem veggir, eða þak og veggir, eru að öllu eða miklu leyti þakið torfi.

Byggja má torfbæi á þeim stöðum, er skipulagsuppdráttur nær ekki yfir og þar sem ekki er útlit fyrir, að reist verði stærri hús í náinni framtíð.

Torfbæir skulu að öllu leyti vandaðir að frágangi og hlíta þeim skilyrðum, er byggingarnefnd setur í því efni.

Glugga- og dyraumgerð.

42. gr.

Glugga- og dyraumgerð skal að jafnaði vera gerð úr plönkum, ekki þynnri en 5 sentimetra (2″). Þeir skulu í steypuveggjum roðnir karbólíni, eða öðru efni ekki lakara, á þá hlið, er veit að steini eða steypu. Með þeim skal, í útveggjum, sérstaklega í steinhúsum, troða vandlega hampi, eða öðru ekki lakara efni, bæði að utan og innan.

Viðhald húsa.

43. gr.

Byggingarnefnd getur krafizt þess, að húsum sé haldið sæmilega við, svo eigi verði þau til lýta fyrir bæinn eða umhverfi þeirra.

Um byggingaraðferðir og efni, sem ekki er tilgreint í samþykkt þessari.

44. gr.

Ef nota skal byggingaraðferð eða byggingarefni, sem ekki er tilgreint í samþykkt þessari, ber umsækjanda að geta þess, er hann sækir um byggingarleyfi. Einnig skal hann skyldur til að gefa þær upplýsingar þessu viðvíkjandi, sem byggingarnefnd álítur nauðsynlegar.

Byggingarnefnd getur á kostnað umsækjanda látið gera þá rannsókn á byggingarefni, sem hún álítur nauðsynlega, til að ganga úr skugga um, að aðferð og efni fullnægi þeim kröfum, sem gerðar eru í samþykkt þessari.

75
27. júlí

Hús þar sem farið er með eldfim efni.

45. gr.

Öll hús, þar sem unnið er að einhverju, sem sérstök eldhætta stafar af, skulu gerð úr steini eða steypu, nema þau séu svo langt frá öðrum húsum, að engin eldshætta stafi frá þeim fyrir nágrannana; þá getur byggingarnefnd leyft, að þau séu úr timbri.

Allir veggir í smiðjum skulu vera úr eldtraustu efni, að minnsta kosti 1,00 metra frá gólfi; ennfremur skal gólfið vera úr eldtraustu efni.

Í smíðahúsum trésmiða má aðeins setja lokuð eldstæði. Utan um þau skal setja járnkassa, sem nær minnst 0,20 metra til allra hliða út fyrir eldstæðið og er á hæð 0,30 metra frá gólfi. Loft og veggir slíkra húsa skal vera úr eldtraustu efni, eða ef það er úr timbri, þá klætt innan með járnþynnum á listum eða öðru efni jafn eldtraustu.

Flatarmál byggðrar lóðar og fjarlægð frá lóðarmörkum.

46. gr.

Þegar mældur er flötur byggðrar lóðar, skulu veggsvalir og önnur framskot talin með, ef þau eru með þaki og undirstöður ná frá jörðu. Fjarlægð frá lóðarmörkum mælist ætíð frá þeim hluta hússins, sem nær lengst út.

Verkpallar o. fl.

47. gr.

Verkpallar, útbúnaður allur og tæki við húsasmíði og mannvirki skal traust og í góðu lagi, svo ekki valdi slysum eða tjóni. Byggingarfulltrúa er heimilt að gera um þetta þær ráðstafanir, er duga mega, á kostnað eiganda, ef nauðsyn þykir, eða stöðva verkið að öðrum kosti, þar til bót er á ráðin.

III. KAFLI.

Byggingarleyfi. Framkvæmd verksins. Eftirlit.

48. gr.

1. Áður en byrjað er á húsi eða öðru mannvirki, sem samþykkt þessi nær til, skal senda skriflega beiðni um það til byggingarnefndar og fá samþykki hennar til að framkvæma verkið.

   Ekki má rífa hús, nema skrifleg tilkynning um það sé send til byggingarnefndar.

   Umsækjandi má ekki byrja á verkinu fyrr en hann hefir fengið tilkynningu frá byggingarnefnd að leyfið sé veitt.

2. Beiðninni skal fylgja nákvæm lýsing af öllu því, sem nauðsynlegt er til sönnunar því, að verkið sé samkvæmt byggingarsamþykkt. Þar að auki skal fylgja í tveim eintökum: 75 27. júlí
   a. Lóðaruppdráttur eftir mælikvarða að minnsta kosti 1:500, með árituðum stærðarhlutföllum; skal á honum sýna mannvirki þau, er reisa skal, ásamt þeim er fyrir kunna að vera á lóðinni, ennfremur afstöðu gagnvart götum, er að liggja, og nágrönnum. Flatarmál lóðar og mannvirkja skal ritað á uppdráttinn.
   b. Uppdrættir eftir mælikvarða að minnsta kosti 1:100, með árituðum stærðarmálum, og skulu þeir svo greinilegir, að glögglega megi af þeim sjá alla gerð, stærð og lögun mannvirkis þess, er um ræðir, og til hvers herbergi eru notuð, þegar um hús er að ræða.

   Við breytingar á eldra húsi skulu uppdrættir og lýsing glögglega sýna hlutfallið bæði fyrir og eftir breytinguna.

   Sýna skal á húsuppdráttum þykkt allra burðarveggja og gildleika máttarviða.
   c. Áður en leyft er að byggja hús í sambyggðri húsaröð, getur byggingarnefnd krafizt, að gerður sé lauslegur uppdráttur af hliðum allra sambyggðu húsanna, á kostnað lóðaeigenda.
   d. Þá hluta húsa eða mannvirkja, sem að gerð eru frábrugðin almennri venju, eða verða að vera það sökum áreynslu eða annara orsaka, skal sýna á uppdráttum, ef byggingarnefnd óskar, og eftir mælikvarða að minnsta kosti 1:20. Skal glögg lýsing fylgja og styrkleikaútreikningur látinn í té, ef þess er krafizt.
   e. Lýsing á lóðinni og ásigkomulagi grundvallar. Ef um nýtt hús er að ræða eða gagngerða breytingu á eldra húsi, skal sýna, hvernig ætlazt er til, að séð verði fyrir afrennsli frá húsi og lóð og vegi að húsinu, ef það stendur ekki við götu.
3. Tilkynna ber nágranna, ef mannvirki það, sem reisa skal, snertir hagsmuni hans. Ber yfirlýsing í þessa átt að fylgja umsókninni og tekið fram, hverja nágrannaeign sé átt við.
4. Á alla uppdrætti skal draga mælikvarða uppdráttarins í metramáli. Allir uppdrættir skulu undirskrifaðir af þeim, sem gerði þá. Sá, sem verkið er unnið fyrir, ber ábyrgð á, að það verði gert samkvæmt byggingarsamþykkt og eins og uppdrættir sýna.
5. Eftir að byggingarfulltrúinn hefir kynnt sér umsóknina, leggur hann málið fyrir byggingarnefnd ásamt umsögn sinni. Ef fleiri nefndum ber að fjalla um málið, skal byggingarfulltrúi fyrst leggja málið fyrir þær nefndir. Þegar byggingarnefnd hefir gert tillögu sína, skal málið lagt fyrir hreppsnefnd, sem veitir byggingarleyfið, sbr. þó 3. gr.

   Byggingarnefnd leggur annað eintak umsóknarskjalanna til geymslu í skjalasafn sitt, en endursendir umsækjanda hitt eintakið með árituðum úrskurðum, að jafnaði innan hálfs mánaðar frá fyrsta fundi byggingar-

75 27. júlí

nefndar eftir að umsókn var afhent henni. Sé synjað um leyfið eða breytingar gerðar að samþykktarskilyrði, skal greina ástæður þess.

Öll byggingarleyfi skulu veitt með því skilyrði, að umsjón verksins og ábyrgð sé í höndum manns, sem byggingarnefnd telur til þess hæfan fyrir kunnáttu sakir og áreiðanleika.

6. Ekki má í neinu víkja frá samþykktum uppdráttum nema fengið sé leyfi byggingarnefndar til þess.
7. Hið endursenda eintak af uppdráttum og lýsingu byggingar skal jafnan vera við hendina nothæft á vinnustaðnum meðan á smíðinni stendur. Byggingarfulltrúa, svo og einstökum mönnum úr byggingarnefnd, sé jafnan heimill aðgangur að uppdráttunum og byggingunni meðan hún er í smíðum.
8. Húseigandi skal tilkynna byggingarfulltrúa með tveggja daga fyrirvara:
   a. hvenær byrjað verður á undirstöðum,
   b. hvenær rakavarnarlög verði lögð í veggi,
   c. hvenær þak verður reist á steinhúsi eða grind í timburhúsi,
   d. hvenær gólf verða lögð á bita eða járn í steypuloft.
9. Hreppsnefnd ákveður gjöld fyrir byggingarleyfi. Gjaldið rennur í sveitarsjóð.
10. Byggingarleyfi fellur úr gildi, ef ekki er farið að nota það innan eins árs.

Um byggingarleyfi, sem fer í bág við samþykkt þessa.

49. gr.

Nú veitir hreppsnefnd byggingarleyfi, en síðar kemur í ljós að mannvirkið fer í bága við samþykktina, þá getur byggjandi krafizt sanngjarnra skaðabóta úr sveitarsjóði, svo framarlega sem það, er fer í bága við samþykktina, hafi sézt ljóslega í umsókn hans og á uppdráttum og sýnilegt sé, að hann hafi farið eftir beztu vitund, enda skal hann skyldur að breyta verkinu, svo að það verði samþykkt og reglum samkvæmt.

Um leyfi til þess að flytja í ný hús.

50. gr.

Eigi má taka hús til afnota fyrr en fengið er vottorð byggingarfulltrúa að húsið fullnægi byggingarsamþykktinni.

Eftirlit með gömlum byggingum, forgörðum o. fl.

51. gr.

Byggingarnefnd skal sjá um, að öll mannvirki, girðingar, auglýsingarspjöld („skilti“) og annað það er henni ber að líta eftir, geti eigi valdið hættu og sé ekki til óprýði. Byggingarfulltrúi hefir eftirlit þetta á hendi, en ef eigandi

vanrækir að fullnægja kröfum hans, getur hreppsnefnd látið lagfæra það, sem byggingarnefnd telur með þurfa, á kostnað eiganda. 75 27. júlí

Nú er íbúð eða einstök herbergi, sem ætluð eru til íbúðar, svo illa á sig komin, að þau, að áliti byggingarnefndar, séu óheilnæm eða eigi örugg til íbúðar, þá skal hún leita umsagnar héraðslæknis. Sé hann á sama máli og nefndin, getur hún krafizt þess, að eigandi lagi gallana innan ákveðins tíma. Verði hann eigi við þessu, getur hreppsnefnd eftir tillögum byggingarnefndar úrskurðað, að ekki megi búa í íbúðinni.

Ef ekki er unnt að flytja úr íbúðinni, vegna þess, að eigi er mögulegt að ná í aðra fyrir sæmilegt verð, ber hreppsnefnd að sjá um, að útvega íbúð jafnskjótt og hægt er.

IV. KAFLI.

Sektarákvæði og breyting á samþykkt.

52. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum frá 50—500 krónur, og skal sekta bæði smið og eiganda, er hlut eiga að máli. Sektirnar renna í sveitarsjóð. Auk þess skal eigandi á sinn kostnað rífa niður það, er fer í bág við ákvæði samþykktarinnar eða reglur þær, sem byggingarnefnd setur samkvæmt samþykktinni. Ella sé það rifið á hans kostnað. Sé um brot á 50. gr. að ræða eða verk, sem til þarf sérstakt leyfi byggingarnefndar, hafið án þess að leyfið sé fengið, skal lögreglustjóri undir eins og brotið kemst til vitundar hans, banna að verkinu sé haldið áfram, fyrr en fengið er leyfi byggingarnefndar.

Með mál út af brotum á samþykkt þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

53. gr.

Til þess að breyting á samþykkt þessari geti öðlast gildi, þarf umræður hreppsnefndar á tveim fundum hennar, samþykkt hreppsnefndar á breytingunni, og staðfesting ráðuneytisins.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Keflavíkurhrepps hefir samið og samþykkt er hér með staðfest samkvæmt lögum nr. 19, 20. okt. 1905, sbr. lög nr. 55, 27. júní 1921, til að öðlast gildi 1. ágúst 1932, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 27. júlí 1932.

Þorsteinn Briem.

Vigfús Einarsson.

76
27. júlí

REGLUGERÐ

um

sauðfjárrækt.

1. gr.

Heimilt er sveitarstjórnum, með samþykki meiri hluta bænda í sveitinni, að banna að hrútar gangi lausir í sveitinni á tímabilinu frá 1. nóvember til 1. maí ár hvert, eða nokkurn hluta þess tíma.

2. gr.

Þegar sveitarfélag gerir samþykkt eftir 1. gr., skal í samþykktinni skýrt tekið fram, hvaða tíma bannað er að láta hrúta ganga lausa. Samþykktina skal sveitarstjórn kunngera öllum fjáreigendum sveitarinnar.

3. gr.

Nú hittist hrútur gæzlulaus innan sveitar, er gert hefir samþykkt eftir 1. gr., og er þá þeim, er finnur, skylt að taka hann í vörzlu, og gera eiganda hans svo fljótt, sem unnt er, aðvart um hann. Eigandi hrútsins skal vitja hans, eða ráðstafa honum á annan hátt, innan viku frá því hann fékk tilkynninguna, en geri hann það ekki, má að þeim tíma liðnum fara með hrútinn sem óskilafé.

4. gr.

Sektir fyrir brot á ákvæðum 1.—3. gr. skal ákveða í sveitarsamþykkt þeirri, sem um getur í 1. gr., og skulu sektir vera svo sem fyrir er mælt í 20. gr. reglugerðar þessarar. Valdi hrútur skaða á annara manna fé, á þeim tíma, er óleyfilegt var að hafa hann lausan, og um megi kenna vangæzlu eiganda hans, skal eigandinn þar að auki greiða þeim skaðabætur, er fyrir tjóninu varð, að mati tveggja manna, er til þess eru kvaddir af sýslumanni.

5. gr.

Heimilt er mönnum að stofna með sér félagsskap til að vinna í sameiningu að kynbótum sauðfjárins. Slík félög kallast sauðfjárræktarfélög.

Sauðfjárræktarfélög skulu gera með sér samþykktir eftir fyrirmynd er Búnaðarfélag Íslands gefur út, og skal í samþykkt félagsins tekið fram meðal annars:

a) að halda skuli fóður- og þungaskýrslur um kynbótafé,
b) að halda skuli ættbók yfir kynbótafé, og merkja hvern einstakling þess einstaklingsmerki,
c) hvernig haga skuli skýrsluhaldi til þess að fá sem öruggasta vissu um erfðaeðli einstaklinganna,

d) hve margt kynbótafé hver félagsmaður hafi, og má samanlögð ærtala félagsmanna ekki vera lægri en 50 og hvers einstaks félaga ekki hærri en 30. 76 27. júlí

6. gr.

Heimilt er að greiða félögum, er ræðir um í 5. grein, styrk úr ríkissjóði, ef Búnaðarfélag Íslands hefir staðfest samþykktir þeirra og þau haga að öðru leyti starfi sínu samkvæmt fyrirmælum þess og reglugerð þessari. Styrkurinn rennur í félagssjóð, og greiðist úr ríkissjóði, þegar félagið hefir sent skýrslur um starf sitt til Búnaðarfélags Íslands og það ekkert fundið athugavert við starf félagsins. Árlegur styrkur sé kr. 50,00 fyrir hvern 1. verðlauna hrút, er félagið á, og allt að kr. 50,00 fyrir hverjar 100 kynbótaær, sem í félaginu eru.

Ráðherra getur eftir tillögum Búnaðarfélags Íslands veitt einstökum mönnum, er fullnægja a, b og c-lið 5. gr., sama styrk og sauðfjárræktarfélögum.

7. gr.

Atvinnumálaráðherra getur styrkt úr ríkissjóði allt að 8 sauðfjárræktarbú, tvö í hverjum landsfjórðungi, með allt að kr. 800,00 hvert, gegn eigi minna en þriðjungs tillagi frá búnaðarsamböndum eða annars staðar frá.

Búnaðarfélag Íslands setur búunum starfsreglur, og skal þar taka fram að búið skuli fullnægja ákvæðunum í a, b og c-lið 5. greinar. Að öðru leyti ber Búnaðarfélagi Íslands að hafa eftirlit og yfirumsjón með búunum, og ber þeim að hlýða fyrirmælum þess í öllum greinum.

Nú hættir styrkþegi sauðfjárræktarbús að reka búið, og er honum þá skylt að láta kynbótaféð af hendi við Búnaðarfélag Íslands til ráðstöfunar, ef það óskar þess. Ákveður þá Búnaðarfélag Íslands í samráði við aðra, sem styrkt hafa búið, hvort það skuli starfa áfram og þá hvar. Verði féð keypt handa þeim, sem rekur sauðfjárræktarbúið áfram, greiðist það með því verði, sem tveir óvilhallir dómkvaddir menn meta.

8. gr.

Fjórða hvert ár skal halda hrútasýningar í einstökum hreppum, ef a. m. k. helmingur þeirra sveitarfélaga, er sauðfjárrækt stunda í sýslunni óska þess.

Skipta skal landinu í þessi sýningarumdæmi:

1. Þingeyjarsýslur, Múlasýslur og Austur-Skaftafellssýslu.
2. Eyjafjarðarsýslu, Skagafjarðarsýslu, Húnavatnssýslu, og Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.
3. Vestur-Skaftafellssýslu, Árnessýslu, Rangárvallasýslu, og Gullbringu- og Kjósarsýslu.
4. Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, Dalasýslu, Barðastrandarsýslu, Ísafjarðarsýslur og Strandasýslu.

76 27. júlí

9. gr.

Ríkissjóður styrkir sýningar þær, sem um ræðir í 8. gr., með allt að tveim aurum á hverja framtalda kind í hreppnum það ár, sem sýningin er haldin, gegn jöfnu tillagi annars staðar að, og skal fé þessu varið til verðlauna á hrútum.

10. gr.

Þar sem sýning er haldin, skal hreppsnefnd sjá um sýningarstað og annast um allan undirbúning sýningarinnar. Kostnaður greiðist úr sveitarsjóði.

11. gr.

Búnaðarfélag Íslands sendir ráðunaut sinn eða annan hæfan mann á sýningarnar, og skal hann þar gefa mönnum leiðbeiningar um vaxtareinkenni úrvalssauðfjár og um val kynbótafjár. Hreppsnefnd velur tvo menn í dómnefnd, en ráðunauturinn er sjálfkjörinn oddviti dómnefndar og hefir hann neitunarvald í dómnefndinni. Flokka skal hrúta eftir aldri. Skulu þrevetrir og eldri hrútar vera sér í flokki, tvævetrir í flokki sér, og veturgamlir sér, og ber að dæma hvern flokk fyrir sig.

12. gr.

Á hverri sýningu skal skrásetja alla sýnda hrúta, vega þá og mæla. Þegar sýningar hafa verið haldnar í öllum sýningarumdæmum landsins, eftir að reglur þessar koma til framkvæmda, má ekki veita fyrstu verðlaun fyrir hrút, nema ætt hans sé kunn og reynsla fengin fyrir því hvernig hann er til undaneldis. Búnaðarfélag Íslands skal áður en þetta kemur til framkvæmda setja reglur um, hvað upplýsa beri og á hvern hátt, svo fullnægjandi sé.

13. gr.

Eftir að dómnefndarmenn hafa skoðað vandlega alla sýnda hrúta, skal kveða upp dóm um þá, og skal oddviti nefndarinnar gera grein fyrir dóminum, og helztu atriðum um sauðfjárræktina.

14. gr.

Enginn má fara með sýndan hrút af sýningu fyrr en sýningu er slitið, nema með leyfi dómnefndar.

15. gr.

Heimilt er Búnaðarfélagi Íslands að setja nánari reglur um sýningarnar, svo sem um dómstiga og fleira, ef því þykir ástæða til, en ekki mega þær koma í bága við lög um þetta efni, eða reglugerð þessa.

16. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að stofna til samkeppni milli sauðfjárbúa. Samkeppnin skal bundin við ákveðna landshluta og samskonar staðhætti, í hvert

sinn. Samkeppni þessi skal til þess gerð, að komizt verði að raun um hverjir eigi arðsamast og bezt fé, og til þess að fá gleggri þekkingu í einstökum atriðum um fóðrun og hirðingu sauðfjár, og skal haga skýrslusöfnun og reikningshaldi um samkeppnisbúin eftir fyrirmælum Búnaðarfélags Íslands. 76 27. júlí

17. gr.

Til eftirlits og verðlauna við samkeppni þá, er um ræðir í 16. gr., má greiða úr ríkissjóði allt að 5000 kr. á ári, unz samkeppni hefir farið fram í öllum sýningarumdæmum landsins. Þegar lokið er einni umferð um landið, má fara aðra, ef Búnaðarfélagi Íslands þykir ástæða til þess og þess er óskað af fjáreigendum á hlutaðeigandi samkeppnissvæðum.

Búnaðarfélag Íslands skipar þrjá menn í dómnefnd.

Veita skal 1., 2. og 3. verðlaun þeim, er að dómi dómnefndar eiga arðsamast og bezt fé.

18. gr.

Áður en samkeppnin byrjar setur atvinnumálaráðherra nákvæmar reglur um fyrirkomulag samkeppninnar, svo sem tímalengd, er hún standi yfir, skýrslur og reikninga, er gera skal um fóður og arðsemi fjárins, reglur, er dæma skuli eftir verðlaun og fleira. Reglur þessar skal birta um leið og boðin er þátttaka í samkeppninni.

19. gr.

Verði ágreiningur um skilning á reglugerð þessari sker atvinnumálaráðuneytið úr, og er það fullnaðarúrskurður.

20. gr.

Brot móti reglugerð þessari varðar sektum frá 10—100 krónum, er renna í sveitarsjóð þar, sem brotið er framið.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt búfjárræktarlögum nr. 32, 8. september 1931, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 27. júlí 1932.

Þorsteinn Briem.

Vigfús Einarsson.

77
29. júlí

AUGLÝSING

um

staðfesting dómsmálaráðuneytisins á heilbrigðissamþykkt fyrir Kaldrananeshrepp í Strandasýslu.

Samkvæmt lögum nr. 64, 10. nóvember 1905, um heilbrigðissamþykktir fyrir bæjar- og sveitarfélög, er hér með staðfest eftirfarandi heilbrigðissamþykkt fyrir Kaldrananeshrepp í Strandasýslu, sem sýslunefnd Strandasýslu hefir samþykkt eftir tillögum hreppsnefndar.

HEILBRIGÐISSAMÞYKKT FYRIR KALDRANANESHREPP.

I. Almenn ákvæði.

1. gr.

Samþykktin gildir fyrir allan Kaldrananeshrepp.

2. gr.

Heilbrigðisnefnd skipa hreppstjóri og tveir aðrir, annar kosinn að hreppsnefnd, en hinn af sýslunefnd; skulu þeir kosnir til 6 ára, fer þó annar frá eftir fyrstu 3 árin eftir hlutkesti. Hreppstjóri er formaður nefndarinnar. Nefndin kýs ritara, og skiptir með sér störfum.

3. gr.

Formaður kveður nefndina á fund, er honum þykir þurfa, eða hinir nefndarmenn óska þess, þó ekki sjaldnar en einu sinni á ári, og þá að tilkvöddum héraðslækni. Formaður ákveður fundartíma og fundarstað og sér um að fyrirskipunum nefndarinnar verði hlýtt. Ritari ritar gerðabók nefndarinnar og hefir á hendi bréfaskriftir hennar.

4. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa gætur á því, að heilbrigðissamþykktin sé haldin og henni hlýtt í öllum greinum.

Nefndinni skal heimilt að rannsaka eða láta rannsaka allt það, er um ræðir í þessari samþykkt eða þýðingu hefir fyrir heilbrigði manna, hvort heldur er á almannafæri eða einstakra manna eign. Einu sinni á ári skal nefndin skoða allar húseignir og umhverfi þeirra á því svæði, er samþykktin nær yfir, og er henni heimilt að skipta þessu starfi á milli nefndarmanna. Heilbrigðisnefnd skal færa í eina bók allt það, sem hún finnur aðfinnsluvert samkvæmt þessari sam-

þykkt, og skal hún skriflega skipa þeim, er í hlut eiga, fyrir um, hvað þeir eigi að gera til umbóta.

5. gr.

Ef heilbrigðisnefnd telur nauðsynlega einhverja þrifnaðarbót eða heilbrigðisráðstöfun, sem hefir í för með sér útgjöld úr sveitarsjóði, þá skal hún leggja mál það fyrir sveitarstjórn og fara fram á, að fé verði veitt. Þó getur nefndin látið gera bráðnauðsynlegar þrifnaðarbætur án fengins samþykkis sveitarstjórnar, ef brýn nauðsyn ber til að þær séu gerðar tafarlaust, svo sem þá er hættuleg farsótt kemur upp í sveitinni. Skal þá svo fljótt sem verða má, leggja slík útgjöld undir samþykki sveitarstjórnar.

6. gr.

Nú býr eigandi ekki í húsi sínu, og skal hann þá fela einhverjum fullveðja manni er í húsinu býr, að vera húsráðandi. Skal húsráðandi gegna öllum skyldum eftir samþykkt þessari, með tilliti til húseignarinnar og annars hvíla á húseiganda. Eigandi skal tilkynna heilbrigðisnefnd, hver sé húsráðandi. Ef þessum ákvæðum er ekki hlýtt hvíla allar skyldur út af fasteign samkvæmt ofangreindu bæði á húseiganda og leigjanda, einum fyrir alla og öllum fyrir einn.

II. Um íbúðarhús.

7. gr.

Öll þau hús, sem notuð eru til íbúðar, þar með taldar sjóbúðir, skulu vera svo gerð, að unnt sé að halda þeim hreinum; gluggar skulu vera á hjörum að minnsta kosti einn í hverju herbergi, og trégólf eða steingólf í öllum íverustofum. Heilbrigðisnefnd má heimta af leigjanda eða eiganda, að ræstað sé í íbúðarherbergi, ef herbergið er svo óhreint, að nefndin álítur húsbúum hættu búna.

8. gr.

Ef íbúðarhús er svo illa gert eða hrörlegt eða þröngt, að heilbrigðisnefnd álítur hættulegt fyrir heilsu manna að búa í því, þá skal nefndin banna íbúðina. Nefndin skal þá tilkynna húseiganda eða umboðsmanni hans bannið skriflega og færa rök fyrir því, og skal þá fara úr húsinu á tveggja mánaða fresti frá tilkynningardegi, ef húsið er ekki bætt á þeim tíma, svo að nefndinni líki. Þó er húseiganda heimilt á 8 daga fresti að skjóta skipun nefndarinnar undir úrskurð sveitarstjórnar, er leita skal álits héraðslæknis, og því næst leggja úrskurð á málið svo fljótt sem verða má.

77
29. júlí

III. Um fráræslu.

9. gr.

Eldhússkólp, þvottaskólp og önnur óhreinindi, má ekki láta síga í jörð svo nærri íbúðarhúsinu að hætta sé á því, að jarðvegurinn undir húsunum saurgist, sízt þar sem kjallari er undir húsum; öllu því skólpi, sem ekki er borið í sjó, eða svo langt frá húsum að hættulaust sé, skal veita burt frá húsunum í opnum eða lokuðum ræsum, svo langt sem heilbrigðisnefnd þykir þurfa. Öll skólpræsi skulu vera við og hallajöfn, svo að hvergi flói út úr þeim og hvergi komi pollar eða vilpur. Skal hreinsa þau svo oft, að ekki leggi ódaun úr þeim.

IV. Um mjólkursölu.

10. gr.

Öll mjólkursala skal háð eftirliti heilbrigðisnefndar, og getur nefndin bannað mjólkursölu á eða frá heimili, ef næmur sjúkdómur gengur á heimilinu eða ástæða er til að ætla, að kýrnar séu veikar. Berklaveikir menn mega hvorki hirða kýr, mjólka eða hafa með höndum þá mjólk, sem selja skal. Heilbrigðisnefnd getur bannað mjólkursölu ef óþrifalega er farið með mjólkina, eða hreinlæti í fjósum eða hirðing kúnna í svo löku standi, að erfitt verði að forðast að mjólkin óhreinkist, eða ef svo næmur sjúkdómur gengur á heimilinu, að neytendum getur stafað hætta af, allt í samráði við héraðslækni.

V. Um salerni.

11. gr.

Þá er hús er reist til íbúðar, skal jafnan um leið reisa salerni og skal það ekki vera nær dyrum, gluggum eða vindaugum á húsum en nemi 3½ metra, og ekki nær vatnsbóli en nemi 10 metrum. — Þó getur heilbrigðisnefnd veitt undanþágu frá þessu, ef sérstakar ástæður mæla með því. — Gólfið á salerninu skal vera steinsteypt eða timburgólf og hærra en jarðvegurinn í kring. Hafa skal í salerninu saurkagga, vel vatnsheldan, og skal hann ná fast upp að setunni. Heilbrigðisnefnd getur leyft að hafa salerni innanhúss, í sérstökum klefa, ef útigluggi á hjörum er á klefanum og að öðru leyti svo um salernið búið, sem heilbrigðisnefnd telur fullnægjandi. Ef vatnsheld for er gerð hjá húsinu, má hafa salerni yfir forinni, þannig, að saurindi fari beina leið í hana.

12. gr.

Í salernum skal seta og gólf jafnan vera hreint, og saurílátin skal tæma áður en fyllast; skal heilbrigðisnefndin ákveða, hvar láta megi saurinn úr salernunum.

13. gr. 77

Ef engin salerni fylgja þeim húsum, sem eldri eru en þessi samþykkt, eða þau ein sem illa eru gerð eða mikill óþrifnaður að, þá getur heilbrigðisnefnd heimtað af húseigendum að þeir geri salerni á þann hátt, sem hún segir fyrir um. 29. júlí

VI. Um sorp og önnur óhreinindi.

14. gr.

Sorpi, hræjum eða öðru rusli má ekki kasta á almannafæri né nálægt íbúðarhúsum, á bryggju né bryggjupalla, heldur skal skylt að flytja slíkan úrgang á þá staði er heilbrigðisnefnd ákveður.

15. gr.

Það er skylda sjómanna á öllum veiðistöðum að fleygja öllu slori í sjóinn, svo langt, að út taki, ef því er ekki safnað í gryfjur á þeim stöðum, sem heilbrigðisnefnd leyfir. Útgerðarmenn og skipstjórar bera ábyrgð á því, að þessu sé hlýtt.

16. gr.

Ef einhverskonar óhreinindi safnast kringum hús eða bæi manna, sem fýla leggur af, eða daunillt rennsli fer út á alfaraveg eða inn á eignir þeirra, sem næstir búa, þá getur heilbrigðisnefnd skipað hlutaðeigandi húsráðanda eða leigjanda að flytja burt óhreinindin tafarlaust.

VII. Um matvæli.

17. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa gát á því, að ekki sé höfð á boðstólum matvara, sem skaðleg er fyrir heilsu manna. Nefndinni er heimilt að taka í búðum og öðrum sölustöðum, fyrir gangverð, sýnishorn af hverri matvöru þeirri, er hún telur líkur til að skemmd sé og skaðleg fyrir heilsu manna, og rannsaka hana.

Komi það í ljós við rannsókn læknis eða annara, er vit hafa á, að einhver matvara er skemmd og skaðleg til manneldis, skal lóga vörunni eða gera hana óskaðlega fyrir heilsu manna á einhvern annan hátt, á kostnað þess, sem vörur þessar hefir á boðstólum.

Heilbrigðisnefnd getur bannað matvælasölu, ef sölustaðurinn virðist óhæfur vegna óþrifnaðar. Svo getur nefndin og bannað matvælasölu um stundarsakir, ef næmur sjúkdómur er fyrir á sölustaðnum og hætt er við, að salan greiði sjúkdómnum götu.

18. gr.

Enginn má selja sælgæti, brauð eða aðra matvöru, er við afhendingu er handfjötlug, nema í hreinum umbúðum, er heilbrigðisnefnd telur enga sótthættu stafa af.

77 29. júlí **VIII. Um samkomuhús og aðra skemmtistaði, verzlunarbúðir, skóla og kirkjur.**

19. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa eftirlit með samkomuhúsum og öðrum skemmtistöðum og verzlunarbúðum, skólum og kirkjum og sjá um að þau séu þvegin, hvenær sem hún telur þess þörf, og af þeim, sem hún álítur til þess færa. Nefndin getur ákveðið fyrirkomulag loftræstingar og gefið reglur um notkun loftrása, útbúnað og annað, er að því lýtur. Ef eigendur eða notendur vilja eigi sætta sig við álit heilbrigðisnefndar, geta þeir leitað álits héraðslæknis, sem þá ræður úrslitum.

20. gr.

Samkomuhús og önnur skemmtihús, skólar og kirkjur, skulu þvegnar hátt og lágt, að minnsta kosti einu sinni á ári, og gólf daglega áður en notast eiga, eftir nánari ákvæðum heilbrigðisnefndar.

21. gr.

Í öllum samkomuhúsum, sölubúðum, skólum og kirkjum er bannað að hrækja á gólfið að viðlögðum sektum. Sömuleiðis eru reykingar bannaðar í samkomuhúsum.

22. gr.

Heilbrigðisnefnd hefir eftirlit með því, að samkomuhús, skemmtihús, skólar og kirkjur, séu nægilega upphituð, er þau eru notuð, og er eigendum og umráðamönnum ofangreindra húsa skylt að hlýða fyrirskipun nefndarinnar í þeim efnum.

Hverju samkomuhúsi skal fylgja fatageymsla og svo mörg og stór salerni, sem heilbrigðisnefnd telur hlýða, þannig útbúin og hirt, eins og fyrr segir.

23. gr.

Heilbrigðisnefnd skal skoða öll skólahús og skólastofur, hvort heldur er opinber eign eða einstakra manna, að minnsta kosti tvisvar á ári hverju, í byrjun skólaársins og á því miðju. Hver sá, er tekur til kennslu 10 börn eða fleiri, er skyldur að tilkynna heilbrigðisnefnd hvar hann ætlar að kenna.

24. gr.

Hver kennslustofa handa börnum skal vera svo stór, að 2,5 teningsmetrar komi á hvert barn, í minnsta lagi. Allir gluggar skulu vera á hjörum. Gólf skal þvo á degi hverjum, en ekki sópa.

25. gr.

Ef heilbrigðisnefnd verður í einhverjum skóla vör við börn eða kennara, er hafa einhvern næman sjúkdóm, þá skal hún gera héraðslækni aðvart. Börn

með smitandi berkla og holdsveik börn mega ekki ganga í skóla með öðrum börnum, og menn með smitandi berklaveiki og holdsveikir menn mega ekki fást við barnakennslu. 77 29. júlí

26. gr.

Nú er fyrirskipun heilbrigðisnefndar um ofangreind atriði, eftir að hún hefir leitað álits héraðslæknis, að einhverju leyti eigi hlýtt, getur nefndin þá bannað notkun húss, ef eigi fullnægir skipun nefndarinnar samkvæmt framangreindum reglum unz skipun nefndarinnar er hlýtt. Kostnað þann, er nefndin hefir við að leita til sérfræðinga um þessi efni, skal greiða úr sveitarsjóði.

IX. Um næma sjúkdóma.

27. gr.

Heilbrigðisnefnd, í samráði við héraðslækni, gengst sérstaklega fyrir því, að lögskipuðum vörnum sé haldið uppi gegn næmum sjúkdómum. Ef upp kemur alvarlegur sjúkdómur á því svæði, er samþykkt nær yfir, eða í grendinni, þá er heilbrigðisnefnd, í samráði við héraðslækni, heimilt að setja um stundarsakir strangari fyrirmæli en í samþykkt þessari felast, um hreinlæti utanhúss og innan, burtflutning á óhreinindum o. s. frv.

X. Um kirkjugarða.

28. gr.

Þá er gera skal nýjan kirkjugarð, eða stækka gamlan garð, skal leita álits héraðslæknis, og getur heilbrigðisnefndin heimtað að garðstæðið sé þurkað með lokræsum, ef það er svo raklent, að vatn komi upp í grafirnar nokkru sinni. Vatnsból má ekki vera nær kirkjugarði á jafnsléttu eða undan brekku en nemi 70 metrum. Grafa skal svo djúpt, að tveggja álna moldarlag sé ofan á kistu.

XI. Um sektir og fleira.

29. gr.

Ef menn brjóta þessa samþykkt eða vanrækja að framkvæma á réttum fresti nokkra þá fyrirskipun, er heilbrigðisnefnd setur samkvæmt henni, þá varðar það sektum frá 10—200 krónum, er renna í sveitarsjóð. Ef heilbrigðisnefnd kýs heldur að láta vinna verk það, er vanrækt hefir verið, á kostnað þess er verkið átti að vinna, þá er henni það heimilt, og skal þá greiða kostnað til bráðabirgðar úr sveitarsjóði, en síðan taka hann lögtaki hjá þeim, er sekur er.

77
29. júlí

30. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum gegn samþykkt þessari, skal farið sem almenn lögreglumál.

31. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi 1. september 1932.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 29. júlí 1932.

Magnús Guðmundsson.

Gissur Bergsteinsson.

78
29. júlí

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð húsfrú Valgerðar Jónsdóttur frá Múla", útgefin á venjulegan hátt, að mandatum af dómsmálaráðherra 29. júlí 1932. Skipulagsskráin er þannig:

STOFNSKRÁ

fyrir

Minningarsjóð húsfrú Valgerðar Jónsdóttur frá Múla.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Minningarsjóður húsfrú Valgerðar Jónsdóttur frá Múla". Hann er stofnaður af konum í Nauteyrarhreppi árið 1930, til minningar um hina látnu húsfreyju.

Stofnfé sjóðsins er 100 — eitt hundrað — krónur.

2. gr.

Sjóðurinn er undir yfirráðum kvenna í Nauteyrarhreppi. Í stjórn sjóðsins skal kjósa fimm konur til fimm ára í senn. Endurkjósa má stjórnina. Atkvæðisrétt, kosningarrétt og kjörgengi hafa allar konur heimilisfastar í Nauteyrarhreppi, 20 ára og eldri. Stjórnin skiptir með sér störfum.

3. gr.

Sjóðinn skal ávaxta á hvern þann fulltryggan hátt, er stjórn hans álítur heppilegastan.

78
29. júlí

4. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn 10.000 — tíu þúsund — krónur, skal vöxtum hans varið til eflingar heimilisiðnaðarnáms búsettra kvenna í Nauteyrarhreppi, en höfuðstól hans má aldrei skerða.

5. gr.

Til eflingar sjóðnum, skuldbindum vér oss, sem undir þetta skrifum nöfn vor, að ábyrgjast sjóðnum að minnsta kosti 50 — fimmtíu — krónur í árlegar tekjur auk vaxta af höfuðstólnum í næstu tíu ár.

6. gr.

Sjóðurinn tekur við gjöfum og áheitum þeirra manna og stofnana, sem efla vilja vöxt hans og styðja tilgang hans, eins og honum er lýst að ofan.

7. gr.

Sjóðsstjórnin hefir á hendi reikningsskil sjóðsins. Skulu reikningar sjóðsins endurskoðaðir af tveim endurskoðendum, er konur kjósa. Reikningar sjóðsins skulu birtir eftir því sem sjóðsstjórnin ákveður.

8. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Arngerðareyri, 15. júní 1930.

Í stjórn sjóðsins:

Jakobína Þorsteinsdóttir, Rauðamýri.

Jakobína Þórðardóttir, Laugabóli (féhirðir).

Sigurveig Jónsdóttir, Melgraseyri.

Markúsína Jónsdóttir, Melgraseyri.

Petra Guðmundsdóttir, Tungu.

79 5. ágúst **Staðfesting konungs** á skipulagsskrá fyrir „Gamalmennasjóð Glæsibæjarhrepps“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 5. ágúst 1932. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

Gamalmennasjóð Glæsibæjarhrepps.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Gamalmennasjóður Glæsibæjarhrepps.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 1000 — eitt þúsund — krónur, gefnar af Stefáni Stefánssyni, Hlöðum í Glæsibæjarhreppi, á áttræðisafmæli hans, 1. febr. 1932.

3. gr.

Tilgangur gefandans með sjóðstofnun þessari er að styrkja fátæk gamalmenni í Glæsibæjarhreppi.

4. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtaður í sparisjóði Glæsibæjarhrepps og séu vextirnir lagðir við höfuðstólinn. Skal sjóðurinn standa óhreyfður í 20 ár. Gjafir og annað fé, er sjóðnum kann að áskotnast, skal einnig leggjast við höfuðstólinn. Hætti sparisjóður Glæsibæjarhrepps að starfa, skal ávaxta féð í Söfnunarsjóði Íslands.

5. gr.

Styrk úr sjóðnum skal úthlutað fyrir jól ár hvert, í fyrsta skipti árið 1952 — en á því ári er aldarafmæli stofnandans. Skal þá varið til styrkveitinga ¾ hlutum vaxtanna, en ¼ hluti skal ávallt lagður við höfuðstólinn.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn: Hreppstjórinn í Glæsibæjarhreppi, hreppsnefndaroddvitinn í sama hreppi, og formaður sparisjóðs Glæsibæjarhrepps. — Hafi einn maður tvö eða öll þessi störf á hendi kýs sveitarstjórnin í Glæsibæjarhreppi mann eða menn, svo stjórn sjóðsins verði fullskipuð á hverjum tíma. Sama gildir ef einhver þessi staða leggst niður.

7. gr.

Stjórn sjóðsins sér um allar fjárreiður hans, ákveður styrksupphæðir og úthlutar þeim til styrkþega. Heldur hún gerðabók, þar sem inn séu færðar álykt-

anir hennar, reikningar sjóðsins, og nöfn, heimili og aldur þeirra, er styrk hafa hlotið. Ennfremur upphæðir hins veitta styrks. Útdráttur úr gerðabókinni skal birtur á almennum sveitarfundi ár hvert. 79 5. ágúst

Stjórnin vinnur störf sín endurgjaldslaust.

8. gr.

Styrkhæfur er hver sá, sem náð hefir 70 ára aldri, er eignalaus og á enga efnaða framfærendur, án tillits til þess, hvort hann nýtur sveitarstyrks eða ekki. Þó skal að jafnaði — ef um marga er að ræða — þeir sitja fyrir um styrk, sem eru munaðarlausir, en bjargast áfram af eigin rammleik.

Heimilt er og stjórninni, að veita mönnum styrk þó yngri séu en 70 ára, ef um veruleg bágindi er að ræða, svo og, ef styrkveiting til manna yfir sjötugt er ekki álitin nauðsynleg.

9. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Skal reikningurinn endurskoðaður af sömu mönnum og reikningur sveitarsjóðsins, og úrskurðast af sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu.

10. gr.

Leita skal staðfestingar konungs á skipulagsskrá þessari.

Hlöðum, 2. apríl 1932.

Stefán Stefánsson.

REGLUGERÐ 80 15. ágúst

um

nautgriparækt.

1. gr.

Bannað er að láta naut eldri en átta mánaða ganga laus í afréttum eða heimahögum nema heimild til þess felist í reglugerð þessari.

2. gr.

Í hverjum hreppi eða bæjarfélagi þar sem ekki er nautgriparæktarfélag, sem hefir fengið lög sín staðfest af Búnaðarfélagi Íslands, skal vera nautgripakynbótanefnd skipuð þrem mönnum. Um kosning í nefndina til sveita fer eftir sömu reglum og gilda um kosningu til hreppsnefnd, en í bæjum skal nefndin kosin af bæjarstjórn. Þar sem er starfandi nautgriparæktarfélag sem í er meiri hluti kýreiganda, er stjórn þess sjálfkjörin nautgripakynbótanefnd.

80 15. ágúst

3. gr.

Kynbótanefnd skal sjá um að til séu innan hrepps eða utan, hæfilega mörg naut, kyngóð og efnilega, til afnota fyrir hreppsbúa. Naut þau sem kynbótanefnd velur skal hún, ef unnt er, velja að vorinu, og tilkynna á vorhreppaskilaþingi hver þau eru, en farist það fyrir, skal það gert að hausthreppaskilum eða auglýst á annan fullnægjandi hátt. Kynbótanefnd skal ef unnt er, láta þau naut, er hlotið hafa verðlaun á sýningu, er styrks hefir notið af ríkissjóði, sitja fyrir vali til notkunar í hreppnum. Heimilt er kynbótanefnd að kaupa naut eða taka á leigu, eða semja um það á annan hátt, eftir því sem henni þykir bezt henta. Kynbótanefnd skal sjá um fóðrun og hirðing nautanna, og geymslu þeirra. Heimilt er kynbótanefndum tveggja eða fleiri hreppa að vinna saman að kynbótastarfinu með því að nota sömu girðingu, hafa sama naut o. s. frv.

4. gr.

Heimilt er kynbótanefnd að veita einstökum hreppsbúum, sem vegna afstöðu sinnar eiga óhægt að nota kynbótanautin, undanþágu frá því, en öllum sem ekki fá slíka undanþágu, er skylt að taka sameiginlegan þátt í öllum kostnaði við nautahaldið, að réttri tiltölu við tölu kúa með kálfi, eða kálf hafa fengið á árinu. Atvinnumálaráðuneytið getur veitt einstökum sveitar- eða bæjarfélögum samskonar undanþágu fyrir alla sveitina eða kaupstaðinn, og kynbótanefndirnar veita einstökum mönnum, ef meiri hluti bænda óskar þess og ráðunautur Búnaðarfélags Íslands í nautgriparækt mælir með því.

Kynbótanefnd getur sett það skilyrði, að kúamargir bændur og aðrir, sem fá leyfi til að nota sín eigin naut, og þurfa því ekki að taka þátt í kynbótakostnaði heildarinnar, séu skyldir til að lána naut sín öðrum, er kynbótanefnd ákveður, fyrir sama gjald og nautstollar verða hjá nefndinni það ár, sem um er að ræða.

5. gr.

Kynbótanefnd getur leyft að kynbótanaut gangi laus, ef telja má fullvíst að þau geri engan skaða. Ef leigunaut er að ræða, sem er í vörzlu eiganda, ber hann ábyrgð á ef skaði hlýtzt af, en sé um félagsnaut að ræða, sem kynbótanefnd sér um haga fyrir, ber hún ábyrgðina.

6. gr.

Öll naut, sem eru 8 mánaða eða eldri, og ekki eru valin af kynbótanefnd, til undaneldis í hreppnum, skal gelda, gefa inni eða hafa í öruggri vörzlu beitartíma kúnna. Brot gegn þessu varða sektum. Auk þess skal nauteigandi, eða umráðamaður, bæta skaða þann, er nautið hefir gert, eftir mati tveggja dómkvaddra manna. Taka má slík naut utan heimalands eiganda ef þau eru ekki í öruggri vörzlu, og fara með sem óskilafénað, og selja án innlausnarfrests.

7. gr.

Nú hittist naut, sem kynbótanefnd hefir auglýst að nota beri í hreppnum, gæzluláust eða ekki í öruggri vörzlu, og skal þá taka það í örugga vörzlu og á hús og hey, ef þörf krefur, en gera skal kynbótanefnd tafarlaust aðvart. Kostnað þann sem leiðir af töku nautsins greiðir kynbótanefnd, en hafi nautið verið í geymslu eiganda, greiðir hann nefndinni hann aftur. Hafi kynbótanefnd ekki vitjað nautsins innan hálfs mánaðar, skal sá er tók nautið í hald, afhenda það hreppstjóra, er þá selur nautið með mánaðar innlausnarfresti.

8. gr.

Öllum árlegum kostnaði við nautahaldið, svo sem landleigu fyrir sumarhaga, vetrarfóður, kostnað af nautagirðingu, vöxtum og afborgunum af lánum til nautakaupa eða nautgirðinga o. s. frv., jafnar kynbótanefnd niður á allar kýr, sem haldið hefir verið í hreppnum á því ári, og sem ekki eru undir höndum eða eign þeirra manna, sem fengið hafa undanþágu frá því að þurfa að taka þátt í sameiginlegum kostnaði nautahaldsins, sbr. 4. gr. Sanni kýreigandi að kýrin hafi ekki fest fang, þó haldið hafi verið, bera honum ekki að greiða nema hálfan nautstoll. Séu meiri hluti kúaeiganda því meðmæltur, að borga í heyi, eða fóðra nautin upp í nautstollana að einhverju eða öllu leyti, sér kynbótanefnd um að það sé framkvæmt, enda gangi það hlutfallslega jafnt yfir alla kýreigendur, nema þeir óski annars, og því verði viðkomið.

Sé að ræða um þóknun til kynbótanefndar, skal hún ákveðin af hreppsfundi, og telst þá með kostnaði við nautahaldið.

Verði einhver afgangur af fé því, sem ætlað er til greiðslu kostnaðar við nautahaldið, leggur kynbótanefnd það í sjóð er varið skal til kaupa úrvalsnaut, er ráðunautur Búnaðarfélags Íslands mælir sérstaklega með til undaneldis, þegar nægilegt fé verður fyrir hendi til þess.

9. gr.

Kynbótanefnd skal sjá um að kynbótastarfið sé árlega rætt á hreppsfundi. Þar skal leggja fram reikning yfir nautahaldið, endurskoðaðan af endurskoðendum hreppsreikninga, ræða um nautahaldið og taka ákvarðanir er að því lúta, eftir því sem við á og með þarf.

10. gr.

Þar sem 10 bændur í hreppi, eða meiri hluti bænda þar, ef færri eru í hreppnum en 10, hefir komið sér saman um að stofna með sér nautgriparæktarfélag, kosið sér stjórn og samþykkt reglur fyrir félagið, og fengið þær samþykktar af Búnaðarfélagi Íslands, getur félagið fengið styrk eftir því sem fyrir er mælt í reglugerð þessari.

11. gr.

Þar sem meiri hluti bænda eru í nautgriparæktarfélagi, tekur stjórn félagsins að sér alla umsjón með nautahaldinu og annast allt er að því lýtur.

80 Hefir hún þá öll réttindi og skyldur nautgripakynbótanefnda. Hún leggur reikn-
15. ágúst ing um nautahaldið, endurskoðaðan af endurskoðendum félagsins, fyrir félagsfund, og lætur þar ræða um nautahaldið og önnur mál, er félagið varðar.

12. gr.

Tilgangur nautgriparæktarfélaga, skal vera sá, að bæta kúakynið. Samþykktir hvers félags skal sníða eftir fyrirmynd er Búnaðarfélag Íslands semur, og fær ekki félagið rétt til styrks fyr en það hefir fengið reglur sínar samþykktar af Búnaðarfélagi Íslands. Hver félagi nautgriparæktarfélags skal sjá um að haldnar séu glöggar mjólkurskýrslur og fóðurskýrslur um kýr hans, eftir fyrirmynd er Búnaðarfélag Íslands setur eða samþykkir. Skal árlega senda Búnaðarfélagi Íslands útdrætti úr skýrslum þessum á þar til gerðum eyðublöðum.

13. gr.

Hvert félag, sem fullnægir ákvæðum 11. og 12. greinar, skal árlega fá styrk til starfrækslunnar, og skal hann vera kr. 1.50 á hverja reiknaða árskú félagsmanna ef aðeins hafa verið gerðar vikulegar fóðurmælingar og mjólkurmælingar, en hafi auk þess að minnsta kosti þrisvar á ári verið gerð fitumæling á mjólkinni, nemur styrkurinn 2 krónum fyrir hverja reiknaða árskú.

Fyrir lok nóvembermánaðar skal Búnaðarfélag Íslands hafa sent til félagsins eyðublöð, er gera skal á útdrátt úr skýrslum félagsins fyrir yfirstandandi ár. Eftir áramótin lætur stjórn félagsins færa skýrslur þessar eftir því sem Búnaðarfélag Íslands krefur. Þegar það hefir sent skýrslurnar til Búnaðarf. Ísl. fær það senda styrk þann, er að ofan getur.

14. gr.

Noti félagið naut, sem er tveggja ára eða eldra, og sem hefir hlotið 1. eða 2. verðlaun á sýningu, sem styrkt hefir verið af ríkinu, eða verið viðurkennt þess verðugt af ráðunaut Búnaðarfél. Ísl. í nautgriparækt, getur það fengið fóðurstyrk til að halda nautið, og skal hann vera 75 kr. fyrir naut, sem hlotið hefir önnur verðlaun, en 150 kr. fyrir naut, sem hlotið hefir fyrstu verðlaun. Styrkur þessi kallast nautafóðurstyrkur og greiðist með árlegastyrknum, eftir að félögin hafa sent skýrslur um starf sitt til Búnaðarfélags Íslands, svo sem það áskilur.

15. gr.

Nú hefir nautgriparæktarfélag tryggt sér, a. m. k. til næstu 20 ára, hæfilegt land til sumarbeitar handa nautum félagsins, og komið þar upp öruggari nautagirðingu, og má þá veita félaginu styrk til girðingarinnar allt að ⅓ girðingarkostnaðar, þó ekki yfir 400 kr. til hvers félags.

Umsókn um girðingarstyrkinn skal senda Búnaðarfélagi Íslands ásamt reikningi yfir girðingarkostnaðinn og lýsingu trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands á girðingu og nautahaga.

16. gr. 80

Þar sem nautgriparæktarfélög eru, skal halda sýningar á nautgripum fimmta hvert ár. Skal þá skipta landinu í 5 sýningarumdæmi, sem hér segir: 15. ágúst

1. Frá Hrútafjarðará að Reykjaheiði.
2. Frá Reykjaheiði að Skeiðará.
3. Frá Skeiðará að Hvalfjarðarbotni.
4. Frá Hvalfjarðarbotni að Gilsfjarðarbotni.
5. Frá Gilsfjarðarbotni að Hrútafjarðará.

Sýningar skulu haldnar í þessum umdæmum til skiptis eftir því sem Búnaðarfélag Íslands ákveður.

17. gr.

Í hverju félagi sem óskar sýningar, skal sýning fara fram á einum eða tveim stöðum á félagssvæðinu, eftir því sem Búnaðarfélagi Íslands og stjórn hlutaðeigandi félags kemur saman um. Til verðlauna á sýningunum veitist styrkur úr ríkissjóði, og skal hann vera 50 aurar fyrir hvern framtalinn nautgrip, gegn jöfnu framlagi annarsstaðar að.

18. gr.

Á hverri sýningu má sýna kýr, sem búnar eru að eiga einn kálf að fleiri, og naut, sem eru ársgömul eða eldri. Fyrir yngri gripi sem sýndir kunna að verða eru ekki greidd verðlaun, en sýna má þá til að upplýsa arfgengi eldri gripa.

19. gr.

Fyrir kýr og naut má veita 1., 2. og 3. verðlaun. 1. og 2. verðlaun fyrir naut greiðast eingöngu úr ríkissjóði, og teljast ekki með þeim styrk til sýningarinnar, sem veittur er gegn jöfnu framlagi annarsstaðar að.

20. gr.

Stjórn nautgriparæktarfélags, þar sem sýningu á að halda, annast útbúning sýningarstaðar og allan undirbúning sýningarinnar, og greiðir kostnað við hana af sjóði félagsins.

21. gr.

Búnaðarfélag Íslands sendir ráðunaut sinn eða annan hæfan mann á sýningarnar og skal hann þar gefa mönnum leiðbeiningar um vaxtareinkenni úrvalsnautgripa og mjólkureinkenni, svo og um val kynbótagripa og annað hið helzta er að nautgriparækt lýtur. Stjórn hlutaðeigandi nautgriparæktarfélags velur tvo menn í dómnefnd til þess að úthluta verðlaunum, en ráðunauturinn er sjálfkjörinn oddviti dómnefndar og hefir hann neitunarvald í nefndinni.

Verðlaun skal miða við arðsemi gripa og erfðakosti, ef kunnir eru, svo og vaxtarlag og hraustleik. Ekki má veita 1. verðlaun fyrir grip, nema honum fylgi ættaskrá og full reynsla sé fengin um kynfestu hans að dómi oddvita dóm-

80 nefndar. Þegar dómnefnd hefir lokið störfum sínum, skal hún skýra frá úrslit-
15. ágúst um og gerir þá ráðunautur Búnaðarfél. Íslands grein fyrir þeim.

22. gr.

Allir gripir, sem á að sýna, skulu komnir á sýningarstað þá er sýning byrjar, og skulu þeir vera mýldir svo þá megi skoða og færa til eftir vild. Enginn má fara með grip af sýningu fyr en henni er lokið nema dómnefndarmenn gefi samþykki sitt til.

23. gr.

Þyki Búnaðarfélagi Íslands ástæða til að setja nánari reglur um sýningarnar, til dæmis um dómstiga, verðlaunahæð eða annað, er því það heimilt, komi það ekki í bága við lög um þetta efni eða reglugerð þessa.

24. gr.

Verði ágreiningur um skilning á einhverju í reglugerð þessari eða um kostnað við kynbótastarfið, sker atvinnumálaráðherra úr og er það fullnaðarúrskurður.

25. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 10—500 krónum ,og renna þær í sjóð nautgriparæktarfélags þar sem brotið er framið, en ella í sjóð nautahaldsins, sbr. 8. gr.

26. gr.

Með mál út af brotum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi er hérmeð sett samkvæmt búfjárræktarlögum nr. 32, 8. september 1931, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 15. ágúst 1932.

Þorsteinn Briem.

Vigfús Einarsson.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Lýðfræðslusjóð Landmanna- **81**
hrepps í Rangárvallasýslu, útgefin á venjulegan hátt, ad mandatum af dóms- 18. ágúst
málaráðherra 18. ágúst 1932. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

Lýðfræðslusjóð Landmannahrepps í Rangárvallasýslu.

1. gr.

Nafn sjóðsins skal vera Lýðfræðslusjóður Landmannahrepps.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður nær eingöngu af búendum í nefndum hreppi. Nam upphaflegt framlag kr. 3017,00 en er með viðbættum vöxtum til ársloka 1931 kr. 4845,44 — fjögur þúsund átta hundruð fjörutíu og fimm — krónur og 44/100. Fé þetta skal ávaxtast í Söfnunarsjóði Íslands ásamt vöxtum og gjöfum, er við það kunna að bætast, þangað til sjóðurinn nær þeirri upphæð, er segir í 5. gr. Höfuðstól hans má aldrei skerða.

3. gr.

Tilgangur sjóðstofnunar þessarar er: að styðja og styrkja lýðfræðslu í Rangárvalla- og Árnessýslu, samkvæmt því sem segir í 6. og 7. gr.

4. gr.

Heimilisfang og varnarþing sjóðsins skal vera í Landmannahreppi. Skal hreppsnefndin í þeim hreppi, ásamt sóknarpresti, hafa stjórn hans á hendi, undir yfirumsjón sýslunefndarinnar í Rangárvallasýslu. Ber stjórn sjóðsins að gera árleg reikningsskil, og skulu sömu reglur gilda um reikningsár, yfirskoðun og meðferð hans sem hreppsreikningsins. Komi ágreiningur út af sjóðnum eða meðferð hans, sker yfirstjórn fræðslumála Íslands úr. Heimilt skal þó meiri hluta sjóðstjórnarinnar að áfrýja þeim úrskurði til dómstólanna.

5. gr.

Þegar ársvextir sjóðsins nema kr. 500,00 — fimm hundruð — krónum, má hefja ⅘ — fjóra fimmtu — hluta vaxtanna, og svo árlega, þangað til ársvextir hans nema kr. 5000,00 — fimm þúsund — krónum. En þá skal það vera á valdi sjóðstjórnarinnar, hve mikið hún eykur höfuðstólinn.

81
18. ágúst

6. gr.

Vexti sjóðsins, sbr. 5. gr., má nota til þess að styrkja efnilega, námfúsa og siðsama unglinga til náms á svæði því, sem nefnt er í 3. gr., þó eigi fleiri en 2 úr sama hreppi samtímis, sbr. þó næstu gr.

7. gr.

Verði heimavistarskóli fyr eða síðar reistur í Landmannahreppi fyrir börn og unglinga, er heimilt að verja nokkru eða öllu af vöxtum sjóðsins, sbr. 5. gr., til styrktar þeirri stofnun eða til þess að gera nemendum vistina þar sem þægilegasta og ódýrasta. Á þann skóla er þó skylt að taka nemendur af svæði því, er um getur í 3. gr. svo sem rúm leyfir og ástæður mæla með. Innanhrepps nemendur skulu þó sitja fyrir öðrum, verði aðsókn svo mikil, að rúm vanti. Allir skulu nemendur undantekningarlaust njóta þeirra hlunninda, er skólinn getur veitt vegna sjóðs þessa.

8. gr.

Nánari reglur viðvíkjandi sjóði þessum má setja, en þó ekki í bága við skipulagsskrá þessa.

9. gr.

Skipulagsskrá þessi er samin af undirritaðri þar til kjörinni þriggja manna nefnd, sem óskar konungsstaðfestingar á henni.

Hvammi í Landmannahreppi, 3. febrúar 1932.

Eyjólfur Guðmundsson, Guðmundur Árnason, Ófeigur Vigfússon.

82
22. ágúst

AUGLÝSING

um

staðfesting dómsmálaráðuneytisins á reglugerð fyrir ljósmæðra- og hjúkrunarkvennaskóla Íslands.

Samkvæmt lögum nr. 13, 23. júní 1932, um ljósmæðra- og hjúkrunarkvennaskóla Íslands, er hérmeð staðfest eftirfarandi reglugerð fyrir nefndan skóla.

82
22. ágúst

REGLUGERÐ

fyrir

ljósmæðra- og hjúkrunarkvennaskóla Íslands.

I. KAFLI.

Hlutverk skólans.

1. gr.

Það er hlutverk skólans að ala upp hæfar ljósmæður og hjúkrunarkonur og mennta þær sem bezt til þess að vinna ljósmæðra- og hjúkrunarkvennastörf hér á landi.

Ljósmæðradeildina má nefna sérstaklega: Ljósmæðraskóla Íslands.

Hjúkrunarkvannadeildina má nefna sérstaklega: Hjúkrunarkvennaskóla Íslands.

II. KAFLI.

Stjórn skólans.

2. gr.

Stjórnarnefnd Landspítalans annast stjórn skólans.

III. KAFLI.

Námstíminn.

3. gr.

Námstíminn í ljósmæðradeildinni er eitt ár, hefst 1. október en endar 30. september.

Námstíminn í hjúkrunarkvennadeildinni er þrjú ár. Skólaárið hefst 1. júní en endar 31. maí.

IV. KAFLI.

Inntökuskilyrði.

4. gr.

Nemendur skulu við inntöku í skólann vera ekki yngri en tvítugir og ekki eldri en þrítugir. Veita má þó lítilsháttar tilslakanir frá þessum aldursákvæðum, þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi, og ráðuneytið leyfir.

82
22. ágúst

5. gr.

Þær konur, sem sækja um inntöku í skólann, skulu vera heilar heilsu og gæddar því andlegu og líkamlegu atgerfi, að þær séu líklegar til námsins, svo og til ljósmæðra- eða hjúkrunarkvennastarfa. Auk almennar góðrar heilbrigði er áherzla lögð á góða greind, gott siðferði og reglusemi, hreinlæti, snyrtilegt útlit og rösklega og prúða framkomu, góða sjón og heyrn, heilar og vel hirtar hendur og hörund, heilbrigða fætur, heilar eða viðgerðar tennur og góða munnhirðingu.

Á Landspítalanum fer fram nákvæm rannsókn á heilbrigðisástandi umsækjendanna, áður en þeim er veitt inntaka í skólann.

6. gr.

Þær konur, sem lokið hafa héraðsskólaprófi, gagnfræðaprófi eða kvennaskólaprófi með viðunandi vitnisburði, skulu að öðru jöfnu ganga fyrir öðrum umsækjendum, sem jafnan mega vera við því búnir að sanna við sérstakt inntöku próf að þeir hafi kunnáttu í betra lagi í íslenzku, skrift og reikningi, miðað við kröfur fræðslulaganna.

7. gr.

Krafizt er eiginhandar umsókna um inntöku í skólann, og skal senda þær til skólastjórnarinnar, umsóknir um inntöku í ljósmæðradeildina ekki síðar en 15. júlí, en umsóknir um inntöku í hjúkrunarkvennadeildina ekki síðar en 1. marz. Umsóknunum skal fylgja aldursvottorð, heilbrigðisvottorð frá lækni og prófvottorð um skólanám, ef fyrir hendi er.

Umsækjendur um inntöku í ljósmæðradeildina, sem hafa skuldbundið sig til að gegna ljósmóðurumdæmi að námi loknu, skulu senda vottorð um það frá viðkomandi oddvita.

8. gr.

Heimilt er að krefjast allt að 6 vikna forskólanáms til undirbúnings hjúkrunarnáminu, áður en nemendunum er að fullu veitt inntaka í hjúkrunarkvennadeildina.

9. gr.

Fyrstu tveir mánuðirnir í Ljósmæðradeildinni og fyrstu sex mánuðirnir í hjúkrunarkvennadeildinni teljast reynslutími, og er heimilt að vísa nemendunum burtu innan þess tíma, ef þeir reynast óhæfir til námsins eða starfsins, sem því er samfara.

V. KAFLI.

Tilhögun kennslunnar.

10. gr.

Kennslan í ljósmæðradeildinni er bæði bókleg og verkleg. Bóklega kennslan fer fram í Landspítalanum mánuðina október—júní og skal á þeim tíma farið yfir alla ljósmóðurfræðina með yfirheyrslum og fyrirlestrum a. m. k. 4 sinnum í viku, auk þess sem yfirljósmóðir fæðingardeildar Landspítalans leiðbeinir nemendunum við undirbúning undir kennslustundirnar. Verklega kennslan fer fram við dagleg störf á fæðingardeildinni og við ljósmóðurstörf í heimahúsum undir handleiðslu einnar eða fleiri starfandi ljósmæðra í Reykjavík, sem til þess eru ráðnar og ákveður ráðuneytið tölu þeirra. Yfirljósmóðir fæðingardeildarinnar hefir og verklegar æfingar með nemendunum að jafnaði einu sinni í viku. Síðari helming námstímans skulu nemendurnir látnir vinna sjálfstæð ljósmóðurstörf, eftir því sem verkefni fást til, og skal hver nemandi hafa tekið á móti að minnsta kosti 6 börnum við lok námstímans.

Nemendum ljósmæðradeildarinnar skal vandlega kennd bólusetning og bókfærsla sú, sem af yfirsetukonum er heimtuð samkvæmt yfirsetukvennareglugerð og bólusetningarreglugerð.

11. gr.

Kennsla í hjúkrunarkvennadeildinni er bæði bókleg og verkleg. Bóklega kennslan fer fram í Landsspítalanum fyrsta og þriðja skólaárið, mánuðina október—maí. Á fyrsta ári skal farið yfir ágrip af líffærafræði, lífeðlisfræði og heilsufræði, en á þriðja ári yfir ágrip af lyflækninga- og handlækningafræði, bæði árin með yfirheyrslum og fyrirlestrum a. m. k. þrisvar í viku, auk þess sem yfirhjúkrunarkona Landspítalans leiðbeinir nemendunum við undirbúning undir kennslustundirnar og kennir þeim almenna hjúkrunarfræði.

Verklega kennslan fer fram í Landspítalanum við dagleg störf á hinum ýmsu deildum hans fyrsta og þriðja skólaárið, en annað árið sé nemendunum að jafnaði komið fyrir til verklegs náms á hinum öðrum ríkisspítölum og stærri sjúkrahúsum landsins. Nú er ekki rúm fyrir alla nemendur fyrsta og þriðja árs á Landspítalanum, og má þá vista þá á öðrum sjúkrahúsum í Reykjavík og grendinni til verklegs náms þar, en með því skilyrði að þeir sæki kennslustundir á Landspítalann.

Nemendur skulu látnir ganga sem jafnast á milli hinna ýmsu deilda og sjúkrahúsa, þannig að þeir kynnist að nokkru hinum ýmsu hjúkrunargreinum, og á sérspítölunum (svo sem farsóttaspítala, geðveikraspítala, berklahælum, kynsjúkdómaspítala, holdsveikraspítala o. s. frv.) skal, ef unnt er, sjá þeim fyrir nokkurri fræðslu í viðkomandi sérgrein, skólanum að kostnaðarlausu. Hér að auki skal yfirhjúkrunarkona Landspítalans hafa verklegar hjúkrunaræfing-

82 ar með nemendunum, að jafnaði einu sinni í viku. Meðal annars skal þeim veitt
22. ágúst nokkur verkleg tilsögn í hjúkrunarmatreiðslu.

Síðasta ár námstímans skulu nemendur hjúkrunarkvennadeildarinnar fylgja læknunum reglulega eftir við sjúkravitjanir þeirra á spítalanum, og einnig vandir við að vinna sjálfstæð hjúkrunarstörf.

VI. KAFLI.

Tilhögun prófa.

12. gr.

Próf ljósmæðradeildarinnar er í tvennu lagi, bóklegt próf og verklegt próf, og fer hið bóklega próf fram í júnímánuði en hið verklega í lok námstímans.

Próf hjúkrunarkvennadeildarinnar er í þrennu lagi, tvö bókleg próf og eitt verklegt próf. Hið fyrra bóklega próf fer fram í maímánuði eftir eins árs nám og er þá prófað í þeim bóklegu fræðum, sem til þess tíma hafa verið numin. Hið síðara bóklega próf og verklega prófið fara fram í lok námstímans.

13. gr.

Hin bóklegu próf eru munnlega eða skrifleg eða hvorttveggja, eftir því sem prófdómarar og kennarar koma sér saman um.

Hið verklega próf ljósmæðradeildarinnar skal vera fólgið í ljósmóðurrannsókn á konu, greinargerð um ástand hennar og meðferð, og sýni nemandinn jafnframt nokkur ljósmóðurhandtök.

Hið verklega próf hjúkrunarkvennadeildarinnar skal vera fólgið í því, að nemandinn geri grein fyrir hjúkrunarmeðferð á ákveðnum sjúklingi og sýni jafnframt nokkur hjúkrunarhandtök.

Leitast skal við að haga prófunum þannig, að sem bezt yfirlit fáist yfir þekkingarstig nemendanna og starfsleikni þeirra.

14. gr.

Ráðherra skipar lækni og ljósmóður til að vera prófdómara við próf ljósmæðradeildarinnar og lækni og hjúkrunarkonu til að vera prófdómara við próf hjúkrunarkvennadeildarinnar.

Einkunnir skal ekki gefa við prófin en aðeins skera úr, hvort nemandinn hafi staðizt þau eða eigi.

Skólinn gefur nemendum prófskírteini að námi loknu og skal geta þess á þeim, hvort viðkomandi er að áliti kennara og prófdómara **hæf, vel hæf** eða **ágætlega hæf** til að vera ljósmóðir eða hjúkrunarkona, og skal þar ekki eingöngu miða við prófin, heldur engu síður við það, hvernig nemandinn hefir kynnt sig á námstímanum að skynsemd, reglusemi, samvizkusemi og ráðvendni til orða og verka, dugnaði, góðri hegðun og prúðu dagfari.

VII. KAFLI.

Kjör nemendanna.

15. gr.

Nemendur ljósmæðradeildarinnar eru vistaðir á Landspítalanum og skulu hafa þar húsnæði, ljós, hita, vinnuföt og þjónustu ókeypis. Fæði greiða þeir með kostnaðarverði. Þeir nemendur, sem hafa skuldbundið sig til að gegna ákveðnu ljósmóðurumdæmi ekki skemur en 3 ár samfleytt ganga fyrir öðrum um inntöku í skólann að öðru jöfnu, og eiga rétt á ríkissjóðsstyrk, sem svarar fæðiskostnaði þeirra á meðan þeir eru við námið.

Sérstaklega efnilegum nemendum má þó eftir tillögum kennara og landlæknis veita samskonar styrk, þó að þeir séu ekki fyrirfram ráðnir í ljósmóðurumdæmi.

16. gr.

Nemendur hjúkrunarkvennadeildarinnar skulu hafa ókeypis alla vist og vinnuföt á Landspítalanum og öðrum sjúkrahúsum, sem þeir starfa á, en laun eftir því sem um semst.

17. gr.

Nemendur eru skyldir að vinna á Landspítalanum og öðrum sjúkrahúsum, sem þeir eru vistaðir á, samkvæmt þessari reglugerð, og eftir þeim reglum, sem gilda á hverjum stað. Jafnan skulu þeir eiga rétt á einum fridegi í viku. Nemendur skulu og eiga rétt á sumarleyfi, nemendur ljósmæðradeildarinnar einnar viku og nemendur hjúkrunarkvennadeildarinnar ½ mánaðar tvö fyrstu árin, en þriggja vikna síðasta ár námstímans.

18. gr.

Heimilt er að krefjast þess, að nemendur séu meðlimir í löggiltu sjúkrasamlagi meðan þeir eru í skólanum, gegn því að sjúkrahús þau, sem þeir eru vistaðir í, greiði hálf iðgjöldin.

VIII. KAFLI.

Þóknun til kennaranna.

19. gr.

Yfirlæknir fæðingardeildar Landspítalans, sem er aðalkennari ljósmæðradeildarinnar, hefir að launum fyrir það allt að 1500 krónum á ári.

Yfirljósmóður fæðingardeildarinnar má greiða í þóknun fyrir kennsluna 300 krónur á ári.

Starfandi ljósmæðrum í bænum, sem til þess eru ráðnar að hafa nemend-

82 ur ljósmæðradeildarinnar með sér við ljósmæðrastörf í heimahúsum, má greiða
22. ágúst í þóknun fyrir það allt að 300 krónur á ári hverri um sig.

20. gr.

Kennslustörf yfirlækna Landspítalans við hjúkrunarkvennadeildina eru unnin kauplaust.

Yfirhjúkrunarkonu Landspítalans má greiða í þóknun fyrir kennsluna 300 krónur á ári.

21. gr.

Nú þarf tímakennara við skólann í einhverjum sérgreinum, og má þá greiða þeim tímakennara laun meðan fjárveiting til skólans hrekkur til. Ekki má ráða tímakennara án samþykkis ráðuneytisins.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Þetta er öllum þeim, er hlut eiga að máli, til vitundar gefið til eftirbreytni.

Í dómsmálaráðuneytinu, 22. ágúst 1932.

Magnús Guðmundsson.

Gissur Bergsteinsson.

83 **AUGLÝSING**
24. ágúst

um

sérstaka friðun rjúpna.

Ráðuneytið hefir í dag gefið út eftirfarandi auglýsingu:

Enn hefir rjúpum lítið fjölgað í landinu, og verður ekki komizt hjá því að friða rjúpuna alveg einnig þetta árið. Samkvæmt heimild í lögum nr. 27 frá 1924, skipar því ráðuneytið svo fyrir, að rjúpur, sem annars eru að lögum friðaðar ár hvert á tímabilinu frá 1. janúar til 5. október, skuli á yfirstandandi ári einnig vera friðaðar tímabilið frá 15. október til ársloka.

Þetta er birt til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 24. ágúst 1932.

Magnús Guðmundsson.

Gissur Bergsteinsson.

AUGLÝSING

84
25. ágúst

um

staðfesting stjórnarráðsins á lögreglusamþykkt fyrir Gerðahrepp í Gullbringusýslu.

Samkvæmt lögum nr. 26, frá 8. september 1931, um breyting á lögum nr. 18, 20. okt. 1905, um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna, er hérmeð staðfest eftirrituð

LÖGREGLUSAMÞYKKT

fyrir

Gerðahrepp í Gullbringusýslu.

I. KAFLI.

Um reglu og velsæmi á almannafæri.

1. gr.

Á alfaravegi eða annarsstaðar, þar sem almenningur fer um í hreppnum, má ekki hafa í frammi neinn hávaða eða óstjórnlegt og móðgandi háttalag, sem raskar friði og allsherjarreglu, eða ónáðar á einhvern hátt þá, sem um fara eða í nánd búa.

2. gr.

Enginn má að ástæðulausu berja á dyr, glugga eða utan húsveggi, eða aðhafast neitt það, er ónáðar eða móðgar húsbúendur.

II. KAFLI.

Ákvæði um að gera umferðina greiðari.

3. gr.

Á almannafæri má enginn leggja, hengja upp né setja neitt, sem tálmar umferð manna, og getur orðið hættulegt akandi, ríðandi eða gangandi mönnum.

4. gr.

Hjólreiðarmenn skulu fara gætilega um götur hreppsins, svo og þeir, er aka bifreiðum. Skulu þeir ætíð hafa bjöllu eða lúðra á farartækjum sínum, og gæta þess að gera ætíð aðvart í tæka tíð þeim, sem á undan fara, og ætíð hringja

84 25. ágúst

eða blása í lúður áður en þeir fara fyrir götuhorn eða fram hjá dyrum, er nærri liggja götu. Ennfremur er þeim skylt að hafa lugtir á slíkum farartækjum, og kveikja á þeim, ef þeir eru á ferð, frá því að fer að skyggja á kvöldin, og þar til orðið er bjart að morgni.

III. KAFLI.

Um friðun almenningseigna.

5. gr.

Enginn má skemma, lýta eða óhreinka eða á annan hátt spilla eignum hreppsins, hvort heldur það eru vegir, vatnsból manna, byggingar eða annað, sem ætlað er til almenningsnota.

6. gr.

Enginn má skrifa, rispa, mála né tjarga á hús manna eða girðingar neitt það er hneyksli veldur, skemmdum eða óprýði á húsum manna eða mannvirkjum.

Óviðkomandi mönnum er bönnuð öll umferð um ræktuð lönd hreppsins annarsstaðar en þar sem vegir liggja, nema með leyfi landráðanda. Girðingum má ekki spilla né skilja eftir opin hlið, sem lokað verður.

7. gr.

Enginn óviðkomandi maður má hagnýta eða tileinka sér neinar nytjar, svo sem beit, egg veiði fugla, fiska eða annað, án leyfis landráðanda.

IV. KAFLI.

Um fjallskil og ágang búpenings.

8. gr.

Sauðfjár- og hrossaeigendur í hreppnum skulu á vori hverju koma sauðfénaði og ónauðsynlegum hrossum burt úr landi hreppsins, til hagbeitar á afrétt eða annarsstaðar, nema þeir geti gætt fénaðar síns í fjárheldum eða gripheldum girðingum. Hross skulu rekin fyrir 20. maí, geldfé fyrir fardaga, ær fyrir 1. júlí. Nauðsynleg brúkunarhross mega þó vera utan girðingar.

Að öðru leyti eru allir skyldir að gæta svo sauðfénaðar síns, hrossa, annara gripa og alifugla að ekki gangi og valdi skemmdum á túnum og matjurtagörðum hreppsbúa.

9. gr.

Ef sauðkindur eða hross koma í tún eða matjurtagarða hreppsbúa, frá sumarmálum til veturnótta, eftir að samþykkt þessi hefir náð staðfestingu dóms-

málaráðuneytisins, er þeim, er fyrir áganginum verður heimilt að kyrrsetja fénaðinn. Skal það tilkynnt, svo fljótt sem við verður komið, eiganda eða umráðamanni fénaðarins, er þá getur hirt hann gegn því að greiða kr. 1,00 fyrir hverja sauðkind og kr. 3,00 fyrir hvert hross.

Hafi eigandi eða umráðamaður ekki hirt eða hirða látið hina kyrrsettu gripi innan tveggja sólarhringa frá því hann fékk tilkynningu um töku þeirra, má láta selja gripina á opinberu uppboði til greiðslu á skaðabótum og kostnaði.

10. gr.

Eigendur þess sauðfénaðar og þeirra hrossa, sem rekið er á fjall eða afrétt, skulu sjálfir annast nauðsynleg fjallskil. Vanræki eigendur þetta, er hreppsnefnd heimilt að láta gera það á kostnað þeirra.

V. KAFLI.

Veitingastaðir, samkomuhús og skemmtanir.

11. gr.

Veitingasölu og samkomur má aðeins reka í þeim húsum, sem eru vel til þess hæf, að dómi héraðslæknis, svo sem að loftræsting sé í góðu lagi og önnur heilbrigðisskilyrði, að til séu nægileg salerni, er gestum sé heimill gangur að til nota, og þau séu auðveld til þrifnaðarviðhalds.

12. gr.

Á veitingastöðum og almennum samkomum má enginn hafa í frammi óróa, háreysti eða áflog er valdið geta ónæði eða spillt ánægju og skemmtun á samkomum. Eigi má sýna af sér ósæmilega eða hneykslanlega hegðun eða hafa hættuspil um hönd.

13. gr.

Vilji einstaklingar eða félag hafa almenna samkomu, svo sem dansskemmtun, sjónleik, söngskemmtun, íþróttasýning, myndasýning o. s. frv., er almenningi sé boðið til eða hafi aðgang að, og eigi að selja aðgang eða hafa veitingar á staðnum, skal leita leyfis til þess hjá hreppstjóra, er þá ákveður gjald fyrir leyfið lögum samkvæmt.

Sé samkomunni ætlað að standa fram á nótt (milli 23 og 6), skal hreppstjóri því aðeins veita leyfið, að hann treysti umsækjanda til að gæta í öllu góðrar reglu og velsæmis á samkomunni, enda hafi umsækjandi, á sinn kostnað, tryggt sér menn, er hreppstjóra geti verið til aðstoðar við eftirlit í þessu efni allan samkomutímann.

Lokið skal aðgangsölu og samkomuhúsinu lokað eigi seinna en kl. 12 á miðnætti, en hreppstjóri getur leyft að veitingasala til samkomugesta fari fram meðan samkoman stendur.

84 25. ágúst

Börnum innan fermingaraldurs er ekki leyfilegt að vera á almennum samkomum eftir kl. 12 á miðnætti. Fari nokkuð það fram, er brýtur í bág við reglu eða velsæmi, er hreppstjóra heimilt að láta slíta samkomunni.

Almennar útisamkomur eru háðar þessum sömu reglum, að svo miklu leyti, sem þeim verður viðkomið.

VI. KAFLI.

Um þrifnað og heilbrigði.

14. gr.

Skepnum má ekki slátra á eða við götu eða á almannafæri yfirleitt, heldur skal það gert að húsabaki eða innan girðingar ,og skal þess vandlega gætt, að skepnur sjái ekki blóðvöllinn, og að hann sé hreinsaður að slátrun lokinni.

15. gr.

Stampa, opnar tunnur, föt eða önnur ílát með lifur, grút, slori eða þvíliku má ekki láta standa á almannafæri, né nokkuð laust eða í ílátum, sem ódaun leggur af eða óþrifnaði veldur.

16. gr.

Bannað er að hella skolpi, sem fiskur eða annað hefir verið þvegið úr á götu eða almannafæri, ekki má heldur hella þar eða skilja eftir neitt það er óþrifnaði veldur.

Vatnsból skulu vel varin fyrir öllum óþrifnaði, og þess stranglega gætt, að skolpi eða öðru, er óþrifnaði veldur, sé eigi helt þann veg, að runnið geti að þeim.

For, slor og annað þvílíkt skal jafnan flytja í heldum ílátum eða vögnum um götur og alfaravegi í hreppnum ,og skal sá er á eða sá sem flytur, hreinsa upp ef niður á götuna fer.

VII. KAFLI.

Um tryggingu fyrir hættum.

17. gr.

Vatnsból skul vera svo vel byggð eða svo traustlega, að engum, hvorki mönnum né skepnum stafi hætta af þeim.

18. gr.

Safngryfjur og forir skulu vera þaktar svo engan ódaun leggi af þeim, og svo vel umgirtar, að engin hætta geti af stafað fyrir menn eða skepnur.

VIII. KAFLI. 84
25. ágúst

Lögtaksréttur og hegningarákvæði.

19. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að kr. 500,00, nema þyngri refsing liggi við. Sektir renna í sveitarsjóð Gerðahrepps.

20. gr.

Með mál út af samþykkt þessari skal farið sem almenn lögreglumál.
Samþykkt þessi öðlast gildi 15. september 1932.

Þetta birtist hérmeð til leiðbeiningar öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 25. ágúst 1932.

Magnús Guðmundsson.

Gissur Bergsteinsson.

AUGLÝSING 85
1. sept.

um

kosningu alþingismanns fyrir Reykjavík.

Þar sem alþingismaður Einar Arnórsson hefir verið skipaður dómari í Hæstarétti, og hefir þess vegna misst kjörgengi til Alþingis, er nú orðið autt sæti eins alþingismanns fyrir Reykjavík.

Fyrir því er hérmeð, samkvæmt 53. gr. laga nr. 28 frá 1915, um kosningar til Alþingis, skipað svo fyrir, að kosning skuli fara fram laugardaginn 22. október 1932 á einum alþingismanni fyrir Reykjavík í stað hins fráfarna þingmanns.

Þetta er hér með birt öllum þeim, er hlut eiga að máli, og hefir verið lagt fyrir hlutaðeigandi yfirkjörstjórn að undirbúa kosning þessa, og sjá um, að hún fari fram lögum samkvæmt.

Í dómsmálaráðuneytinu, 1. september 1932.

Magnús Guðmundsson.

Gissur Bergsteinsson.

86

YFIRLIT

um

hag Búnaðarbanka Íslands 30. júní 1932.

Eignir:

1.	Skuldabréf fyrir lánum:			
	a. Sparisjóðsdeild	kr.	788992,57	
	b. Ræktunarsjóður	—	5026033,68	
	c. Veðdeild	—	1482742,08	
	d. Byggingar- og landnámssjóður	—	1724160,51	
	e. Viðlagasjóður	—	1980170,85	
				kr. 11002099,69
2.	Verðbréf:			
	a. Sparisjóðsdeild	kr.	247778,57	
	b. Viðlagasjóður	—	35900,00	
				— 283678,57
3.	Víxlar			— 1178189,00
4.	Ýmsir viðskiptamenn:			
	a. Sparisjóðsdeild	kr.	291,20	
	b. Ræktunarsjóður	—	4977,20	
	c. Byggingar- og landnámssjóður	—	449,05	
				— 5717,45
5.	Óinnheimtar tekjur:			
	a. Ræktunarsjóður	kr.	94785,56	
	b. Veðdeild	—	32517,32	
				— 127302,88
6.	Innanstokksmunir			— 11000,00
7.	Tryggingar fyrir ábyrgðum			— 1864000,00
8.	Útibú á Akureyri			— 308287,38
9.	Sameiginlegur kostnaður allra deilda			— 39346,81
10.	Varasjóður Ræktunarsjóðs			— 144806,91
11.	Innieign viðlagasjóðs erlendis			— 280994,37
12.	Innieign í Landsbanka Íslands			— 180000,00
13.	Peningar í sjóði			— 22625,11
				Kr. 15448048,17

Skuldir: 86

1.	Skuld við ríkissjóð:			
	a. Sparisjóðsdeild	kr.	1500000,00	
	b. Byggingar- og landnámssjóður	—	600000,00	
	c. Viðlagasjóður	—	154000,00	
				kr. 2254000,00
2.	Innstæðufé í sparisjóði og á skirteinum			— 1619303,49
3.	Innstæða í hlaupareikningi			— 80920,93
4.	Ábyrgðir			— 1864000,00
5.	Skuld viðlagasjóðs við bjargráðasjóð			— 100000,00
6.	Jarðræktarbréf í umferð			— 2621200,00
7.	Veðdeildarbréf í umferð			— 1500000,00
8.	Óinnleystir vaxtamiðar jarðræktarbréfa			— 163,50
9.	Vextir og aðrar tekjur:			
	a. Sparisjóðsdeild	kr.	93960,47	
	b. Viðlagasjóður	—	42159,53	
				— 136120,00
10.	Skuldlaus eign:			
	a. Sparisjóðsdeild	kr.	21542,02	
	b. Ræktunarsjóður	—	2738220,61	
	c. Veðdeild	—	16783,99	
	d. Byggingar- og landnámssjóður	—	453833,55[1])	
	e. Viðlagasjóður	—	2041960,08	
				— 5272340,25
				Kr. 15448048,17

Búnaðarbanki Íslands.

1) Að auk óinnheimt þessa árs tillag úr ríkissjóði kr. 202000.00.

87

REIKNINGUR

yfir

tekjur og gjöld Prestsekknasjóðsins árið 1931.

Tekjur:

1. Eignir í árslok 1930			kr. 60434,30
2. Vextir á árinu:			
a. Af veðdeildarbréfum	kr.	1250,00	
b. — veðskuldarbréfi	—	120,00	
c. — innstæðu í söfnunarsjóði	—	1582,57	
d. — innstæðu í sparisjóði	—	222,56	
			— 3175,13
3. Gjafir og tillög			— 281,00
			Kr. 63880,43

Gjöld:

1. Úthlutað á árinu			kr. 1400,00
2. Eign í árslok 1931:			
a. Veðdeildarbréf	kr.	26500,00	
b. Veðskuldarbréf	—	2400,00	
c. Inneign í söfnunarsjóði	—	27905,00	
d. Inneign í sparisjóði	—	5210,88	
e. Hjá reikningshaldara	—	464,55	
			— 62480,43
			Kr. 63880,43

Biskupinn yfir Íslandi.

Reykjavík, 12. marz 1932.

Jón Helgason.

REGLUGERÐ

88
26. ágúst

um

breyting á hafnarreglugerð fyrir Ísafjarðarkaupstað frá 27. júní 1929.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið hefir í dag samkvæmt lögum nr. 76, 14. nóvember 1917, gefið út svofelda reglugerð um breyting á hafnarreglugerð fyrir Ísafjarðarkaupstað frá 27. júní 1929.

Í stað „15 smálestum“ í 23. gr. d. lið komi: 30 smálestum.

Reglugerð þessi öðlist þegar gildi.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 26. ágúst 1932.

Magnús Guðmundsson.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ

89
30. ágúst

fyrir

bátabryggjuna og bátauppsátrið á Blönduósi.

1. gr.

Sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu kýs 3ja manna nefnd til þess að hafa á hendi alla yfirumsjón með bryggjunni og bátauppsátrinu. Kosning þessi gildir fyrir 3 ár í senn, en á hverju ári skal kosinn 1 maður í nefndina í stað eins, er árlega fer úr henni, sem skal verða eftir hlutkesti 1. og 2. ár. Nefndin kýs sér formann úr sínum flokki og ræður bryggjuvörð, er má vera utannefndar, og semur um borgun fyrir störf hans. Formaður kallar nefndina saman á fund, þegar hann álítur þess þörf, eða bryggjuvörður krefst þess.

Nefndarmenn fá þóknun fyrir störf sín í þarfir bryggjunnar eftir reikningi, er sýslunefnd úrskurðar.

2. gr.

Bryggjuvörður skal hafa alla umsjón og eftirlit með bryggjunni, bátauppsátrinu, tækjum þeim, er fylgir hvorutveggju, allri notkun og nauðsynlegum aðgerðum, hann skal sjá um að bátar séu ekki látnir hanga í krönunum svo til baga geti orðið fyrir þá er nota þurfa bryggjuna og hegða sér í öllu eftir fyrir-

89 30. ágúst

mælum reglugjörðar þessarar og skulu allir þeir er nota bryggjuna, bátauppsátrið, eða tækin, skyldir að hlýða fyrirskipunum hans í því efni.

3. gr.

Bátar hafa rétt til þess að leggjast að bryggjunni og nota tæki hennar til affermingar og hleðslu í þeirri röð, er þeir koma að henni, þó skulu bátar þeir er flytja póst, hafa rétt til þess að leggjast að henni tafarlaust, til að afhenda póstinn.

4. gr.

Allar skemmdir, er bryggjan og áhöld hennar verða fyrir af mannavöldum, skal bæta að fullu af umráðamanni báts þess, er verið er að afgreiða og skemmdir hljótast af.

5. gr.

Þegar vörur eru fluttar í skip, eða úr, við bryggjuna er hlutaðeigendum heimilt að láta þær liggja á bryggjunni svo sem pláss leyfir allt að 24 klukkustundir, en hlýða skulu þeir fyrirskipunum bryggjuvarðar, og sjá um að vörunum sé hagrætt þannig, að ekki tálmi afnotum bryggjunnar eða tækja hennar, og að ekki hvíli of mikill þungi á hverjum hluta bryggjunnar, þó er bryggjuverði heimilt ef nauðsyn krefur, að krefjast þess, að varan sé flutt strax af bryggjunni, eða láta flytja hana á kostnað eiganda. Bryggjuvörður getur bannað alla ónauðsynlega umferð um bryggjuna.

6. gr.

Hver, sem notar bryggjuna, tæki hennar eða bátanaustið, skal greiða fyrir það til bryggjusjóðs sem hér segir:

1. Fyrir báta, sem ganga til fiskiveiða frá Blönduósi:
   a. Fyrir að renna opnum bát að bryggjunni og kasta fiski upp úr honum, hvort sem er um vélbát eða ekki að ræða, greiðist fyrir mánaðar eða skemmri tíma kr. 2.00—5.00, eftir stærð bátsins og ákvæðum bryggjuvarðar.
   b. Fyrir að setja þessa báta upp eða fram með setningartækjum bryggjunnar greiðist fyrir smábát kr. 0.75, fyrir 4—6 manna far kr. 1.00, og fyrir stærri báta kr. 1.25.
   c. Fyrir að geyma þessa báta í naustinu greiðist fyrir 2—6 manna far kr. 1.00 um mánuðinn og kr. 2.50 fyrir stærri báta. Þó má bryggjuvörður því aðeins leyfa geymslu slíkra báta í naustinu, að vissa sé fyrir því, að að þeir verði ekki til baga uppskipun eða framskipun á vörum eða uppskipunarbátum.

   Gjöld þessi samtals, samkvæmt a—c fari þó ekki yfir kr. 40.00 fyrir hvern bát yfir árið.
2. Fyrir aðra báta skal greiða gjald sem hér segir:
   a. Fyrir að renna bát að bryggjunni, er festi sig aðeins, en hvorki ferm-

ing né afferming fer fram, og liggur ekki lengur en 6 tíma við bryggjuna, greiðist: Fyrir venjulegan uppskipunarbát eða minni kr. 1.50, fyrir stærri báta en 5 smálesta kr. 0.25 fyrir hverja smálest, sem framyfir er.

b. Fyrir að bátur liggi lengur en 6 tíma við bryggjuna greiðist kr. 1.50 til 4.50 fyrir hverja 12 tíma eftir stærð bátsins og ákvörðun bryggjuvarðar.

c. Fyrir að skipa upp úr bát eða fram í hann greiðist kr. 6.00.

d. Fyrir að setja bát upp eða fram greiðist fyrir smábát kr. 1.50, fyrir 4—6 manna far kr. 3.50 og fyrir stærri báta kr. 6.00.

e. Fyrir að geyma bát í naustinu greiðist kr. 1.00 um vikuna, þá á Kaupfélag Húnvetninga rétt á að geyma þar 2 báta og verzlanir sunnan Blöndu í félagi 1 uppskipunarbát án endurgjalds.

Auk geymslu þeirra þriggja báta, er nú voru nefndir, hafa sömu aðiljar forgangsrétt fyrir öðrum til þess að geyma þar sinn bátinn hvor, þ. e. K. H. annarsvegar og félag verzlana sunnan Blöndu hinsvegar gegn framangreindu endurgjaldi. Með tilliti til þess, hvað Kaupfélag Húnvetninga og Sláturfélag A.-Húnvetninga hafa lagt til bátauppsátursins og bryggjunnar, skal þeim ekki skylt að greiða nema hálf gjöld fyrir not sín af þeim, miðað við aðra notendur þeirra, og sömuleiðis skulu þau hafa forgangsrétt að bátanaustinu fyrir tvo báta, er þau mega hafa þar gjaldfrjálst.

Fyrir að ferma báta með vörum, sem skipað hefir verið upp á bryggjuna, til þess að flytja þær þaðan sjóveg aftur, skal ekki greiða sérstakt gjald, ef það ekki tefur fyrir afgreiðslu skipa.

7. gr.

Gjöld þau sem ræðir um í 6. gr. 1. lið a—e, skulu greidd mánaðarlega og er afli og veiðarfæri hlutaðeigandi báta að veði fyrir þeim.

Gjöld þau, er ræðir um í 6. gr. 2. lið stafl. a—d skulu greidd bryggjuverði strax og búið er að afgreiða skip það sem flytur eða tekur vörurnar. Þó er bryggjuverði heimilt, til að tryggja að gjöldin verði greidd, leggja löghald á svo mikið af vörunni, sem senda á eða upp er skipað, að nægi fullkomlega fyrir bryggjugjaldinu, nema sett sé önnur trygging fyrir því, er hann tekur gilda.

Ágreiningsmálum milli bryggjuvarða og notenda bryggjunnar eða uppsátursins má skjóta undir úrskurð sýslunefndar Austur-Húnavatnssýslu.

8. gr.

Bryggjuvörður skal hafa á hendi innheimtu á öllum tekjum bryggjunnar og bátauppsátursins, skulu þær lagðar í sérstakan sjóð, er nefnist Bryggjusjóður, og ávaxtist í sparisjóði Húnavatnssýslu, hann skal gera reikning yfir tekjur og gjöld bryggjusjóðs og senda hann oddvita sýslunefnda Húnavatnssýslu fyrir 31. janúar ár hvert.

89
30. ágúst

9. gr.

Bryggjusjóður skal vera undir umsjón sýslunefndar Austur-Húnavatnssýslu, og skal honum eingöngu varið til umbóta og aðgerðar bryggjunni, tækjum hennar og bátauppsátrinu.

10. gr.

Brot móti reglugerð þessari varða sektum allt að 100 kr. og fer um mál út af þeim sem almenn lögreglumál. Sektirnar renna í Bryggjusjóð.

11. gr.

Öll gjöld samkvæmt 6. grein má taka lögtaki.

12. gr.

Með reglugjörð þessari er úr gildi felld reglugerð fyrir bátabryggjuna og bátauppsátrið á Blönduósi, frá 1. sept. 1927.

Reglugerð þessi staðfestist hérmeð samkvæmt lögum nr. 76, 14. nóvember 1917 til að öðlast gildi 15. september 1932 og birtist hérmeð til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 30. ágúst 1932.

Magnús Guðmundsson.

Páll Pálmason.

90
9. sept.

REGLUGERÐ

um

breyting á reglugerð fyrir Snæfellsness- og Hnappadalssýslu um fjallskil m. m. frá 24. júlí 1930.

Í stað orðanna: „Miðvikudaginn í 24. viku sumars“ í 18. gr. fjallskilareglugerðarinnar komi: „Fimmtudaginn í 24. viku sumars“.

Reglugerð þessi sem sýslunefnd Snæfellsness- og Hnappadalssýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna staðfestist hérmeð til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 9. september 1932.

Þorsteinn Briem.

Gunnl. E. Briem.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Páls V. Bjarnasonar sýslumanns, útgefin á venjulegan hátt, að mandatum af dómsmálaráðherra, 12. september 1932. Skipulagsskráin er þannig: **91** 12. sept.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

Minningarsjóð Páls V. Bjarnasonar sýslumanns.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með 2000 kr. fjárframlagi úr sýslusjóði Snæfellsness- og Hnappadalssýslu.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja fátæk efnileg ungmenni í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu til náms í bóklegum og verklegum fræðum.

3. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Skal hann ávaxtaður í Söfnunarsjóði Íslands.

4. gr.

Árlegir vextir skulu lagðir við höfuðstól sjóðsins, þar til ársvextir af honum nema 400 kr., þá má verja allt að helmingi ársvaxta til styrkveitinga samkvæmt 2. grein, og veitist upp frá því helmingur ársvaxta, þó aldrei minna en 200 kr. hverjum styrkþega.

5. gr.

Sýslunefndin í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu hefir aðalumsjón sjóðsins á hendi, kýs hún stjórn sjóðsins, úrskurðar reikninga hans og gætir þess að skipulagsskrá þessari sé fylgt.

6. gr.

Oddviti sýslunefndar sé jafnan formaður stjórnarinnar og hafi reikningshald sjóðsins á hendi. Í stjórn með honum eru tveir menn kosnir af sýslunefndinni til 6 ára í senn. Stjórnin hefir á hendi umsjón sjóðsins, veitir styrk úr honum, semur árlega reikning hans og leggur hann fyrir sýslunefndina til úrskurðar.

7. gr.

Sá, sem vill fá styrk úr sjóðnum, skal senda stjórn sjóðsins skriflega beiðni um það fyrir 1. september. Skal beiðni hans fylgja vottorð tveggja valinkunnra manna með því, að honum verði veittur styrkur úr sjóðnum.

91
12. sept.

8. gr.

Á skipulagsskrá þessari skal leita konunglegrar staðfestingar.

Þannig samþykkt á fundi sýslunefndar Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 29. apríl 1932.

Jón Steingrímsson.

92
23. sept.

REGLUR

um

hrossasýningar.

1. gr.

Búnaðarfélag Íslands sér um framkvæmd II. kafla búfjárræktarlaganna frá 8. september 1931 og ber um kynbætur hrossa að fara eftir reglum þeim, sem um það efni eru settar í 18.—36. gr. laganna.

2. gr.

Að tilhlutun Búnaðarfélags Íslands skal halda hrossasýningar í hverri sýslu landsins þriðja hvert ár.

Landinu er skipt í þrjú sýningarsvæði, sem hér segir:

1. Frá Hellisheiði, vestur um land, að Hrútafjarðará.
2. Frá Hellisheiði, austur um land, að Gunnólfsvíkurfjalli.
3. Frá Hrútafjarðará, austur um land, að Gunnólfsvíkurfjalli.

Árið 1932 verða hrossasýningar á 1. sýningasvæði, árið 1933 á 2. sýningarsvæði, árið 1934 á 3. sýningarsvæði og svo í sömu röð áfram.

3. gr.

Hross eru ekki tekin yngri á héraðssýningar en hér segir: Stóðhestar þriggja vetra, en hryssur fjögra vetra. Aftur á móti er það á valdi dómnefndar hve gömul hross hún tekur á sýningu.

4. gr.

Á héraðssýningum greiða sýnendur sýningargjöld fyrir gripi sína, sem hér segir:

1. Fyrir hvern stóðhest 4 vetra og eldri ..... 4 kr.
2. Fyrir hvern stóðhest 3 vetra ..... 2 —
3. Fyrir hverja hryssu 4 vetra og eldri ..... 1 —

Rennur fé þetta í sýningarsjóðinn.

5. gr.

Sýslunefnd kýs sýningarstjóra og tvo dómnefndarmenn á þær sýningar, sem haldnar verða í hverri sýslu svo og afkvæmasýningar.

Sýningarstjóri sér um undirbúning á sýningarstaðnum. Hann stjórnar sýningunni, innheimtir sýningargjöld og greiðir til dómnefndar fé það, er sýslan leggur til sýningarinnar, en ráðunautur Búnaðarfélags Íslands skal greiða fé það, er ríkissjóður leggur til sýningarinnar.

Dómnefnd metur hrossin til verðlauna.

Ráðunautur Búnaðarfélags Íslands í hrossarækt er oddviti dómnefndar, og hefir hann neitunarvald um veitingu verðlauna.

Ráðunautur Búnaðarfélags Íslands í hrossarækt gerir hinsvegar rökstudda grein fyrir niðurstöðum dómnefndar.

Dómnefndin ákveður fjárhæð hinna einstöku verðlaunaflokka, nema I. verðlaun stóðhesta, sem eru lögákveðin, en sýningarstjóri annast um greiðslu verðlaunanna, eftir sýningarskrá frá dómnefndinni.

6. gr.

Nú verður afgangur af sýningarfénu, og skal þá sýningarstjóri afhenda það hlutaðeigandi sýslumanni, en hann ávaxtar það í sparisjóði eða annari tryggri peningastofnun, þar til næst verður haldin slík sýning í héraðinu. Telst þó þessi fjárhæð, að viðlögðum vöxtum, með öðrum tekjum þeirrar sýningar.

7. gr.

Fyrir lok janúarmánaðar ár hvert, skal Búnaðarfélag Íslands tilkynna hlutaðeigandi sýslumanni um sýningar þær, sem halda á í sýslu hans á næsta vori, svo og um styrkhæðina úr ríkissjóði. Skal sýslumaður í samráði við sýslunefnd hafa svarað erindinu til Búnaðarfélags Íslands fyrir miðjan aprílmánuð næstkomandi.

8. gr.

Fyrir 1. apríl skulu þeir héraðsbúar eða félög, sem eiga fullorðna stóðhesta, er geta keppt um verðlaun fyrir afkvæmi sín, samkvæmt reglugerð þessari, tilkynna hlutaðeigandi sýslumanni, að þeir óski eftir slíkri sýningu. Fyrir miðjan apríl skýrir sýslumaður Búnaðarfélagi Íslands frá hverjir óski slíkra sýninga, hvar þær verði haldnar og hverjir séu kosnir í dómnefnd.

Búnaðarfélag Íslands tilkynnir svo hlutaðeigandi sýslumanni, hvenær sýningarnar verði haldnar, en hann sér um að þær verði auglýstar nægilega í héraðinu.

9. gr.

Er stóðhestur keppir um verðlaun fyrir afkvæmi sín í fyrsta sinni, skulu að minnsta kosti sýnd 10 afkvæmi hans í I. lið 1 og 2 vetra og 20 afkvæmi hans í I. lið 3 vetra og eldri, og fylgi þeim mæður þeirra allra; en er hestur keppir í annað sinn um slík verðlaun, þá skulu sýnd svo mörg afkvæmi hans í I. lið með

92 23. sept. mæðrum þeirra, sem að framan greinir, og að minnsta kosti 20 atkvæmi hans í annan lið 2 vetra og eldri, ella er ekki hægt að dæma honum verðlaun fyrir afkvæmi.

Reglur þessar eru hérmeð settar samkvæmt lögum 8. september 1931 um búfjártryggingar til þess að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 23. september 1932.

Þorsteinn Briem.

Páll Pálmason.

93 27. sept. **Staðfesting konungs** á skipulagsskrá fyrir Sönglistarsjóð Stokkseyrarkirkju, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra, 27. september 1932. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

Sönglistarsjóð Stokkseyrarkirkju.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Sönglistarsjóður Stokkseyrarkirkju. Stofnaður 5. apríl 1928 af Gísla Pálssyni organleikara við Stokkseyrarkirkju. Stofnfé kr. 250.00 — tvö hundrum og fimmtíu — krónur.

2. gr.

Sjóðnum stjórnar fimm manna nefnd. Sóknarnefndin 3 menn og organleikari sjálfkjörinn. Svo kýs söngflokkurinn 1 mann eða það, sem vantar í fimm. Nefndin sér um að efla sjóðinn með frjálsum samskotum, söngskemtunum, hlutaveltum og ýmsu því er hún sér bezt henta, en ekki með neinum skyldugjöldum.

3. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn kr. 3000,00 — þrjú þúsund krónur — má taka út hálfa vexti hvert ár, sem söngflokkurinn skiptir í fyrirhöfn sína við söng kirkjunnar eða til að mennta einn eða fleiri í sönglist, sem á að koma þeim að góðum notum við kirkjusönginn. Sönginn skal æfa og vanda á ári hverju með góðum áhuga og vandvirkni, svo góður verði.

93
27. sept.

4. gr.

Nú falla æfingar niður og söngurinn er ekki góður að dómi nefndarinnar, skal þá ekki taka út vexti það ár, leggjast þeir þá við höfuðstól til þess að auka hann sem mest, svo að söngflokkurinn fái vilja á að hafa sönginn sem beztan að hægt er með þekkingu, vilja og góðri ástundun.

5. gr.

Sjóðinn má aldrei skerða. Hann skal vera á góðum rentustað, vel tryggðum, t. d. Söfnunarsjóð Íslands. Hann skal vera eign Stokkseyrarkirkju og notaður í þessar þarfir sem að ofan er getið, en ekki skal hann renna saman við sjóð kirkjunnar og ávallt skulu reikningar hans færðir út af fyrir sig í þar til gerða bók við kirkjuna. Ákvæði laga um að fé kirkna skuli ávaxta í hinum almenna kirkjusjóði ná ekki til þessa sjóðs. Þó að hin evangeliska-lúterska kirkja hætti að vera þjóðkirkja Íslands, má sjóður þessi aldrei verða eign ríkisins, heldur skal hann þá vera alger eign evangelisk-lútersks safnaðar Stokkseyrar.

6. gr.

Reikningur sjóðsins skal lesinn upp ár hvert á safnaðarfundi með reikningum kirkjunnar, útskýrður eftir þörfum og fylgja reikningum hennar til prófasts, undirskrifaður af nefndinni.

Stokkseyri, 3. september 1932.

Gísli Pálsson.

94
5. okt.

REGLUGERÐ

um

skýrslugerðir lækna og þeirra, sem lækningaleyfi hafa, annara heilbrigðisstarfsmanna og heilbrigðisstofnana.

1. gr.

Allir læknar og þeir, sem lækningaleyfi hafa, skulu skyldir til að halda dagbók eða spjaldskrá yfir sjúklinga þá, sem þeir taka til meðferðar, og skrá þar nafn hvers sjúklings, aldur, stöðu, heimilisfang, sjúkdóm, meðferð og afdrif, þegar þau eru kunn.

2. gr.

Héraðslæknar skulu, auk þess sem segir í 1. gr., halda þær bækur, er varða embætti þeirra, eftir lögum og reglugerðum og fyrirmælum landlæknis.

Héraðslæknar skulu halda saman öllum embættisbréfum og skeytum,

94 5. okt.

sem þeim berast, svo og afritum af öllum embættisbréfum, skeytum og skýrslum, er þeir senda frá sér, ennfremur Stjórnartíðindum, Lögbirtingablaði, Heilbrigðisskýrslum og öðrum opinberum skýrslum og tilkynningum, sem embættinu kunna að berast, binda það inn, sem binda þarf, en geyma hitt í geymsluspjöldum, og vera jafnan við því búnir að skila öllu í góðu ástandi í hendur eftirmanni sínum. Það, sem á kann að vanta, skal fráfarandi lækni skylt að útvega á sinn kostnað.

3. gr.

Lyfsalar, yfirsetukonur, bólusetjarar og aðrir heilbrigðisstarfsmenn skulu halda þær bækur og gefa þær skýrslur, sem af þeim er krafizt samkvæmt lögum og sérstökum reglugerðum eða fyrirmælum landlæknis.

4. gr.

Við hvert sjúkrahús og sjúkraskýli eða tilsvarandi stofnun skal haldin dagbók eða spjaldskrá yfir alla sjúklinga, er þar dvelja, og skal skrá þar nafn hvers sjúklings, aldur, stöðu, heimilisfang, sjúkdóm, meðferð (þar á meðal handlæknisaðgerðir), afdrif við burtför og legudagafjölda.

5. gr.

Starfandi læknar, þar með taldir skólalæknar, og þeir, sem hafa lækningaleyfi, aðrir heilbrigðisstarfsmenn og heilbrigðisstofnanir, svo og prestar, sem annast manntal og skrásetningu mannsláta, skulu senda viðkomandi héraðslækni skýrslur þær, sem af þeim eru heimtaðar, nema öðruvísi sé fyrir mælt.

6. gr.

Starfandi læknar í Reykjavík skulu jafnan, í hver vikulok, semja vikuskýrslu yfir farsóttir o. fl. á þar til gert eyðublað og hafa skilað henni til héraðslæknis eða á póst eigi síðar en á mánudagskvöld í næstu viku.

Starfandi læknar utan Reykjavíkur skulu semja tilsvarandi mánaðarskýrslu í lok hvers mánaðar og hafa skilað henni til viðkomandi héraðslæknis eða á póst eigi síðar en tveim nóttum eftir mánaðamót.

Héraðslæknir í Reykjavík semur eina vikuskýrslu fyrir hérað sitt og skal hafa skilað henni til landlæknis eða á póst eigi síðar en á þriðjudagskvöld í næstu viku.

Héraðslæknar (og einnig héraðslæknir í Reykjavík) skulu semja eina mánaðarskýrslu hver fyrir sitt hérað. Héraðslæknir í Reykjavík skal hafa skilað henni til landlæknis eða sett hana á póst eigi síðar en fimm nóttum eftir mánaðamót. Innan sama tíma skulu héraðslæknar utan Reykjavíkur hafa skilað á næstu símastöð skeyti til landlæknis með skýrslu um farsóttir mánaðarins, en sjálfri mánaðarskýrslunni skulu þeir hafa skilað á póst eigi síðar en átta nóttum eftir mánaðamót.

94
5. okt.

7. gr.

Öðrum skýrslum og upplýsingum en um getur í 6. gr. og héraðslæknar þurfa á að halda til ársskýrslna sinna, skulu starfandi læknar og þeir, sem lækningaleyfi hafa, aðrir heilbrigðisstarfsmenn, heilbrigðisstofnanir og prestar eða aðrir, sem annast manntal og skrásetningu mannsláta, hafa skilað til viðkomandi héraðslæknis eða á póst eigi síðar en í janúarlok næsta ár.

Héraðslæknar semja ársskýrslur á þar til gerð eyðublöð eftir fyrirmælum landlæknis og skulu hafa lokið henni og skilað til landlæknis eða á póst eigi síðar en í marzlok næsta ár.

8. gr.

Héraðslæknar skulu svara bréfum og skeytum landlæknis, varðandi embætti þeirra, heilsufar í héruðum þeirra eða önnur heilbrigðismál samstundis eða á næturfresti, nema hann gefi frest til undirbúnings svarinu, eða um lögleg forföll sé að ræða.

Tilsvarandi skyldur hafa aðrir læknar, þeir, sem hafa lækningaleyfi, aðrir heilbrigðisstarfsmenn og heilbrigðisstofnanir, gagnvart landlækni og viðkomandi héraðslækni.

9. gr.

Nú vanrækir læknir, eða sá, sem til þess hefir skyldur samkvæmt lögum og reglugerðum eða fyrirmælum landlæknis, að skila fyrirskipuðum skýrslum eða svara bréfum og fyrirspurnum samkvæmt þessari reglugerð, og má þá ráðherra, eftir tillögum landlæknis, láta viðkomandi sæta dagsektum, 5 krónum fyrir hvern dag, sem líður fram yfir settan frest.

Sektirnar má taka lögtaki. Ef héraðslæknir á í hlut eða læknir, sem hefir laun úr ríkissjóði eða frá stofnunum ríkisins, má ráðherra auk sektanna stöðva launagreiðslur til hans unz skil hafa verið gerð.

10. gr.

Sektir lækna samkvæmt reglugerð þessari skulu renna í styrktarsjóð ekkna og munaðarlausra barna íslenzkra lækna. Sektir annara renna í ríkissjóð nema ráðherra heimili að þær skuli renna í tilsvarandi styrktarsjóði eftir nánari ákvæðum landlæknis.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt 14. gr. laga nr. 47 frá 1932, er hér með birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 5. október 1932.

Magnús Guðmundsson.

Gissur Bergsteinsson.

95
12. okt.

SAMÞYKKT

fyrir

Raforkufélag Hofsóss.

1. gr.

Félagið heitir „Raforkufélag Hofsóss".

2. gr.

Verkefni félagsins er að útvega félagsmönnum raforku til heimilisnota, og selja raforku til ljósa eftir því, sem orka stöðvarinnar hrekkur til. Tilgangi sínum ætlar félagið sér að ná með því, að reisa rafstöð við Hofsá í Hofsóskauptúni með nauðsynlegum leiðslutaugum.

3. gr.

Stjórn félagsins skipa 3 menn. Skal hún kosin á aðalfundi, er halda skal í marzmánuði ár hvert. Stjórnin skiptir með sér verkum þannig, að einn sé formaður, en hinir tveir meðstjórnendur.

4. gr.

Heimili félagsins og varnarþing er í Hofsós.

5. gr.

Í félaginu taka þessar lóðir þátt:

Baldurshagi, eign Vilhelms Erlendssonar kaupmanns.
Sandur, eign Kaupfélags Fellshrepps,
Bjarg, eign Páls Sigurðssonar héraðslæknis.

Allir félagar hafa jafnan atkvæðisrétt á félagsfundum.

6. gr.

Reikninga og bókhald félagsins annast stjórnin. Getur hún falið einum úr sínum hópi að hafa það með höndum. Reikningar félagsins skulu endurskoðaðir af tveim mönnum. Heimilt er rafmagnsnotendum, sem ekki eru félagsmenn, en kaupa rafmagn hjá félaginu, að kjósa annan þeirra. Skulu þeir þá fyrir aðalfund ár hvert hafa tilkynnt stjórn félagsins kosninguna skriflega, að öðrum kosti missa þeir þennan rétt sinn. Að öðru leyti skulu endurskoðendur, einn eða tveir eftir atvikum, kosnir á aðalfundi til eins árs í senn.

7. gr.

Formaður boðar til félagsfunda, munnlega eða skriflega til hvers einstaks félagsmanns, og eru þeir lögmætir sé helmingur félagsmanna mættur. Til funda skal þó æfinlega boða skriflega og geta þess í fundarboði, eigi að bera upp til samþykktar mikilsvarðandi málefni, sem snerta verulega hagsmuni félagsins.

Samþykkt slíkra málefna er því aðeins gildandi, að ⅔ félagsmanna veiti þeim atkvæði sitt. Að öðru leyti gildir afl atkvæða. 95 12. okt.

8. gr.

Félagsmenn leggja fram hver um sig 1000 — eitt þúsund — krónur, upp í stofnkostnað. Að öðru leyti skal fjárþörf félagsins fyrst um sinn fullnægt með lánsfé, og bera félagsmenn allir jafna ábyrgð á skuldbindingum þess. Engar kvaðir eða eignahöft leggjast á lóðir þær, sem taka þátt í félaginu.

9. gr.

Til þess að standa straum af árlegum kostnaði félagsins, svo sem vöxtum og afborgunum af lánum, reksturskostnaði, viðhaldi o. s. frv., skulu félagsmenn greiða árgjald fyrir hvert árskílówatt um hemil. Árgjald þetta samanlagt má ekki vera lægra en svo, að það, ásamt öðrum tekjum félagsins, hrökkvi vel fyrir árlegum útgjöldum, að undanteknum þeim árum þegar kann að þurfa að gera mikilvægar umbætur á rafstöðinni vegna ófyrirsjáanlegra óhappa.

10. gr.

Félagsmenn geta gengið úr félaginu. Skuldbindingar þær, sem á félaginu hvíla og stofnað hefir verið til áður en félagsmaður sagði sig úr því, hvílir eftir sem áður að réttri tiltölu á honum þar til að gerð hafa verið full skil. En greiða má hann sinn hluta af skuldbindingum félagsins og getur þá losnað alveg úr því. Sá, sem gengur úr félaginu, á engan rétt á að fá hluta sinn útborgaðan fyr en við félagsslit, en á aftur á móti rétt á hlutdeild í hagnaði félagsins. Enginn má afhenda eða framselja öðrum hlutdeild sína í félaginu án samþykkis þess.

11. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið.

12. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða allt að 200 króna sektum, er renna í félagssjóð. Ennfremur skal hinn brotlegi sóttur til skaðabóta ef aðalfundur kveður svo á. Með mál út af brotum gegn samþykkt þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

13. gr.

Samþykkt félagsins verður aðeins breytt á aðalfundi ef ⅔ félagsmanna samþykkja, enda hafi breytinganna verið getið, er boðað var til fundarins.

14. gr.

Nú þykir æskilegt að slíta félaginu og er það heimilt, ef ⅔ hlutar félagsmanna samþykkja það á lögmætum fundi. Skuldum eða eignum félagsins skal þá skipta niður á félagsmenn að jöfnu.

95 12. okt. Raforkuveitusamþykkt þessi staðfestist hér með samkv. vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. október 1932.

Þorsteinn Briem.

Vigfús Einarsson.

---

96 12. okt.

REGLUR

um

notkun og meðferð rafmagns á Hofsós.

1. gr.

Rafmagnsveitan á Hofsós er eign félags sem heitir „Raforkufélag Hofsóss".

2. gr.

Rafmagnsveitan selur félagsmönnum rafmagn til heimilisnota um hemil, og utanfélagsmönnum innan Hofsóskauptúns um mæli til ljósa, að svo miklu leyti sem afl stöðvarinnar hrekkur til. Ennfremur tekur rafmagnsveitan að sér hleðslu á rafmagnsgeymum.

3. gr.

Stjórn Raforkufélags Hofsóss hefir með höndum stjórn rafmagnsveitunnar. Fyrst um sinn er umsjá og eftirlit með rafmagnsstöðinni í höndum sömu stjórnar, en ráða má hún fastan stöðvarstjóra síðar, ef hún telur þess þörf.

4. gr.

Rekstrartími stöðvarinnar er dag og nótt allt árið, og má ekki taka straum inn af nema nauðsyn beri til, og þá svo stuttan tíma sem unnt er.

5. gr.

Rafmagnsveitan leggur húsálmur að vegg, þó eigi lengri en 35 metra. Að öðru leyti kostar umsækjandi algerlega innlagningu rafmagnstauganna, þar með talið gegntak, stofnleiðsla og greinispjald með öllum tilheyrandi tækjum, að undanskildum mælum, sem rafmagnsveitan leigir notendum.

Hver sá, sem óskar að fá rafmagn til ljósa frá rafmagnsveitunni, sendi skriflega beiðni um það til stjórnar raforkufélagsins, og sé um leið tekið fram,

hve mikla orku hann býst við að kaupa. Stjórnin skal tilkynna umsækjanda úrskurð sinn, eigi síðar en mánuði eftir að hún veitti beiðninni móttöku. 96 12. okt.

6. gr.

Húsaveitur má aðeins gera af þeim manni eða mönnum, sem stjórn raforkufélagsins tekur gilda til þess. Engir aðrir mega fást við slík störf eða breyta eldri lögnum, enda er stjórn raforkufélagsins heimilt að neita að láta setja þær lagnir í samband við rafmagnsveituna, sem ekki eru framkvæmdar af þeim mönnum, er hún tekur gilda.

7. gr.

Nú hefir verið lokið við innanhússlögn, áhöld sett í húsið eða breytt eldri lögn, og má þá ekki taka húsveituna til afnota fyrr en sá eða þeir, sem gæta stöðvarinnar, hafa skoðað og reynt hana og vottað að hún sé fullnægjandi.

8. gr.

Enginn má taka straum úr leiðslum rafmagnsveitunnar án leyfis stjórnar raforkufélagsins, né aðhafast nokkuð það, er valdið geti skemmdum á leiðslum hennar og tækjum eða orkuverinu. Brjóti nokkur gegn ákvæði þessu skal hann greiða fullar skaðabætur og sæta sektum, sé verkið ekki þannig vaxið, að þyngri hegning liggi við samkvæmt lögum.

9. gr.

Hver rafmagnsnotandi er skyldur til að sjá um, svo sem honum er unnt, að lögn hans sé jafnan í góðu lagi. Komi ólag á raftaugar eða tæki í húsi, þannig að skemmdum geti valdið á taugum eða áhöldum rafmagnsveitunnar, t. d. öryggi hrökkvi í sundur eða bilun sjáist á einangrun á lögn, skal húsráðandi tafarlaust tjá það stjórn raforkufélagsins. Varast skal að taka í sundur ljóstækin, straummælana, tengihylkin o. s. frv.

10. gr.

Stjórn raforkufélagsins er heimilt að banna að nota í sambandi við rafmagnsveituna gamla lampa og önnur áhöld, sem að hennar áliti eru ótrygg eða til tálmunar góðum rekstri.

11. gr.

Stjórn raforkufélagsins og sá, er gætir rafmagnsstöðvarinnar, skulu ætíð hafa frjálsan aðgang þar sem eru taugar eða áhöld, sem standa í sambandi við aðaltaugar stöðvarinnar, til þess að ganga úr skugga um, hvort allt sé í góðu lagi.

12. gr.

Vanræki rafmagnsnotandi skyldur þær, sem á honum hvíla samkvæmt reglum þessum, eða virði að vettugi fyrirskipanir stjórnar raforkufélagsins, er

96 12. okt. heimilt að slíta sambandi við hann. Notandi ber fulla ábyrgð á öllum afleiðingum, sem af vanrækslunni kunna að stafa.

13. gr.

Stjórn raforkufélagsins skal halda bók yfir tekjur og gjöld rafmagnsveitunnar, svo og eignir og skuldir. Ársreikning, miðaðan við áramót, skal hún semja fyrir 31. janúar ár hvert og afhenda hann hinum kosnu endurskoðendum, sem endursendir hann svo endurskoðaðan stjórn raforkufélagsins.

14. gr.

Stjórn raforkufélagsins semur gjaldskrá fyrir notkun rafmagnsins og leitar staðfestingar atvinnumálaráðuneytisins á henni.

15. gr.

Reglum þessum og gjaldskrá, sem sett verður samkvæmt 14. gr. hennar, má breyta með samþykki atvinnumálaráðuneytisins.

16. gr.

Brot gegn reglum þessum varða sektum allt að 500 krónum, nema þyngri hegning liggi við, og skal farið með mál út af þeim sem almenn lögreglumál.

Reglur þessar staðfestast hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. október 1932.

Þorsteinn Briem.

Vigfús Einarsson.

---

97 12. okt.

GJALDSKRÁ

fyrir

rafmagnsveitu á Hofsósi.

1. gr.

Fyrir hverja heimtaug, sem tekin er í samband við aðaltaugar rafmagnsveitunnar, skal um leið greiða í eitt skipti fyrir öll 25 — tuttugu og fimm — krónur.

2. gr.

Verð á rafmagni um hemil skal vera 350 — þrjú hundruð og fimmtíu — krónur, fyrir eitt árskílówatt.

Verð á rafmagni um kílówattstundamæli til ljósa skal vera sem hér segir: Minnsta árlegt gjald 30 — þrjátíu — krónur, og má fyrir þá upphæð nota 46 kílówattstundir. Fyrir það, sem notað er fram yfir, greiðast kr. 0,65 — sextíu og fimm — aurar fyrir kílówattstund.

3. gr.

Rafmagn það, sem afgangs er, t. d. að sumrinu til, er stjórn raforkufélagsins heimilt að selja eftir sérstökum samningi.

4. gr.

Rafmagnsgjöld eftir hemli ber að greiða ársfjórðungslega. En rafmagnsgjöld eftir mæli ber að greiða mánaðarlega, og falla þau í gjalddaga síðasta dag hvers mánaðar. Sé gjald fyrir rafmagn ekki greitt innan 14 daga eftir gjalddaga, má slíta sambandi við hlutaðeigandi notanda eftir skriflegri tilkynningu til hans.

Gjöld til rafmagnsveitunnar má taka lögtaki.

5. gr.

Rafmagnsveitan leigir notendum mæla. Leiga eftir mæli er 75 aurar á mánuði og greiðist á sama gjalddaga og rafmagnið.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. október 1932.

Þorsteinn Briem.

Vigfús Einarsson.

98
.12 okt.

AUGLÝSING

um

breyting á auglýsingu nr. 4 frá 5. janúar 1920, um starfstíma hæstaréttar o. fl.

Í stað orðanna „kl. 1 síðdegis“ í 1. gr. í auglýsingu nr. 4 frá 5. janúar 1920 komi, samkvæmt tillögum hæstaréttar: kl. 10 árdegis.

Þetta birtist hér með.

Í dómsmálaráðuneytinu, 12. október 1932.

Magnús Guðmundsson.

Gissur Bergsteinsson.

99
14. okt.

REGLUGERÐ

um

breyting á reglugerð fyrir rafveitu Akureyrar frá 5. janúar 1923.

Aftan við 7. gr. reglugerðarinnar bætist:

og ber raforkukaupandi fulla ábyrgð á greiðslu fyrir þá orku, er notuð er um mæli hans þar til er aflestur hefir farið fram eða tiltekinn frestur er liðinn frá því að tilkynnt var um uppsögn.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 15, 20. júní 1923 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 14. október 1932.

Þorsteinn Briem.

Páll Pálmason.

GJALDSKRÁ

100
14. okt.

fyrir

rafveitu Akureyrar.

1. gr.

Rafveita Akureyrar selur raforku á þann hátt og við því verði, er hér segir:

a. Til ljósa:

1. Þar sem orkan er notuð aðallega til ljósa, verður hún seld um kílówattstundamæli fyrir 50 aura hver kílówattstund.

   Raforku til lækninga má þó selja lægra verði, enda geri rafveitustjóri sérstakan samning í hvert skipti, og ber þá að taka tillit til á hvaða tíma dags orkan er notuð.

2. Þar sem orkan er notuð til ljósa og auk þess hlutfallslega að verulegum mun til suðu, hitunar og því um líkt, má selja hana um hemil fyrir 400 krónur hvert kílówatt um árið.

b. Til suðu og hitunar:

Þar sem orka til suðu og hitunar og þvíl. er mæld sérstaklega (engin ljós á sama mæli eða hemli), má selja hana:

1. Um hemil fyrir 300 krónur hvert kílówattár, eða
2. um mæli fyrir 12 aura hverja kwst.

c. Til iðnaðar og annarar framleiðslu:

Til iðnaðar og annarar framleiðslu verður orkan seld:

1. Um hemil fyrir 350 krónur hvert kílówattár, eða
2. um mæli fyrir 25 aura hverja kwst. allt árið.
3. 50 aura kwst. á ljósatíma, en 16 aura á kwst. utan ljósatíma.

Ljósatími er talinn:

Í sept.	frá kl.	7	e. m.	til kl.	12	e. m.
- okt.	— —	5½	—	— —	12	—
- nóv.	— —	4	—	— —	12	—
- des.	— —	3	—	— —	12	—
- jan.	— —	4	—	— —	12	—
- febr.	— —	5½	—	— —	12	—
- marz	— —	7	—	— —	12	—

d. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjórn selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti, þó ekki til lengri tíma en þriggja mánaða, nema til komi samþykki bæjarstjórnar.

e. Verð fyrir raforku til götu- og hafnarlýsingar ákveður bæjarstjórn.

100
14. okt.

2. gr.

Bæjarstjórninni er heimilt, án frekari staðfestingar atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, að hækka eða lækka gjöld fyrir raforku um allt að 20% frá því, sem ákveðið er í gjaldskrá þessari.

3. gr.

Fast árgjald skal goldið fyrirfram að fjórða parti í senn, fyrir hvern ársfjórðung, og eru gjalddagar 2. janúar, 1. apríl, 1. júlí og 1. okt. Gjald eftir tölu kílówattstunda skal greitt mánaðarlega eftir á, undir eins og krafist er.

4. gr.

Gjöld fyrir raforku má taka lögtaki.

Gjaldskrá þessi, sem bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefir samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 15, 20. júní 1923, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 14. október 1932.

Þorsteinn Briem.

Páll Pálmason.

101
15. okt.

REGLUGERÐ

fyrir

Brunabótafélag Íslands.

Samkvæmt lögum nr. 26, 23. júní 1932 um Brunabótafélag Íslands er hér með sett eftirfarandi reglugerð fyrir félagið.

I. KAFLI.

Almenn ákvæði.

Félagið sjálft og stjórn þess.

1. gr.

BRUNABÓTAFÉLAG ÍSLANDS, sem hér eftir kallast félagið í reglugerð þessari, er eldsvoðatryggingarfélag með gagnkvæmri ábyrgð félagsmanna og með ábyrgð ríkissjóðs fyrir allt að 800,000 kr. Markmið félagsins er að taka

að sér ábyrgð á tjóni, sem orsakast af eldsvoða á Íslandi á húsum utan Reykja- **101**
víkur og á lausafé eftir þeim nánari reglum og með þeim skilyrðum, sem sett 15. okt.
eru í l. nr. 26, 23. júní 1932 og reglugerð þessari.

Félagi telst sá, er á eign vátryggða í félaginu, sbr. þó 7. gr.

Félagar ábyrgjast hver gagnvart öðrum að félagið standi í skilum. Þó nær skuldbinding þessi aðeins til eigna þeirra, er vátryggðar eru í félaginu. Ábyrgðin skal ákveðin við þann hluta eignarinnar, sem vátryggður er.

Skaðabóta má krefjast af félögum, aðeins á þann hátt, að heimt sé inn aukaiðgjöld, er eigi séu hærri neitt ár en helmingur hins árlega iðgjalds, er tiltekið er í brunabótaskírteininu.

Félagar eru að öllu bundnir við ákvæði reglugerðar þessarar. Sérhver ný lög, er gefin kunna að verða og ósamrýmanleg eru ákvæðum reglugerðar þessarar, breyta um leið ákvæðum reglugerðarinnar í samræmi við lögin.

2. gr.

Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík. Fyrir kröfum á hendur félaginu, er aðeins aðgangur að félaginu sjálfu, en ekki hverjum einstökum félaga, og má beina slíkum kröfum að framkvæmdarstjóra fyrir félagsins hönd. Starfsvið félagsins er Ísland.

3. gr.

Félaginu stjórnar framkvæmdarstjóri, er landsstjórnin skipar. Framkvæmdarstjóri annast allar framkvæmdir félagsins, daglegan rekstur og reikningsfærslu. Hann tekur ákvörðun um skipun umboðsmanna og annara starfsmanna félagsins; með hvaða kjörum bæði þeir og önnur sú aðstoð, sem þörf er á, skuli tekin; um notkun og ávöxtun peningaforðans og höfuðstóls og vaxta varasjóða samkvæmt 20. gr. laga félagsins, um lántöku innan hinnar lögákveðnu ríkissjóðsábyrgðar, ákvörðun aukaiðgjalda o. s. frv.

Innan þriggja mánaða eftir lok hvers starfsárs skal framkvæmdarstjóri senda stjórnarráðinu ársreikninginn til endurskoðunar og birtingar opinberlega; 4 vikur eftir að reikningurinn hefir verið endurskoðaður af stjórnarráðinu skal hann liggja frammi á skrifstofu félagsins til sýnis fyrir félaga.

Stjórnarráðið getur, hvenær sem því lízt, látið rannsaka allan hag félagsins og, ef nauðsyn krefur, skipað yfir það eftirlitsstjórn.

Framkvæmdarstjóri útvegar endurtryggingu eða samtryggingu með svo góðum kjörum, sem unnt er, á þeim grundvelli, sem 7. gr. laga félagsins ákveður eða framkvæmdarstjóri og stjórnarráðið telja nauðsynlegt og heppilegt.

4. gr.

Félagið greiðir allan kostnað við stjórn þess, þar á meðal laun framkvæmdarstjóra.

5. gr.

Vátryggingarárið og starfsárið telst frá 15. október til 14. október næsta ár á eftir.

101 15. okt.

Þá er ársreikningurinn er saminn skal telja óloknar skaðabætur, fyrirfram greidd iðgjöld og aðrar óloknar skuldbindingar frá því ári og flytja til næsta árs með þeirri upphæð, sem þar eru virtar eftir málavöxtum og reynslu undanfarinna ára. Fari svo, að félagarnir verði eitthvert ár, vegna svika eða af líkum ástæðum, að sæta ábyrgð á upphæð, sem að réttu lagi snertir eitthvert fyrra ár, má þó krefjast þess, að upphæðin verði endurgoldin af félögunum það ár, sem upphæðin varðar, að svo miklu leyti sem ekki virðist hafa verið tekið tillit til hennar.

6. gr.

Félagið tekur að sér að tryggja gegn tjóni af eldsvoða:

a. Í skyldutryggingu:

Allar húseignir í kaupstöðum utan Reykjavíkur og kauptúnum — þar með talin hús í smíðum — hvort sem þær eru eign einstakra manna, félaga, eða opinberar eignir, ennfremur kirkjur, skólahús og samkomuhús hvar sem eru á landinu. — Frá 15. október 1934 nær skyldutryggingin einnig yfir öll íbúðarhús utan kaupstaða og kauptúna, úr hverju efni sem þau eru byggð, svo og gripahús, hlöður og geymsluhús, sem þeim eru áföst þannig, að þau megi teljast vera í sameiginlegri brunahættu við íbúðarhúsin. — Undanþiggja má skyldutryggingu kofa, sem standa einir sér og virðingarmenn telja minna virði en 100 krónur.

b. Í frjálsri tryggingu:

1. Öll önnur hús í sveitum en þau, sem falla undir staflið a.
2. Lausafé í sveitum, s. s. húsgögn, búslóð, fatnað, bækur, fóðurbirgðir og matvælabirgðir; ennfremur búpening í húsum.
3. Lausafé húseigenda í kaupstöðum utan Reykjavíkur og kauptúnum, annað en verzlunarvörur.

7. gr.

Vátryggingar samkvæmt 6. gr. b. 1., 2. og 3. tölulið falla ekki undir hina gagnkvæmu ábyrgð og eigandi húss í smíðum skoðast ekki félagi fyrr en húsið er fullgert og vátryggt að aflokinni venjulegri brunabótavirðingu.

8. gr.

Í reglugerð þessari er h ú s talið hverskonar bygging, hvort sem ætluð er til íbúðar, iðnaðarreksturs, geymslu eða annara afnota.

Um iðgjöld.

9. gr.

Iðgjöld þau, er með þarf til að standa straum af útgjöldum félagsins, skulu ákveðin í flokkunarreglum, sem stjórnarráðið setur. Skulu þau ákveðin í réttu hlutfalli við þá áhættu, sem hver trygging bakar félaginu.

10. gr.

Iðgjöldin skulu greiðast aðalskrifstofu félagsins í Reykjavík eða umboðsmönnum þess annarsstaðar og teljast þau fallin í gjalddaga í byrjun tímabils þess, sem þau eru talin fyrir.

11. gr.

Sérhverjum félaga er skylt að greiða aukaiðgjald, sem ákveðið kann að verða samkv. 13. gr. Iðgjöldin og aukaiðgjöld hvíla sem lögveð á húseignum þeim, er tryggðar eru í félaginu og ganga í tvö ár fyrir öllum öðrum skuldbindingum, er á þeim liggja, nema sköttum til ríkissjóðs.

Öll skyldubundin iðgjöld til félagsins, virðingargjöld og skírteinisgjöld má heimta með lögtaki.

12. gr.

Enga skyldubundna tryggingu má fella úr gildi fyrir þá sök að iðgjald sé ekki greitt.

13. gr.

Ef það kemur fram við uppgerð ársreikninga, að tekjur ársins hrökkva eigi fyrir gjöldum, skal það er á vantar tekið úr varasjóðum tryggingarflokkanna. Ef samanlagðir varasjóðir tryggingarflokkanna nema ekki 1% af allri upphæð þeirri, er félagið ábyrgist án þess frá séu dregnar endurtryggðar upphæðir, leggur ríkissjóður fram það, sem á vantar, allt að 800 þúsund krónum. Nú nemur fé það, sem lagt hefir verið fram af ríkissjóði meiru en 50,000 kr. og skal þá félagið gera félögum að greiða aukaiðgjöld, þannig, að það, sem fram yfir er 50,00 kr. endurgreiðist ríkissjóði á 10 árum í seinasta lagi, ef unnt er, en ávallt skal þess gætt, að aukaiðgjald sé eigi hærra neitt ár, en helmingur hins árlega iðgjalds, er tiltekið er í tryggingarskírteininu. Aukaniðurjöfnun fer þó því aðeins fram, að það, sem á vantar, nemi meiru en 10% af allri iðgjaldafúlgu fyrir síðastliðið ár. Aukaiðgjald ber öllum félögum að greiða og reiknast það eftir mælikvarða þeim, sem ákveðinn er í flokkunarreglunum. Niðurjöfnun félagsins á aukaiðgjöldum verður eigi á neinn hátt hrundið. Ákvæði 10., 11. og 12. gr. ná einnig til aukaiðgjalda.

Varasjóðir tryggingarflokkanna og reikningsskil.

14. gr.

Varasjóðir félagsins eru tveir, annar fyrir tryggingar í kaupstöðum og kauptúnum, en hinn fyrir tryggingar í sveitum utan kaupstaða og kauptúna.

15. gr.

Varasjóður kaupstaða og kauptúna myndast af varasjóði félagsins og iðgjaldasjóðum kaupstaða og kauptúna, þegar greiddar hafa verið af þeim skuldir hinna einstöku sjóða við félagið, og það, sem einstakir kaupstaðir og kauptún hafa greitt úr eigin sjóði til að bæta brunatjón.

16. gr.

Varasjóður sveita myndast af hinum Sameiginlega brunabótasjóði fyrir sveitahíbýli.

17. gr.

Tekjum og gjöldum hvors tryggingarflokks samkv. 6. gr. laga félagsins, skal halda aðgreindum, og gera reikningsskil fyrir hvorn flokk fyrir sig við lok hvers tryggingarárs. Af tekjuafgangi hvors flokks skal árlega færa meginhlutann til varasjóða flokkanna, en flytja afganginn til rekstursreiknings næsta árs.

18. gr.

Varasjóði tryggingarflokkanna skal ávaxta á þann hátt, sem framkvæmdarstjóri félagsins og stjórnarráðið ákveða, og má aldrei verja þeim til nokkurs, sem eigi stendur í sambandi við markmið félagsins.

Um endurtryggingu og samtryggingu.

19. gr.

Framkvæmdarstjóri leitar, í samráði við ríkisstjórnina, endurtryggingar eða samtryggingar á því, sem einstakar áhættueiningar fara fram yfir það hámark, sem greint er í 7. gr. laga félagsins, og ennfremur á því, sem talið er nauðsynlegt eða heppilegt af því, sem er fyrir neðan það hámark.

Greind endurtrygging eða samtrygging breytir eigi á neinn hátt afstöðu félagsmanna til félagsins, eða innbyrðis.

Um upptöku í félagið og virðingar.

20. gr.

Sérhver eigandi húsa og lausafjármuna á rétt á að fá það tryggt í félaginu, ef það fellur undir hús þau og lausafjármuni, sem félagið tekur í tryggingu samkv. 6. gr., hús þó því aðeins, að þau séu tryggilega útbúin gegn eldsvoða samkv. löggjöf þeirri, er gildir um það efni á hverjum tíma og önnur ákvæði reglugerðar þessarar eru því eigi til fyrirstöðu, og lausafjármuni því aðeins, að þeir séu í slíkum húsum og fullnægt sé öðrum ákvæðum, sem sett eru sérstaklega um lausafjártryggingar.

Ef notanda húss er skylt að endurbyggja húsið er það brennur, getur hann á sama hátt og með sömu skilyrðum fengið hús vátryggt í félaginu, ef það er eigi þegar áður tryggt af eiganda þess. Ef notandi fullnægir eigi skyldu sinni við eiganda til að endurbyggja húsið, ef það brennur, á eigandi rétt á að koma í stað hans að því er snertir notkun brunabótarupphæðarinnar og greiðslu hennar.

21. gr.

Félagið getur neitað að taka hús eða muni í ábyrgð af sérhverjum þeim, sem staðinn hefir verið að vátryggingarsvikum eða að því að hafa orsakað elds-

voða af ásettu ráði eða af stórkostlegu hirðuleysi; svo getur það og neitað ábyrgð, sem af öðrum ástæðum er talið ósamrýmanlegt hag félagsins að taka. Tryggingarbeiðandi getur skotið máli sínu til úrskurðar stjórnarráðsins, ef hann telur ekki nægar ástæður fyrir hendi til að neita tryggingu. 101 15. okt.

Öll ákvæði reglugerðar þessarar um hús gilda einnig um allt annað, sem vátryggt er ásamt húsum og, að svo miklu leyti sem þau eiga við, um lausafjármuni, nema annað sé sérstaklega ákveðið.

22. gr.

Eigi verður krafizt að félagið taki í ábyrgð nokkra einstaka áhættu, hús, lausafé og mannvirki, hærri en 160 þús. kr. í steinhúsi, 120 þús. kr. í járnklæddu húsi og 80 þús. kr. í öðrum húsum. — Heimilt er þó félaginu að taka hærri áhættu en hér segir, ef það getur fengið þær endurtryggðar eða samtryggðar.

Til sömu áhættu telst hús eða húsaþyrping, að meðtöldu lausafé og mannvirkjum, sem með því er tryggt, sem byggt er á sömu lóð, eða eru sambyggð við hús á annari lóð, nema löglegur eldvarnarveggur sé á milli, eða húsin séu aðgreind með minnst 6 metra fjarlægð hvort frá öðru. Þó má víkja frá þessu síðasta ákvæði, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

23. gr.

Hús skulu jafnan tekin í félagið með virðingarverði. Þó er hægt að tryggja hús í smíðum samkvæmt skýrslu eiganda eða annara hlutaðeigenda með samþykki eiganda, en slíkt hús skal þá tekið í félagið á venjulegan hátt innan eins mánaðar frá því að hússmíðinni er lokið, eða húsið hefir verði tekið til notkunar að nokkru eða öllu leyti.

24. gr.

Nú vill einhver tryggja hús í félaginu eða hefir lokið smíði á húsi, sem vátryggingarskylt er; skal hann þá snúa sér skriflega til umboðsmanns félagsins á staðnum eða, á þeim stöðum þar sem enginn umboðsmaður er, næsta umboðsmanns eða aðalskrifstofu félagsins í Reykjavík. Umboðsmaðurinn ákveður þegar stað og stundu er virðingin skuli fara fram og ritar það á beiðnina ásamt nöfnum virðingarmanna þeirra, er framkvæma eiga virðinguna. Vátryggingarbeiðandi eða umboðsmaður félagsins, ef dráttur verður af hálfu vátryggða, sér því næst um að virðingarmönnum verði tilkynnt að virðingin eigi fram að fara, svo og stað og stundu. Síðan fer virðingin fram samkvæmt reglugerð þessari.

Ef virðingarmaður kemur eigi til virðingar, sem löglega hefir verið ákveðin og birt honum, skal hann sæta sektum, nema hann hafi haft lögmæt forföll.

25. gr.

Virðingar skulu jafnan framkvæmdar af tveim virðingarmönnum að viðstöddum umboðsmanni félagsins. Skal annar virðingarmanna tilnefndur af

101 15. okt.

sveitarstjórn eða bæjarstjórn á hverjum stað, en hinn af framkvæmdarstjóra félagsins.

26. gr.

Sveitarstjórnir og bæjarstjórnir kjósa virðingarmann til 4 ára í senn og annan til vara jafnlangan tíma. Á sama hátt útnefnir framkvæmdarstjóri félagsins virðingarmann til 4 ára í senn og annan til vara. Varamenn taka þátt í virðingu í forföllum aðalmanns þ. á. m. ef hann er óhæfur virðingarmaður í einhverju tilfelli. Óhæfur telst virðingarmaður auk þess, er hann er eigandi að eign þeirri, er virða á, að nokkru eða öllu leyti, ef hann er náskyldur eða nátengdur eiganda, eða, ef hann er eða hefir verið verksali eða efnissali að húseign þeirri, er virða á.

Kosning virðingarmanna fer fram fyrir 1. nóvember næstan á undan áramótum þeim, er þeir skulu byrja starf sitt.

Virðingarmenn skulu hafa þekkingu á húsasmíði og verði á byggingarefnum og verkalaunum.

Enginn getur skorast undan að taka við kosningu sem virðingarmaður, ef hann hefir eigi náð 60 ára aldri og hefir eigi starfað sem virðingarmaður undanfarin 4 ár.

Ef sveitarstjórn eða bæjarstjórn lætur undan fallast að kjósa virðingarmenn á fyrsta fundi sínum eftir 1. nóvember eða eftir að umboðsmaður félagsins hefir á hana skorað að kjósa virðingarmenn, er rétt að framkvæmdarstjóri félagsins útnefni alla virðingarmenn, bæði aðalmenn og varamenn.

Virðingarmenn skrifa undir eiðspjall áður en þeir byrja starf sitt.

27. gr.

Rita skal allar virðingar á hverjum stað í sérstaka bók, sem stjórnarráðið löggildir og skulu virðingarmenn og umboðsmaður félagsins rita nöfn sín undir hverja virðingu.

Vátryggingarbeiðanda skal skylt að leggja fram til leiðbeiningar við virðinguna allar áætlanir, reikninga og annað þess háttar, sem hann hefir og upplýst getur um verðmæti þess, sem virða á.

Skylt skal virðingarmönnum að geta þess í virðingargerð, sem þeir hafa orðið varir við og eykur eldshættu umfram venju, hvort sem það stafar frá byggingunni sjálfri, notkun hennar eða eldshættu í nágrenni við hana.

Í virðingargerðinni skulu virðingarmenn lýsa yfir því, að virðingin sé framkvæmd eftir beztu sannfæringu samkvæmt eiði þeim, er þeir hafa unnið og samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar.

Allar virðingarupphæðir á húsum skulu deilanlegar með 10, þannig að upphæðir milli 5 og 10 króna hækki upp í 10 krónur, en upphæð lægri en 5 kr. nemst burt.

28. gr.

Markmið virðingarinnar er að finna hið sanna vátryggingarverðmæti eignarinnar á þeim tíma, sem virðingin fer fram.

Í þessu augnamiði skal í virðingunni lýsa nákvæmlega hverju einstöku **101**
húsi. Á grundvelli þeirrar lýsingar skal svo ákveða hvað kosta muni að byggja 15. okt.
slíkt hús að nýju á þeim tíma, sem virðingin fer fram. Vátryggingarverðið fæst síðan með því að draga frá nýbyggingarupphæðinni hæfilega upphæð fyrir sliti og elli í hlutfalli við aldur hússins og eftir meðferð þess og viðhaldi á því.

Við virðinguna má ekki taka neitt tillit til þess, sem hér segir: Verðmætis lóðarinnar, legu hússins, verðmætis þess í kaupum og sölum, tekna er það gefur, réttinda er því fylgja.

29. gr.

Ef það, sem um ræðir í 54. gr., er vátryggt ásamt með húseign, skal virða það sundurliðað og skal að öðru leyti fylgja framanskráðum reglum um virðinguna.

30. gr.

Vátryggingarverðmæti lausafjármuna, svo sem innanstokksmuna, véla og áhalda, skal ákveða með venjulegu verði á staðnum að frádregnum hæfilegum hluta fyrir notkun, elli, illu viðhaldi eða öðru því um líku. Vátryggingarverðmæti á framleiðslu, skepnum, fóðurforða og því um líku skal ákveða samkvæmt almennu markaðsverði.

31. gr.

Bæði vátryggingarbeiðandi og félagið geta skotið virðingu, sem framkvæmd er samkvæmt reglugerð þessari, til yfirmats, sem skipað sé 4 mönnum með verklegri þekkingu. Krafa um yfirmat skal fram komin innan tveggja sólarhringa frá því er frumvirðingu er lokið. Tilnefnir vátryggingarbeiðandi tvo þeirra, en félagið tvo. Ef þeir koma sér eigi saman, kemur til oddamaður, er hlutaðeigandi dómari skipar. Kostnað við yfirmatið kostar sá aðilja, sem úrskurður yfirmatsins gengur á móti.

32. gr.

Þegar lokið er virðingu, tekur umboðsmaður félagsins við virðingargerðinni, ritar á hana móttökudag og stund og annast um að hún sé send aðalskrifstofu félagsins. Telst eignin vátryggð frá þeirri stundu, sem umboðsmaður félagsins tók við virðingargerðinni. Ef ekkert þykir við virðinguna að athuga, verður þegar gefið út vátryggingarskírteini.

33. gr.

Nú vill einhver tryggja lausafjármuni í félaginu, og skal hann þá senda um það skriflega beiðni til umboðsmanns félagsins á staðnum (í Reykjavík til aðalskrifstofu félagsins), eða á þeim stöðum, þar sem enginn umboðsmaður er, til næsta umboðsmanns. Í beiðninni skal geta þess hvar og í hvaða húsum munir þeir eru, sem óskast tryggðir. Með beiðninni skal fylgja skrá, undirrituð af vátryggingarbeiðanda, þar sem sundurliðað er lausafé það, sem óskast tryggt, eftir flokkum, svo sem húsmunir, áhöld, efni, fóðurforði, skepnur o. s. frv. og tiltekið verðmæti hvers flokks, og jafnframt getið að svo miklu leyti, sem því

101 verður við komið í hverju húsi hver flokkur er geymdur. Þó skal jafnan telja
15. okt. upp nákvæmlega lausafjármuni, sem eru í húsum, sem er sérstaklega eldhætt. Skartgripir, smíðað gull og silfur og munir, sem hafa sérstakt vísinda- eða listverðmæti, skulu taldir sérstaklega, ef óskað er vátryggingar á slíkum einstökum hlut fyrir hærra verð en 200 krónur. Á sama hátt skal telja sérstaklega aðra óvenju dýrmæta hluti eða skepnur.

Á skrána skal vera ritað vottorð umboðsmanns félagsins, um að tryggingarbeiðandi eftir því, sem umboðsmanninum sé bezt kunnugt eigi muni þá, sem skráin telur og að álíta verði að þeir séu að minnsta kosti svo verðmætir, sem þeir eru taldir vera á skránni. Tryggingarbeiðandi skal skyldur að semja slíka skrá af fyllstu samvizkusemi og vandvirkni, og ber ábyrgð á því, að hún sé rétt. Áður en lausafjármunir eru teknir í ábyrgð, svo og hvenær sem er síðar meðan munirnir eru í ábyrgð, getur félagið látið athuga þessar skýrslur tryggingarbeiðanda. Komi það í ljós, að gefnar hafi verið rangar skýrslur, má ónýta vátrygginguna fyrirvaralaust, og eru þá eigi afturkræf iðgjöld þau, er þegar hafa verið greidd.

Við viðbótartryggingu skal og gætt framangreindra ákvæða.

Félagið lætur mönnum í té eyðublöð undir skrár þær, er um ræðir í þessari grein, og skulu notuð þau eyðublöð, nema eigandi óski, að gefa fullkomnari skýrslu.

34. gr.

Þegar lausafjártryggingarbeiðni ásamt skrá þeirri, er um ræðir í 33. gr., kemur í hendur umboðsmanni félagsins, skal hann þegar rita á hana dag og klukkustund þá, sem hún er móttekin. Því næst athugar hann skrána og gætir þess, að hún sé útbúin svo, sem fyrir er mælt, og sér um, að leiðrétt sé, ef svo er eigi. Því næst ritar hann á hana vottorð sitt samkvæmt 33. gr., og sendir síðan beiðnina ásamt skránni tafarlaust til aðalskrifstofu félagsins. Skyldur skal hann að gefa ókeypis kvittun fyrir móttöku beiðninnar og skrárinnar, ef tryggingarbeiðandi óskar þess.

35. gr.

Ef aðalskrifstofan hefir ekkert að athuga við beiðnina og meðfylgjandi skrá, og vill taka lausaféð í ábyrgð, skal gefið út ábyrgðarskírteini, sem tiltekur vátryggingarupphæð og iðgjald og teljast munirnir þá vátryggðir frá þeirri stundu, sem beiðnin kom í hendur umboðsmanni.

36. gr.

Fyrir almennar virðingar á einni áhættu til brunabóta, skal vátryggði greiða, sem hér segir:

Ef virðingarverð er	undir 500 kr.	4.50 krónur
— ——	— yfir 500 en undir 5000 ..	8.00 —
— ——	— yfir 5000 en undir 10000 ..	13.50 —
— ——	— yfir 10000 en undir 25000	18.00 —
— ——	— yfir 25000	27.00 —

Ef virðing stendur lengur en 1 dag, telst ofanskráð gjald fyrir hvern virðingar- **101**
dag. Ef einhver virðing er sérstaklega erfið er framkvæmdarstjóra félagsins 15. okt.
heimilt að ákveða hærra gjald fyrir hana en hér segir. Virðingargjaldið skiptist jafnt milli umboðsmanna félagsins og virðingarmanna, að ⅓ til hvers. Fyrir yfirmat greiðist tvöfalt gjald það, sem ákveðið er fyrir almenna virðingu.

Virðingargjöld til félagsins má heimta með lögtaki.

Um eftirlit og skoðun.

37. gr.

Þegar framkvæmdarstjóri ákveður það, skal umboðsmaður félagsins skoða vátryggð hús, til þess að athuga, hvort ekki ber að lækka upphæðir þær, sem þau eru vátryggð fyrir, vegna ástands hússins eða breytinga á kostnaði við húsabyggingar.

Fimmta hvert ár skal endurskoða verðmæti þeirra föstu muna, sem um ræðir í 54. gr., og, ef til kemur, lækka vátryggingarupphæð þeirra í félaginu.

Kostnað við þessar skoðanir ber félagið.

Úrsögn úr félaginu.

38. gr.

Húseignir þær, sem vátryggingarskyldar eru í félaginu samkvæmt 6. gr. staflið a., getur vátryggði ekki sagt úr félaginu.

39. gr.

Húseignir og lausafé í frjálsri tryggingu má jafnan segja úr félaginu frá 15. okt. næst á eftir að úrsögnin er dagsett, frá kl. 12 á hádegi að telja. Ber að gera það skriflega. Hafi úrsögn ekki verið send og séu iðgjöld ekki greidd innan mánaðar frá gjalddaga telst vátryggingin fallin úr gildi af sjálfu sér.

40. gr.

Sérhverri úrsögn úr félaginu skal fylgja:

a. Vátryggingarskírteini útgefin á nafn þess, sem sendir úrsögnina.
b. Veðbókarvottorð, ef um hús er að ræða, sem sýni hvort nokkrar veðskuldir hvíla á eigninni og til hverra, eða hvort nokkrir aðrir hafi öðlazt rétt til hennar með kaupsamningi, öðru afhendingarskjali, með fjárnámi eða því um líku, svo og, hvort áskilið sé í nokkru öðru þinglýstu skjali, að húsið eða húsin skuli vátryggð í félaginu.

Úrsögnina skal senda umboðsmanni félagsins eða aðalskrifstofunni í Reykjavík; skal hún vera undirrituð af vátryggða í viðurvist tveggja vitundarvotta.

41. gr.

Ef notandi vill segja úr félaginu hús, sem hann hefir tryggt í því, skal úrsögninni fylgja skriflegt samþykki eiganda.

101
15. okt.

42. gr.

Þeir, sem úr félaginu ganga, eiga enga kröfu á hlutdeild í varasjóði félagsins.

Ýms ákvæði.

43. gr.

Ef framkvæmdarstjóri félagsins óskar þess, eru sveitarstjórnir og hreppstjórar skyldir til þess gegn venjulegu endurgjaldi, að annast virðingar fyrir félagið eða aðstoða við þær.

Sveitarstjórnir skulu og skyldar, ef framkvæmdarstjóri óskar þess, að annast störf þau, er samkvæmt reglugerð þessari eru ætluð umboðsmanni félagsins, þar á meðal innheimtu iðgjalda, og yfirleitt veita framkvæmdarstjóra aðstoð sína til að gæta hagsmuna félagsins gegn venjulegu gjaldi.

44. gr.

Þangað til tryggingarskylda fellur á öll sveitabýli, 15. október 1934, hefir félagið á hendi stjórn hins sameiginlega brunabótasjóðs fyrir sveitahýbýli.

45. gr.

Hinn 15. október 1932 falla úr gildi öll vátryggingarskírteini, sem gefin hafa verið út fyrir þann tíma.

46. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum 10—500 krónum, er renna í sjóð þann, sem brotið er við. Með mál út af slíkum brotum skal fara sem almenn lögreglumál.

II. KAFLI.

Almenn vátryggingarskilyrði.

Ábyrgð félagsins.

47. gr.

Félagið tryggir félagana, samkvæmt reglugerðum þess, er gilda á hverjum tíma, gegn öllu beinu tjóni, er þeir verða fyrir við skemmdir á hinum vátryggðu eignum, sem orsakast á þann hátt, sem hér segir:

1. Af eldsvoða, slökkviráðstöfunum, niðurrifi og öðrum ráðstöfunum til að stöðva eldsvoða.
2. Af eldingum þótt eigi verði íkveikja.
3. Af sprengingum eftir reglum þeim, sem hér fara á eftir:
   1. Ábyrgð félagsins nær til:
      a. Hverskonar brunatjóns, sem verður við sprengingu og hverskonar

sprengitjóns, sem verður við sprengingu þegar eigi verður það greint frá brunatjóni því, sem orðið hefir við sprenginguna. 101 15. okt.

b. Sérhvers sprengitjóns, sem annaðhvort hefir orsakast af eldi eða hefir í för með sér eld, hvort sem tjónið á orsök sína í hinni vátryggðu eign sjálfri eða fyrir utan hana.

2. Ábyrgð félagsins nær ekki til sprengitjóns, sem orsakast af gufuþrýstingi, upphituðum vökva og upphituðu lofti og lofttegundum.

48. gr.

Félagið ber ekki ábyrgð á tjóni, sem orsakast af jarðskjálfta eða ófriði, né heldur á tjóni, sem af því leiðir, að vátryggði, kona hans og nánustu erfingjar eru valdir að brunanum af ásettu ráði eða fyrir stórkostlegt hirðuleysi.

Félagið á auk þess rétt á að draga allt að fjórðung af brunabótunum, er vátryggði hefir út af eldsvoðanum verið dæmdur í sekt fyrir brot á brunamálalögunum eða hann hefir gengizt undir það sjálfviljugur að greiða slíka sekt.

49. gr.

Félagið ber ekki ábyrgð á tjóni, sem verður á rafvélum (dynamo), rafmagnsleiðslum og raftækjum, sem tilheyra aflstöð, sem rafmagn er framleitt í eða notað við, þegar tjónið orsakaðist af of hröðum gangi véla, of hárri spennu, skammhlaupi (Kortslutning) eða öðrum slíkum orsökum, sem rafmagnið sjálft framleiðir.

50. gr.

Framkvæmdarstjóri félagsins getur í hverju einstöku tilfelli sett sérstök skilyrði um ábyrgð fyrir iðnaðarfyrirtæki eða aðrar ábyrgðir, sem sérstök áhætta stafar af.

51. gr.

Takmörkun brunatjóns þess, sem félagið ber ábyrgð á, getur breytzt innan vébanda vátryggingarupphæðarinnar, fyrir ákvarðanir, sem stjórnarvöld gera með heimild í gildandi lögum um það, að hve miklu leyti sé heimilt að gera við byggingu, sem orðið hefir fyrir brunatjóni eða nota þá hluta, sem eftir standa óbrunnir við endurbyggingu. Þó ber félagið ekki ábyrgð á því aukatjóni, sem orsakast við að endurbætur eða endurbygging verða eigi framkvæmd vegna gildandi ákvæða um skipulag gatna og bygginga.

Aukinn kostnaður, sem endurbæturnar hafa í för með sér vegna þágildandi lagaákvæði eða stjórnarvaldafyrirskipana, heimila ekki neina viðbót við skaðabótaupphæð þá, sem greiða ber samkvæmt stærð tjónsins og vátryggingarupphæðarinnar.

Félagið ber ábyrgð á auknu tjóni, sem orsakast af frosti, regni, hruni eða því um líku, þegar tjónið leiðir beint af eyðileggingarástandi því, er bruninn hefir valdið og sá, sem fyrir tjóninu hefir orðið, sannar að það hafi ekki verið á hans valdi að afstýra tjóninu.

101 15. okt.

Tjón, sem orsakast af húsnæðisleysi, missi leigutekna eða því um líku, felst eigi í ábyrgðinni.

Sömuleiðis er það félaginu óviðkomandi að hreinsa til á brunarústunum.

Nánari skilgreining þess sem félagið tekur í ábyrgð.

52. gr.

Almenn greining þess, sem félagið tekur í ábyrgð, er fram tekin í 6. grein.

53. gr.

Hús, sem tekin eru í ábyrgð, skulu útbúin til varnar eldsvoða eins og fyrir er skipað í byggingarsamþykktum og brunamálalögum þeim, sem gilda á hverjum tíma. Þau eru tekin í ábyrð ásamt öllu múr- og naglföstu, sem þarf til fullkominnar húsbyggingar, og ennfremur öllum þeim hlutum, tækjum og útbúnaði, sem til húss teljast og er fast tengt við húsið — allt að ½ metra niður fyrir jarðflöt eða gjallaragólf.

Ef hús er ekki útbúið til varnar eldsvoða eins og að ofan greinir, tekur félagið þau í ábyrgð með hækkuðu iðgjaldi. Félagið getur og neitað að taka slík hús í ábyrgð.

Til húsa í smíðum má telja byggingarefni á staðnum.

54. gr.

Ef þess er sérstaklega óskað, tekur félagið að sér að vátryggja ásamt húsinu:

a. hverskonar girðingar úr timbri, steini, steinsteypu, járni eða vír, slökkviáhöld, fánastengur, bátabryggjur og því um líkt, enda sé það nákvæmlega sundurliðað og virt í virðingargerðinni.
b. grunnmúra, sem ganga dýpra en ½ metra niður fyrir jarðflöt eða kjallaragólf.
c. vélar, eimkatla og innanstokksmuni, sem eru fastir eða erfitt að flytja og yfirleitt slíka hluti, sem telja verður að fylgi húsinu vegna þess sambands, sem þeir eru settir í við það eða vegna sérstakrar notkunar hússins, þótt þessir hlutir falli eigi undir ákvæði næstu greinar á undan.

Félagið getur þó neitað að vátryggja einstaka fasta hluti og getur sagt upp vátryggingu á þeim, þótt teknir hafi verið í ábyrgð.

55. gr.

Félagið tekur ekki ábyrgð á:

a. húsum, sem notuð eru til að búa til í, eða þar sem unnið er með púðri, skotbaðmull, nitroglycerini, dynamiti, hvellsilfri eða þesshättar sprengiefni. Ef hús, sem vátryggt er hjá félaginu, er síðar tekið til slíkrar notkunar, ber að tilkynna það félaginu tafarlaust og er ábyrgð félagsins þá þegar burtu fallin.

b. húsum, sem standa nær byggingum þeim, er um ræðir í staflið a, en 200 metra. **101** 15. okt.

56. gr.

Hús, sem aðeins eru ætluð til bráðabirgða á þeim stað, sem þau eru reist, getur félagið neitað að taka í ábyrgð. Ef slíkar byggingar eru teknar í ábyrgð, verður það ekki gert fyrir hærri upphæð en verðmæti þeirra til niðurrifs.

57. gr.

Félagið tekur ekki ábyrgð á verðbréfum og öðrum skjölum, slegnum peningum, óslegnu gulli og silfri, lausum gimsteinum eða eiginlegum perlum, sprengiefnum, flugeldum eða eldfimum kemiskum efnum.

Um iðgjöld.

58. gr.

Öll iðgjöld greiðist fyrirfram, þó ekki fyrir lengri tíma en eitt ár í senn. Eindagi á öllum iðgjöldum er 15. október. Nú eru eignir vátryggðar á öðrum tíma og skal þá ávallt fyrsta vátryggingartímabilið teljast til 15. okt. þess, er næstur kemur eftir að vátryggingin byrjar, nema vátryggt sé til skemmri tíma.

Ef iðgjald hækkar á árinu annaðhvort vegna viðaukabyggingar eða af einhverjum öðrum ástæðum telst hækkunin frá byrjun þess mánaðar, sem tilefni varð til hækkunarinnar.

Á sama hátt telst iðgjald af nýjum vátryggingum, sem koma í félagið á árinu.

Ef ástæða þykir til að lækka iðgjald telst lækkunin jafnan frá næstkomandi 15. október.

Ef einhver félagi hefir greitt of hátt iðgjald vegna þess, að það hefir verið rangt reiknað, án þess að vátryggða sé um að kenna, verður endurgreitt það, sem of hátt hefir verið reiknað, þegar þess verður vart.

Ef á sama hátt hefir verið talið of lágt iðgjald, getur félagið aðeins krafizt, að fá mismuninn endurgreiddan fyrir síðastliðið ár.

Breytingar á vátryggingum í félaginu.

59. gr.

Óheimilt er að vátryggja hjá öðrum þær eignir og muni, sem tryggt er í félaginu.

60. gr.

Allar tryggingar í félaginu halda áfram þangað til þeim er breytt með nýrri tryggingu (vegna viðbótar eða annars) eða þær upphafnar. Tryggingar þær, er um ræðir í 6. gr. staflið a, getur vátryggði eigi upphafið.

101
15. okt.

61. gr.

Ef vátryggði óskar breytinga á tryggingunni sökum þess, að vátryggingarupphæðin er ekki lengur réttur mælikvarði fyrir vátryggingarverðmætinu, vegna þess að verð á efni og verkalaunum hefir breytzt síðan eignin var tryggð í félaginu, eða vegna breytinga á eigninni eða viðbóta við hana, skal ný virðingargerð fara fram.

62. gr.

Þegar hús eru rifin og byggð upp að nýju að nokkru eða öllu leyti eða gagngerðar breytingar gerðar á því að innan, á útveggjum eða þaki, skal fara fram ný virðing á öllum hlutum hússins eða sérstaklega á því, sem við hefir verið bætt. Áður en slík virðing hefir farið fram og breytt hefir verið vátryggingunni hjá félaginu samkvæmt því, á vátryggði enga kröfu á skaðabótum, ef hið nýbyggða brennur.

63. gr.

Ef hús eru rifin að nokkru eða öllu leyti og ekki byggð upp aftur, eða þau eyðileggjast að nokkru eða öllu leyti á þann hátt að vátryggði, á ekki rétt á brunabótum samkvæmt reglugerð þessari, þá hættir áhætta félagsins að svo miklu leyti frá þeirri stundu er húsið var rifið eða eyðilagt, og getur framkvæmdarstjóri félagsins ákveðið, hvort ný lýsing og virðing á því, sem eftir stendur, þurfi fram að fara.

Skylda vátryggða til að greiða iðgjald fyrir hús eða húshluta, sem þannig eru rifnir eða eyðileggjast, fellur burtu frá næsta gjalddaga að telja, en skyldur er vátryggði að tilkynna aðalskrifstofu félagsins eða umboðsmanni þess þegar í stað hina áorðnu breytingu.

64. gr.

Ef hús gereyðist á einhvern þann hátt, sem gefur rétt til brunabóta samkvæmt reglugerð þessari, ber ekki að greiða neitt iðgjald af slíkum húsum frá næsta gjalddaga að telja. Á sama hátt færist niður iðgjaldið, þegar aðeins er um tjón á nokkrum hluta að ræða.

65. gr.

Ef húseign er skipt á milli tveggja eða fleiri eigenda, og óskað er sérstakrar vátryggingar á hverjum hluta, skal lýsa hverjum hluta og virða hann á venjulegan hátt og skal þá ónýtt fyrri vátryggingin.

Ef aftur á móti hverjum hluta hefir verið lýst og hann virtur áður, þá getur breytingin á vátryggingunni í fleiri sjálfstæðar tryggingar orðið samkvæmt þeim lýsingum og virðingum.

Félagið er þó eigi skylt að taka vátryggingu á húsum, sem eigi fullnægja eftir skiptinguna fyrirmælum brunamálalaga og reglugerða, um fjarlægð milli sjálfstæðra húseigna.

66. gr.

Ef hlutir þeir, sem vátryggðir eru í félaginu samkvæmt 54. gr., eru fluttir úr einu húsi í annað í sömu vátryggingu, skal vátryggði tilkynna það skriflega innan 4 vikna aðalskrifstofu félagsins eða umboðsmanni þess.

Geri hann það ekki, missir hann rétt sinn til að fá bættan hlut þann, sem fluttur var.

67. gr.

Ef gerðar eru þær breytingar á hinum vátryggðu húseignum eða á starfrækslu þeirri, sem fer fram á vátryggða staðnum, sem leiðir af sér, að greiða ber hærra iðgjald en áður samkvæmt flokkunarreglum félagsins, skal vátryggður skyldur að tilkynna aðalskrifstofunni eða umboðsmanni félagsins breytinguna innan 4 vikna frá því að byrjað var á henni.

Ef slík tilkynning er eigi gerð, skal greiða hið hækkaða iðgjald á næsta iðgjaldseindaga að viðbættum 25% af því, svo framarlega sem eigi hefir orðið brunatjón af breytingunni. Hafi brunatjón orðið, skal greiða hið hækkaða iðgjald fimmfalt.

Á sama hátt ber að tilkynna breytingar, sem leiða af sér að greiða ber lægra iðgjald, og skal þá færa iðgjaldið niður frá þeim tíma, sem breytingin var tilkynnt.

68. gr.

Þegar eigendaskipti verða að eign, sem vátryggð er í félaginu, skal senda skrifstofu félagsins, eða umboðsmanni þess, tilkynningu um eigendaskiptin innan eins mánaðar eftir að þau fóru fram, þó er ekki nauðsynlegt að tilkynna andlát vátryggða meðan ekkja hans á hina vátryggðu eign.

69. gr.

Um leið og gerðar eru tilkynningar þær, er um ræðir í 67.—68. gr., svo og þegar aðrar breytingar verða á vátryggingum, skal senda vátryggingarskírteinið með, svo að það geti fengið áritun þá, er með þarf.

Umboðsmenn félagsins skulu tilkynna aðalskrifstofunni þær áritanir um breytingar, sem þeir rita á skírteinin.

Ef ekki hefir verið gefið út vátryggingarskírteini áður, skal það útgefið; hafi skírteini verið gefið út áður en vátryggði hefir það eigi í höndum, skal honum afhent endurrit af því með áritun, ef hann krefst þess.

70. gr.

Ef framkvæmdarstjóri félagsins eða umboðsmenn þess álíta, að vátryggð hús séu orðin minna virði en vátryggingarupphæðin bendir til, vegna elli, lélegs viðhalds eða af líkum ástæðum, skal ný virðing fara fram á venjulegan hátt samkvæmt reglugerð þessari, og færist vátryggingarupphæðin niður í það sama verð, sem sú virðing sýnir.

101 15. okt.

Þegar sérstaklega stendur á t. d. þegar hús er notað til annars en áður var, starfræksla í því hættir eða því um líkt, má færa niður vátryggingarupphæðina, að framkvæmdri nýrri virðingu.

Kostnað við virðinguna ber vátryggði, ef vátryggingarupphæðin færist niður; ella ber félagið kostnaðinn. Ef bætt er úr orsökum þeim, er valdið hafa niðurfærslunni, má hækka aftur vátryggingarupphæðina ef ný virðing sýnir, að verðmæti bygginganna hefir aukizt.

71. gr.

Ef það kemur fram við skoðun, að eldfæri, reykháfar, ljós- eða aflstöð eða því um líkt, er í því ástandi, að hættulegt er að nota, þá getur sá umboðsmaður eða starfsmaður félagsins, sem framkvæmir skoðunina, bannað að nota þessi tæki, þangað til bætt hefir verið úr því, sem að er. Jafnframt skal hann gefa framkvæmdarstjóra félagsins skýrslu um málið, og ákveður hann þá, hvort halda skuli áfram banninu eða ónýta vátrygginguna. Ef vátryggði brýtur slíkt bann, og af því orsakast eldsvoði, hefir hann fyrirgert rétti sínum til bóta fyrir tjón það, sem af því leiðir.

72. gr.

Allir þeir, sem eign eiga tryggða í félaginu, eru skyldir að gefa umboðsmönnum eða starfsmönnum félagsins greiðan aðgang að því að skoða og virða eignir, sem vátryggðar eru í félaginu, er þeir koma í þeim erindum, eftir skipun framkvæmdarstjóra.

Ef slíkum aðgang er neitað, á félagið rétt á að ónýta vátrygginguna með eins mánaðar fyrirvara.

73. gr.

Skylt skal að tilkynna umboðsmanni félagsins, eða í Reykjavík aðalskrifstofunni, þegar í stað, ef vátryggðir munir eru fluttir frá vátryggingarstaðnum.

Ákvörðun brunabóta.

74. gr.

Ef tjón hefir orðið, sem félaginu er talið skylt að bæta, skal sá, er fyrir tjóninu varð, tilkynna það umboðsmanni félagsins eða aðalskrifstofu þess í Reykjavík þegar í stað og eigi síðar en 48 klukkustundum eftir að hann fékk vitneskju um tjónið.

Ef um lausafjármuni er að ræða, skal tjónþoli ennfremur senda umboðsmanni félagsins eða aðalskrifstofu þess í Reykjavík svo fljótt sem unnt er, og eigi síðar en innan 4 vikna eftir brunann, brunabótakröfu ásamt skýrslu yfir allt það, sem bjargast hefir, það sem brunnið hefir, týnzt hefir og skemmst, og sé jafnframt tilgreint verðmæti munanna. Skýrslu þessa skal tjónþoli gefa að viðlögðum drengskap.

Ef eigi er gerð slík tilkynning, skal dregið af bruntbótunum frá 10 til 100 krónum, þó aldrei meira en 1% af upphæð bótanna. **101** 15. okt.

Ef engin tilkynning er gerð innan eins mánaðar eftir að tjónið varð, eða lausafjárbótakrafa, hefir sá, er fyrir tjóninu varð, misst allan rétt til brunabóta.

75. gr.

Áður en uppgerð brunabóta hefir farið fram, má eigi flytja frá brunastaðnum neitt af því, sem falið hefir verið í vátryggingunni, ekki rífa húsveggi þar sem hættulaust er að láta þá standa, eða yfirleitt gera neina þá breyfingu eða breytingu á því, sem eftir stendur, sem félaginu getur orðið tap að.

76. gr.

Sá, sem fyrir tjóni verður, skal sjá um svo fljótt sem unnt er eftir að eldurinn er slökktur, að hreinsa til í brunarústum eða húsum, svo að unnt sé að virða nákvæmlega tjón það, er orðið hefir við brunann. Það hvílir ennfremur á honum sú skylda, að gera það, sem í hans valdi stendur, til að varðveita gegn frekari tjóni húshluta eða muni, sem bjargað hefir verið, skemmdum eða óskemmdum.

Ef tjónþoli, vanrækir að hreinsa til eða varðveita húshluta, vélar eða muni svo sem hér var sagt, eða eigi er hreinsað svo vel til, að unnt sé að framkvæma umrædda virðingu, getur félagið látið framkvæma það, sem með þarf í þessu efni, á kostnað hans.

77. gr.

Ef tjónþoli, hefir vegna engrar eða ófullnægjandi varðveizlu, við hreinsunina eða á annan hátt, gert eða leyft nokkrar óréttmætar skemmdir á því, sem eftir stóð, þá bætir félagið eigi það tjón, sem af því orsakast. Ef burtnumdir hafa verið verðmætir munir, ber að draga frá brunabótaupphæðinni verðmæti munanna, og auk þess allt að 2% af allri brunabótaupphæðinni.

78. gr.

Jafnskjótt sem lokið er að hreinsa til í rústunum, sér félagið um að framkvæmd verði virðing sú, sem nauðsynleg er til að ákveða hversu miklu tjónið nemur.

Bætur þær, sem greiða ber, ákveðast eftir hlutfallinu milli brunatjónsins og vátryggingarupphæðarinnar. Vátryggingin getur aldrei orðið til gróða fyrir vátryggða. Því ber að ákveða hið sanna vátryggingarverðmæti hinna vátryggðu eigna, er bruninn varð, áður en byrjað er á sjálfri uppgerð tjónsins. Með þessu augnamiði skal rannsaka, hvort vátryggingarverðmætið hefir eigi, samkvæmt virðingu þeirri, er fyrir liggur, og skírteini því, sem í gildi er brunadaginn, rýrnað að mun vegna elli, skemmda, vanrækslu á viðhaldi, byrjuðu niðurrifi eða vegna líkra orsaka og ef svo er, skal færa vátryggingarupphæðina niður, svo hún verði í samræmi við hið raunverulega verðmæti.

79. gr.

Ef gerðar hafa verið breytingar, viðbætur eða umbætur, sem auka verðmæti hinnar tryggðu eignar, eftir að hún hefir verið tryggð í félaginu, og eigi hefir verið gætt þessa verðmætisauka með nýrri eða aukinni vátryggingu samkvæmt 62. gr., skal þessu nýja verðmæti haldið utan við ákvörðun brunabótaanna og fellur það ekki undir brunabótaskyldu félagsins.

Ef verðmætið hefir aðeins breytzt lítið eitt, skal leggja vátryggingarupphæðina til grundvallar við brunabótavirðinguna.

80. gr.

Algert brunatjón telst það þegar hinar vátryggðu eignir eru algerlega eyðilagðar eða hlutar byggingarinnar að langmestu leyti svo skaddaðir, að þeir verða eigi notaðir til að koma eigninni í samt lagt og áður.

Annars telst tjónið tjón að hluta, jafnvel þó löggjöfin banni að gera við bygginguna aftur eða endurreisa hana.

81. gr.

Brunatjónið er gert upp sérstaklega fyrir hverja einstaka byggingu eða byggingarhluta, sem lýst er í virðingargerðinni.

Hin rétta upphæð brunatjónsins er, ef um algert brunatjón er að ræða, mismunurinn á sönnu vátryggingarverði byggingarinnar er bruninn varð og verðmæti brunaleifanna og, ef um tjón að hluta er að ræða, upphæð sú, sem kostar að gera við bygginguna samkvæmt byggingarlagi hennar, tegund og gæðum byggingarefnis, án tillits til þess, að byggingarreglur kynnu að banna að byggt sé á sama hátt aftur eða notuð séu samskonar byggingarefni, allt að frádregnu verðmæti brunaleifa þeirra, sem einhvers virði eru.

Þegar virða skal brunaleifar, skal byggja á verðlagi því, sem byggt var á, þegar virt var til vátryggingar; sá, sem tjónið beið, er skyldur að taka við brunaleifunum.

82. gr.

Þegar vátryggingarupphæðin er jöfn hinu sanna vátryggingarverðmæti eða hærri, verður brunabótaupphæðin jöfn upphæð brunatjónsins, ef vátryggingarupphæðin er lægri en hið sanna vátryggingarverðmæti, fæst brunabótaupphæðin með því að færa niður upphæð brunatjónsins eftir hlutfallinu milli vátryggingarupphæðar og vátryggingarverðmætis.

Þannig skal farið að, hvort sem um algert tjón eða tjón að hluta er að ræða.

83. gr.

Fyrir byggingar, sem sannanlegt er að ætlaðar voru til niðurrifs, verða bæturnar aðeins miðaðar við verðmæti byggingarefnisins að frádregnum kostnaði við niðurrif, hvort sem um algert tjón eða tjón að hluta er að ræða.

84. gr.

Við uppgerð á brunatjóni á húsi í smíðum, sem hefir verið vátryggt ásamt efni í bygginguna fyrir upphæð, sem vátryggði hefir sjálfur tiltekið, ber þeim, sem tjón bíður, eftir því sem kostur er á, að leggja fram, svo ákveðið verði hið sanna vátryggingarverðmæti þegar bruninn varð, reikninga, kvittanir og eftirrit úr bókum þeirra, sem selt hafa efni, er sýni hve mikið efni hefir verið látið til byggingarinnar og auk þess gefa yfirlýsingar að viðlögðum drengskap og með eiðstilboði um það, hve mikið af efni þessu hafi verið á staðnum, eða sanna á annan tryggan hátt, hvert hafi verið verðmæti byggingarinnar og efnisins. Eftir þeim skýrslum, sem sá er tjónið beið, og starfsmenn við smíði byggingarinnar geta gefið að viðlögðum drengskap og með eiðstilboði um það, hve langt hafi verið komið smíði á byggingunni, ákveða virðingarmennirnir upphæð þá, sem telja ber verkalaun, sem til byggingarinnar hafi gengið. Verðmæti byggingarefnisins að viðbættum flutningskostnaði og verkalaunum mynda hið sanna vátryggingarverðmæti á brunatímanum. Rétt upphæð brunatjónsins er mismunur milli hins sanna vátryggingarverðmætis og verðmætis þeirrar byggingar og efnis, sem eftir stendur, nema ef hið sanna vátryggingarverðmæti reynist hærra en upphæð sú, sem vátryggt er fyrir, þá telst brunatjónið aðeins hlutfallslega, hvort sem um algert tjón eða tjón að hluta er að ræða.

85. gr.

Skylt er tjónþola að gefa allar þær upplýsingar, sem hann getur, um tjónið og orsök þess og að leggja fram allar bækur, reikninga, kvittanir, áætlanir, uppdrætti og annað, sem verið getur til leiðbeiningar við virðinguna.

86. gr.

Nú eru lausafjármunir, sem vátryggðir eru í félaginu, jafnframt tryggðir gegn brunahættu á sjó eða í flutningi, og bætir félagið þá einungis það, sem tjónið fer fram úr þeirri upphæð, er flutnings- eða sjóvátryggingarfélagið hefði átt að greiða, ef engin brunavátrygging hefði verið.

Um skoðunar- og virðingargerðir út af brunatjóni, yfirmat o. fl.

87. gr.

Virðing til að ákveða upphæð brunabóta á húsum og munum, sem vátryggðir eru ásamt húsum, eða til sönnunar um notkun slíkra bóta skal framkvæma af tveim virðingarmönnum; kýs félagið annan, en tjónþoli hinn.

Ef tjónþoli eða sá, sem gætir hagsmuna hans, eigi kýs matsmann sinn innan 48 klukkustunda, frá því á hann var skorað að kjósa, eða ef sá, sem hann kýs, neitar að taka að sér starfið, þá kýs félagið báða virðingarmennina. Um hæfi þeirra gilda ákvæði 26. gr.

Ef virðingarmenn koma sér eigi saman um virðingarupphæðina, kjósa

101 15. okt.

þeir sér oddamann. Ef þeir koma sér heldur eigi saman um oddamann, skal hann útnefndur af hlutaðeigandi dómara.

Virðing þessara manna er fullnaðarúrslit, nema löglega sé óskað yfirmats, sbr. 90. gr., og verður niðurstöðunni ekki hnekkt fyrir dómstólunum.

88. gr.

Þegar bygging hefir verið endurreist eða gert við hana, verður hún aftur vátryggð í félaginu að lokinni virðingu þeirri, er fram fer til sönnunar notkunar brunabótanna.

89. gr.

Ef tjónþoli óskar að skjóta slíkum virðingum til yfirmats, skal hann tilkynna það félaginu innan 72 klukkustunda eftir að lokið var virðingunni.

Á sama hátt getur félagið krafizt yfirmats innan 72 klukkustunda frá því það hefir fengið eftirrit af virðingargerðinni í hendur.

90. gr.

Yfirmatsmennirnir skulu ávallt vera helmingi fleiri en þeir, sem framkvæma fyrstu virðingu; um hæfi þeirra gilda sömu reglur sem um hæfi frumvirðingarmanna og kosnir skulu þeir á sama hátt, hálf talan af félaginu og hálf talan af tjónþola. Um kosningarfrest og kjör oddamanns skal fara á þann hátt, sem segir í 87. gr.

Þegar yfirmat hefir farið fram, eru það fullgild úrslit og þeirri niðurstöðu verður eigi hnekkt fyrir dómstólunum.

91. gr.

Umboðsmaður félagsins annast um að framangreindar virðingar fari fram og sér um, að til greina komi við ákvörðun virðingarupphæðanna öll atvik og kringumstæður, bæði það, sem er til hagsmuna félaginu og það, sem er til hagsmuna tjónþola.

Allar virðingar skulu framkvæmdar með eiðstilboði og virðingarmenn skulu vinna eið að virðingunni, ef krafizt verður.

Áður en virðing fer fram, skal umboðsmaður félagsins tilkynna tjónþola hvenær virðingin eigi að fara fram, og að henni lokinni tilkynna honum niðurstöðuna.

92. gr.

Kostnað við virðinguna til að ákveða upphæð brunabóta ber félagið; annars ber sá kostnaðinn við virðingar þær, er um ræðir í þessum kafla, sem um virðinguna biður. Kostnað við yfirmat ber sá, sem matið gengur á móti. Ef frummatið er staðfest, þá skal sá bera kostnaðinn við yfirmatið, sem um það hefir beðið.

93. gr.

Upphæð brunabóta fyrir lausafé skal ákveðin af félaginu eftir skýrslu tjónþola, samanborinni við skýrslu þá, er um ræðir í 33. gr.; þó hefir félagið frjálsar

hendur að lækka bæturnar vegna sérstakra upplýsinga um sannvirði munanna, sem tjónið hefir lent á, á brunatímanum. Upphæðir þær, sem taldar eru í vátryggingarskírteininu fyrir hvern flokk muna (sbr. 33. gr.) mynda hver út af fyrir sig takmörk ábyrgðar félagsins fyrir muni í þeim flokki, án tillits til hvernig verðmætisskiptingin milli flokkanna hefir verið á brunatímanum og hvernig tjónið skiptist á þá. **101** 15. okt.

Tjónþoli verður að geta sannað hve mikið var fyrir hendi á brunatímanum af vörum, fóðurbirgðum og þessháttar, sem breytist dag frá degi, með bókum sínum, reikningum, vitnisburðum valinkunnra manna o. s. frv.

94. gr.

Umboðsmaður félagsins athugar skýrslu tjónþola og kröfu hans um brunabætur og ef með þarf leitar hann sér frekari skýrslna og ber sig saman við aðra kunnuga. Skjölin með tillögum sínum sendir hann svo aðalskrifstofu félagsins. Getur hún jafnan, ef hún óskar þess, sent sérstakan fulltrúa sinn til að rannsaka skýrslur þessar.

Ef ekki fæst samkomulag um brunabæturnar á þeim grundvelli, sem hér greinir, getur bæði félagið og tjónþoli krafizt virðingar, og ef til kemur yfirmats, á þeim liðum, sem ósamkomulag er um. Gilda um möt þessi allar sömu reglur, sem settar eru um húsamöt í 87., 89.—92. gr.

Tjónþoli er skyldur að halda skemmdum munum gegn því að fá skemmdirnar bættar, en félagið getur, ef því þykir skemmdirnar of hátt metnar, sjálft tekið munina því verði, sem þeir eru virtir.

Félaginu er frjálst að greiða brunabætur fyrir lausafé í fríðu (in natura) og annast sjálft um að koma skemmdum munum í samt lag.

Um notkun brunabóta og greiðslu þeirra.

95. gr.

Bótum fyrir tjón á húsum skal varið til að byggja upp á sama stað eða gera við hús það, sem brunnið hefir, nema þegar endurbygging eða viðgerð húss verður ekki framkvæmd á sama grunni eða sömu lóð vegna þess að hún kemur í bága við skipulag kaupst. eða kauptúns eða við önnur gildandi ákvæði.

Við endurbyggingu húsa og húsabætur er félaginu skylt að tryggja það, áður en brunabæturnar eru greiddar, að þeim sé varið réttilega.

Ef brunnin hús verða eigi endurreist á rústunum án þess þau verði nær húsi eða grunni annars manns en gildandi lög eða samþykktir leyfa, þá getur hvorki félagið né tjónþoli haft á móti því að hið nýja hús sé reist annarsstaðar á sömu lóð, ef unnt er án þess að koma í bága við lög eða samþykktir.

96. gr.

Þegar óskað er að reisa nýtt hús utan við rústirnar, án þess að nauðsyn sé vegna laga eða samþykkta, en þó ekki utan við takmörk lóðar þeirrar, sem

101 fylgdi húsi því, er brunnið hafði, skal það liggja undir framkvæmdarstjóra fé-
15. okt. lagsins að ákveða í hverju einstöku tilfelli, hvort það skuli leyft.

97. gr.

Nú er þess óskað að brunabætur séu greiddar án skyldu til að byggja upp aftur á sama stað, eða til að byggja að nýju utan lóðarmarka hins brunna húss, eða til að byggja nýtt hús allt öðruvísi eða til annarar notkunar en hið brunna hús, þá þarf til þess fyrst og fremst leyfi veðhafa. Síðan tekur framkvæmdarstjóri félagsins ákvörðun um hvort slíkt skuli leyft og þá með hverjum frádrætti á brunabótaupphæðinni. Ef um er að ræða útborgun brunabóta án nokkurrar byggingarskyldu, skal jafnan draga frá 10—20% af brunabótaupphæðinni, nema almannahagur meini að endurbyggt sé hús til sömu nota í sama kaupstað eða kauptúni, eða á sama býli.

98. gr.

Sú skylda hvílir á tjónþola að sanna með skoðunar- og virðingargerð, sem framkvæmd sé undir umsjón umboðsmanns félagsins, að hús þau, er skemmst hafa að nokkru eða öllu leyti, hafi fengið viðgerð eða verið endurreist samkvæmt ákvæðum framanskráðra greina.

Ef bætur fyrir tjón að hluta nema minna en 100 krónum, getur einfalt vottorð umboðsmanns félagsins eða tveggja virðingarmanna komið í stað skoðunar- og virðingargerðar.

99. gr.

Nú kemur það í ljós við slíka skoðunar- og virðingargerð, að veggir, sem í virðingargerð þeirri, er framkvæmd hefir verið til að ákveða upphæð brunabóta, hafa verið virtir til niðurrifs, hafa samt verið notaðir í bygginguna, eða vélar eða aðrir hlutir, sem þá voru virtir sem ónothæfir, hafi samt með viðgerð verið gerðir nothæfir, þá skal draga frá brunabótunum það, sem brunaleifarnar hafa sannanlega verið meira virði. Ef viðgerð eða endurbygging hinna skemmdu eða gereyðilögðu húsa eða hluta hefir kostað minna en gert var ráð fyrir í umræddri virðingargerð, ber aðeins að borga þá upphæð, sem sannað er að notuð hafi verið til endurbyggingarinnar.

100. gr.

Ef hús aftur á móti hafa verið bætt og byggð gagnstætt ákvæðum 95. gr., er hlutaðeigandi skyldur, ef hann vill fá greiddar bæturnar, að gera þær breytingar á húsunum, sem þarf til þess að bæturnar verði notaðar samkvæmt nefndum ákvæðum, nema leyfi fáist samkvæmt 97. gr. til að láta þær standa óhaggaðar.

101. gr.

Brunabætur verða eigi greiddar fyrr en haldin hefir verið réttarrannsókn út af brunanum; þó getur framkvæmdarstjóri gert undantekningu frá þessu, ef tjónið nemur eigi meira en 500 krónum.

102. gr.

Engar brunabætur fást greiddar fyrr en tjónþoli hefir lagt fyrir framkvæmdarstjóra félagsins sönnunargögn þau, er um ræðir í 89. gr., annaðhvort fyrir öllu tjóninu eða tjóni á einstökum hlutum vátryggingarinnar. Hann skal og, ef krafizt verður, leggja fram eftirrit af réttarrannsókn þeirri, er fram hefir farið út af brunanum.

Þegar framkvæmdarstjóri hefir fengið gögn þessi í hendur, skal hann eigi síðar en tveim vikum þar á eftir, gera ráðstafanir til greiðslu brunabótaupphæðarinnar, ef eigi er neitt til fyrirstöðu greiðslunni samkvæmt öðrum ákvæðum reglugerðar þessarar. Greiðslustaður brunabóta er aðalskrifstofa félagsins í Reykjavík.

103. gr.

Um leið og brunabætur eru greiddar, eignast félagið sjálfkrafa allar þær kröfur, sem vátryggður kann að hafa á hendur öðrum en því, um bætur fyrir hið vátryggða, allt að þeirri upphæð er brunabótunum nemur.

104. gr.

Eigi verður lagt löghald á brunabótaupphæðina né gert fjárnám í henni, nema ásamt með eigninni sjálfri.

105. gr.

Þegar eignir þær, sem tryggðar eru hjá félaginu, eru veðsettar, nær veðrétturinn einnig til brunabótafjárins. Glati veðsetjandi rétti sínum til brunabótanna, á veðhafi engu að síður heimtingu á greiðslu þeirra svo sem með þarf til að borga kröfuskuld hans með eins árs vöxtum, ef annað veð eða aðrar eignir veðsetjanda hafa eigi hrokkið til.

106. gr.

Ef eigi hefir verið færð sönnun sú, er um ræðir í 98. gr., innan 3 ára frá brunanum, missir tjónþoli allar kröfur til brunabóta hjá félaginu, eða ef gert hefir verið við eða endurreist aðeins að nokkrum hluta, þá missir hann kröfu til þess hluta bótanna, sem ónotaður er látinn.

Frádráttur á brunabótum.

107. gr.

Félagið getur dregið allt að fjórðung af brunabótum, ef vátryggjandi eða kona hans, sem er í sambúð með honum, hefir út af eldsvoðanum verið dæmd í sekt fyrir brot gegn brunamálalögunum, eða hann eða hún hafa gengizt undir það sjálfviljug að greiða slíka sekt.

108. gr.

Ef hann það, sem um ræðir í 71. gr., hefir verið brotið á síðustu 12 klukkustundum áður en eldurinn kom upp, má draga allt að ⅕ af brunabótun-

101 um, þótt eigi sannist að vanræksla á að hlýða banninu hafi orsakað eldsvoðann,
15. okt. þegar eigi er sannað að eldsvoðinn hafi orsakast af öðrum ástæðum.

109. gr.

Sama frádrátt má gera, þegar tjónþoli:

1) hefir vanrækt að gera það, sem með þurfti til að slökkva eldinn eða stöðva hann eða að ástæðulausri breytni sinni meðan á slökkvitilraununum stóð eða eftir að þeim var lokið, hefir orðið þess valdandi að tjónið hefir aukizt,
2) hefir gefið ranga skýrslu um verðmæti hins vátryggða eða upphæð tjónsins, eða
3) með röngum skýrslum eða þögn um það, sem honum var skylt að skýra frá, hefir hindrað rannsókn til upplýsinga um orsök eldsvoðans eða stærð tjónsins.

Þetta nær og til þess, ef tjónþoli gagnstætt skyldu sinni hefir stuðlað að misfellum þeim, sem um ræðir í tölulið 1—3.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt er úr gildi numið:

a. Frá 15. okt. 1932: Reglugerð fyrir Brunabótafélags Íslands, útgefin 16. jan. 1917, og viðaukareglugerð við hana, útgefin 20. apríl 1921.
b. Frá 15. okt. 1934:
   1. Reglugerð um brunabótasjóði sveitarfélaga, útgefin 20. okt. 1906.
   2. Reglugerð um sameiginlegan brunabótasjóð fyrir sveitahíbýli, útgefin 2. apríl 1909.
   3. Reglugerð um iðgjöld til brunabótasjóða sveitarfélaga, útgefin 31. jan. 1912.
   4. Reglugerð um iðgjöld til brunabótasjóða sveitarfélaga o. fl., útgefin 30. marz 1918.
   5. Reglugerð um breyt. á reglugerð um brunabótasjóði sveitarfélaga frá 20. okt. 1906, útgefin 13. ágúst 1919.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 15. október 1932.

Magnús Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

FLOKKUNARREGLUR OG IÐGJALDASKRÁ

102
15. okt.

Brunabótafélags Íslands.

Samkvæmt lögum nr. 26, 23. júní 1932, um Brunabótafélag Íslands, eru hér með settar eftirfarandi flokkunarreglur og iðgjaldaskrá fyrir félagið.

Almennar reglur um iðgjaldareikning.

1. gr.

Reglur þessar gilda um byggingar og lausafjármuni, sem vátryggt er í félaginu (þar með talin húsgögn, vélar, búsgögn, gripir og allskonar afurðir, og einnig skip á höfnum inni eða á landi). Öll iðgjöld eru reiknuð af vátryggingarverði, þ. e. virðingarverði eða því verðmæti, sem upp hefir verið gefið, ef ekki er vátryggt samkvæmt virðingu.

2. gr.

Iðgjöldin eru fyrir vátryggingu í eitt ár og greiðast þau fyrirfram.

Fyrir áframhaldandi vátryggingar reiknast iðgjaldið í fyrsta sinn frá þeim tíma, sem vátryggingin gengur í gildi, til 15. okt. næst á eftir, og telst gjaldið $^1/_{12}$ fyrir hvern mánuð. Brot úr mánuði, $^1/_3$ eða meira, telst sem heill mánuður, minna broti er sleppt.

Sé um vátryggingu fyrir styttri tíma að ræða, reiknast gjaldið þannig:

allt	að	1	mánuði	$^1/_{12}$	árgjaldsins,	að	viðbættum	50%
—	—	2	mánuðum	$^2/_{12}$	—	—	—	45—
—	—	3	—	$^3/_{12}$	—	—	—	40—
—	—	4	—	$^4/_{12}$	—	—	—	35—
—	—	5	—	$^5/_{12}$	—	—	—	30—
—	—	6	—	$^6/_{12}$	—	—	—	25—
—	—	7	—	$^7/_{12}$	—	—	—	20—
—	—	8	—	$^8/_{12}$	—	—	—	15—
—	—	9	—	$^9/_{12}$	—	—	—	10—
—	—	10	—	$^{10}/_{12}$	—	—	—	5—
—	—	11	—	$^{11}/_{12}$	—	—	—	3—
—	—	12	—	heilt árgjald.				

Ef breytingar verða á vátryggingum á starfsárinu, sem valda breytingu á iðgjöldum, reiknast hin breyttu iðgjöld til 15. október næst á eftir, eftir sömu reglu sem segir í 2. málsgrein. Endurgreidd iðgjöld fyrir tryggingar, sem ganga úr gildi, reiknast á sama hátt.

102
15. okt.

3. gr.

Almenn eldhættuákvæði. — Ef í húsinu er rekin atvinna eða iðnaður, eða þar eru birgðir eða annað, sem gerir það að verkum, að reikna verður hærra iðgjald en lágmarksiðgjaldið, skal iðgjaldshækkunin gilda jafnt um alla bygginguna og það, sem í henni er.

Þegar kvikmyndahús,
iðnaðarrekstur,
steinolíu-, nafta- eða benzínbirgðir,
lýsisbræðsla,
trésmíðar með vélum, eða aðrar þær iðngreinir, sem aukin eldhætta stafar af, eru innan þeirra takmarka, sem greint er hér á eftir — nema annað sé sérstaklega ákveðið — hækkar iðgjaldið:

	Hækkun í broti af iðgjaldi þeirrar áhættu, sem eldhættan stafar frá:	
Ef fjarlægðin er:	á I. og II. fl. hús	á III. fl. hús
Minni en 6 metr.	allt að 1/1	allt að 1/1
6—15 —	— — 1/2	— — 3/4
15—30 —	— — 1/4	— — 1/2

Fullkominn eldvarnarveggur á milli áhætta telst jafngilda 15—30 m. fjarlægð, nema áhætturnar myndi vinkil sín á milli.

Fullkominn eldvarnarveggur telst vera 20 cm. þykkur steinsteypuveggur eða 30 cm. þykkur steinveggur, sem nær minnst 30 cm. upp fyrir húsþökin.

Ófullkominn eldvarnarveggur á milli áhætta jafngildir 6 cm. fjarlægð.

Ófullkominn telst eldvarnarveggur, sem gerður er eins og fullkominn eldvarnarveggur, ef á honum eru gáttir (dyr, gluggar, vindaugu), sem lokað er með eldvörðum útbúnaði.

4. gr.

Almennir skildagar. — Það er skilyrði fyrir gildi vátrygginga með því iðgjaldi, sem ákveðið er í 11. gr., að vátryggjandi afhendi skriflega yfirlýsingu (eftir því sem við á) um að eftirtöldum skilyrðum sé fullnægt. Að öðrum kosti er iðgjaldið 1/2‰ hærra í öllum flokkum og 3/4‰ hærra, ef þök húsanna eru ekki eldvarin.

a. Almennur húsaskildagi. — Eldstæði og reykháfar sé gerðir samkvæmt fyrirmælum laga um brunamál, 22. nóv. 1907, 8. og 9. gr., eða þeim lagafyrirmælum, sem koma kunna í þeirra stað.

Skilyrði um eldstæði og reykháfa eru þessi:

1. Opin eldstæði mega ekki vera í herbergjum, sem trégólf er í eða trébitar í gólfi og hvergi nær stoðum eða öðrum viðum en svo, að 63 cm. (24 þuml.) sé á milli.
2. Ofnar og eldstór mega ekki vera nær tré eða öðru, er kviknað getur í, en svo, að um 21 cm. (8 þuml.) sé á milli.
3. Pípur frá ofnum og eldstóm mega ekki vera nær tré en svo, að um 21 cm.

(8 þuml.) sé á milli. Þær skulu liggja inn í reykháf og mega ekki liggja um herbergi, sem geymt er í hey eða ámóta eldfim efni. 102 15. okt.

4. Eldstór mega því aðeins standa á trégólfi, að um 11 cm. (4¼ þuml.) að minnsta kosti sé frá gólfi upp að botni eldstórinnar og gólfið undir eldstónni sé þakið járnþynnu eða öðru eldtraustu efni.
5. Ofnar skulu standa á múruðum fæti eða á múrfylltum eða opnum járnfæti; sé rist í botni ofnsins, skal öskuskúffa vera í fætinum og skal þá vera undir skúffunni járnþynna, er fyllir út í holið, um 5 cm. (2 þuml.) frá gólfi að minnsta kosti.
6. Þar sem ofnar eða eldstór standa á trégólfi, skal gólfið fram undan eldholinu vera þakið með efni, er ekki getur kviknað í, t. d. járnþynnu. Skal járnþynnan eða það, sem notað er í hennar stað, ná a. m. k. um 31 cm. (12 þuml.) fram á gólfið fyrir framan ofninn eða eldstóna, og a. m. k. um 21 cm. (8 þuml.) út á gólfið til hliðanna og bak við.
7. Reykháfar skulu vera tryggilega hlaðnir upp úr tígulsteini eða grjóti, lögð í steinlím, eða gerðir úr steinsteypu, er sé a. m. k. um 12 cm. (4½ þuml.) á þykkt. Þar sem reykháfur gengur gegnum bita og borð, sem lögð eru undir bita, sem og þar sem hann gengur gegnum þakið, skal hann vera járnklæddur hringinn í kring, og sé a. m. k. um 17 cm. (6½ þuml.) milli þeirra hliða hans, er inn snúa og næstu viða. Ekki má heldur þilja reykháfinn eða klæða hann borðum, eða láta utan um hann veggfóður, sem límt er utan á lista. Reykháfur skal annaðhvort hlaðinn frá grundvelli, eða liggja í hvelfingu milli tveggja steinveggja, en má eigi standa á bitum eða trégólfum. Reykháfar skulu eigi þrengri en um 24 cm. (9 þuml.) á hvern veg að innanmáli og ná a. m. k. 63 cm. (1 alin) upp fyrir mæni, ef þeir koma upp úr mæni húss, en a. m. k. um 1 metra (1½ alin) upp úr þekjunni utan mænis.

Á hverjum reykháf skulu vera nægilega mörg sópgöt, jafnvíð reykháfnum og traust járnhurð fyrir í járnumgerð. Inn í um 24 cm. (9 þuml.) víðan reykháf má eigi leggja reykpípu frá fleiri eldstæðum en 8, og jafnan skal hafa járnkraga á reykháfnum utan um hverja pípu, þannig gerðan, að pípan geti eigi ýtzt inn í reykháfinn.

Eigi má reykháfur vera í herbergi, þar sem geymt er hey eða aðrir jafn eldfimir hlutir, nema hlífar séu reistar allt í kringum reykháfinn í því herbergi að minnsta kosti 63 cm. (1 alin) frá honum á hvern veg, svo að engin eldfim efni nái að komast að reykháfnum.

Verði skilyrðum brunamálalaganna um eldstæði og reykháfa breytt, þá breytast skilyrðin 1—7 í samræmi við það.

b. Skildagi um þurrkun. — Þegar framleiddur hiti er notaður við atvinnurekstur eða til þurrkunar á vörubirgðum, er skildagi vátryggingarinnar þessi:

Eldfimir hlutir, sem þurrkaðir eru við framleiddan hita, mega eigi vera nær hitunarfærum, hitaleiðslupípum eða hitaleiðslugöngum en svo, að 1 metri sé á milli upp á við og 60 cm. til hliðanna, og eigi nær eldstæði en svo, að 1 m.

102 15. okt. sé á milli, hvort heldur er upp á við eða til hliðanna. Svo skal og uppi yfir hitunarfærum, hitaleiðslupípum og hitaleiðslugöngum í 60 cm. hæð að minnsta kosti hafa þannig gerðan útbúnað, að óhult sé um, að þeir hlutir, sem verið er að þurrka, geti dottið niður á pípur eða leiðslur, sem hitinn kemur frá.

c. Skildagi um sprengiefni (púður o. fl.). — Á vátryggingum, þar sem geymt er púður og annað sprengiefni (þar með teljast flugeldar o. þ. h.), er sérstakur skildagi þessi:

a. Í einkahúsum má ekki hafa meiri birgðir af sprengiefni en 2 kg.
b. Í verzlunarhúsum má ekki hafa í búðinni og herbergjum, sem eru áföst henni, meira en 2 kg. af sprengiefni, en auk þess má geyma í íbúðarherbergjum í sama húsi birgðir, sem nema allt að 10 kg. alls. Ennfremur má í öðrum húsum sömu eignar geyma sem svarar 10 kg. af púðri, ef þau eru í minnst 3 m. fjarlægð frá öðrum húsum, eða eru aðgreind frá þeim með eldtraustum vegg; þó má aldrei vera minna en 10 m. fjarlægð á milli birgðanna í húsunum. Tvö kg. af flugeldum o. þ. h. teljast jafngilda 1 kg. af púðri.

Umbúðir um púður eiga að vera pappahulstur eða blikkhulstur, og ekki meir en ½ kg. í hverju hulstri, en þau ber aftur að hafa í trékössum og ekki meir en 5 kg. í hverjum kassa. Flugelda ber einnig að geyma í trékössum.

Verzlunarbirgðir af hverskonar sprengiefni ber að geyma í sérstökum herbergjum, sem til þess eru ætluð eingöngu. Þau skulu vera á efstu hæð og sé hægt að læsa þeim.

5. gr.

Þegar til lýsingar er notað gas, acetylén eða annað ljós-gas, skal það skilyrði sett í skírteinið, að gasgeymirinn sé settur utanhúss og þá að minnsta kosti 3 m. frá húsum, sem eru í 1. fl., 6 m. frá 2. fl. húsum og 12 m. frá 3. fl. húsum (sbr. kaflann um húsaskipting).

Sé fyrirkomulagið á annan veg, hækka iðgjöldin fyrir þær byggingar, sem eru nær útbúnaðinum en ofan greinir, um minnst 20%.

Raflýsing hefir ekki í för með sér iðgjaldahækkun, ef allur útbúnaðurinn er á þann hátt, sem framkvæmdarstjórn félagsins fyrirskipar; að öðrum kosti hækkar iðgjald það, er um ræðir, um 50%.

Gasolinlampar. Ef slíkir lampar eru notaðir, er iðgjaldið tvöfalt.

Steinoliulampar (Kitson-Luz, Perpeua-, Sprit-glóðarlampar eða aðrir lampar af líkri gerð). Ef þess háttar lampar eru notaðir til ljósa, er skildaginn þessi:

1. Lampann má ekki hengja nær þaki eða lofti en svo, að 1 m. sé á milli, nema um steinhvelfing sé að ræða, eða tréð sé varið með 60×60 cm. þynnu úr járni eða asbesti, er fest sé innan á sjálft þakið eða loftið og snúi asbestið inn að trénu.
2. Leiðslurnar frá ljósmetisbrúsunum skulu varðar gegn ytri skemmdum 1,5 m. upp frá gólfi að minnsta kosti.
3. Ljósmetisbrúsana skal setja í hylki, er séu úr óbrennanlegu efni og opin

að ofan; eiga þau að vera því sem næst jafnhá ljósmetisbrúsunum og sandur á botninum. Þetta nær þó ekki til brúsa með kolsýruþrýsting, ef á kolsýrugeyminum er málmtappi, er bráðni við lítinn hita, og ljósmetið auk þess rennur út úr smágeymi, er sé niðri í ljósmetisvökvanum í brúsanum. 102 15. okt.

4. Undir upphitunarsprittgeymi lampans á að vera nægilega stór lekabolli.
5. Eigi má nota lampa, sem svo eru gerðir, að ljósmetisgeymirinn er áfastur við sjálfa lampaumgerðina og fyrir ofan logann.

Ath. Ef ekki er farið eftir skildögunum, reiknast tvöfalt iðgjald samkvæmt iðgjaldaskrá.

6. gr.

Þar sem aflvélar eru notaðar eða gufuþrýsting gilda þessi ákvæði, nema annað sé sérstaklega fram tekið:

Fastur gufuketill og gufuvél. Í gufuketilsklefanum skal vera eldtraust gólf, veggir af steini eða bárujárni, loftið steypt eða þak úr bárujárni, sem hvíli á járnröngum; ef katlarnir eru að minnsta kosti 1,3 m. frá loftinu, má það vera úr tré, sem sé reyrkalkað eða klætt járnþynnum á listum. Reykháfurinn sé byggður samkvæmt fyrirmælum laga um brunamál (sjá húsaskildaga), sé að minnsta kosti 9 m. hár, ef gufuketillinn hefir minna en 15 hestöfl, annars 14 m. að hæð; undir öllum kringumstæðum á reykháfurinn að vera 5 m. hærri en húsmænirinn, þar sem hann er hæstur, í 10 metra fjarlægð. Eigi má þurrka á gufukatlinum eða í nánd við hann.

Sé þessum ákvæðum fylgt, hefir gufuketillinn enga iðgjaldahækkun í för með sér. Að öðrum kosti hækka iðgjöldin um minnst 3‰.

Steinolíuhreiflar og dieselhreiflar. Ef hreifillinn er í sérstöku þar til gerðu húsi úr steini, bárujárni eða timbri, sem að innanverðu er klætt járnþynnum eða bárujárni, eða ef hreifillinn er í sérstöku herbergi með eldtraustu gólfi, loft og veggir sömuleiðis, hurðin úr tré, en járnvarin á alla vegu og eins dyraumbúnaðurinn, hefir steinolíuhreifillinn enga iðgjaldahækkun í för með sér. Að öðrum kosti reiknast aukagjald 5‰.

Benzín-, nafta-, vínandahreiflar o. s. frv. Herbergið, sem hreifillinn er í, má eigi nota til annara hluta. Eldstæði má þar eigi vera. Veggir og loft (eða þak) í hreifilsherberginu skulu vera úr eldtraustu efni. Ef hreifillinn er í sérstöku hreifilshúsi, sem eigi er áfast öðrum húsum, má loftið þó vera úr tré, en verður þá að vera klætt samfelldri járnþynnu, er eigi sé nær múrskelinni en svo, að 5 cm. (um 2 þuml.) séu á milli. Gólfið sé úr steini eða steinsteypu. Bjart skal vera í herberginu og vel búið um loftrás við loft og gólf með óbyrgðum loftopum út í bert loft, og skulu þau vera þannig sett, að gasið komist ekki inn í önnur herbergi gegnum glugga eða önnur op, sem nærri liggja. Veggir að næstu herbergjum skulu vera heilir, eða að minnsta kosti eigi önnur op á þeim en nauðsynleg eru fyrir hreyfiás eða pípur. Skulu þá vera járnþynnur utan um ásinn eða pípurnar, er falli alveg að þeim og séu festar á vegginn. Hurðin lokist sjálfkrafa og sé úr járni eða tré og járnvarin á alla vegu og eins dyraumbúnað-

102 urinn; skal mega ljúka hurðinni upp út á við undir beran himin. Í gluggunum
15. okt. sé „Monier"-gler í fastri járnumgerð og möskvastærðin eigi yfir 2 cm. Herbergi upp yfir hreifilherberginu má eigi hafa til geymslu fyrir neinskonar hluti.

Útstraumspípan sé úr járni og fest saman með skrúfugrópum (Flancher) eða fast samanskrúfuðum hólkum. Hún má eigi liggja gegnum þak eða loft, heldur út í múrvegginn út í bert loft. Á pípuopinu skal vera neistanet, er félagið tekur gilt, og má opið eigi vera nær tré, hálmi eða öðru þess háttar en svo, að 6¼ m. (um 10 áln.) sé á milli. Ef engir slíkir eldfimir hlutir eru nær en svo, að yfir 12½ metra bil (um 20 áln.) sé á milli, þarf ekkert neistanet.

Nú eru staðhættir þessum útbúnaði til fyrirstöðu, og má pípuopið þá liggja niður í vatn í brunni fyrir utan húsið. Á brunninum sé járnlok, sem falli alveg að.

Í hreifilherberginu má eigi vera annað benzín en í vökvageymi hreifilsins. Aðrar benzínbirgðir skal annaðhvort geyma í íláti, er grafið sé í jörð niður og þakið yfir, eða í eldtraustum klefa; má hann að vísu vera áfastur hreifilherberginu, en sé þó algerlega aðskilinn frá því með samfeldum múrvegg, hlöðnum úr einfaldri steinaröð að minnsta kosti. Dyrnar séu að jafnaði læstar og lykillinn í vörzlum sjálfráða manns.

Til lýsingar í hreifil- og benzínforða-húsum má einungis hafa rafmagnslampa með tvöföldu gleri og séu vör og tenglar (Kontakter) að utanverðu eða með loftheldum umbúnaði, — eða að öðrum kosti ljós að utanverðu bak við lofthelt „Monier"-gler.

Gufupípur eða eldstór mega eigi vera nær hreifli eða vökvageymi en svo, að 1,5 m. sé á milli.

Vökvageymi hreifilsins má einungis fylla við dagsbirtu, nema vökvinn sé dældur úr neðanjarðaríláti utanhúss.

Banna skal með uppfestum auglýsingum í herbergjunum, þar sem þær eru auðveldar aflestrar, að reykja þar tóbak eða nota þar óbyrgt ljós.

Á sama hátt skal brýnt fyrir mönnum að leggja öll notuð fægigögn í til þess ætlaðan járnkassa með járnloki í herberginu.

Sé framtöldum skilyrðum ekki fullnægt, hækkar iðgjaldið um 10%.

Rafmagnshreiflar. Rafmagnsvélum (hreiflum, aflvökum, spennibreytum, straumskiptum) skal komið svo fyrir, að eldur, sem kynni að koma upp í þeim, geti eigi kveikt í eldnæmum efnum. Frá hreyfitólum skal svo gengið, að þau geti eigi valdið slíkri hitun á hlutum, sem kviknað getur í, að hætt sé við eldsvoða. Sé nokkur þau tæki, sem að ofan eru nefnd, í herbergi, þar sem sprengihætt efni eru framleidd og geymd, eða þar sem sprengihætta getur stafað af gastegundum, eldnæmu ryki, fisi eða trefjum, skal gengið frá tækjunum með sérstöku tilliti til sprengihættunnar.

(Aflvaki = Dynamo; spennibreytir = Transformator; straumskiptir = Strömskifter; hreyfitól = Igangsætter; tengill = Kontakt).

7. gr.

Ef iðgjaldið, þegar sérstaklega stendur á, yrði óvenju hátt, eða ef um hús er að ræða, sem byggð eru venju fremur tryggilega gegn eldsvoða, er félaginu heimilt að ákveða lægra iðgjald, ef þess er skriflega farið á leit og nægilegar upplýsingar eru fyrir hendi. Á sama hátt er félaginu rétt að hækka iðgjöld, ef sérstaklega stendur á, eða ef til greina koma atriði, sem ekki er tekið tillit til í flokkunarreglunum.

Húsaskipting.

8. gr.

I. flokkur:

a. Hús með steinveggjum eða steinsteypu og eldvörðu þaki.
Ef allir innveggir, loft og gólf er eldtraust, má reikna iðgjaldið fyrir húsið sjálft með 15% afslætti, sé þak einnig eldtraust getur afslátturinn numið allt að 30%. Iðgjaldið getur þó ekki orðið lægra en lágmarksiðgjald það, sem ákveðið er í 11. gr.

b. Torfhús og hús byggð úr torfi og grjóti að veggjum, með torfþaki eða öðru eldvörðu þaki, þó því aðeins, að baðstofa og eldhús sé greint frá öðrum bæjarhúsum með vegg, og sé veggurinn annaðhvort steyptur eða steinlímdur upp úr, og þá eigi þynnri en 10 cm., eða úr torfi eða torfi og grjóti, og þá eigi þynnri en 1 m. Eigi mega vera fleiri dyr en einar á slíkum veggjum og þær eigi stærri en 90 cm. á breidd og 2,2 m. á hæð. Engar gáttir mega vera á slíkum veggjum utan dyra eða ofan dyra og engir viðir í gegnum þá eða í þeim aðrir en hurð og dyraumbúnaður. — Til þessa flokks teljast peningshús og önnur útihús, nema heyhlöður, ef þar er hvorki eldstæði eða íbúð.

II. flokkur: Hús með útveggjum, sem eru allir klæddir bárujárni eða skífum og með eldvörðu þaki.

III. flokkur: Öll önnur hús.

Sambyggð hús, án nokkurs eldhætts atvinnureksturs, flokkast hvert fyrir sig, ef þau eru aðgreind með steinvegg eða steinsteypuvegg, enda séu hurðir, gluggar eða hlerar í öllum gáttum veggjarins, og þökin ekki sambyggð.

Afslættir fyrir slökkvivarnir.

9. gr.

a. Opinberar slökkvivarnir. — Afsláttur, sem gefinn er eða gefinn kann að verða fyrir opinberar slökkvivarnir á tilteknum stöðum gildir, yfirleitt, nema annað sé tekið fram.

b. Einkaslökkvivarnir (innanhúss):

1. Fyrir hús, sem iðngreinir eru reknar í, sem valda aukinni eldhættu, má gefa afslátt af iðgjaldi, ef á hverri hæð hússins er vatnsslanga eigi mjórri en 1″ í þvermál og tengjanleg við vatnsleiðslu innanhúss tilheyrandi

102
15. okt.

vatnsveitu, sem félagið tekur gilda í þessu tilliti. Hver slanga má ekki vera lengri en 15 m., en þær verða að vera svo margar að þær nái um alla hæðina. Í stað vatnsslangnanna mega vera viðurkennd slökkvitæki eða hússlökkvidælur.

Afslátturinn getur numið:

a. Í húsum, sem virt eru 50 þús. kr. eða meira, allt að 5%.

b. Í húsum, sem lægra eru virt, allt að 10%.

2. Fyrir önnur hús má með sömu aðgreiningu á vátryggingarupphæð gefa sama afslátt, ef í þeim eru venjuleg (normal) slökkvitæki (sjá aths. c) eða aðrir öflugri eldvarnir.

Félagið viðurkennir fyrst um sinn eftirtalin slökkvitæki og hússlökkvidælur:

a. Fyrir slökkvilið, háspennur og annars staðar þar sem þörf er á frostfríum áhöldum:

Knock-Out (Tetra)	3	lítra að stærð
Pyrene (Tetra)	1 og 9	— — —

b. Froðuslökkvitæki viðurkennd til að slökkva eldfima vökva:

Knock-Out Special	10	— — —
Perceo	8	— — —
Phomene	10	— — —

c. Venjuleg (normal) slökkvitæki:

Minimax (vatn)	12	— — —
Knock-Out (froða)	10	— — —
Pondus (vatn)	12	— — —

d. Hússlökkvidælur:

A. Aanonsen Blik & Metalvarefabr., Lakkeg. 21, Oslo. — Kopardæla.

Eldtraust og eldvarin gerð húsa.

10. gr.

Orðin eldtraustur og eldvarinn tákna það sem hér verður greint, nema annað sé sérstaklega tekið fram:

Veggir, gólf, loft og þök nefnist eldtraust, sé byggt úr steinsteypu eða múrsteini eða því líku efni; járn öll séu hulin í steypunni.

Herbergi teljast eldtraust, ef þau eru albyggð eins og framan greinir. Gáttir, sem eru nær eldfimu efni, s. s. öðrum húsum, vörum, eða dyrum, eða gluggum, eða efri timburhæðum sama húss en 6 m., skulu vera byrgðar, annaðhvort með eldvörðum hurðum eða 7 m. m. þykku járnbentu gleri í járnumgerð í gluggum, sem ekki er unnt að opna.

Veggir, gólf, loft og þök nefnast eldvarin ef undirlög eru úr járni klædd bárujárni, eða öðru jafn eldtraustu efni, sömuleiðis undirlög úr timbri klædd bárujárni með óeldfimum pappa á milli, eða klædd 2½ cm. þykkum Rabbitz;

2½ cm. þykkum Kokolitplötum; ¾″ þykkum Kiv-ron-plötum eða öðru álika óeldfimu efni.

Herbergi teljast eldvarin, sem að innan eru albyggð eins og að ofan greinir um eldvarða gerð. Um fjarlægðir og umbúnað gátta gildir sama og um eldtraust herbergi.

Hurðir teljast eldvarðar sem smíðaðar eru úr tvöföldu lagi af krosslögðum harðviði, minnst 2½ cm. á þykkt, klæddum á bæði borð með 1 mm. þykkum tinuðum eða galvaniseruðum járnplötum greyptum saman á jöðrunum. Dyraumgerð og dyragólflisti (þröskuldur) sé eins varið, ef það er úr timbri. Öðruvísi gerðar hurðir má taka gildar, séu þær gerðar á jafn eldtraustan hátt.

Þök (að utan) teljast eldvarin, sem lögð eru með flísum, bárujárni, steinplötum, tígulsteinum eða pappa, sem félagið hefir viðurkennt eldtraustan.

Almenn iðgjöld.

11. gr.

Árlegt iðgjald á 1000 kr.

	I.	II.	III.
Almennt iðgjald fyrir hús og lausafé, sem í þeim er vátryggt, þegar ekki er reiknað sérstakt iðgjald, sbr. þó 4. gr.	2¼	6	8

Þegar húsið er varið eldhættu frá nágrannahúsum eða vörubirgðum með 30 metra fjarlægð eða meiri, reiknast 40% afsláttur af iðgjaldinu. Sé fjarlægðin 20—30 m. reiknast 20% afsláttur.

Afslátturinn reiknast einnig fyrir lausafé, sem vátryggt er í húsinu.

Af þessum ástæðum getur iðgjaldið þó ekki orðið lægra en:

1. Fyrir hús	1,6	3,2	4,2
2. Fyrir lausafé	2	3,2	4,2

Fyrir afslátt vegna sérstaklegra eldtryggrar gerðar, samkv. 8. gr., eða innanhúss slökkvivarna, samkv. 9. gr., geta iðgjöld orðið lægst:

a. Með eldtraustu þaki.
   1. Hús ..... 1,2‰
   2. Lausafé ..... 1,6—
b. Með ekki eldtraustu þaki.
   1. Hús ..... 1,6‰
   2. Lausafé ..... 1,8—

Sérstök iðgjöld.

12. gr.

1. Acetyléngasstöðvar og þess háttar ljósstöðvar (sjá 5. gr.). Fyrir það hús, sem gasstöðin er í, greiðist þó að minnsta kosti	8	14	20

		Árlegt iðgjald á 1000 kr.		
		I.	II.	III.
102 15. okt.	Vatns-slökkvitæki eru ekki tekin gild til þess að afsláttur fáist af þessum stöðvum.			
	Áburðarmjölsvinnsla (sjá síldarbræðslu).			
	Beinamjölsvinnsla (sjá síldarbræðslu).			
	Beykisvinnustofur (sjá trésmíðavinnustofur).			
	2. Birgðir innan húss, í skúrum eða undir beru lofti:			
a.	Hreinsuð steinolía meira en 10 tn. 12‰.			
b.	Nafta, benzín og þess háttar eldnæmar olíur meira en 40 ltr. 24‰.			
c.	Timbur (plankar og borð):			
	1. Ef minnst 30 m. óbyggt svæði er milli þess og húsa eða birgða 7‰.			
	2. Ef fjarlægðin er minni: Sama gjald og fyrir næsta hús eða birgðir, þó minnst 7‰.			
d.	Hey:			
	1. Í húsum	4	6	8
	2. Undir beru lofti:			
	a. Ef það er í minnst 20 m. fjarlægð frá húsum eða birgðum 3‰.			
	b. Annars: Sama iðgjald og af næsta húsi eða birgðum.			
	Ef hey er vátryggt einnig fyrir sjálfkveikju, hækkar iðgjald um 20%.			
e.	Fiskur:			
	1. Í húsi (og á tilheyrandi þurkreitum)	2	5	7
	2. Úti (í stökkum):			
	a. Ef hann er í minnst 15 m. fjarlægð frá húsum eða birgðum 2‰.			
	b. Annars: Sama iðgjald og af næsta húsi eða birgðum.			
	3. Bifreiðageymsla:			
1.	Fyrir 1 bifreið breytist ekki iðgjald hússins.			
2.	Fyrir 2—5 bifreiðar	6	12	14
3.	Fyrir 5 bifreiðar o. fl.	8	16	18
	Skildagar:			
	Um 1—3.			
	Sé timburgólf í geymsluhúsinu, hækkar iðgjaldið um 3‰.			
	Sé veggir og þak eldvarið og gólf eldtraust lækkar iðgjaldið um 30%.			
	Iðgjaldið reiknast með 10% viðbót, ef ekki er haft í geymsluhúsinu slökkvitæki viðurkennd við slökkvun á eldfimum vökvum, sbr. 9. gr.			
	Sérstakir skildagar:			
1.	Upphita má aðeins með gufu, vatni, eða rafmagni.			

	Árlegt iðgjald á 1000 kr. I.	II.	III.
Rafmagnsofnar mega ekki verða heitari á yfirborði en 150° C; allar rafmagnsleiðslur verða að vera einangraðar. Innan húss má nota aðeins rafmagnsljós með loftþéttum hjálmum og slökkvurum. Vör (Sikringar) og tenglar eiga einnig að vera loftþétt eða utanhúss.			
2. Án samþykkis eftirlitsmanns brunavarna má ekki hafa innanhúss annað benzín en það, sem er á bílum. Hvorki má tæma eða fylla benzíngeymana inni í húsinu.			
3. Tóbaksreykingar mega ekki vera innanhúss.			
4. Vindaugu eiga að vera á þaki og á veggjum við gólf.			
4. Brauðgerðarhús	3	7	9
Dráttarbrautir (sjá skipasmíðastöð).			
5. Félags- og samkomuhús:			
a. Ef ekki er í húsinu kaffihús, kvikmyndahús eða önnur leikhús	2¼	6	8½
b. Ef veitingar eru í húsinu: Sama iðgjald sem fyrir veitingarstaðinn.			
Fiskmjölsvinnsla (sjá síldarbræðslu).			
Fiskúrgangsvinnsla (sjá síldarbræðslu).			
Fóðurmjölsvinnsla (sjá síldarbræðslu).			
6. Hús í smíðum	3	8½	8½
7. Iðnaðarfyrirtæki, sem ekkert sérstakt er tekið fram um, greiða 1‰ viðaukagjald auk hins venjulega.			
Aths. 1. Sé fyrirtækið rekið með vélum, sem hafa 2 hestöfl eða meira, telst áhættan vera söm og við verksmiðjuiðnað.			
Aths. 2. Viðvíkjandi skildaga um þurkun, sjá 4. gr.			
8. Íshús	2	4	6
Ef notaðar eru aflvélar, reiknast, auk hins venjulega viðbótariðgjalds fyrir vélgang, aukaiðgjald	0,5	1,5	1,5
9. Kirkjur:			
1. Að minnsta kosti í 30 m. fjarlægð frá næsta húsi og án hitunartækja	1¼	2¼	3¾
2. Annars	2¼	6	8
10. Kvikmyndaleikhús:			
1. Sé útbúnaðar og rekstur samkvæmt eftirfylgjandi ákvæðum	5½	9	14
a. Ljóstækjaherbergið og inngangurinn að því skulu á alla vegu umlukt múrvegg eða lagi af járnbentri steinsteypu, er sé minnst 8 cm. á þykkt. Útihurðin að innganginum og innri hurðin milli hans og herbergisins skulu vera eldtraustar, lokast sjálfkrafa og svo gerðar, að þeim verði lokið upp út á við.			

102
15. okt.

Áriegt iðgjald á 1000 kr. I. II. III.

Á sjálfu áhaldaherberginu mega einungis vera nauðsynleg birtuop og gægjugöt. Í birtuopunum skal vera 5 mm. þykkt gler í málmumgerð. Rúmmál gægjugatanna má í hæsta lagi vera 100 ferh. cm. og skulu þau byrgð með samskonar gleri og birtuopin, eða með gljásteinsplötu.

Ennfremur skulu vera í herberginu loftpípur út í bert loft fyrir loftrás innan og utan, 200 fersm. minnst að innanmáli; fyrir loftopin skal sett tvöfalt Davy's öryggisnet.

b. Rafmagnsútbúnaðurinn í ljósatækjaherberginu. Fastar rafmagnstaugar skulu vera í málmpípum, straumrofar og viðnámstæki standa á óeldfimu efni og viðnámstækin umlukt götuðum málmplötum.

c. Myndræman (filman) skal vera á málmkefli og vefjast upp á annað kefli jafnóðum og sýnt er. Utan um hvert kefli skal vera þétt málmhylki og gegnum útveggi þess sé myndaræman rakin á þann hátt (t. d. milli möndla sem liggja fast saman), að eldur í þeim hluta ræmunnar, sem sýndur er, læsist ekki í ræmuna á keflunum.

Sá hluti myndaræmunnar, sem ljósið fellur á, skal þannig varinn milli glerflata, eða á annan hátt, að eldhættan frá ljósgjafanum verði minni. Ennfremur skal sett hreyfanleg ljóshlíf milli ljósgjafans og myndaræmunnar til þess að draga úr ljósmagninu, þegar ræman hreyfist ekki.

d. Meðferð og slökkviáhöld. Eigi mega aðrir fást við vélar og áhöld í ljóstækjaherberginu en fullkomlega áreiðanlegir og verkfróðir fullorðnir menn (eldri en 20 ára).

Óbyrgt ljós má eigi nota og bannað er með öllu að kveikja á eldspýtu eða reykja.

Kefli, sem ekki eru á áhaldinu eða verið er að vinda upp á, skal geyma í járkassa úr minnst 2 mm. járnþynnu og með loki, er falli alveg að.

Í ljóstækjaherberginu skal ávallt vera viðurkennt slökkvitæki.

e. Vátryggingin nær eigi til skemmda, sem rafmagnsstraumurinn veldur á áhaldinu.

Skemmdir á myndaræmum, sem eru á áhaldinu, verða eigi bættar.

2. Að öðrum kosti 24 32 40

	Árlegt iðgjald á 1000 kr. I.	II.	III.
Ef áhaldaherbergið er eldvarið að innan lækkar iðgjaldið um 40%.			
11. Leikhús:			
1. Fast leikhús sama sem fyrir veitingahús í sambandi við leikhús.			
2. Þegar leyfi er til að halda einstöku sinnum sýningar: Aukagjald (við það gjald, sem annars greiðist fyrir hlutaðeigandi hús) ½‰ fyrir hverja sýningu með 2‰ sem lágmark og 15‰ sem hámark.			
12. Lýsisbræðsla	12	14	17
13. Skip í höfn eða á þurru landi:			
a. Timburskip: Sama iðgjald og timburhús, þó ekki lægra en 6‰.			
b. Járnskip: Sama iðgjald og steinhús, þó ekki lægra en 2‰.			
Skip í smíðum (sjá skipasmíðastöð).			
14. Skipasmíðastöð (hér með dráttarbraut með öllu tilheyrandi):			
a. Án aflvéla 8¼‰.			
b. Með aflvélum: Félagið ákveður iðgjaldið í hvert skipti eftir öllum þeim gögnum og upplýsingum, sem fyrir liggja til þess að dæma um áhættuna. Til bráðabirgða greiðist iðgjald, sem um sé getið í skírteininu að breytist er iðgjaldið verði fast ákveðið, og sé það minnst 14‰.			
Tjörusuða má ekki eiga sér stað nær húsum, dráttarbrautum eða birgðum, sem eru eldfimar, en í 15 m. fjarlægð.			
Ef trésmíðavinnustöð er á skipasmíðastöðinni, má iðgjaldið ekki vera lægra en fyrir trésmíðavinnustöðvar.			
15. Síldarbræðslu-, fóðurmjöls- og áburðarmjölsverksmiðjur	20	23	26
Aukaiðgjöld:			
1. Ef heitu mjöli er steypt á timburgólf 5%.			
2. Ef rafmagnshreiflar eru ekki rykþétt innmúraðir þar sem ryk myndast 5%.			
3. Ef eldstæði eru í verksmiðjunni önnur en þau, sem notuð eru við þurrkunina 5%.			
4. Ef unnið er úr lifrarúrgangi (hömsum, grút), hákarlakjöti, selkjöti eða hvalkjöti 20%.			
5. Ef rykherbergið frá þurrkuninni er inni í verksmiðjunni eða hurð á milli þess og hennar 10%.			
Afslættir:			
1. Þar sem gufuþurrkun er eða engin þurrkun í áburðarmjölsverksmiðju 15%.			

Árlegt iðgjald á 1000 kr.

102 15. okt. 2. Sé þurrkunin og mölunin í sérstöku eldtraustu herbergi, eða — þar sem svo er umbúið sem segir í 1. tölulið — aðeins mölunin 50%. I. II. III.

3. Séu notuð aðeins rafmagnsljós 5%.
4. Ef viðurkenndur segul-umbúnaður er fyrir framan mölunarvélina 5%.
5. Ef eingöngu er unnið úr þurrkuðum fiskúrgangi 15%.

Viðbótariðgjöld og afslættir koma til greina í sömu röð og það er talið.

16. Trésmíðavinnustöðvar og timbursmiðjur.

a. Án vélgangs:

Iðgjaldið reiknast eins og af húsum með viðbót:

1. Fyrir hvern hefilbekk ½‰.
2. Fyrir hvern límofn 1‰.

b. Með vélgangi:

Iðgjaldið reiknast eins og af a. með viðbót:

1. Fyrir allt að 5 vélar 5‰.
2. Fyrir hverja vél, sem umfram er ¾‰.

Skildagi um a.:

Ef ekki er á vinnustöðinni viðurkennt slökkviáhald reiknast viðbót 10%.

Skildagi um a. og b.:

1. Ef í vinnustöðinni er þurkherbergi, sem hitað er með öðru en gufu eða heitu vatni, reiknast viðbót 5%, en getur lækkað, ef ofnarnir eru í eldtraustu herbergi.
2. Ef fram fer húðun (lakering) með eldfimu lakki með ásprautun, nema í eldtraustu herbergi sé, reiknast viðbót 5‰.

Alls staðar þar sem húðun fer fram með ásprautun, ber að hafa slökkvitæki viðurkennt til slökkvunar á eldfimum vökvum. Sé það vanrækt, reiknast iðgjaldið með 10% álagi.

Skildagar um allar trésmiðjur:

1. Auglýsingar skulu vera uppfestar um bann við tóbaksreykingum og bann við því að ganga með óbyrgt ljós.
2. Framan við eldstæði skal vera járnkassi 50 cm. hár og þannig fyrir komið, að glæður og neistar frá eldhólfinu falli í hann.
3. Timbur má ekki vera nær eldstæðum en í 1 m. fjarlægð.
4. Tréspæni og sag verður að hreinsa daglega úr vinnustöðinni.
5. Tuskur, þráðskúfa og hamprudda o. þ. h., sem orðið er gegndreypt í olíu, ber að geyma í járnkassa með járnloki.

	Árlegt iðgjald á 1000 kr. I.	II.	III.
17. Veitingastaðir (matsala og kaffihús):			
a. Án leikhúss	3	7	9
b. Með leikhúsi án leiksviðaljósa	4	12	14
c. Með leikhúsi með leiksviðaljósum	6½	17	24

Fyrir leiksýningar um stundarsakir, sjá leikhús.

18. Verksmiðjur, þar sem notað er vatnsafl, gufuafl eða aðrar aflvélar, sem eru meira en 2 hestöfl	3	8	11

Ef unnið er timbur í verksmiðjunni, er þó iðgjald, sem greiðast verður fyrir þetta, reiknað, ef það er hærra en hið ofantalda.

Iðgjöld fyrir iðnrekstur, sem ekki getur heimfærst undir neitt af því sem að framan er talið í iðgjaldaskránni, ákveður félagið sjálft að fengnum nægum upplýsingum.

Skildagi er þessi:

1. Í gufuketilsklefum eða mjög nærri gufukötlum, ofnum, reyk- eða gufuleiðslum má eigi hafa eldfima hluti. Leiðslur fyrir ókælda gufu, sem eigi eru einangraðar, verða að vera í 5 cm. (um 2 þml.) fjarlægð frá viðum a. m. k. nema asbestplata sé milli leiðslunnar og viðanna þeim til hlífðar.

   Við eldstæðin má eigi vera meira eldsneyti en þörf er á til eins dags í mesta lagi.

   Þegar glæður, gjall, aska eða annar úrgangur er tekinn út úr eldstæðum, skal annaðhvort láta það í fullkomlega örugg ílát úr málmi eða steini, eða slökkva þegar rækilega í því og flytja það síðan út úr húsinu á óhultan stað.

   Þurrkun:

2. Eldfimir hlutir, sem þurrkaðir eru við framleiddan hita, mega eigi vera nær hitunarfærum, hitaleiðslupípum eða hitaleiðslugöngum en svo, að 1 m. (um 1½ alin) sé á milli upp á við og 0,6 m. (um 1 al.) til hliðanna, og eigi nær eldstæði en svo, að 1 m. (um 1½ al.) sé á milli bæði upp á við og til hliðanna. Svo skal og uppi yfir hitunarfærum, hitaleiðslupípum og hitaleiðslugöngum í 0,6 m. (um 1 al.) hæð a. m. k. hafa þannig gerðan útbúnað, að óhult sé um, að þeir hlutir, sem verið er að þurrka, geti dottið niður á pípur eða leiðslur, sem hitinn kemur frá.

3. a. Log, sem höfð eru til lýsingar, mega eigi vera nær eldfimu efni en svo, að 1 metri (um 3 fet) sé á milli, ef hið eldfima efni er upp yfir loganum, og 0,3 úr metra (um 1 fet), ef það er til hliðar, nema

Árlegt iðgjald á 1000 kr.

102 15. okt.

I. II. III.

járnhlíf, er sé 0,3 úr metra á hvern veg minnst, sé á milli logsins og hins eldnæma efnis, og svo langt frá hvoru um sig, að ekki geti kviknað í. Log, sem færa má úr stað og geta komið svo nærri eldfimu efni, að hætta stafi af, skulu útbúin með öruggum hemlum. Lampa, sem brennt er á steinolíu eða öðrum jarðolíum, má einungis hreinsa og fylla við dagsbirtu og skal gera það utan verksmiðjunnar, ef unnt er. Ef birgðir af lýsingarvökvum fara fram úr 200 lítrum, skal geyma þær í sérstöku húsi. Til umburðar í verksmiðjum og birgðahúsum má einungis nota vel lokuð ljósker í vírumgerð.

b. Sé raflýsing notuð skal þessa gætt: Aldrei má hengja neitt á eða neðan í veggfastar taugar. Hreyfanlegar taugar má ekki stytta með hnútum eða þvíuml., eigi heldur vefja þeim utan um nagla, króka eða aðra rafleiðandi hluti né utan um eldfima hluti. Glóðarlampar mega ekki geta snortið hluti, er kviknað getur í. Á bogalömpum skal vera hentugur útbúnaður til að koma í veg fyrir, að glóandi kolaagnir, sem niður falla, verði að meini.

Sérstakan útbúnað skal hafa til hlífðar hreifanlegum taugum, ef hætta er á, að þær verði fyrir hnjaski.

Á vasalömpum skal vera vírnet til hlífðar, eða aukagler.

Sérfróðir menn skulu að jafnaði að minnsta kosti einu sinni á ári athuga rafmagnsútbúnaðinn.

Til vara má einungis hafa til lýsingar olíulampa í lokuðum ljóskerum.

Fægigögn:

4. Þráðskúfa, tuskur, hamprudda og því um líkt, sem notað hefir verið til að þurrka eða fægja vélahluta, skal brenna á hverju kvöldi, eða geyma í járnkassa með loki þar sem ekkert mein getur hlotizt af, þótt í því kvikni.

Úrgangur:

5. Eldfiman úrgang skal einu sinni á dag a. m. k. og jafnan eftir vinnutíma hreinsa burt úr vinnustofunum og flytja á óhultan stað eða geyma á þann hátt, sem yfirvöld fyrirskipa.

Umbúðaefni:

6. Mjög eldfima hluti, sem hafðir eru til umbúða og upp-

	Árlegt iðgjald á 1000 kr. I.	II.	III.
fyllingar, svo sem hálm, hey, hamprudda, spónull og þess konar, skal geyma í sérstöku herbergi, og má ekki hafa meira af því á vinnustofunum en þörf er á til eins dags í mesta lagi.			
Tóbaksreyking:			
7. Tóbaksreyking er bönnuð nema í skrifstofum og íveruherbergjum.			
19. Verzlun og sérhver önnur kaupmennskustarfræksla:			
1. Þegar:			
a. í sölubúðum er slökkvitól, sem félagið tekur gilt og því er ávallt haldið í nothæfu standi	3	6½	8¾
b. eldstæði og reykháfar eru þar að auki gerðir samkvæmt ákvæðum laga um brunamál	2¾	6¼	8¼
2. Annars	3	7	9
3. Vörugeymsluhús, sem í eru geymdar einungis útflutningsvörur, og liggja að minnsta kosti 30 m. frá næstu húsum og hafa þar að auki ekkert eldstæði	2¾	6½	8¼

Um 1—2. Sérstakur skildagi:

Banna skal með uppfestum auglýsingum í verzlunarhúsunum að bera þar um óbyrgt ljós. Gildi vátryggingarinnar er bundið því skilyrði, að eigi séu á verzlunarbúinu meiri birgðir af hreinsaðri steinolíu en 10 tn., og eigi meira en 40 lítrar af nafta, benzíni og áþekkum eldfimum vökvum.

Séu birgðirnar meiri en þetta, fellur skildaginn burtu, en iðgjaldið fyrir allar byggingarnar er reiknað sem fyrir birgðir þær er um ræðir í 2. tölulið þessarar greinar.

Um 3. Sérstakur skildagi:

Banna skal með uppfestum auglýsingum í varningshúsum að reykja þar tóbak eða fara um með óbyrgð ljós.

Það hækkar ekki iðgjöldin, þó í húsunum sé beykis- eða trésmíðavinnustöð, sem rekin er með handafli og einn maður starfi þar. Ef fleiri menn vinna þar að þessum iðnum, gilda sömu iðgjaldaákvæði og um trésmíðavinnustöðvar og timbursmiðjur.

20. Vörubirgðir utan húss á óbyggðu svæði, að undantekinni steinolíu og öðrum eldfimum efnum, ásamt timbri.

1. Ef að minnsta kosti 30 m. óbyggt svæði er milli þeirra og næstu húsa eða annarra birgða 6‰.			
2. Ef fjarlægð er minni er sama iðgjald sem fyrir næsta hús eða birgðir, þó ekki lægra en 6‰.			
Vélavinnustöðvar, vélsmiðjur, bifreiðaviðgerðir.			
a. Án trésmíði	3	7	9

102
15. okt.

	Árlegt iðgjald á 1000 kr.		
	I.	II.	III.
1. Ef innanhúss fer fram viðgerð á bílum eða bifhjólum, eða ef reyndir eru hreiflar í herbergi þar sem ekki er eldtraust gólf og veggir og þak eldvarið, hækkar iðgjaldið um	1,5	3	3
2. Ef innanhúss fer fram ásprautun á eldfimu gljáefni (lakki) (íkveikjumark undir 22° C., Ducolakk o. þ. h.) eða ef þurkofninn er hitaður með öðru en gufu eða heitu vatni, nema í herbergi sé, sem útbúið er svo sem segir í 1. tölulið, hækkar iðgjaldið um	3	5	5
Ef í herberginu er ekki slökkvitæki viðurkennt til að slökkva með eldfima vökva, reiknast viðbót við iðgjaldið 10%.			
b. Með trésmíði: Iðgjaldið er eins og á trésmíðavinnustöðvum þó ekki lægra en í a.			

13. gr.

Húseignir ríkisins með því lausafé sem í þeim er vátryggt — enda sé þar ekki iðnrekstur — geta orðið teknar í vátryggingu með sérstökum afslætti frá því sem ákveðið er í iðgjaldaskránni, allt að 10%.

14. gr.

Þeir kaupstaðir og kauptún, sem hafa vatnsveitu og auk þess slökkviútbúnað í svo góðu lagi, sem framkvæmdarstjórn félagsins telur viðunandi, geta vænzt að fá samning við félagið um lækkun iðgjaldanna. Slíkt verður að gerast með sérstökum samningi við bæjarstjórn eða sveitarstjórn á hverjum stað.

Ennfremur getur félagið hækkað iðgjöldin á þeim stöðum, sem vanrækt er að fullnægja ákvæðum laga um brunamál. — Félagið getur tekið hærri iðgjöld fyrir lausafé en fyrir hús.

15. gr.

Flokkunarreglur þessar og iðgjaldaskrá öðlast þegar gildi og eru jafnframt úr gildi feldar flokkunarreglur og iðgjaldataxti um sama efni frá 16. janúar 1917.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 15. október 1932.

Magnús Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

REGLUGERÐ

103
15. okt.

um

breyting á hafnarreglugerð fyrir Vestmannaeyjakaupstað frá 30. ágúst 1926.

1. gr.

Í stað orðanna „10 krónur fyrir hvert tonn“ í 14. gr. a.-lið komi: 5 krónur fyrir hverja smálest.

2. gr.

Í stað orðanna „15 krónur“ í 16. gr. 4. mgr. komi: festar- og uppsátursgjald 5 krónur á smálest.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 76, 14. nóvember 1917 til að öðlast gildi 1. nóv. 1932, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 15. október 1932.

Magnús Guðmundsson.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ

104
21. okt.

um

gerð og möskvastærð dragnóta, sem heimilt er að nota innan landhelgi.

1. gr.

Dragnót (þar til telst koladragnót) er nót, sem með strengjum er dregin eftir sjávarbotni að skipi, sem liggur fast fyrir akkerum. Á nótinni er tiltölulega stuttur poki, og tveir langir vængir. Á efri teini eru stórar korkflár, til þess að halda nótinni á lofti, en á neðra teini blýhólkar. Við enda vængjanna eru trékefli, eitt við hvorn væng, fest með stuttum kaðalbútum. Í kefli þessi eru dragstrengir festir með stuttum „hanafótum“. Hlerar eru engir, né neitt annað, er að nokkru leyti gæti komið í þeirra stað til útþenslu vængjanna. Á dragstrengjunum eru ekki heldur nein sérstök tæki, svo sem hálmviskar eða annað, til útþenslu nótarinnar.

104
21. okt.

2. gr.

Möskvar á dragnótum mega ekki vera styttri á hvern veg en hér segir:

1. Í poka dragnóta 55 mm. (leggurinn).
2. Í væng dragnóta 65 mm. aftast en 70 mm. fremst.

Þessar lágmarksstærðir ná til allra dragnóta, sem notaðar eru í landhelgi, hvort sem þær eru ætlaðar til bolfisksveiða eða flatfisksveiða.

3. gr.

Skarkoli, sem flytja má í land, má ekki vera styttri en 27 cm. (að jafnaði ekki undir 250 gr. að þyngd).

4. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum samkvæmt lögum nr. 55, 7. maí 1928.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt bráðabirgðalögum nr. 85, 6. júlí 1932 til þess að öðlast gildi 1. janúar 1933, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 21. október 1932.

Magnús Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

105
25. okt.

REGLUGERÐ

um

breyting á reglugerð um notkun pósta 25. marz 1925.

Aftan við 12. gr. skal bætt nýrri málsgrein sem hér segir:

Samkvæmt 3. gr. í lögum nr. 29, 23. júní 1932 skulu taxtar fyrir böggla, sem fluttir eru með póstbílum vera 5 aurar fyrir hvert kílógramm eða minna af þyngd böggulsins fyrir hverja 50 kílómetra auk hins venjulega bögglaburðargjalds.

Gjald þetta, sem heitir „bílbögglagjald", skal taka í stað landburðargjalds þess, sem ræðir um í 11. gr. póstlaga 7. maí 1921, þegar hægt er að senda böggla áfram landveg með póstbílum eingöngu.

Fyrir útlenda böggla hingað er bílbögglagjaldið tekið eftir á af viðtakanda en fyrir fram undir böggla héðan til útlanda. Undir innlenda böggla má taka það, hvort sem vill, fyrir fram eða eftir á eftir ósk sendanda.

105
25. okt.

Í staðinn fyrir 13. gr. I. Bréfasendingar, liðina a, b og c, komi:

I. Bréfasendingar:

a. almenn bréf, allt að 500 grömm á þyngd þegar borgað er undir fyrir fram
allt að 20 grömm ..... 10 aurar
yfir 20 grömm allt að 125 grömm ..... 20 —
— 125 grömm að 250 grömm ..... 40 —
— 250 grömm að 500 grömm ..... 60 —

Burðargjald undir þyngri bréf er helmingur venjulegs burðargjalds. Brot úr eyri telst sem heill eyrir.

b. bréfspjald ..... 10 aurar
bréfspjald með borguðu svari ..... 20 —

Séu frímerki eigi viðhöfð eða eigi næg frímerki, skal auk hins ógreidda burðargjalds taka 10 aura fyrir hverja sendingu, þó ekki meira en burðargjaldið tvöfallt.

c. prent, verzlunarskjöl (um verzlunarskjöl gilda alþjóðaákvæði), og sýnishorn af vöru fyrir hver 50 grömm ..... 5 aurar
Lágmarkstaxti fyrir verzlunarskjöl er ..... 10 —

Ábyrgðargjald fyrir sendingar þær, sem nefndar eru undir a., b. og c. er 30 aurar.

Í staðinn fyrir 13. gr. IV. komi:

Böggull allt að 10 kílógrömm að þyngd þegar borgað er undir fyrirfram
allt að 1 kílógr. ..... 30 aurar
yfir 1 kg. allt að 5 kg. ..... 40 —
— 5 kg. allt að 10 kg. ..... 50 —

Ábyrgðargjald og gjald fyrir talningu er hið sama og fyrir peningabréf.

Undir fylgibréf skal nota eyðublöð þau, sem póststjórnin gefur út.

Innanbæjarburðargjald eða staðartaxti gildir um allt Seltjarnarnes fyrir vestan Elliðaár og norðan Fossvog og milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur. Á svæðinu frá Fossvogi til Hafnarfjarðar að Hafnarfirði meðtöldum skal þó eins og annarsstaðar á landinu taka bílbögglagjald fyrir böggla, sem koma lengra að en úr umdæmi pósthússins í Hafnarfirði og pósthússins í Reykjavík, hvort heldur er innanlands eða utan.

Að öðru leyti skulu reglur þær, sem póstlögin og reglugerð þessi setja, einnig gilda um sendingar þessar, þar sem eigi er annars getið.

Í staðinn fyrir fyrirsögnina og 1. málsgrein 16. greinar komi:

Frímerki og frímerkingarvélar.

Fyrir flutning með póstum á munum þeim, sem ræðir um í þessum kafla, er hægt að borga fyrirfram með frímerkjum eða bréfspjöldum, sem póststjórnin gefur út, en eigi með útlendum frímerkjum.

Ennfremur er hægt að borga undir umræddar sendingar með ástimplunum frímerkingarvéla.

Aftan við 16. gr. skal bætast við sem hér segir:

Frímerkingarvélar má nota í stað frímerkja til stimplunar fyrir burð-

105 25. okt. argjaldi á öllum tegundum póstsendinga, með því skilyrði að stimpillinn sé nægilega greinilegur.

Það er einungis leyfilegt að nota þær tegundir véla, sem póststjórnin hefir viðurkennt. Nauðsynlegar upplýsingar um það fást á pósthúsunum. Afhending frímerkingarvéla má aðeins fara fram til þeirra manna og firmna o. s. frv., sem hafa fengið sérstakt leyfi hjá póststjórninni til þess að fá sér slíkar vélar. Beiðnir um þesskonar leyfi skal senda skriflega til póstafgreiðanda í þeim pósthúsum, sem francostimplaðar póstsendingar eiga að afhendast á, sem afgreiðir þær til póststjórnarinnar.

Vél, sem keypt er, má ekki taka til notkunar fyrr en hlutaðeigandi póstafgreiðandi eða annar póstmaður í umboði hans, hefir skoðað hana og læst henni eða gengið svo frá henni að tryggilegt sé.

Umboðsmaður verksmiðjunnar á að vera viðstaddur slíka skoðun. Notandi vélarinnar og umboðsmaður verksmiðjunnar fá hvor um sig vottorð um skoðunina. Notandi fær auk þess eitt eintak af ákvæðum þessum og nægilegan forða af afhendingarskrám.

Póstafgreiðandi getur hvenær sem er afturkallað leyfið, ef sýnt þykir að vélin vinni póststjórninni í óhag eða ef um misnotkun er að ræða. Sama gildir einnig ef seljandi eða notandi hlítir ekki settum reglum. Ákvæðunum má breyta hvenær sem er, en tilkynna skal þó notendum skriflega eins fljótt og auðið er allar breytingar.

Notandi ber ábyrgð gagnvart póststjórninni á öllu tapi eða skaða, sem póststjórnin kann að verða fyrir vegna notkunar vélarinnar í þjónustu hans.

Vélina má ekki nota til stimplunar á póstsendingum frá öðrum en notanda.

Nafn sendanda og verksmiðju-, verzlunar- eða vörumerki skal vera greinilega sett á framhliðina á hinum stimpluðu sendingum. Nafnið má vera stytt og í stað þess má nota pósthólfsnúmer eða annað þekkjanlegt auðkenni notanda. Nafn notanda eða auðkenni hans má setja í stimpilinn. Vanti þetta er frímerkingin ógild og sendingarnar verða afhentar sendanda.

Stimplarnir skulu vera efst í hægra horni utaná-skriftarmegin og rauðir að lit.

Frímerkingar- og dagstimpill skulu vera að gerð og útliti eins og póststjórnin ákveður. Í frímerkingarstimplinum skal auk þess vera númeratala til að auðkenna vélina. *Mótin álítast eign póststjórnarinnar* og geta því ekki nema með hennar samþykki fylgt vélinni, verði að henni notendaskipti.

Frímerkingin skal að jafnaði framkvæmd með einum frímerkingarstimpli. Ef þörf krefur má þó setja fleiri stimpla á sendinguna, en þá skal vera nokkurt bil á milli þeirra. Einnig má, ef nauðsyn krefur, líma frímerki á við hliðina á stimplinum. Bæði frímerkingar- og dagstimpill skulu vera greinilegir og það sem í stimplinum stendur — númeratala og dagsetning — rétt. Ógreinileg eða röng stimplun hefir í för með sér endursendingu til sendanda. Með því að snúa sér til pósthússins, getur þó notandi fengið skipt á ónothæf-

um stimplum og frímerkjum eftir sömu reglum og gilda um skipti á frímerkj- **105**
um, ef beiðnin kemur innan þriggja daga. Umslögin eða spjaldbréfin með 25. okt.
stimplunum skulu fylgja beiðninni.

Póststjórnin ber enga ábyrgð á afleiðingum þeim, sem röng dagsetning í stimplinum kann að hafa í för með sér.

Frímerkingarstimpil má ekki nota á aðrar sendingar með því að klippa eða skera hann út úr hinni upprunalegu sendingu, þó má á sendingar, sem að lögun eða innihaldi útiloka það að stimpill frímerkingarvéla sé settur beint á umslagið eða umbúðirnar, líma miða með frímerkingarstimpli og utnáskrift viðtakanda. Þar að auki skal á miða þessum vera nafn sendanda, ef það er ekki í frímerkingarstimplinum.

Slíkar sendingar skal afhenda pósthúsinu sérstaklega, en ekki innanum aðrar sendingar stimplaðar með frímerkingarvél.

Sendingar þessar skal strax stimpla með dagstimpli, þótt sendingar með frímerkingarstimpli skuli venjulega eigi stimpla með dagstimpli pósthússins.

Sendingar, sem frímerktar eru með frímerkingarvél, skal afhenda á pósthúsið ásamt afhendingarskrá. Almennan póst, sem ekki verður lokið við innan lokunartíma má þó — eftir nánari reglum, sem pósthúsið setur — láta í póstkassa, sem pósthúsið tæmir eða í skipskassa, ef pósthúsið er í skipinu, og skulu þær sendingar búntaðar á sama hátt og að neðan greinir og þeim fylgja skrár.

Á pósthúsum í mörgum deildum getur forstöðumaðurinn krafizt að sérstök afhendingarskrá fylgi við afhendingu í hverja deild. Póstafgreiðendurnir ákveða tímann er sendingarnar skulu afhentar á póst. Notendur fá eyðublöð undir afhendingarskrár afhent á pósthúsunum. Þegar sendingum er skilað skal þeim raðað þannig, að þær liggi allar eins og hver burðargjaldsflokkur fyrir sig. Sendingum með fleirum en einum frímerkingarstimpli og sendingum með frímerkjum við hliðina á stimplinum skal einnig raðað sér. Sé póstur sendanda venjulega mikill, geta pósthúsin heimtað nákvæmari sundurlestur, t. d. innanbæjarsendingar sér, innanlands sér og sendingar til útlanda sér.

Án samþykkis hlutaðeigandi póstafgreiðanda, eins og að ofan greinir, má ekki leggja þesskonar sendingar í póstkassa. Finnist slíkar sendingar í póstkössum skulu þær endursendar sendanda, ef nafn hans er á sendingunni, annars álítast sem ófrímerktar.

Frímerkingarvélar má ekki nota við aðrar sendingar en þær, sem fluttar eru viðtakendum með pósti, jafnvel þótt flutningarnir komi eigi í bága við einkarétt póststjórnarinnar.

Þegar vélfrímerktar sendingar eru settar á póst, skal bera sendingarnar nákvæmlega saman við afhendingarskrárnar, sem fylgja, og reikna burðargjaldið eftir. Þvínæst færist heildarupphæð hverrar skráar á sérstakan reikning fyrir hverja vél, til eftirlits með að mælarnir vinni rétt og misnotkun komi ekki fyrir.

Vélfrímerktar sendingar skal ekki dagstimpla að nýju af pósthúsinu

105 (nema sendingarnar séu orðnar allt að viku gamlar frá því þær voru vélfrí-
25. okt. merktar).

Allar vélar, sem viðurkennast, skulu vera af kassagerð. Mælarnir eru settir í af pósthúsunum. Um leið skal greiða burðargjaldsupphæðina, og gefur pósthúsið kvittun fyrir henni. Frímerkingarkort í þær vélar, sem þannig eru gerðar, fást keypt á pósthúsunum. Þegar nýtt kort er keypt skal pósthúsinu skilað hinu gamla. Sé ekki hægt að afhenda hið notaða kort er notandi skyldugur að greiða póststjórninni hið áritaða verð þess.

Verði vart við galla í vélinni, skal notandi hætta að nota hana og tilkynna pósthúsinu þegar í stað.

Varavél má ekki nota fyrr en skoðun hefir farið fram eins og segir að framan. Eftir aðgerðina má gamla vélin heldur ekki takast til notkunar fyrr en slík skoðun hefir farið fram.

Póststjórnin hefir rétt til þess að láta skoðun fara fram á vélum í notkun hvenær sem er.

Slík skoðun skal þó aðeins fara fram á þeim tímum, sem notandi hefir venjulega opið.

Frímerkingarkort frímerkingarvéla skulu gefin út með áframhaldandi númerum fyrir hvert ár og að auki í efra vinstra horni með áframhaldandi númerum fyrir hverja vél. Kort þessi færast til reiknings á sama hátt og venjuleg frímerki.

Tekjur af frímerkingarvélum þar sem ekki er notað frímerkingarkort, færast póstsjóði til tekna mánaðarlega með sérstakri skrá fyrir hverja vél.

Í fyrstu málsgrein 24. greinar komi „250“ í stað „125“ og aftan við þessa 24. grein skal bætast það er hér segir:

Á pósthúsinu í Reykjavík er hægt að fá blöð og tímarit póstáritað og getur það tekið á móti blöðunum frá útgefendum eða beint úr prentsmiðjunni, þegar búið er að láta pósthúsinu í té skrá yfir áskrifendurna með heimilisfangi og póststöð en slík skrá skal afhent viku áður en blöðin eða ritin eiga að sendast út frá pósthúsinu.

Pósthúsið getur þó eigi tekið á móti blöðum til afgreiðslu á þennan hátt, sem koma út oftar en einu sinni í viku eða hafa meira en 2000 áskrifendur.

Fyrir utan venjulegt burðargjald skal borga fyrir póstáritun blaða einn eyri fyrir hvert blað eða hefti og 10 aura fyrir hvern áskrifanda eða breyting á heimilisfangi áskrifanda.

Ef áskrifendaskrá þeirri, sem áður er getið að skuli afhent áður en blaðið er sent út, er svo ábótavant að hún þurfi að leiðréttast á pósthúsinu skal taka fyrir það sérstakt gjald, er telst 1 kr. fyrir hverja vinnustund, sem til þess gengur.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. janúar 1933.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 25. október 1932.

Magnús Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

REGLUGERÐ

106
28. okt.

um

breyting á reglugerð fyrir Strandasýslu, um notkun upprekstrarlands, fjallskil, réttahöld o. fl.

1. gr.

8. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Tvær skulu fjallgöngur á hausti. Fyrri leitardagur skal vera mánudagur í 22. viku sumars, og skal réttað sjálfan leitardaginn, nema í Skarðsrétt, Staðarrétt og Árnesrétt, þar skal réttað að morgni þriðjudaginn næstan eftir.

Þó skal hreppsnefnd Kaldrananeshrepps heimilt að rétta fyrsta leitardag í Skarðsrétt og láta eftirleit fara fram á miðvikudag.

Sé heimildin notuð, skal hreppsnefndinni skylt að tilkynna það nærliggjandi hreppum nægilega snemma.

Annar leitardagur skal vera:

Í Bæjarhreppi og Óspakseyrarhreppi næsta mánudag þar á eftir; í Kaldrananeshreppi næsta fimmtudag eftir fyrstu leit, og í öðrum hreppum sýslunnar næsta miðvikudag eftir fyrstu rétt.

Annar réttardagur skal vera sjálfan leitardaginn í öllum hreppunum.

Þegar hreppsnefndin álítur það nauðsynlegt getur hún skipað fyrir að leita þriðju leit, og aukaskilarétt í sambandi við þá leit, og ákveðið dag til þess.

2. gr.

14. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Ein eða tvær skulu lögréttir vera fyrir hvern hrepp, á þessum stöðum:

Í Bæjarhreppi: að Grænumýrartungu og Kollsá.

Í Óspakseyrarhreppi: að Óspakseyri.

Í Fellshreppi: að Felli.

Í Kirkjubólshreppi: að Kirkjubóli.

Í Hrófbergshreppi: að Víðidalsá og Stað.

Í Kaldrananeshreppi: að Skarði.

Í Árneshreppi: að Árnesi.

3. gr.

24. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Skilaréttir skulu haldnar í hverjum hreppi þar og þá daga, sem hér segir:

Í Bæjarhreppi: að Grænumýrartungu og Kollsá mánudaginn í 23. viku sumars.

Í Óspakseyrarhreppi, að Óspakseyri mánudaginn í 23. viku sumars.

Í Fellshreppi: að Felli, mánudaginn í 23. viku sumars.

Í Kirkjubólshreppi, mánudaginn í 23. viku sumars.

106
28. okt.

Í Hrófbergshreppi: að Stað, miðvikudaginn í 23. viku sumars, og að Víðidalsá fimmtudaginn í 24. viku sumars.

Í Kaldrananeshreppi: að Skarði, föstudaginn í 24. viku sumars.

Í Árneshreppi: að Árnesi fimtudaginn í 24. viku sumars.

Með reglugerð þessari fellur úr gildi breyting á fjallskilareglugerð fyrir Strandasýslu frá 1. júlí 1927.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Strandasýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna nr. 12, 1927, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi 1. nóvember 1932, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 28. október 1932.

Þorsteinn Briem.

Vigfús Einarsson.

107
1. nóv.

SAMÞYKKT

um

forkaupsrétt og forleigurétt Búðahrepps í Suður-Múlasýslu á hafnarmannvirkjum o. fl.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22, 23. júní 1932 um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl. hefir hreppsnefnd Búðahrepps gert eftirfarandi samþykkt:

Búðahreppi í Suður-Múlasýslu er áskilinn forkaupsréttur og forleigurétt-ur á eftirgreindum eignum í hreppnum:

Framkaupstað.
Miðkaupstað.
Nýjakaupstað.
Tangaeign.
Fiskeyrareign.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að telja. Birtist hún hérmeð til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 1. nóvember 1932.

Magnús Guðmundsson.

Vigfús Einarsson,

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Líknar- og menningarsjóð Þingvallahrepps“, útgefin á venjulegan hátt, að mandatum af dómsmálaráðherra 7. nóvember 1932. Skipulagsskráin er þannig: **108** 7. nóv.

SKIPULAGSSKRÁ

Líknar- og menningarsjóðs Þingvallahrepps.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Líknar- og menningarsjóður Þingvallahrepps.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður: A. Með Gjöf Hannesar Guðmundssonar, Skógarkoti, árið 1906, þá að upphæð 1000 kr. til ekkna og munaðarlausra barna í Þingvallahreppi, nú að upphæð kr. 2000.00. B. Með Menningarsjóði Þingvallahrepps, nú að upphæð kr. 400.00. Ennfremur áskotnist sjóðnum gjafir og áheit.

3. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. ⅓ vaxta sjóðsins má aðeins eyða samkvæmt tilgangi hans. Þá er sjóðurinn verður orðinn kr. 10000.00 má eyða ½ vöxtunum, og þá er hann verður kr. 15000.00 má eyða ¾ vaxtanna.

4. gr.

Stjórn sjóðsins, sem sé hreppsnefnd Þingvallahrepps, geymir eignarskírteini hans og önnur skjöl honum viðkomandi. Hún skal halda gerðabók um styrkbeiðnir og styrkveitingar og birta hreppsbúum reikning sjóðsins árlega. Heimilt er stjórn sjóðsins að lána úr honum með ábyrgð Þingvallahrepps. Vextir af þeim lánum séu jafnir og vextir á sama tíma í Búnaðarbanka Íslands. Lánin endurgreiðist á ekki skemmri tíma en 10 árum, með jöfnum afborgunum ár hvert.

5. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja fátækar ekkjur, svo og börn, sem stjórn sjóðsins álítur styrkþurfa. Styrk úr sjóðnum geta aðeins hlotið þeir er lögheimili hafa átt í Þingvallahreppi þrjú síðustu árin. Það er á valdi stjórnarinnar hve margir hljóta styrk í hvert skipti. Þeir skulu ávallt ganga fyrir sem bágstaddastir eru. Ef stjórn sjóðsins álítur engan styrkþurfa, leggjast allar renturnar við sjóðinn. Sömuleiðis má verja úr sjóðnum til hverskonar menningarbóta innan Þingvallahrepps.

108
7. nóv.

6. gr.

Skipulagsskrá þessari má breyta að öðru en því, er snertir tilgang sjóðsins, ef ⅔ fundarmanna á almennum hreppsfundi samþykkja.

7. gr.

Tilgangi sjóðsins verður ekki breytt nema ¾ atkvæðisbærra hreppsbúa samþykki, enda verði arði sjóðsins varið til einhverra opinberra almennra fyrirtækja eða framkvæmda innan hreppsins.

8. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Á hreppsfundi, sem haldinn var að Valhöll 16. maí 1932, var ofanskráð skipulagsskrá samþykkt í einu hljóði.

F.h. hreppsnefndar Þingvallahrepps.

Jón Guðmundsson.

109
14. nóv.

REGLUGERÐ

um

framkvæmd laga nr. 70, 23. júní 1932, um gjaldfrest bænda.

1. gr.

Þeir, sem landbúnað hafa að aðalatvinnu, eiga rétt á að fá gjaldfrest á skuldum sínum eftir því, sem fyrir er mælt í lögum nr. 70, 23. júní 1932.

Fresturinn nær aðeins til höfuðstóls þeirra skulda, sem stofnaðar eru fyrir 1. janúar 1932. Fresturinn nær ekki til opinberra skatta og gjalda, né heldur til skulda, sem stafa af ógreiddu verkakaupi eða aflahlut.

2. gr.

Í sýslufélagi hverju og kaupstað skal skipa nefnd þriggja manna til að inna af hendi það starf, sem lög þessi ákveða, og jafnmarga til vara. Nefnd þessi, sem heitir skilanefnd, skal skipuð þannig, að atvinnumálaráðherra tilnefnir formann, en sýslunefnd eða bæjarstjórn hina tvo. Um val varamanna fer eftir sömu reglum. Skilanefndarmenn skulu vera búsettir á starfssvæði sínu.

Í hverri skilanefnd skulu vera að minnsta kosti tveir menn, sem góða þekkingu hafa á atvinnurekstri bænda og yfirleitt skal velja nefndarmenn þannig, að þeir séu sem bezt kunnugir högum bænda í umdæmi sínu.

3. gr.

Nú telur atvinnurekandi, sem um ræðir í 1. gr., sig ekki geta innt af hendi umsamdar eða umkrafðar afborganir skulda, er á honum hvíla, og hann nær ekki þeim samningum við lánardrottna sína, sem hann treystist að uppfylla, og er honum þá rétt að snúa sér til formanns skilanefndar með skriflega beiðni um að njóta verndar þeirrar, sem téð lög heimila. Beiðninni skal fylgja:

a. Afrit af síðustu skattskýrslu, staðfest af formanni skattanefndar, ef nefndin óskar þess.
b. Skrá yfir ábyrgðir beiðanda og skulu henni fylgja:
   1. Upplýsingar um eftirstöðvar þeirra lána eða skuldbindinga, sem hann er ábyrgur fyrir, eins og þær voru á síðasta gjalddaga, greiðsluskilmála þeirra og vaxtakjör, svo og hvort skuldin sé í vanskilum eða ekki.
   2. Nafn og heimilisfang samábyrgðarmanna fyrir hverri einstakri ábyrgð, er á beiðanda hvílir, svo og upplýsingar um aðrar tryggingar, sem fyrir skuldinni kunna að vera.
c. Skýrsla um breytingar, sem orðið hafa á efnahag eða ástæðum beiðanda síðan skattskýrsla var gefin.
d. Sundurliðuð skrá um skuldir, og skulu tilgreindir eigendur þeirra, greiðsluskilmálar, vaxtakjör og tryggingar, svo og hvort skuldir séu í vanskilum eða ekki.

Skilanefnd getur krafizt þess, að skýrslum þessum fylgi vottorð hreppstjóra (bæjarstjóra) um að þær séu sannar og réttar, eftir því sem honum er bezt kunnugt.

4. gr.

Nú hefir formanni skilanefndar borizt beiðni eins og í 3. gr. getur, og skal hann þá þegar tilkynna það dómara þeim, sem í hlut á, og senda tilkynninguna í ábyrgðarbréfi, ef hún er látin í póst. Jafnframt skal beiðni og tilkynningar getið í gerðabók skilanefndar. Upp frá því er aðför gegn beiðanda óheimil til fullnustu þeim skuldum, sem greiðslufrestur gæti fengizt á samkvæmt reglugerð þessari, þar til úrskurður skilanefndar um, að frestur verði ekki veittur, er fallinn. Hið sama er um málssókn á hendur beiðanda, nema um skuld sé að ræða, sem ekki er viðurkennd. Með sama skilorði er óheimil málssókn eða aðför gegn ábyrgðarmönnum beiðanda til fullnustu ábyrgðarskuldbindingum þeirra.

5. gr.

Svo fljótt sem ástæður leyfa, skal formaður, er honum hefir borizt gjaldfrestsbeiðni, kveðja skilanefnd til að taka beiðnina til meðferðar og rannsaka hana nákvæmlega. Hún heimtar frekari skýrslur af beiðanda, ef hún telur nauðsyn á. Auk þess getur hún leitað frekari upplýsinga hjá lánardrottnum beiðanda, ef henni þykja skýrslur hans ófullnægjandi á einhvern hátt. Hún á kröfu á að fá hjá formönnum skattanefnda allar þær upplýsingar um hag þeirra, sem

109 14. nóv.

beiðandi er í ábyrgð fyrir, er skattskýrslur þeirra geta veitt, enda er skilanefnd í öllum störfum sínum bundin sömu þagnarskyldu og skattanefndir.

Þyki skilanefnd vafi á, hvort beiðandi hafi landbúnað að aðalatvinnu, getur hún leitað álits hlutaðeigandi yfirskattanefndar um þetta atriði, áður en hún leggur úrskurð á málið.

6. gr.

Þegar skilanefnd hefir fengið þau gögn, sem hún telur þörf á til þess að úrskurða um málið, fellir hún úrskurð sinn eins fljótt og við verður komið, og eigi síðar en 3 mánuðum eftir, að frestbeiðni barst henni, nema leita þurfi skýrslna úr fjarlægum landshlutum. Lengur en 5 mánuði frá móttöku frestbeiðni má úrskurður þó aldrei dragast.

Í skilanefnd ræður afl atkvæða úrslitum, enda taki þrír skilanefndarmenn þátt í úrskurði.

7. gr.

Skilanefnd skal hafa gerðabók. Sýslumaður eða bæjarfógeti löggildir hana, en í Reykjavík lögmaður. Í gerðabók skal skrá allar ályktanir og úrskurði skilanefndar og stutt yfirlit yfir það, sem fram fer á fundum hennar. Þar skal og getið móttökudags frestbeiðna.

8. gr.

Skilanefnd á rétt á, ef hún telur ástæðu til, að kalla fyrir sig gjaldfrestsbeiðanda, lánardrottna hans og þá, sem hann er í ábyrgð fyrir, eða umboðsmenn þeirra, til þess að reyna að koma á samkomulagi um frest honum til handa. Ef samkomulag næst, skal niðurstaðan skráð í gerðabók, og gildir hún sem úrskurður væri. Ef samkomulag næst ekki, gengur málið til úrskurðar skilanefndar. Þegar nefndin hefir fellt úrskurð, skal hún þegar tilkynna hann frestbeiðanda og lánardrottnum hans eða umboðsmönnum þeirra og ennfremur hlutaðeigandi dómara úrslit málsins, hvort sem orðið hafa með samkomulagi eða úrskurði.

9. gr.

Einróma úrskurði skilanefndar verður ekki áfrýjað, en verði nefndarmenn ekki á eitt sáttir, getur frestbeiðandi eða skuldheimtumaður áfrýjað til atvinnumálaráðuneytisins úrskurði nefndarinnar innan 6 vikna frá uppkvaðningu hans og kveður það upp fullnaðarúrskurð eins fljótt og verða má.

Úrskurðir skilanefndar og ráðuneytis eru bindandi fyrir aðilja sem dómur væri.

10. gr.

Skilanefnd er óheimilt að úrskurða gjaldfrestsbeiðanda frest á afborgunum, ef hún telur:

1. Að hann geti innt þær af hendi eftir samningum eða kröfum án verulegs hnekkis þeirri atvinnu hans, sem í 1. gr. getur.

2. Að hann sé líklegur til að nota frestinn til að rýra tryggingar skuldunauta sinna.
3. Að ástæður hans séu svo erfiðar, að ekki séu líkur til, að hann geti uppfyllt skuldbindingar sínar í venjulegu árferði.
4. Að hann eigi ekki fyrir skuldum, þegar lagt er til grundvallar:
   a. Á fasteignum gildandi fasteignamat.
   b. Á bústofni, húshlutum, bátum, veiðarfærum og öðrum eignum meðaltal þess verðs, sem lagt er til grundvallar mati við framtal til tekju- og eignarskatts þrjú síðustu árin.
   c. Um ábyrgðir, hverjar líkur séu til, að þær falli á hann.

11. gr.

Nú telur skilanefnd, að gjaldfrestsbeiðandi falli ekki undir ákvæði 10. gr., og úrskurðar hún honum þá frest á þeim afborgunum, sem hann, að áliti hennar, getur ekki innt af hendi án verulegs hnekkis fyrir atvinnu þá, sem í 1. gr. getur.

Gjaldfrestur, sem skilanefnd þannig úrskurðar, telst frá þeim degi, er úrskurðurinn var kveðinn upp.

12. gr.

Skilanefnd má ekki úrskurða frestbeiðanda lengri frest en 1 ár, talið frá úrskurðardegi.

13. gr.

Fjármálaráðherra hefir heimild til, að fengnum tillögum þeirra lánsstofnana, sem gefa út vaxtabréf, að ákveða dráttarvexti af vaxtabréfalánum. Skal birta þá ákvörðun í Lögbirtingablaðinu.

14. gr.

Nú kemur það í ljós, að gjaldfrestsbeiðandi hefir skýrt skilanefnd rangt frá fjárhag sínum, eða hagur hans hefir breytzt í verulegum atriðum, og getur nefndin þá fellt úr gildi úrskurð sinn eða breytt honum, ef atvik eru þannig, að þau hefðu leitt til annarrar niðurstöðu, ef kunn hefðu verið, er úrskurðað var í byrjun.

Nú er úrskurði skilanefndar áfrýjað til atvinnumálaráðuneytisins, en það breytir úrskurðinum og telst þá gjaldfresturinn eigi að síður frá þeim degi, er skilanefnd úrskurðaði málið.

15. gr.

Nú þykast skuldheimtumenn verða þess varir, að skuldunautur noti frest, sem hann hefir fengið samkvæmt reglugerð þessari, til þess að rýra tryggingar skuldheimtumanna sinna, og geta þeir þá kært þetta fyrir skilanefnd. Skilanefnd skal þá, svo fljótt sem því verður við komið, rannsaka, hvort slíkar kærur eru á rökum byggðar og getur, ef þurfa þykir, kallað skuldunaut fyrir sig, til

109 14. nóv.

þess að gefa þær skýringar, sem henni þykir þurfa. Sannist það, að skuldunautur hafi þannig misnotað gjaldfrestinn, getur skilanefnd ógilt þær ráðstafanir, sem hann hefir gert í þessu skyni, en gera skal hún það innan fjögurra mánaða frá því, er slíkar ráðstafanir voru gerðar, og auk þess skal hún þá svipta skuldunaut þeirri vernd, er hann hafði fengið samkvæmt reglugerð þessari.

16. gr.

Nú þarf fjármálaráðherra að nota lántökuheimild þá, sem honum er veitt í 16. gr. téðra laga, og fer þá um greiðsluskilyrði og vaxtakjör þeirra lána, sem þannig eru veitt skuldunautum, er greiðslufrest hafa fengið, samkvæmt reglugerð þessari, eftir því sem ákveðið verður, með tilliti til þeirra lánskjara, sem ríkissjóður verður að hlíta um lán það, er hann tekur í þessu skyni.

17. gr.

Nú verður ágreiningur milli lánsstofnana þeirra eða verzlunarfyrirtækja, sem um ræðir í 16. gr. laganna, og lánardrottna þeirra um það, hvort framkvæmd laganna hafi bakað þeim þá greiðsluörðugleika, að þeirra vegna beri að veita hinum fyrrgreindu þá vernd, sem téð lagagrein heimilar, og er þá hlutaðeigandi skilanefndum skylt að láta aðiljum og hlutaðeigandi dómara í té allar nauðsynlegar upplýsingar þar að lútandi.

18. gr.

Fyrir störf skilanefndar greiðist sem hér segir:

Í kaupstöðum fær hver nefndarmanna 7 krónur fyrir hvern dag, sem þeir eru að störfum og kosti þeir nefndarstörfin að öllu leyti.

Í sýslum fær hver nefndarmanna 10 kr. fyrir hvern dag, sem þeir eru að störfum, þar með taldir þeir dagar, sem þeir eru á nauðsynlegu ferðalagi á nefndarfundi, Þó greiðist auk þessa fargjald með skipum og gjald fyrir sæti í bifreiðum á fundi nefndarinnar.

Fyrir störf formanns utan funda og fyrir skriftir má greiða sérstaka hæfilega þóknun eftir reikningi, sem atvinnumálaráðuneytið úrskurðar ásamt öðrum reikningum nefndarmanna.

Kostnaður við nefndarstörfin greiðist að hálfu úr ríkissjóði, en að hálfu úr hlutaðeigandi sýslusjóði eða bæjarsjóði.

Reglugerð þessi er hérmeð sett samkvæmt lögum nr. 70, 23. júní 1932, um gjaldfrest bænda, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 14. nóvember 1932.

Þorsteinn Briem.

Vigfús Einarsson.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð hjónanna Einars Jónssonar og Úlfhildar Guðmundsdóttur frá Flekkudal í Kjós, útgefin á venjulegan hátt, ad mandatum af dómsmálaráðherra 15. nóvember 1932. Skipulagsskráin er þannig: **110** 15. nóv.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

Minningarsjóð hjónanna Einars Jónssonar og Úlfhildar Guðmundsdóttur frá Flekkudal í Kjós.

1. gr.

Sjóður þessi er stofnaður af Einari skipstjóra Einarssyni frá Flekkudal, til minningar um foreldra hans, og er ætlaður til styrktar þurfandi gamalmennum.

2. gr.

Höfuðstóll sjóðsins er 25 — tuttugu og fimm þúsund — krónur, og er í Söfnunarsjóði Íslands, þar sem sjóðurinn skal standa og ávaxtast samkvæmt eftirfylgjandi ákvæðum.

3. gr.

Sjóðurinn skal standa óhreifður í 10 — tíu — ár og allir vextir leggjast við höfuðstól þann tíma, eða til ársloka 1942. En eftir þann tíma má verja hálfum ársvöxtum árlega til styrktar þurfandi gamalmennum, sem náð hafa sextugsaldri, en forgöngurétt til styrks hafa afkomendur hjónanna Einars Jónssonar og Úlfhildar Guðmundsdóttur frá Flekkudal og næst þeim gamalmenni, sem heimili eiga í Kjósarhreppi.

4. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn 100 — eitt hundrað — þúsund krónur má verja þrem fjórðu hlutum ársvaxta til styrktar gamalmennum eins og segir í 3. gr.

5. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn 200.000 kr. — tvö hundruð þúsund krónur — má verja sjö áttundu hlutum vaxta eins og áður segir en einn áttundi þeirra leggist æfinlega við höfuðstól.

6. gr.

Í stjórn sjóðsins skulu vera þrír menn, sem úthluta styrk úr honum samkvæmt áður sögðu og halda reikning hans, og skulu þeir vera þessir: 1. Biskup-

110 15. nóv. inn yfir Íslandi, eða yfirmaður hinnar evangelisku lútersku kirkju á Íslandi ef aðskilnaður verður milli ríkis og kirkju eða biskupsembætti lagt niður. 2. Þjóðskjalavörður Íslands og 3. elzti afkomandi hjónanna Einars Jónssonar og Úlfhildar Guðmundsdóttur frá Flekkudal, sem skipaður er í fast embætti á landi hér, en fari einhverntíma svo, að enginn fastur embættismaður af ætt þeirri sé skipaður í embætti hér, þá komi forstjóri Söfnunarsjóðs Íslands í hans stað.

7. gr.

Leita skal staðfestingar konungs á skipulagsskrá þessari.

Gert samkvæmt beiðni Einars skipstjóra Einarssonar fyrir andlát hans og með samþykki erfingja hans.

Mosfelli, 15. október 1932.

Guðm. Einarsson, prestur.

111 8. des. **Staðfesting konungs** á skipulagsskrá fyrir „Kirkjusjóð Borgarness" útgefin á venjulegan hátt, að mandatum af dómsmálaráðherra 8. desember 1932. Skipulagsskráin er þannig.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

Kirkjusjóð Borgarness.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Kirkjusjóður Borgarness. Er hann myndaður fyrir forgöngu Þorbergs Þorbergssonar trésmiðs í Borgarnesi, er gekkst fyrir því ásamt ýmsum þorpsbúum, að safna fé til hans með frjálsum framlögum, hlutaveltum, áheitum, minningargjöfum o. fl., og skal stjórn sjóðsins afla honum tekna framvegis á sama hátt eftir því sem þörf krefur og ástæður leyfa. Sjóðurinn er nú að upphæð kr. 4881.55 — fjögur þúsund átt hundruð áttatíu og ein 55/100 — krónur.

2. gr.

Sjóðnum má einungis verja til kirkjubyggingar í Borgarnesi, og skal hann því ávallt vera til taks í handbærri sparisjóðsinnstæðu hvenær sem kirkjan þarf hans við, þó má ekki skerða sjóðinn svo, að ekki séu eftir af honum 100 — eitt hundrað — krónur, og skulu þær ávaxtast, ásamt þeim tekjum, sem sjóðnum kann að berast til viðbótar þeim, unz endurbyggja þarf kirkjuna; skal sjóðnum

þá varið til endurbyggingar hennar, að undanskildum 100 — eitt hundrað — krónum, er ávaxtist og notist á sama hátt, og svo koll af kolli. **111** 8. des.

3. gr.

Stjórn sjóðsins er nú í höndum undirritaðra, en skipist þannig, er skipulagsskrá þessi hefir öðlazt staðfestingu, að sjálfkjörinn verður presturinn á Borg, eða þjónandi prestur í Borgarnesi, og tveir menn, er löglegur safnaðarfundur hlutaðeigandi sóknar kýs til þriggja ára í senn. Skiptir stjórnin sjálf með sér verkum. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Skulu reikningar sjóðsins endurskoðaðir af sóknarnefndinni.

4. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Borgarnesi, 27. október 1932.

Magnús Jónsson. *Björn Magnússon.* *Magnús Þorbjarnarson.*

AUGLÝSING

112 8. des.

til

fiskútflytjenda.

Samkvæmt heimild í bráðabirgðalögum útgefnum 5. desember 1932, skipar ráðuneytið svo fyrir, að viðlögðum sektum samkvæmt lögunum, að ekki megi á tímabilinu 1. janúar til 1 apríl 1933 nema með samþykki Sölusambands íslenzkra fiskframleiðenda flytja eða selja til útlanda saltaðan fisk, verkaðan né óverkaðan, ef hann er lagður á land eftir 1. janúar 1933.

Samningar um slíkan útflutning eða sölu úr landi eru því ógildir.

Þetta birtist hérmeð hlutaðeigendum til leiðbeiningar og eftirbreytni.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 8. desember 1932.

Ólafur Thors.

Vigfús Einarsson.

113 13. des. **Staðfesting konungs** á skipulagsskrá fyrir Fræðslusjóð Nauteyrarhrepps, útgefin á venjulegan hátt, að mandatum af dómsmálaráðherra 13. des. 1932. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

Fræðslusjóð Nauteyrarhrepps.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Fræðslusjóður Nauteyrarhrepps. Stofnfé kr. 500,00 — fimm hundruð krónur, — er gefið á dánardægri frú Jónu Kristjánsdóttir Fjalldal, til minningar um hana.

2. gr.

Sjóðinn má auka með gjöfum, áheitum og öðru, er íbúar Nauteyrarhrepps kynnu að efla hann með.

3. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í Söfnunarsjóði Íslands, þar til Nauteyrarhreppur hefir eignast sinn eiginn sparisjóð, en þá skal sjóðurinn ávaxtast þar.

4. gr.

Takmark sjóðsins á að vera það, að bera uppi allan kostnað við barna og unglingafræðslu í Nauteyrarhreppi, af hálfu foreldra og hreppsfélagsins að þeim hluta, er ríkið ekki kostar fræðsluna.

5. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Allir vextir leggist við höfuðstólinn þar til hann er orðinn 5000 — fimm þúsund — krónur, úr því má verja einum þriðja vaxtanna til styrktar fátækum börnum á skóla aldri.

Þegar sjóðurinn er orðinn kr. 20000,00 má verja $\frac{2}{5}$ af vöxtum hans í sama skyni, en þrír fimmtu leggist við höfuðstólinn unz sjóðurinn er kr. 50000,00, úr því gangi $\frac{4}{5}$ vaxtanna til barna og unglingafræðslu, en einn fimmti vaxtanna leggist ávallt við höfuðstólinn.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skulu ávallt skipa skólanefndarformaður Nauteyrarhrepps, oddviti Nauteyrarhrepps og sóknarprestur Kirkjubólsþinga.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

8. gr. 113

Reikningar sjóðsins skulu, ásamt sveitarreikningi Nauteyrarhrepps, end- 13. des.
urskoðaðir af endurskoðanda sveitareikningsins, og síðan sendir með sveitarreikningnum sýslunefnd Norður-Ísafjarðarsýslu til yfir endurskoðunar.

9. gr.

Á hverju vorprófi skal formaður skólanefndar í heyranda hljóði birta foreldrum og börnum eignir og ástæður sjóðsins.

10. gr.

Leitað skal staðfestingar konungs á skipulagsskrá þessari.

Melgraseyri, 5. október 1932.

Jón K. Fjalldal.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð hjónanna Björns bónda Sigfússonar frv. alþingismanns og Ingunnar húsfreyju Jónsdóttur að Kornsá í Vatnsdal, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 16. desember 1932. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ 114

16. des.

fyrir

Minningarsjóð hjónanna Björns bónda Sigfússonar fyrrv. alþm. og Ingunnar húsfreyju Jónsdóttur að Kornsá í Vatnsdal.

1. gr.

Stofnfé sjóðsins er 1000 — eitt þúsund — króna gjöf, frá hjónunum Guðrúnu Björnsdóttur frá Kornsá, og Þormóði Eyjólfssyni konsúl á Siglufirði. Til stofnfjár teljast og gjafir, áheit og aðrar tekjur, er sjóðnum kunna að berast utanað, svo og sá hluti vaxtanna, er leggja skal við sjóðinn, skv. 4. gr. Stofnfé sjóðsins má aldrei skerða og er sjóðurinn ævarandi eign Áshrepps í Húnaþingi.

2. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í sparisjóði Austur-Húnavatnssýslu, eða í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands, ef stjórn sjóðsins telur honum það til meiri hagnaðar.

3. gr.

Til ársloka 1940 skal árlega leggja alla vextina við höfuðstólinn, en upp frá því má verja allt að helmingi vaxtanna til verðlauna, samkv. ákvæðum 4.

114 16. des.

gr. Þegar árlegir vextir eru orðnir 200 kr. og allt að 300 kr., má á sama hátt verja til verðlauna árlega, því af vöxtunum, sem er umfram 100 krónur. Séu ársvextir yfir 300 krónur og allt að 400 kr., má enn á sama hátt verja til verðlauna árlega, því af vöxtunum, sem er umfram 150 krónur, og síðan skal skipta vöxtunum milli verðlauna og höfuðstólsaukningar eftir sömu reglum.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita verðlaun þeim búendum eða heimilisforráðendum í Áshreppi í Húnaþingi, er komið hafa upp við heimili sín trjá- og runnagörðum til heimilisprýði og nytja, enda séu þeir þannig girtir og gerðir og umhirða þeirra svo góð, að til fyrirmyndar sé, að dómi stjórnar sjóðsins, og ber stjórninni að hækka kröfur sínar í þessum efnum, í hlutfalli við það sem verðlaunaveitingar fara hækkandi.

5. gr.

Verðlaunastigin skulu vera þrjú, þ. e. I., II. og III. verðlaun og hlutföll þeirra sem 3. 2 og 1.

Að öðru leyti en hér er ákveðið setur stjórn sjóðsins nánari reglur um veitingu verðlauna og skilyrði fyrir því að þau verði veitt, og ber stjórninni að endurskoða þær í hvert sinn sem stighækkun verður á viðlögðum vöxtum samkv. 3. gr. Ekki má þó veita sama búanda eða heimilsforráðanda nema ein verðlaun á 3 ára fresti.

Verðlaunareglur stjórnarinnar skulu jafnan vera til sýnis fyrir almenning, á þingstað sveitarinnar.

6. gr.

Stjórn Búnaðarfélags Áshrepps kýs formann sjóðstjórnar til 3 ára í senn, á síðasta fundi sínum fyrir áramót, þegar kjósa skal. Séu niðjar hjónanna Björns Sigfússonar og Ingunnar Jónsdóttur búsettir í hreppnum, skal kjósa formann úr þeirra hópi. Sé aðeins einn niðji þeirra búsettur í hreppnum, er hann sjálfkjörinn formaður og ætíð er búandi á Kornsá sjálfkjörinn formaður sé hann niðji þeirra hjónanna.

Meðstjórnendur skal kjósa á almennum hreppsfundi á sumri til tveggja ára, þó þannig að í fyrsta sinn gengur annar þeirra úr stjórninni að ári liðnu, en síðan eftir röð. Endurkjósa má sömu menn sem áður hafa verið í stjórn. Kosningarétt hafa hinir sömu og til sveitarstjórnar.

Kjörgengi gildir jafnt fyrir konur sem karla, en hlutkesti ræður ef bæði hjónin eru niðjar Björns Sigfússonar og Ingunnar Jónsdóttur og um sjálfkjör er að ræða.

7. gr.

Formaður varðveitir viðskiptabók sjóðsins, og gerðabók. Hann hefir á hendi reikningshald sjóðsins og ber ábyrgð á að eignum hans sé ráðstafað samkvæmt ákvæðum skipulagsskrár þessarar og reglum og ákvörðunum sjóðs-

stjórnar. Einnig skal hann annast um að stjórnin haldi gerðabók, er glögglega sýni alla starfsemi sjóðsins. **114** 16. des.

Formaður skal árlega gefa almennum hreppsfundi skýrslu um starfsemi sjóðsins, s. s. verðlaunaveitingar o. fl. og leggja fram til úrskurðar reikninga hans fyrir s. l. fardagaár, endurskoðaða af stjórn Búnaðarfélags Áshrepps.

8. gr.

Nú þrengist eða tæmist verkefni sjóðsins skv. 4. gr., en handbært fé til ráðstöfunar sjóðstjórnar fer vaxandi, og getur stjórnin þá fært út verksvið sjóðsins, þó svo að sem næst fari upphaflegu verkefni hans, t. d. skógrækt í stærri stíl, en leita skal hún staðfestingar stjórnarvalda á slíkum breytingum.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

22. júní 1932.

Guðrún Björnsdóttir. *Þormóður Eyjólfsson.*

REGLUGERÐ **115** 28. des.

um

borgun tekju- og eignarskatts til ríkissjóðs af kaupi skattgreiðanda.

1. gr.

Nú hefir lögtak á tekju- eða eignarskatti til ríkissjóðs, samkvæmt lögum nr. 74, 27. júní 1921, síðari viðaukum við þau lög og lögum nr. 79, 23. júní 1932, verið reynt árangurslaust, og er þá heimilt að láta borga hinn vangoldna skatt af launum skattgreiðanda, er hann tekur af almanna fé, eða kaupi því, er hann á rétt á hjá öðrum, samkvæmt þeim reglum, sem settar eru í reglugerð þessari.

2. gr.

Fógeti boðar skattgreiðanda, og ef þess gerist þörf kaupgreiðanda hans, fyrir sig. Skal þeim skylt að mæta fyrir fógetarétti og gefa þar skýrslu um atvinnu skattgreiðanda, launakjör hans, upphæð kaups, greiðslumáta þess og gjalddaga, og um önnur þau atriði, er nauðsynlegt er að upplýst séu, er kveða skal á um borgun skatta af kaupi skattgreiðanda.

Nú mætir kaupgreiðandi eigi fyrir fógetarétti löglega tilkvaddur, eða gefur eigi þá skýrslu er hann er krafinn um, og skal hann þá sæta þingvíti eftir þeim reglum, er gilda um vitni. Mæti skattgreiðandi eigi eða gefi hann eigi fullnægjandi skýrslu, skal farið eftir því, sem fyrir er mælt í 37. gr. aðfaralaganna.

3. gr.

Að fengnum upplýsingum þeim, sem ræðir um í 2. gr., kveður fógeti á það með úrskurði, hvort hinn vangoldni skattur skuli greiddur af kaupi eða

115 launum skattgreiðanda. Skal upphæð sú, sem greiða á, tiltekin í úrskurðinum
28. des. svo og hvenær hún skuli greidd og hverjum, og má, ef þörf gerist, skipta henni niður í fleiri kaupgreiðslutímabil og skal þá tiltekin sú upphæð, er tekin skuli af kaupi eða launum skattgreiðanda fyrir hvert greiðslutímabil.

Úrskurð þennan skal fógeti tilkynna kaupgreiðanda og skattgreiðanda, og í Reykjavík tollstjóra, bréflega, séu þeir eigi staddir í réttinum er úrskurðurinn er kveðinn upp.

4. gr.

Úrskurði samkvæmt 3. gr. geta skattgreiðandi og kaupgreiðandi, annar eða báðir, áfrýjað til hæstaréttar. Úrskurði má og áfrýja til staðfestingar, svo getur og tollstjórinn í Reykjavík, fyrir hönd ríkisstjóðs, áfrýjað úrskurði til breytingar, ef þörf þykir. Um áfrýjunina fer eftir venjulegum reglum um áfrýjun fógetaréttarúrskurða.

5. gr.

Þegar úrskurða skal samkvæmt 3. gr., skal taka hæfilegt tillit til heimilishags skattgreiðanda og ómegðar hans, og þess gætt, að eigi sé gengið svo nærri honum um skattheimtuna að hætta sé á að hann eigi geti séð sér og sínum farborða.

Hvorki skattgreiðandi né kaupgreiðandi mega slíta vinnusamningi sínum fyrir það eitt, að úrskurðað hefir verið, að skattur skuli greiddur af væntanlegu kaupi skattgreiðanda.

6. gr.

Nú hefir úrskurður gengið samkvæmt því, sem sagt er hér að framan, og er kaupgreiðanda þá skylt að halda eftir á hverjum kaupgreiðsludegi þeirri upphæð af kaupi eða launum skattgreiðanda fyrir það kaupgreiðslutímabil, er úrskurðað var að þá skyldi haldið eftir. Upphæð þessa skal kaupgreiðandi, innan tveggja virkra daga frá kaupgreiðsludegi, greiða beint til fógeta eða innheimtumanns hans, eða í Reykjavík til tollstjóra, og er sú greiðsla bindandi fyrir skattgreiðanda.

Nú hefir úrskurði verið áfrýjað samkvæmt 4. gr., og frestar þá sú áfrýjun eigi skyldu kaupgreiðanda til að halda eftir kaupi eða launum, samkvæmt ákvæðum úrskurðarins, eða að greiða það fé til fógeta, innheimtumanns hans, eða tollstjóra.

7. gr.

Nú hefir kaupgreiðandi greitt út kaup eða laun skattgreiðanda án þess að halda eftir upphæð, er úrskurður kvað á að eftir skyldi haldið, eða hann greiðir eigi fógeta, innheimtumanni hans eða tollstjóra, svo sem segir í 6. gr., fé er hann hélt eftir samkvæmt úrskurði, og má þá gera lögtak í eignum kaupgreiðanda fyrir því fé.

8. gr.

Fyrir fógetagerð þá, er fram fer samkvæmt 2. og 3. gr., skal greiða réttar- og vottagjöld, sem fyrir aðfarargerðir. Gjöld þessi og annan kostnað við

gerðina greiði skattgreiðandi og má kveða á í úrskurðinum að þau skuli greidd af kaupi hans eða launum ásamt skattinum. 115 28. des.

9. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 79, 23. júní 1932, 2. gr., og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Fjármálaráðuneytið, 28. desember 1932.

Ásgeir Ásgeirsson.

Sigurj. Markússon.

AUGLÝSING 116 30. des.

um

staðfestingu dómsmálaráðuneytisins á reglugerð um skilyrði fyrir veitingu lækningaleyfis og sérfræðingaleyfis.

Samkvæmt lögum nr. 47 frá 23. júní 1932, um lækningaleyfi, um réttindi og skyldur lækna og annarra, er lækningaleyfi hafa, og um skottulækningar, er hérmeð sett eftirfarandi reglugerð um skilyrði fyrir veitingu lækningaleyfis og sérfræðingaleyfis.

REGLUGERÐ

um

skilyrði fyrir veiting lækningaleyfis og sérfræðingaleyfis, samkv. l. nr. 47, 23. júní 1932.

1. gr.

Læknar þeir, sem óska *lækningaleyfis*, skulu sanna, að þeir hafi að minnsta kosti

a) unnið kandídatsvinnu á góðu almennu sjúkrahúsi (eða bæði á lyflækninga- og handlækningadeild) í eitt ár.
b) verið á fæðingarstofnun í að minnsta kosti einn mánuð.

Þeir, sem hafa starfað sem fastir kandídatar á Landspítalanum í eitt ár, eru undanþegnir síðarnefnda skilyrðinu.

116 30. des.

2. gr.

Læknar þeir, sem æskja *sérfræðingaleyfis*, skulu auk þeirrar framhaldsmenntunar, sem áskilið er í a og b-lið 1. greinar, sanna, að þeir fullnægi að minna kosti eftirtöldum ákvæðum um sérmenntun:

a) Sérfræðingar í *lyflæknisfræði:* þriggja ára starf á lyflækningadeild. Tvö ár af þessum tíma skal læknirinn hafa verið aðstoðarlæknir á Landspítalanum eða jafngildu sjúkrahúsi.

b) Sérfræðingar í *handlæknisfræði:* þriggja ára starf á handlækningadeild, þar af tvö ár aðstoðarlæknir á Landspítalanum eða á jafngildu sjúkrahúsi.

c) *Berklalæknar:* hálfs árs starf á lyflækningadeild og tveggja ára aðstoðarlæknisstarf á heilsuhæli.

d) Sérfræðingar í *barnasjúkdómum:* tveggja ára starf á barnaspítala eða góðri barnadeild og 3 mánaða starf á farsóttardeild.

e) Sérfræðingar í *tauga- og geðsjúkdómum:* tveggja ára starf á geðveikraspítala og eins árs starf á taugasjúklingadeild.

f) Sérfærðingar í *kvennasjúkdómum og fæðingarhjálp:* hálfs annars árs starf á kvennasjúkdómadeild og misseris starf á handlæknisdeild, eða tveggja ára starf á handlæknisdeild, sem allmikið fellur til af kvennasjúkdómum, og eins árs starf á fæðingadeild.

g) Sérfræðingar í *háls-, nef- og eyrna-sjúkdómum:* misseris starf á handlækningadeild og tveggja ára starf á háls-, nef- og eyrnasjúkdómadeild.

h) *Augnlækningar:* tveggja ára starf á augnlækningadeild.

i) Sérfræðingar í *geislalækningum:* tveggja ára starf á Röntgenstofu og 3 mánaða starf á húðsjúkdómadeild.

j) Sérfræðingar í *„fysiurgi“:* tveggja ára starf á fysiurgiskri deild, 3 mánaða vinna á taugasjúkdómadeild, 3 mánaða á handlækninga- eða orthopædiskri deild.

k) Sérfræðingar í *húð- og kynsjúkdómum:* tveggja og hálfs árs starf á húð- og kynsjúkdómadeild.

3. gr.

Þeir, sem starfa á spítölum eða deildum, án þess að vera þar fastráðnir starfsmenn, skulu leggja fram skilríki fyrir því, að þeir hafi tekið fullan þátt í daglegum störfum spítalans.

4. gr.

Skilyrði um viðurkenning sérfræðinga í öðrum greinum ákveður ráðherra, eftir tillögum læknadeildar, þegar þörf krefur.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Þetta er hérmeð birt öllum þeim til eftirbreytni, er hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 30. desember 1932.

Magnús Guðmundsson.

Gissur Bergsteinsson.

BYGGINGARSAMÞYKKT

117
30. des.

fyrir

Þingeyrarkauptún.

I. KAFLI.

Verksvið samþykktar og stjórn byggingarmála.

1. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir Þingeyrarkauptún, innan þess svæðis, er skipulagsuppdráttur nær yfir og takmarkast af landamærum Þingeyrar frá Ásgarðsnesi til Garðsendaskers. Þó getur ráðuneytið veitt undanþágu frá ákvæðum hennar, þegar byggingarnefnd og hreppsnefnd mæla með því.

2. gr.

Samþykktin tekur til allra nýrra bygginga, sem ekki eru fullgerðar, þegar hún öðlast gildi. Þó verður ekki krafizt breytinga á því, sem þegar hefir verið gert. Ennfremur nær samþykktin til höfuðbreytinga á eldri byggingum, svo og til minni breytinga, ef við verður komið án verulegs kostnaðarauka eða röskunar.

Byggingarnefnd úrskurðar í hvert skipti, hverjar aðgerðir skulu teljast höfuðbreytingar.

3. gr.

Stjórn byggingarmála er í höndum hreppsnefndar. Hún getur synjað um byggingaleyfi, sem byggingarnefnd hefir samþykkt, enda sé það gert áður en mánuður er liðinn frá því er byggingarnefnd gerði tillögu sína (sbr. 48. gr. 5.). Hreppsnefnd getur ekki veitt byggingaleyfi án samþykkis byggingarnefndar.

Byggingarnefnd gerir tillögu um öll byggingaleyfi og hefir umsjón þess, að byggingarsamþykktinni sé fylgt.

Hreppsnefnd getur veitt byggingarnefnd heimild til þess að veita breytingarleyfi á byggingum án þess að borið sé undir hreppsnefnd.

Ef lóðarleigjanda, lóðareiganda eða húseiganda þykir rétti sínum hallað með úrskurði hreppsnefndar eða byggingarnefndar getur hann skotið honum til ráðuneytisins.

4. gr.

1. Í byggingarnefnd eiga sæti: Hreppsnefndaroddviti, er sé formaður, og fjórir atkvæðisbærir hreppsbúar, er hreppsnefnd kýs. Tveir nefndarmenn ganga úr nefndinni á hverjum þriggja ára fresti, fyrsta sinn eftir hlutkesti.
2. Nefndin velur sér ritara og heldur sérstaka gerðabók yfir athafnir sínar og ályktanir; undirskrifa allir viðstaddir nefndarmenn hana í hver fundarlok.

117 30. des.

3. Nú er ágreiningur meðal nefndarmanna og atkvæði jöfn, og ræður þá atkvæði formanns úrslitum. Heimilt er hverjum nefndarmanni, sem ekki er samþykkur ályktun meiri hluta, að láta bóka ágreiningsatkvæði sitt.
4. Gerðabók skal fylgja glögg skrá eða registur svo gert, að greiðlega megi finna allar ákvarðanir nefndarinnar um hverja einstaka eign, er til hennar tekur.
5. Ennfremur skal nefndin halda lóðabók, dagbók yfir öll bréf og bréfabók.
6. Byggingarnefndarfundur er lögmætur, ef minnst þrír nefndarmenn sitja hann.
7. Hreppsnefnd skal skipa byggingarfulltrúa og setja honum erindisbréf með ráði byggingarnefndar. Hann skal vera vanur húsasmiður eða á annan hátt fengin vissa fyrir, að hann sé starfinu vaxinn. Í erindisbréfinu má ákveða hæfilega þóknun fyrir þau störf, sem hann leysir af hendi, sem eftirlitsmaður með byggingarmálum í þarfir einstakra manna eftir beiðni þeirra. Þessi gjöld, svo og gjöld fyrir byggingarleyfi, skulu hafa lögtaksrétt og renna í sveitarsjóð, en byggingarfulltrúi skal hafa þóknun fyrir starf sitt úr sveitarsjóði. Byggingarfulltrúi skal hafa á hendi framkvæmd byggingarmála og eftirlit samkvæmt fyrirmælum byggingarnefndar.
8. Byggingarnefndin getur gefið byggingarfulltrúa umboð til að veita upp á sitt eindæmi ýmis smávægileg byggingarleyfi, eftir því, sem nefndin kveður nánara á um. Skal byggingarfulltrúi rita úrskurð sinn á umsóknarskjalið og leggja málið svo fyrir byggingarnefnd á næsta fundi hennar.
9. Skylt er byggingarfulltrúa að sækja fundi byggingarnefndar, þótt eigi sé hann í nefndinni og hafi því eigi atkvæðisrétt á fundum hennar, en hinsvegar á hann þar tillögurétt.
10. Byggingarnefnd getur heimilað þeim, sem hefir hagsmuna að gæta, að koma á fund nefndarinnar og skýra ástæður sínar.
11. Byggingarnefnd leitar aðstoðar sérfræðinga í þeim málum er hana varðar, en brestur sérþekkingu á.

5. gr.

Samkvæmt lögum nr. 55, 27. júní 1921, ásamt viðaukalögum nr. 27, 15. júní 1926, um skipulag kauptúna og sjávarþorpa, verður gerður skipulagsuppdráttur af kauptúninu, og fer um skipulag þess samkvæmt ákvæðum þeirra laga og uppdráttum, sem gerðir verða samkvæmt þeim.

Þar til fullkominn skipulagsuppdráttur verður lagður fram, skal byggingarnefnd, eftir reglum er hún sjálf setur og hreppsnefnd samþykkir, ákveða hvernig byggingu skuli hagað, hvar auð svæði og götur skuli vera, breidd milli húsaraða, hvar staði skuli ætla opinberum byggingum, hvar hús skuli vera sambyggð o. s. frv.

II. KAFLI.

Ákvæði um húsagerð.

Húsalínur.

6. gr.

Þar sem húsalína er ákveðin, skal að minnsta kosti ein hæð af framhlið hússins fylgja henni.

Framskot og innskot getur byggingarnefnd leyft, ef æskilegt er vegna húsasniðsins.

Lóðagirðingar.

7. gr.

Byggingarnefnd getur krafizt þess, að komið sé upp og haldið við sæmilegri girðingu um lóðir og óbyggð lönd þeim megin, er að götu veit, eða vegi innan þess svæðis, sem lög þessi ná til.

Nefndin ákveður, hvar og hvernig girðingar skulu vera.

Gaddavírsgirðingar má hvergi nota fram með götu eða vegi, og ber að nema í burtu þær gaddavírsgirðingar, er nú eru, og setja aðrar í staðinn, er byggingarnefnd samþykkir, innan eins árs frá þeim degi, er samþykkt þessi gengur í gildi.

Hornsneiðingar.

8. gr.

Byggingarnefnd getur krafizt þess, ef henni þykir nauðsynlegt vegna umferðar, að hús, sem reist eru á götuhornum og mynda hvassara horn en 135° við götu, veg eða torg, verði sniðin á horni. Sniðið sé eigi minna en 2,00 metrar, og myndi jafnstórt horn við báðar hliðar, er að liggja. Horn má og gera bungumyndað, ef bungan á miðju nær ekki lengra fram úr fyrrgreindum sniðfleti en 0,50 metra.

Byggingarnefnd getur einnig veitt leyfi til, að hornsneiðing sé með öðru sniði en fyrr er greint, ef það er álitið æskilegt vegna húsasniðsins.

Framskot.

9. gr.

Grunnbrún („Sökkulband“) má ekki ná lengra en 0,15 metra út í götu.

Framskot, bæði opin og lokuð, má gera út úr framhlið húss, ef æskilegt er talið vegna sniðsins.

Ef húsalína og götulína fara saman, má ekki leyfa önnur framskot, sem byggð eru frá grundvelli, en súlur og undirstöðupalla, og mega þau eigi án leyfis byggingarnefndar ná lengra en 0,50 metra út frá vegg. Ef hús stendur innan götulínu, má framskotið vera stærra, en þó má það eigi ná lengra fram frá hús-

117 30. des.

hlið en nemi helming bilsins milli húshliðar og götulínu. Byggingarnefnd getur veitt undanþágu frá ákvæði þessu, ef sérstakar ástæður mæla með.

Veggsvalir og framskotsgluggar mega ekki ná lengra út frá húshlið en 0,80 metra, og eigi má skemmra vera frá stétt eða stíg upp undir slík framskot en 3,00 metrar. Standi hús innan húsalínu, fellur ákvæði þetta burtu.

Samanlögð breidd framskota má ekki fara fram úr þriðjungi af lengd húshliðar þeirrar, sem þau eru á.

Framskot mega eigi vera úr eldfimara efni en húsið, sem þau eru á. Þó getur byggingarnefnd leyft, með sérstökum skilyrðum, ef æskilegt er vegna húsniðsins, framskot, sem ekki fullnægja þessu skilyrði.

Gólf í öllum framskotum skulu vera þétt og vatni veitt frá þeim í rennu sem frá þökum.

Án leyfis byggingarnefndar mega veggbrúnir eða nokkur hluti þeirra hvergi ná lengra en 0,80 metra út frá ytri brún veggjar.

Inngöngurið og birtugrófir.

10. gr.

Inngöngurið mega ná allt að 0,50 metra út í götu. Ef gangstétt er mjó, getur byggingarnefnd leyft eitt þrep, allt að 0,30 metra breitt. Nema skal hornin af neðsta þrepi á inngönguriði, er nær út í götu.

Byggingarnefnd getur heimilað fleiri þrep, ef sérstakar ástæður mæla með því, t. d. ef ný inngöngurið eru sett við gömul hús.

Inngöngurið í kjallara má ekki setja nema með leyfi byggingarnefndar, og mega þau ekki ná lengra út í götu en fyrr er sagt um inngönguriðið. Um þau skal svo búið, að umferð stafi ekki hætta af.

Birtugrófir má setja fram með hlið húsa, og mega ekki ná lengra út á gangstétt en 0,60 metra. Yfir þær skal setja málmgrind jafnháa gangstéttinni og nægilega sterka og skal op milli teina eigi stærra en 0,03 metra. Að öðrum kosti skal setja málmhandrið kringum birtugrófina ekki lægra en 0,75 metra, og svo gert, að börn geti ekki dottið í hana.

Handrið, stólpar o. fl.

11. gr.

Handrið, stólpa o. þ. h. má ekki setja í götu eða gangstétt, nema með leyfi byggingarnefndar.

Um hæð húsa.

12. gr.

1. Ef hæð húsa er ekki ákveðin á skipulagsuppdrætti, skal vegghæð húsa hvergi meiri vera en hálf götubreidd milli húsalína. Þó má hæðin aldrei

fara fram úr 10,00 metrum á steinhúsum, en 8,00 metrum á timburhúsum, nema leyfi ráðuneytisins komi til. 117 30. des.

Ef götu hallar fram með húsi, skal tekin meðalhæðin. Hæð húsa á gatnamótum má, ef göturnar eru misbreiðar, miða við breiðari götuna, einnig á þeirri hlið, er veit að mjórri götunni, en þó eigi lengra frá horni (skurðpunkti húsalínanna) en framhlið hússins er með breiðari götunni.

2. Vegghæð húsa mælist frá gangstétt eða götu upp í skurðlínu þaks og veggflatar að utan. Ef húsið stendur ekki við götu, skal miða hæðina við beina línu milli jaðra þeirra gatna, sem næst liggja húsinu á báðar hliðar, svo fremi ekki eru miklar mishæðir á jarðvegi. Séu mishæðir miklar, skal vegghæð miðuð við jarðveginn umhverfis húsið.

Standi hús við opið svæði, ákveður byggingarnefnd, við hvaða stað vegghæðin skuli miðuð.

Ef byggingarnefnd álítur æskilegt vegna útlits, að veggbrún haldi áfram í sömu hæð, getur hún veitt undanþágu frá ákvæði greinar þessarar um vegghæðina fyrir einstakt hús eða hluta af því.

3. Byggingarnefnd getur veitt leyfi til að byggja turna, kvisti, gafla og þess konar til skrauts. Þó má ekki samanlögð breidd slíkra útbygginga nema meiru en ⅔ hlutum af lengd þeirrar húshliðar, sem þær eru á.

Gluggakvistir mega ekki vera nær nágrannamörkum en breidd þeirra nemur eða hæð, þó ekki nær en 1,50 metrar. Að öðrum kosti sé eldvarnarveggur á kvistunum á þann veg, er veit að nágrannalóð. Stórir kvistir mega ekki vera nær lóðarmörkum en 3,15 metrar, nema eldvarnarveggur sé á þeirri hlið kvistsins, er veit að nágrannahúsi.

Þakhalli.

13. gr.

Rishalli á þökum þeirra húsa, sem byggð eru með þeirri vegghæð, sem frekast er leyfð (sbr. 12. gr.), má ekki meiri vera en nemi 45° horni við láréttan flöt.

Á húsum þeim, sem eru vegglægri en fyrr er nefnt, má þakhalli og lögun vera á hvern hátt sem er, ef útlit að öðru leyti óprýðir hvorki húsið eða nágrannahúsin. Þó má enginn hluti þaksins ná lengra út frá vegg en 0,80 metra.

Byggingarnefnd getur þá ákveðið þakhalla eftir því, sem bezt þykir fara við svip götunnar eða nauðsyn þykir af öðrum ástæðum.

Íbúðarhæðir.

14. gr.

Í húsum úr steini eða steinsteypu má vera íbúð á tveimur hæðum, og auk þess í kjallara (sbr. 33. gr.) og þakhæð, ef ekki mæla aðrar ástæður á

117 30. des.

móti. Gólf í þakhæð má ekki liggja fyrir ofan skurðlínu þaks og veggflatar og ekki meir en 1,25 metra fyrir neðan hana.

Í timburhúsum má íbúð vera á tveim hæðum, og auk þess í kjallara (sbr. 33. gr.) eða þakhæð. Sömu ákvæði gilda um gólf í þakhæð og í steinhúsum.

Óbyggð lóð og aðgangur að bakhúsum.

15. gr.

Ef ekki er sýnt á skipulagsuppdrætti hlutfallið milli lóða og bygginga, er á þeim eru reistar, skulu eftirfarandi ákvæði gilda:

1. Hverju íbúðarhúsi skal fylgja óbyggð lóð, eigi minni en sjálft hússtæðið. Jafnframt skal þess gætt, að ákvæði 11. gr. skipulagslaganna um fjarlægð milli húshliða sé fullnægt.

   Byggingarnefnd getur veitt undanþágu frá ákvæðum þessum:

   a. Þegar lóð skerðist að nokkrum mun við götubreikkun.
   b. Ef um lóð er að ræða, sem áður er byggt á og liggur að tveimur götum eða nær ekki lengra inn frá húslínu en 15,00 metra.
   c. Í bæjarhverfum, sem byggð eru að mestu eða öllu, ef brýnar ástæður mæla með því, þó því aðeins, að íbúðarherbergi fái nægilega birtu.
2. Bakhliðar húsa mega ekki hærri vera en tekið er fram í 12. gr. um götuhliðar, þó getur byggingarnefnd leyft, ef hússtæðið hallast, að veggbrún götuhliðar haldi láréttri stefnu fyrir gafla og bakhlið, ef hæðarmunur götuhliðar og bakhliðar fer ekki fram úr 2,50 metrum.
3. Óþrifalega, óreglulega og þrönga stíga yfir lóðir getur byggingarnefnd bannað.
4. Hreppsnefnd getur ákveðið, að óbyggða lóðin skuli vera minni en fyrr er sagt, í þeim kauptúnshlutum, þar sem eingöngu eru reist verzlunarhús, geymsluhús eða verksmiðjur.
5. Ekki má gera þak yfir óbyggða lóð nema með leyfi byggingarnefndar.
6. Að bakhúsum og hliðarhúsum skal vera greiður gangur frá götu, eigi mjórri en 2,00 metrar. Séu fleiri bakgarðar á sömu lóð, skal að hverjum vera aðgangur sem fyrr segir, nema þeir að öðru leyti séu í jafngreiðu sambandi hver við annan.

Fjarlægð frá glugga að næsta húsi.

16. gr.

1. Á aðalsólarhlið húsa skal fjarlægð frá glugga í íbúðarherbergjum, skrifstofum, vinnustofum eða eldhúsi að næsta húsi andspænis nema að jafnaði að minnsta kosti tvöfaldri vegghæð þess húss fyrir ofan gólfhæð herbergisins, er um ræðir (sbr. 11. gr. c. skipulagslaganna). Ef næsta hús andspænis sólarhlið snýr gafli að, skal vegghæð þess talin upp í mitt ris.

   Ekki má setja glugga nær lóðarmörkum nágranna en 3,15 metra.

2. Gæta ber þess, ef gömul hús eru hækkuð, að fullnægt verði ákvæðinu í 1. lið. **117** 30. des.

Sameiginleg óbyggð lóð.

17. gr.

Byggingarnefnd getur krafizt þess, að mjög óregluleg lóðamörk milli nágrannahúsa séu jöfnuð, svo að hverju húsi fylgi sæmilega heilleg lóð.

Lóðareigendum ber að jafna á milli sín verðbreytingu þeirri, er þessi nýja lóðaskipting kann að hafa í för með sér. Ef samkomulag næst ekki, skera dómkvaddir menn úr deilumálum.

Skólpveita.

18. gr.

Ef skólpveita er í götu (sjá vatnalög nr. 15, 20. júní 1923), er öllum þeim, er við götuna búa, skylt að leggja fullnægjandi skólpveitu — frá húsi sínu í götuveituna — á sinn kostnað.

Undanþágu frá ákvæði þessu getur hreppsnefnd veitt, ef byggingarnefnd álítur kostnaðinn við veituna óhæfilega háan, eða skólpinu er veitt í lagarhelda þró eða í safnþró á lóðinni, sjái hún ekki önnur betri úrræði.

Ekki má veita skólpi inn á annars manns lóð án hans samþykkis. Þó má leggja skólpveitu í lokræsi gegnum annars manns lóð, ef byggingarnefnd telur það nauðsynlegt. Allan skaða, sem stafa kann af lagningu veitunnar, er húseigandi skyldur að bæta.

Skólpveita skal vera algerlega þétt og þannig gerð, að ekki stafi óheilnæmi frá henni. Á hana skulu settir vatnslásar og annað, sem með þarf, svo ekki komi óloft frá holræsinu.

Sambygging.

19. gr.

Í sambyggðum húsaröðum skulu öll hús byggð að lóðamörkum, nema skipulagsuppdráttur sýni annað.

Byggingarnefnd getur bannað, að hús séu sambyggð með lágum millibyggingum.

Undirstöður.

20. gr.

Grafa skal undirstöður útveggja og burðarveggja innanhúss niður á fastan jarðveg og ekki grynnra en 1,00—1,50 metra í jörð niður, eftir ákvörðun byggingarnefndar, þar sem föst klöpp er ekki ofar.

Ef hús er reist fast að nágrannalóð, skal grafa undirstöður eldvarnar-

117 veggs og 1 metra af hliðarveggjum, er frá honum liggja, niður fyrir væntan-
30. des. lega kjallaradýpt nágrannahúss.

Aðrar undirstöður grafist niður eftir þörfum. Undirstöður íbúðarhúsa og allra húsa, sem tvílyft eru, skal hlaða úr grjóti og leggja í steinlím eða gera þær úr steinsteypu. Undirstöður steinhúsa skal gera þannig frá föstum jarðvegi, en undirstöður timburhúsa má gera úr lausagrjóti, þó ekki hærra upp en svo, að ekki sé grynnra á lausagrjótið en 0,70 metra.

Undirstöður úr lausagrjóti einu getur byggingarnefnd leyft undir litlum og lágum timburhúsum, eða þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi og næg trygging fyrir að óhult sé.

Varnarlög.

21. gr.

Rakavarnarlag skal leggja í undirstöður allra húsa, nema lítilla geymsluhúsa. Þar sem kjallari er gerður, skulu lögin vera tvö; skal hið neðra lagt í alla kjallaraveggi 5 sentimetrum fyrir neðan yfirborð kjallaragólfs, en hið efra í alla útveggi 10—20 sentimetra fyrir ofan jarðflöt eða fyrirhugaða hæð hans. Skulu útveggir jarðbikaðir utan á milli laganna eða á annan hátt varðir jarðraka.

Þar sem ekki er kjallari nægir eitt rakavarnarlag, og má það koma ofan á undirstöður, en ávallt neðar en allir gólfviðir. Ef gólf er úr timbri og ekki nægilega varið jarðraka, skal vera minnst 0,40 metra autt bil frá jarðlagi upp að gólfi, og á múrnum vera loftop, minnst eitt á tveimur andstæðum veggjum.

Rakavarnarlög skulu gerð úr sementi og sandi til helminga og sé að þykkt 1—2 sentimetrar eftir staðháttum, og jarðbikað að ofan, þegar steypan er orðin þur. Í stað jarðbiks má nota þakhellur lagðar í sement, eða annað vatnshelt efni, sem byggingarnefnd samþykkir.

Byggingarnefnd getur veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar, ef um „skúta“ eða lítil útihús er að ræða.

Eldvarnarveggir.

22. gr.

1. Eldvarnarvegg má ekki gera að jafnaði nema þar sem ákveðið er að reisa sambyggð hús, þannig að byggt verði að honum síðar.
2. Alla útveggi, sem eru nær nágrannalóð en 3,15 metrar, skal gera sem eldvarnarveggi.
3. Við hús, sem nú stendur nær nágrannalóð en 3,15 metrar, skal gera eldvarnarvegg, þegar höfuðaðgerð fer fram á því.
4. Eldvarnarveggi skal gera úr steinsteypu eða grjóti lögðu í sementsblöndu. Þeir skulu ná 0,16 metra upp fyrir þak, eða fast upp að yzta lagi á þaki (bárujárni, hellum o. þ. h. sjá 11. lið þessarar gr.), og mega hvergi þynnri

vera en 0,20 metra, en að öðru leyti ákveður byggingarnefnd þykkt þeirra í hvert skipti. Á þeim mega hvorki vera gluggar né önnur op. 117 30. des.

5. Eldvarnarveggur getur verið sameiginlegur fyrir tvö hús, ef hann er áfastur við bæði húsin og tekur 0,16 metra upp fyrir þak hærra hússins.
6. Þak má ekki hallast að eldvarnarvegg nema með sérstöku leyfi byggingarnefndar, enda segi hún fyrir um umbúnaðinn.
7. Timburveggur eða innri brún reykháfs má ekki koma nær úthlið eldvarnarveggs en 0,23 metrar séu fyrir utan. Langbönd til að festa þakið með má þó steypa í vegginn.
8. Sementsdraga ber eldvarnarveggi, er ekki verður byggt upp að um langan tíma að dómi bygginganefndar, og ef útlit er fyrir, að eldvarnarveggur standi þannig um ófyrirsjáanlega langan tíma, ber að ganga svo frá honum, að útlit hans verði ekki lakara en útveggja úr steini.
9. Ef tvö hús eru saman um einn eldvarnarvegg, skal þinglesin skuldbinding um, að hvorugur eigenda geti rifið vegginn meðan annað hvort húsið stendur.
10. Eldvarnarveggir skulu, ef um timburhús er að ræða, bundnir við grind og þakviði, á þann hátt er byggingarnefnd tekur gilt.
11. Í sambyggðum húsaröðum, skal eldvarnarveggur vera í báða enda á hverju húsi, og skulu þeir allsstaðar ná fast upp að yztu húð þaksins (bárujárni, hellum o. þ. h.), en ekki þurfa þeir að ná upp fyrir þak þéttara en á 20,00 metra millibili.
12. Eldvarnarveggi má ekki gera úr holsteini, nema með sérstöku leyfi byggingarnefndar, og má samanlögð þykkt steypunnar aldrei minni vera en 0,18 metrar.

Þök.

23. gr.

1 Sperrur og skammbitar mega ekki grennri vera en 10×10 sentimetrar (4″×4″), þegar hafið er allt að 3,15 metrum. Hafið skal mælt á loftbita. beint niður undan sperrum og skammbitum. Við hverja 0,32 metra sem hafið vex, skulu þessir viðir vera 1,3 sentimetrum gildari á hvern veg. Nota má viði af öðrum gildleik en hér er tiltekið, ef samur er styrkleikinn.

Bilið á milli sperra, talið af miðju og á miðju, má vera allt að 1,25 metrar, undir málm- og pappaþök á timbursúð, en allt að 0,95 metra undir torf, hellu og steinþök.

2. Á sperrur skal leggja súð úr borðum, er ekki séu þynnri en 2½ sentimetrar (1″) og þar yfir bárujárn ekki þynnra en 24 B. W. G., eða annað óeldfimt efni, sem byggingarnefnd tekur gilt. Sé súðin óplægð eða íbúð á þakhæð, skal setja þakpappa utan á hana undir járnið.
3. Gaflveggir úr steini eða steypu skulu bundnir járnakkerum í þakvið og studdir af þeim.
4. Byggingarnefnd getur veitt undanþágu frá ákvæði þessarar greinar eða ívilnanir, þegar um útihús er að ræða.

117 30. des.

Trébitar, trégólf og milligólf.

24. gr.

1. Trébitar í gólfum og loftum íbúðarherbergja skulu ekki strjálli en svo, að bilið á milli þeirra, mælt af miðju á miðju, sé að meðaltali ekki yfir 0,95 metra og hvergi meira en 1,05 metri.

Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík. Dagsetning samþykkta þess er 16. okt. 1931. Tilgangur: a) Að selja og útvega félagsmönnum nauðsynjavörur. b) Að vinna gegn lánsverzlun, þannig, að selja eingöngu gegn staðgreiðslu. c) Að efla þekkingu manna á samvinnufélagsskap. d) Að styðja og styrkja stéttabaráttu verkalýðsins. Heimilt er einnig að verzla við utanfélagsmenn. Félaginu skal afla rekstrarfjár með framlögum frá félagsmönnum í stofnsjóð, myndun varasjóða og annara óskiptilegra tryggingarsjóða og með lántökum gegn ábyrgð félagsstjórnarinnar. Ábyrgð félagsmanna er bundin við framlög þeirra, sem er kr. 50,00, fimmtíu krónur frá hverjum. Heimilt er þó stjórn félagsins að samþykkja inntöku manns, þótt eigi greiði hann meira en 25 kr., er hann gengur í félagið, ef hann skuldbindur sig til að greiða eftirstöðvarnar innan tveggja ára. Fundi félagsins skal boða, með minnst tveggja sólarhringa fyrirvara, með auglýsingu í blöðum verkalýðsins í Reykjavík. Stjórn félagsins skal skipuð 5 mönnum og 2 varamönnum. Þeir skulu vera félagar. Stjórnin kýs úr sínum hópi formann og varaformann. Einnig ræður hún framkvæmdarstjóra. Til þess að skuldbinda félagið þarf undirskrift þriggja stjórnenda þess. Stjórn félagsins skipa: Ingimar Jónsson, skólastj., Vitastíg 8, formaður. Meðstjórnendur: Eiríkur Snjólfsson, bifreiðastj., Vitastíg 14. Valgeir Magnússon, sjóm., Lokastíg 6. Gunnar Benediktsson, rithöf., Mímisvegi 2 og Sigurður Guðmundsson, verkam., Freyjugötu 1. Varastjórnandi: Sigurður Sæmundsson, verkam., Holtsgötu 31, Rvík.

Prókúruumboð fyrir félagið hefir Ásgeir Pétursson, verzlm., Framnesvegi 8, Rvík. **166**

Reykjavík, 2. apríl 1932.

Ingimar Jónsson, Eiríkur Snjólfsson, Valgeir Magnússon,
Gunnar Benediktsson, Sigurður Guðmundsson.

Stjórnin ritar firmað þannig:

Kaupfélag Alþýðu, Reykjavík
Ingimar Jónsson, Gunnar Benediktsson, Valgeir Magnússon.
Kaupfélag Alþýðu, Reykjavík
Ingimar Jónsson, Gunnar Benediktsson, Eiríkur Snjólfsson.
Kaupfélag Alþýðu, Reykjavík
Ingimar Jónsson, Gunnar Benediktsson, Sigurður Guðmundsson.
Kaupfélag Alþýðu, Reykjavík
Ingimar Jónsson, Valgeir Magnússon, Eiríkur Snjólfsson.
Kaupfélag Alþýðu, Reykjavík
Gunnar Benediktsson, Valgeir Magnússon, Sigurður Guðmundsson.
Kaupfélag Alþýðu, Reykjavík
Gunnar Benediktsson, Eiríkur Snjólfsson, Sigurður Guðmundsson.
Kaupfélag Alþýðu, Reykjavík
Valgeir Magnússon, Eiríkur Snjólfsson, Sigurður Guðmundsson.
Kaupfélag Alþýðu, Reykjavík
Ingimar Jónsson, Valgeir Magnússon, Sigurður Guðmundsson.
Kaupfélag Alþýðu, Reykjavík
Ingimar Jónsson, Eiríkur Snjólfsson, Sigurður Guðmundsson.
Kaupfélag Alþýðu, Reykjavík
Gunnar Benediktsson, Valgeir Magnússon, Eiríkur Snjólfsson.

Prókúruhafi undirritar:

pr. pr. Kaupfélag Alþýðu, Reykjavík
Ásgeir Pétursson.

26. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirrituð Jakobína Magnúsdóttir, Skólavörðustíg 13, rek verzlun hér í bænum, með ótakmarkaðri ábyrgð, undir firmanafninu Verzlunin „Sjöfn“. Ég ein hefi rétt til að rita firmað og rita það þannig:

Verzlunin „Sjöfn“
Jakobína Magnúsdóttir.

Prókúruumboð fyrir verzlunina hefir Arndís Andrésdóttir, Framnesvegi 38, Rvík, og ritar hún þannig:

p. p. Verzlunin „Sjöfn“
Arndís Andrésdóttir.

pt. Univ: Coll: Hospital, London, 15. 3. 1932.
Jakobína Magnúsdóttir.

166 27. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að eg undirritaður Guðmundur Guðmundsson, Laufásvegi 2, rek með ótakmarkaðri ábyrgð smásöluverzlun hér í bænum, undir firmanafninu Verzlunin „Svala". Ég einn hefi rétt til að rita firmað og rita það þannig:

Verzlunin „Svala"
Guðm. Guðmundsson.
Reykjavík, 5. febr. 1932.
Guðm. Guðmundsson.

28. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að prókúruumboð það, sem Ásgeiri Péturssyni var á sínum tíma veitt fyrir Kaupfélag Alþýðu, Reykjavík, afturkallast hér með frá deginum í dag að telja. Frá sama tíma hefir Þorvaldur Jónsson, verzlm., Grettisgötu 37, prókúru fyrir félagið og skrifar hann hana þannig:

pr. pr. Kaupfélag Alþýðu
Þ. Jónsson.
Reykjavík, 22. maí 1932.
Kaupfélag Alþýðu, Reykjavík.
Ingimar Jónsson. Eiríkur Snjólfsson. Valgeir Magnússon.

29. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að prókúruumboð það, sem ég á sínum tíma gaf hr. kaupm. Carl Proppé, fyrir firma mitt Ölgerðin Egill Skallagrímsson, afturkallast hér með.

Reykjavík, 24. maí 1932.
Tómas Tómasson.

30. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirritaðir höfum myndað sameignarfélag í þeim tilgangi að reka skóverzlun hér í bænum, hefir faðir okkar afhent okkur verzlun sína, og rekum við hana eftirleiðis fyrir eigin reikning og á okkar ábyrgð undir firmanafninu „Jón Stefánsson, skóverzlun". Hver okkar um sig hefir rétt til að rita firmað viðvíkjandi daglegum rekstri, og ritum við það þannig:

Jón Stefánsson, skóverzlun
Stefán Jónsson.
Jón Stefánsson, skóverzlun
Óskar Jónsson.
Jón Stefánsson, skóverzlun
Gunnar Jónsson.

Til að skuldbinda firmað út á við, samþykkja víxla, selja og veðsetja

eignir eða taka lán, þarf undirskrift tveggja meðeigenda, er þá rita firmað 166
þannig:

Jón Stefánsson, skóverzlun
Stefán Jónsson. Gunnar Jónsson.
Jón Stefánsson, skóverzlun
Stefán Jónsson. Óskar Jónsson.
Jón Stefánsson, skóverzlun
Gunnar Jónsson. Óskar Jónsson.
Reykjavík, 30. apríl 1932.
Stefán Jónsson, Álfheimum við Laugaveg.
Gunnar Jónsson, Grettisgötu 66.
Óskar Jónsson, Laugavegi 17.

Samkvæmt ofanrituðu er ég því samþykkur, að synir mínir, Stefán, Gunnar og Óskar, reki hér í bænum skóverzlun undir firmanafninu „Jón Stefánsson, skóverzlun".

Reykjavík, 30. apríl 1932.
Jón Stefánsson.

31. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirrituð, Guðrún Eyleifsdóttir, Frakkastíg 26, rek smásöluverzlun hér í bænum með ótakmarkaðri ábyrgð undir firmanafninu „Nýja búðin".

Ég rita firmað þannig:

Nýja búðin
Guðrún Eyleifsdóttir.

Prókúruumboð fyrir verzlunina hefir Páll Sæmundsson, Bergþórugötu 8, og ritar hann firmað þannig sem prókúruhafi:

p. p. Nýja búðin
Páll Sæmundsson.
Reykjavík, 23. maí 1932.
Guðrún Eyleifsdóttir.

32. Heiti sjóðsins er Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis. Heimili og varnarer í Reykjavík. Tilgangur sjóðsins er að reka sparisjóðsstarfsemi fyrir Reykjavík og nágrenni. Stofnendur eru 63 menn búsettir í Reykjavík og nágrenni. Stjórnendur sjóðsins eru: Jón Þorláksson, alþm., Bankastræti 11, Rvík, formaður, Jón Halldórsson, trésmíðameistari, Skólavörðustíg 4, varaformaður, Gústaf Sveinsson, málaflm., Þórsgötu 17, ritari, Guðmundur Ásbjörnsson, bæjarstjórnarforseti, Fjölnisvegi 9, Reykjavík, og Helgi Hermann Eiríksson, skólastjóri, Sóleyjargötu 7, Rvík. Endurskoðendur: Björn Steffensen, endurskoðari, Vesturgötu 4, Rvík, Einar Erlendsson, byggingameistari, Skólastræti 5 B, og til vara Bjarni Jónsson, dómkirkjuprestur,

166 Rvík. Starfsmenn: Einar Magnússon, Ránargötu 20, Rvík, gjaldkeri, Ásgeir Bjarnason, Suðurgötu 5, bókari. Gjaldkeri og bókari eða einn stjórnandi ásamt bókara eða gjaldkera undirrita kvittanir fyrir greiðslum til sjóðsins. Aðrar ráðstafanir heyra undir stjórnina og þarf þá einfaldan meiri hluta stjórnenda. Stofnfé er kr. 250.00 á hvern stofnanda, en auk þess ábyrgjast þeir hver um sig kr. 250 af skuldbindingum sjóðsins. Fundi skal boða með ábyrgðarbréfi, er afhent sé á pósthúsið í Reykjavík 5 dögum fyrir fundinn. Lög sjóðsins voru staðfest af fjármálaráðuneytinu 5. f. m.

Reykjavík, 23. apríl 1932.

Jón Þorláksson. G. Ó. Sveinsson. Helgi Hermann Eiríksson.
Jón Halldórsson. Guðm. Ásbjörnsson.

33. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að prókúruumboð það, sem ég á sínum tíma gaf hr. verzlunarmanni Einar Sigurðssyni, afturkallast hér með.

Reykjavík, 28. maí 1932.

Guðm. Guðmundsson.

34. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að Guðni Jónsson, Nönnugötu 4, er genginn úr firmanu Nýja Vélsmiðjan, frá 20. þ. m. að telja. Eru honum óviðkomandi allar skuldbindingar firmans frá þeim tíma.

Reykjavík, 22. júní 1932.

Hans Hansen. Sigurður Sveinbjörnsson. Guðni Jónsson.

35. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirrituð, Lilja Kristjánsdóttir, Laugavegi 37, Jón Þorláksson, verkfr., Bankastræti 11, og Jens Eyjólfsson, byggingameistari, Grettisgötu 11, rekum í sameiningu og sem fullábyrgir félagar verzlun hér í bænum með timburvörur undir firmanafninu Timburverzlun Árna Jónssonar.

Firmað ritum við öll saman og gerum það þannig:

Timburverzlun Árna Jónssonar

Lilja Kristjánsdóttir. Jón Þorláksson. Jens Eyjólfsson.

Niels Carlsson hefir framkvæmdarstjórn og undirskrifar hann þannig:

Timburverzlun Árna Jónssonar

N. Carlsson.

Reykjavík, 3. júní 1932.

Lilja Kristjánsdóttir. Jón Þorláksson. Jens Eyjólfsson.

36. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirritaðir, Benedikt Þ. Gröndal, Ránargötu 24, Rvík, og Haukur Gröndal s. st., rekum smásöluverzlun hér í bænum með ótakmarkaðri ábyrgð, undir firmanafninu

„Hauksbúð". Benedikt Þ. Gröndal, hefir einn rétt til að rita firmað og ritar hann það þannig: 166

Hauksbúð
Benedikt Þ. Gröndal.

Prókúru fyrir firmað hefir Haukur Gröndal og ritar hann þannig sem prókúruhafi:

pr. pr. Hauksbúð
H. B. Gröndal.

Reykjavík, 10. júní 1932.
Benedikt Þ. Gröndal. H. B. Gröndal.

37. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirritaðir, Sigurður Þ. Björnsson, Sóleyjargötu 13, og Sigurbergur Árnason, Helgadal við Kringlumýrarveg, rekum smásöluverzlun hér í bænum sem fullábyrgir félagar undir firmanafninu „Verzlunin Vitinn". Við hvor um sig höfum rétt til að rita firmað og ritum það þannig:

Verzlunin Vitinn
Sigurður Þ. Björnsson.
Verzlunin Vitinn
S. Árnason.

Reykjavík, 14. júlí 1932.
Sigurður Þ. Björnsson. S. Árnason.

38. Birgir Thorlacius og Guðgeir Jóhannsson reka í félagi fyrirtæki undir nafninu Húsnæðisskrifstofa Reykjavíkur. Tilgangur fyrirtækisins er að greiða fyrir samböndum milli húseigenda og leigjenda og annast kaup og sölu fasteigna. Hvor félaganna um sig rita firmað. Þó þarf undirskrift beggja til að skuldbinda fyrirtækið fjárhagslega.

Birgir Thorlacius ritar firmað þannig:

Húsnæðisskrifstofa Reykjavíkur
Birgir Thorlacius.

Guðgeir Jóhannsson ritar þannig:

Húsnæðisskrifstofa Reykjavíkur
Guðgeir Jóhannsson.

Báðir rita:

Húsnæðisskrifstofa Reykjavíkur
Birgir Thorlacius. Guðgeir Jóhannsson.

Reykjavík, 28. júlí 1932.
Birgir Thorlacius, Nýja barnaskóla.
Guðgeir Jóhannsson, Mímisvegi 3.

39. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirritaðir rekum í félagi með ótakmarkaðri ábyrgð verzlun hér í bænum undir firmanafninu

166 „Ó Halldórsson & Kalstað". Firmað ritum við hver um sig, en þó þarf undirskrift allra ef um er að ræða veðsetningu eða sölu fasteigna.

Firmað ritum við þannig:

Ó. Halldórsson & Kalstað
Ólafur K. Þorvarðsson.
Ó. Halldórsson & Kalstað
Ól. Halldórsson.
Ó. Halldórsson & Kalstað
Þorvarður Þorvarðsson.
Ó. Halldórsson & Kalstað
Ólafur K. Þorvarðsson. Ól. Halldórsson. Þorvarður Þorvarðsson.

Reykjavík, 11. ágúst 1932.

Ólafur K. Þorvarðsson, Skothúsvegi 7, Rvík.
Ólafur Halldórsson, Bergstaðastr. 71, Rvík.
Þorvarður Þorvarðsson, Skothúsvegi 7, Rvík.

40. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirritaðir, Þórður Ólafsson, Vesturgötu 20, og Tryggvi Ólafsson, Túngötu 34, Reykjavík, rekum með ótakmarkaðri ábyrgð verzlun í Reykjavík undir firmanafninu Kolasalan s.f. Tilgangur félagsins er að verzla með kol, salt og jafnvel fleiri vörutegundir. Hvor okkar um sig hefir rétt til að rita firmað, og gerum við það þinnig:

Kolasalan s.f.
Tryggvi Ólafsson.
Kolasalan s.f.
Þórður Ólafsson.

Til að skuldbinda félagið út á við, samþykkja víxla, selja og veðsetja eignir, eða taka lán, þarf undirskrift okkar beggja, og ritum við þá firmað þannig:

Kolasalan s.f.
Þórður Ólafsson. Tryggvi Ólafsson.

Reykjavík, 21. júlí 1932.

Þórður Ólafsson. Tryggvi Ólafsson.

41. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirritaðir, Runólfur Pétursson og Halldór Pétursson, báðir til heimilis á Bergstaðastræti 39, rekum matvöruverzlun hér í bænum, með ótakmarkaðri ábyrgð, undir firmanafninu „Geislinn". Hvor okkar um sig hefir rétt til að rita firmað og gerum það þannig:

„Geislinn"
Runólfur Pétursson.
„Geislinn"
Halldór Pétursson.

Reykjavík, 12. ágúst 1932.

Runólfur Pétursson. Halldór Pétursson.

42. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirrituð rekum í félagi og með ótakmarkaðri ábyrgð, verzlun undir firmanafninu „I. Guðmundsson & Co.“. Við hvort um sig höfum rétt til að rita firmað, en þó þarf undirskrift beggja, ef um er að ræða sölu, lán eða veðsetningu á eignum firmans. Firmað ritum við þannig: **166**

I. Guðmundsson & Co.
I. Guðmundsson.
I. Guðmundsson & Co.
Caroline E. R. Siemsen Hendriksdóttir.
I. Guðmundsson & Co.
I. Guðmundsson. Caroline E. R. Siemsen Hendriksdóttir.

Reykjavík, 28. ágúst 1932.
Ingólfur Guðmundsson, Bárugötu 14, Rvík.
Caroline E. R. Siemsen Hendriksdóttir, Vesturg. 29, Rvík.

43. Við undirritaðir, Eiríkur Ormsson, rafvirki, Laufásvegi 34 í Rvík og Jón Ormsson, rafvirki, Sjafnargötu 1 í Rvík, tilkynnum hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að ég, Jón Ormsson, er genginn úr firmanu „Bræðurnir Ormsson“, frá 1. janúar þ. á. að telja, en ég, Eiríkur Ormsson, held firmanu áfram undir sama nafni, og undirrita firmað þannig:

pr. Bræðurnir Ormsson
E. Ormsson.

Reykjavík, 10. okt. 1932.
Jón Ormsson. E. Ormsson.

44. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirritaðir rekum í félagi og með ótakmarkaðri ábyrgð verzlun hér í bænum (pappírs-, ritfanga- og bókaverzlun) undir firmanafninu „Bókhlaðan“. Hver okkar hefir rétt til að rita firmað, og ritum við það þannig:

Bókhlaðan
Stefán Runólfsson.
Bókhlaðan
Ólafur P. Stefánsson.
Bókhlaðan
Stefán H. Stefánsson.

Reykjavík, 6. sept. 1932.
Stefán H. Stefánsson, Þingholtsstr. 16.
Stefán Runólfsson, úrsmiður og prentari, Þingholtsstr. 16.
Ólafur P. Stefánsson, prentari, Þingholtsstr. 16.

45. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirritaðir, Kristján Jóhann Kristjánsson, Hringbraut 132, og Vilhjálmur Bjarnason, Grundar-

166 stíg 2, rekum trésmíðavinnustofu hér í bænum með ótakmarkaðri ábyrgð undir firmanafninu:

„Kassagerð Reykjavíkur".

Firmað ritum við hvor um sig, en þó þarf undirskrift beggja, ef um er að ræða veðsetningar eða aðrar skuldbindingar fyrir firmað út á við. Undirskriftir eru þannig:

Kassagerð Reykjavíkur
Kr. Jóh. Kristjánsson.
Kassagerð Reykjavíkur
Vilhj. Bjarnason.
Kassagerð Reykjavíkur
Kr. Jóh. Kristjánsson. Vilhj. Bjarnason.

Reykjavík, 28. sept. 1932.

Kr. Jóh. Kristjánsson. Vilhj. Bjarnason.

46. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að úr firmanu Friðrik Magnússon & Co., Reykjavík, hafa gengið Friðrik Gunnarsson og Sigurjón Pétursson. Friðrik R. Magnússon rekur firmað einn framvegis undir sama nafni sem fullábyrgur eigandi.

Reykjavík, 13. des. 1932.

Fr. K. Magnússon. Sigurj. Pétursson. Friðrik Magnússon.

47. Undir firmanafninu s.f. Fram, reka þau, Jón Jónsson, Bárugötu 34, og Karólína Ólafs, Garðastræti 19, samlagsfélag til útflutnings á fiski.

Karólína Ólafs ber ein ótakmarkaða ábyrgð, Jón Jónsson, er samlagsfélagi með tíu þúsund (kr. 10000,00) ábyrgð á skuldbindingum félagsins. Elínmundur Ólafs, Garðastræti 19, hefir prókúru. Báðir félagar rita firmað hvort um sig þannig:

Fram s.f.
Karólína Ólafs.
Fram s.f.
Jón Jónsson.

Prókúruhafi ritar firmað þannig:

pr. pr. Fram s.f.
Elínmundur Ólafs.

Reykjavík, 25. okt. 1932.

Jón Jónsson. Karólína Ólafs.

48. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að undir firmanafninu „Sameignarfélagið Kópur", skammstafað „S/f Kópur", rekum við undir-

ritaðir sem fullábyrgir félagar, útgerð togara, er við eigum saman, kaup og sölu á fiski og öðrum sjávarafurðum, svo og verkun fiskjar, og annað, sem stendur í sambandi við fiskveiðar. 166

Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík. Hvor um sig getur, svo gilt sé, skuldbundið félagið með undirskrift sinni og þar á meðal veðsett fisk félagsins tiltryggingar lánum til útgerðarinnar. Til að selja eða veðsetja skip eða fasteignir félagsins, þarf undirskrift okkar beggja.

Undirskriftum er hagað þannig:

pr. S/f „Kópur"
Páll Ólafsson.
pr. S/f „Kópur"
Guðm. Guðmundsson.
S/f „Kópur"
Páll Ólafsson. Guðm. Guðmundsson.

Reykjavík, 27. okt. 1932.

Páll Ólafsson, Sólvallagötu 4.

Guðmundur Guðmundsson, Ránargötu 18.

49. Samkvæmt tilkynningu, sem er móttekin 24. nóv. 1932, er skrásett Fiskiveiðahlutafélagið Freyja. Dagsetning samþykkta er 23. nóv. 1932. Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík. Tilgangur: Að kaupa skip og stunda fiskiveiðar á því og að framkvæma þá starfrækslu, sem nauðsynleg þykir í sambandi við þær fiskveiðar. Framlög hvers félagsmanns er eitt þúsund krónur. Félagsmenn eru alls átta. Hver félagsmaður ábyrgist eitt þúsund krónur af skuldum félagsins auk framlags síns til félagsins og eigna í öðrum sjóðum þess en stofnsjóði. Fundi félagsins skal boða með auglýsingu um borð í skipinu eða með ábyrgðarbréfi, eftir því sem við á. Stjórn félagsins skipa þrír félagsmenn og tveir til vara, þeir Guðmundur Jónsson, skipstjóri, Vesturgötu 52 B, Jón Bergm. Bjarnason, vélstj., Vesturgötu 33 B, og Elías Guðmundsson, stýrim., Nýlendugötu 22. Varastjórnendur: Ásgeir Einarsson, Baugsveg 3 A og Jochum Eliasson, Grettisg. 81. Firmað rita tveir úr stjórn félagsins þannig:

f. h. Fiskiveiðafélagið Freyja
Guðm. Jónsson. Elías Guðmundsson.
f. h. Fiskiveiðafélagið Freyja
Guðm. Jónsson. Jón Bergm. Bjarnason.
f. h. Fiskiveiðafélagið Freyja
Elías Guðmundsson. Jón Bergm. Bjarnason.

Reykjavík, 24. nóv. 1932.

Guðm. Jónsson. Elías Guðmundsson. Jón Bergm. Bjarnason.

166 50. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að úr firmanu Friðrik Magnússon & Co., Rvík, hafa gengið Friðrik Gunnarsson og Sigurjón Pétursson.

Friðrik K. Magnússon rekur firmað einn framvegis, undir sama nafni, sem fullábyrgur eigandi.

Reykjavík, 13. desember 1932.

Fr. K. Magnússon. Sigurj. Pétursson. Friðrik Gunnarsson.

II. Mýra- og Borgarfjarðarsýsla.

1. H/f Skallagrímur rekur skipaútgerð í Borgarnesi til siglinga um Faxaflóa og víðar. Samþykktir dagsettar 23. jan. 1932.

Stofnendur eru: Borgarneshreppur, Kaupfélag Borgfirðinga, Verzlunarfélag Borgarfjarðar, Magnús Þorbjarnarson, söðlasmiður í Borgarnesi, Magnús Jónsson, gjaldkeri, s. st., Halldór Vilhjálmsson, skólastjóri, Hvanneyri, María Sæmundsdóttir, húsfreyja, Hvítárvöllum, Jón Hannesson, bóndi, Deildartungu, Davíð Þorsteinsson, bóndi, Arnbjargarlæk, Jósef Björnsson bóndi á Svarfhóli, Sigurður Fjeldsted, bóndi í Ferjukoti, og Jóhann Magnússon, hreppstjóri, Hamri.

Stjórn félagsins skipa: Magnús Jónsson, gjaldkeri, formaður félagsins, Davíð Þorsteinsson á Arnbjargarlæk og Hervald Björnsson, oddviti Borgarneshrepps. Formaður hefir prókúruumboð.

Tveir úr stjórninni geta skuldbundið félagið með undirskrift sinni og rita þeir firmað þannig:

H/f Skallagrímur
Magnús Jónsson. Hervald Björnsson.

H/f Skallagrímur
Hervald Björnsson. Davíð Þorsteinsson.

H/f Skallagrímur
Davíð Þorsteinsson. Magnús Jónsson.

Prókúruhafi ritar firmað þannig:

pr. pr. H/f Skallagrímur
Magnús Jónsson.

Hlutaféð er 30000 kr. og skiptist í 30 hluti, 1000 kr. hvern, en félagsstjórninni er heimilað með fundarsamþykkt að hækka hlutaféð allt að helmingi síðar.

Hlutaféð er að fullu greitt.

Hlutabréfin hljóða á nafn og fylgja þeim engin sérréttindi né lausnarskylda. Samþykki félagsstjórnar þarf til þess að selja hlutabréfin.

Hluthafar hafa eitt atkvæði fyrir hvern hlut, þó með þeim takmörkunum er hlutafélagsslögin ákveða.

Fundarboð sendist með ábyrgðarbréfi eða símskeyti með 4ra vikna fyrirvara.

III. Ísafjarðarsýsla og Ísafjarðarkaupstaður. 166

1. Hér með tilkynnist til firmaskrár Ísafjarðar, að frá 1. jan. þ. á. er Magnús Magnússon, kaupm., Ísafirði, genginn úr firmanu Timburverzlunin „Björk" á Ísafirði, og er verzlun og rekstur firmans frá sama tíma honum óviðkomandi.

Frá sama tíma rekur Jóhann Bárðarson verzlunina áfram undir sama firmanafni og áður, sem einkaeigandi, fullábyrgur.

Ísafirði, 22. janúar 1932.

M. Magnússon. Jóh. Bárðarson.

2. Á aðalfundi h/f Bökunarfélag Ísfirðinga, Ísafirði, þann 14. febrúar 1932, var samþykkt að taka upp þá reglu, að kjósa varaforsetja. Skal sá gegna forstjórastörfum í hans forföllum.

Kosinn var til varaforstjóra: Sigurður Guðmundsson, yfirbakari.

Hann ritar firmað þannig:

Bökunarfélag Ísfirðinga
Sigurður Guðmundsson.

Ísafirði, 19. febrúar 1932.

3. Hér með tilkynnist til fimaskrár Ísafjarðar, að á aðalfundi Togarafélags Ísfirðinga h/f, Ísafirði, er haldinn var 28. þ. m., varð sú breyting á stjórn félagsins, að úr stjórninni gengu Karl Olgeirsson, kaupmaður, Ísafirði, og Grímur Jónsson, kaupmaður, Súðavík.

Í stað þeirra voru kosnir í stjórnina Árni J. Árnason, bankamaður, og Ólafur Kárason, kaupmaður, báðir á Ísafirði.

Skipa því stjórnina nú:

Árni J. Árnason, bankamaður, formaður, Ólafur Kárason, kaupm., varaformaður, Matthías Ásgeirsson, bæjarfógetafulltr., ritari, og sem varamaður: Sigurður Jónsson, fyrrv. skólastjóri.

Ísafirði, 31. marz 1932.

Matth. Ásgeirsson. Árni J. Árnason. Ól. Kárason.

4. Hér með tilkynnist til firmaskrár Ísafjarðarsýslu, að hr. Jón J. Fannberg hefir prókúruumboð fyrir verzlun mína í Bolungavík, og hefir hann öll réttindi prókúrista lögum samkvæmt.

Firmað ritar hann þannig:

pr. pr. Bjarni Eiríksson
Jón J. Fannberg.

P. t. Reykjavík, 8. maí 1932.
Bjarni Eiríksson.

166 5. Hér með tilkynnist til firmaskrár Ísafjarðar, að Togarafélag Ísfirðinga h/f, Ísafirði, veitir hér með hr. fyrv. bæjarfógetafulltrúa Matthíasi Ásgeirssyni, Ísafirði, prókúruumboð fyrir félagið og hefir hann öll réttindi, sem prókúristar hafa að lögum. Hann ritar firmað þannig:

p. p. Togarafélag Ísfirðinga h/f
Matth. Ásgeirsson.

Frá sama tíma er hér með afturkallað prókúruumboð það, sem konsúll Tryggvi Jóakimsson hefir haft fyrir félagið.

Ísafriði, 2. ágúst 1932.
Togarafélag Ísfirðinga h/f
Árni J. Árnason. Ól. Kárason.

6. Prókúruhafi í fyrirtækinu er Einar Ó. Kristjánsson og getur hann einn skuldbundið fyrirtækið. Hann ritar firmað þannig:

pr. pr. Kolaverzlun Ísafjarðar
E. O. Kristjánsson.

Reikningsár fyrirtækisins er almanaksárið og hafi stjórnin afhent endurskoðendum Samlagsins reikninga þess tveim vikum fyrir aðalfund, sem halda skal í síðasta lagi 15. febrúar ár hvert. — Aðalfund skal auglýsa með hálfsmánaðar fyrirvara í blaði, sem út kemur í bænum eða með uppfestum götuauglýsingum.

Ísafirði, 3. ágúst 1932.
Í stjórn Sjúkrasamlags Iðnaðarmannafélags Ísfirðinga
Stefán Stefánsson,
p. t. formaður.
E. O. Kristjánsson,
gjaldkeri.
Ingólfur Ketilsson,
ritari.

7. Sjúkrasamlag Iðnaðarmannafélags Ísfirðinga tilkynnir hérmeð, að það með fundarsamþykkt þ. 2. ágúst þ. á., hafi ákveðið að stofna verzlunarfyrirtæki hér á Ísafirði með sölu á kolum o. fl. Á þessum sama fundi var stjórn samlagsins falið að annast að öllu leyti stofnun fyrirtækis þessa.

Nú hefir stjórn samlagsins þegar hrundið verzlunarfyrirtæki þessu á stað og er það tekið til starfa undir firmanafninu „Kolaverzlun Ísafjarðar“ (Símnefni: „Kol“), með skrifstofu og varnarþing hér á Ísafirði. Markmið fyrirtækisins er að selja kol og aðrar vörur í smásölu og stórsölu eftir atvikum.

Eigandi fyrirtækisins, „Kolaverzlun Ísafjarðar“ er áðurgreint Sjúkrasamlag Iðnaðarmannafélags Ísfirðinga og ábyrgist það skuldir fyrirtækis-

ins og skuldbindur með eignum sínum á hvaða tíma sem er, og sem þann 166
1. jan. 1932 var sjóðeign að upphæð kr. 10861,16 — tíu þúsund átta hundruð sextíu og ein — kr. 16 aurar, en félagar Samlagsins ábyrgjast engir persónulega skuldir eða skuldbindingar fyrirtækisins, enda njóti þeir aldrei neins ágóða fyrirtækisins umfram það, sem lög Samlagsins kveða á um þegar um styrkveitingar er að ræða til samlagsmanna. Allur mögulegur hagnaður af verzlunarfyrirtæki þessu gengur þannig eingöngu til þess að auka sjóð Samlagsins og um leið möguleika þess til styrkveitinga handa samlagsmönnum samkvæmt lögum þess. Stjórn fyrirtækisins er ávalt hin sama og stjórn Samlagsins, sem nú er skipuð af þeim Stefáni Stefánssyni, skósmið, Tangagötu 16, formanni, Einari Oddi Kristjánssyni, gullsmið, Brunngötu 16, gjaldkera, og Ingólfi Ketilssyni, trésmið, Smiðjugötu 11, ritara, öllum til heimilis á Ísafirði. — Stjórnin skuldbindur fyrirtækið og nægir til þess undirskrift tveggja stjórnarmeðlima í hvert sinn. Ritar núverandi stjórn firmað þannig:

Kolaverzlun Ísafjarðar
E. O. Kristjánsson. Ingólfur Ketilsson.
Kolaverzlun Ísafjarðar
Stefán Stefánsson. Ingólfur Ketilsson.
Kolaverzlun Ísafjarðar
E. O. Kristjánsson. Stefán Stefánsson.

IV. Siglufjarðarkaupstaður.

1. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Siglufjarðarkaupstaðar, að bræðurnir Egill og Ólafur Ragnars, nú til heimilis á Akureyri, reka síldarsöltun og verzlun á Siglufirði undir firmanafninu „Ragnarsbræður". Heimili firmans og varnarþing er á Siglufirði. Egill Ragnars ber ótakmarkaða ábyrgð á öllum skuldbindingum firmans, en Ólafur Ragnars leggur fram kr. 50000 sem samlagsfélagi og takmarkast ábyrgð hans á skuldbindingum félagsins við framlag hans.

Firmað rita firmafélagarnir báðir saman, þannig:

Ragnarsbræður
Egill Ragnars. Ólafur Ragnars.
Akureyri, 20. janúar 1932.
Egill Ragnars. Ólafur Ragnars.

2. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Siglufjarðarkaupstaðar, að við undirritaðir höfum selt hr. rafvirkja Kristjáni Dýrfjörð, Hlíðarveg 13 Siglufirði, hlutabréf okkar og eign í firmanu h/f „Raftæki" Siglufirði, og hefir hann

166 að fullu greitt okkur hluti okkar í dag. Frá þessum tíma berum við enga ábyrgð á skuldbindingum firmans.

Siglufirði, 22. marz 1932.

Bragi Dýrfjörð. Andrés Hafliðason. B. Ísaksson. Snorri Stefánsson.

Samkvæmt framanskráð hefi ég undirritaður keypt firmað h/f „Raftæki“ og eignir þess og rek það eftirleiðis einn undir firmanafninu Raftæki sem full ábyrgur eigandi. Ég einn hefi rétt til að rita firmað og rita það þannig:

Raftæki.
Kristján Dýrfjörð.
Siglufirði, 22. marz 1932.
Kr. Dýrfjörð.

3. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Siglufjarðarkaupstaðar, að á reglulegum fundi í samvinnufélaginu „Samvinnuútgerð Siglufjarðar“ þann 15. júlí þ. á. var breyting gerð á stjórn félagsins þannig:

Úr stjórninni gengu tveir meðstjórnendur, þeir Jón Þorkelsson og Sigurður Finnbogason, en í þeirra stað voru kosnir þeir Eyþór Hallsson og Þorlákur Þorkellsson. — Formaður stjórnarinnar er hinn sami og áður, Sveinn Þorsteinsson.

Stjórn samvinnufélagsins ritar félagið þannig:

Samvinnuútgerð Siglufjarðar:
Sveinn Þorsteinsson, Eyþór Hallsson,
eða
Samvinnuútgerð Siglufjarðar:
Sveinn Þorsteinsson. Þorlákur Þorkelsson.

Báðir hinir nýju stjórnendur eru heimilisfastir í Siglufjarðarkaupstað.

Siglufirði, 15. júlí 1932.

Sveinn Þorsteinsson. Eyþór Hallsson. Þorlákur Þorkelsson.

4. Verzlun Halldórs Jónassonar, Siglufirði, veitir hér með hr. Hafliða H. Jónassyni, Siglufirði, umboð sem prókúrista fyrir verzlunina, og hefir hann öll réttindi prókúrista samkvæmt l. nr. 42, 13. nóv. 1903.

Firmag ritar hann þannig:

p. p. Verzlun Halldórs Jónassonar
Hafl. H. Jónasson.
Siglufirði, 7. desbr. 1932.
Vegna Dbú. Halldórs Jónassonar
Kristín Hafliðadóttir.

5. Hlutafélagið „Jötun“, lögheimili Siglufjörður. Tilgangur félagsins er að verzla með sjávarafurðir, sérstaklega síld, verka síld og stunda þær atvinnu-

greinar er standa í sambandi við slíka starfrækslu. Dagsetning samþykkta 30. júlí 1932. **166**

Stofnendur: Ólöf Blöndal, húsfrú, Norðurgata 3, Siglufirði, S. A. Blöndal, konsúll, Norðurgata 3, s. st., Magnús Blöndal, skrifstofustjóri, Norðurgata 20 B, s. st., Þormóður Eyjólfsson, konsúll, Vetrarbraut 14, s. st., Páll S. Dalmar, fulltrúi, Vetrarbraut 20, s. st., Andrés Hafliðason, kaupmaður, Aðalgata 12, s. st., Einar V. Hermannsson, matsmaður, Túngötu, s. st., Guðmundur Hafliðason, hafnarvörður, Aðalgata 14, s. st., Óli J. Hertervig, bakarameistari, Vetrarbraut 10, s. st., Páll Guðmundsson, hóteleigandi, Lindargata 3, s. st., Otto Jörgensen, stöðvarstjóri, Aðalgata 9, s. st., Samúel Ólafsson, smiður, Túngata 1, s. st.

Stjórn: S. A. Blöndal, formaður, og meðstjórnendur þeir Andrés Hafliðason og Magnús Blöndal. Varastjórnandi Otto Jörgensen. Endurskoðendur Páll S. Dalmar og Einar V. Hermannsson.

Framkvæmdarstjóri: Sophus A. Blöndal, konsúll, Siglufirði. Undirskrift tveggja stjórnenda eða framkvæmdarstjóra þarf til þess að skuldbinda eignir félagsins. Framkvæmdarstjóri hefir prókúru-umboð. Undirskriftum hagað þannig:

H/f. „Jötun"
S. A. Blöndal. Magnús Blöndal.
H/f. „Jötun"
S. A. Blöndal. Andrés Hafliðason.
H/f. „Jötun"
Andrés Hafliðason. Magnús Blöndal.

Prókúruhafi og framkvæmdarstjóri S. A. Blöndal ritar firmað þannig per prókúru:

pr. pr. h/f. „Jötun"
S. A. Blöndal.

Hlutafé félagsins er kr. 2000.00 — tvö þúsund krónur —. Til hlutafjáraukningar þarf samþykki hluthafa, er ráða yfir ⅔ hlutafjárins. Hlutaféð skiptist í hluti að upphæð kr. 100.00 hver. Innborgað hlutafé er kr. 500.00. Afgangurinn eða kr. 1500.00 greiðast í síðasta lagi 30. desember 1932. Hlutabréfin hljóða á nafn og hafa hluthafar eitt atkvæði fyrir hverjar 100 krónur, er þeir eiga í hlutum. Sala hlutabréfa óheimil nema félagsstjórn samþykki. Sérréttindi engin og lausnarskylda engin. Fundir skulu boðaðir á þann hátt er stjórnin ákveður.

Siglufirði, 30. júlí 1932.
S. A. Blöndal.
Andrés Hafliðason. Magnús Blöndal.

V. Eyjafjarðarsýsla og Akureyrarkaupstaður.

1. Tilkynnt hefir verið til firmaskrár Akureyrarkaupstaðar að Útbú Nathan & Olsen þar sé hætt að starfa.

166 2. Ég, Kristján Árnason, kaupmaður á Akureyri, gef hér með syni mínum, Gunnari H. Kristjánssyni, Akureyri, umboð sem prókúrista fyrir verzlun mína „Verzlunin Eyjafjörður", Akureyri, og hefir hann öll réttindi prókúrista samkv. l. nr. 42, 13. nóv. 1903.

Firmað ritar hann þannig:

p. p. Verzlunin Eyjafjörður
Gunnar H. Kristjánsson.
Akureyri, 26. marz 1932.
Kristján Árnason.

3. Hér með tilkynnist, að ég undirritaður hefi selt hr. Páli Sigurgeirssyni, verzlunarstjóra, verzlun mína: Brauns Verzlun, Akureyri, og yfirtekur hann verzlunina frá 1. apríl 1932 að telja. Framvegis rekur hann verzlunina undir nafninu:

Brauns Verzlun, Akureyri, eigandi Páll Sigurgeirsson.
Akureyri, hinn 8. apríl 1932.
Rich. N. Braun.

4. Samvinnufélag sjómanna á Akureyri tilkynnir til firmaskrár 13. þ. m., að á aðalfundi félagsins 24. apríl s. l.,hafi Sigurður Sumarliðason gengið úr stjórn þess, en í hans stað verið kosinn Jón Jónsson, Brekkugötu 3 b. Formaður var kosinn Sigfús Baldvinsson og varaformaður Anton Ásgrímsson.

Sama firma tilkynnir sama dag, að prókúruumboð Haraldar Gunnlaugssonar, framkvæmdarstjóra félagsins, sé afturkallað.

Skrifstofa Eyjafjs. og Akureyri, 15. júlí 1932.
G. Ísberg,
ftr.

VI. Þingeyjarsýsla.

1. Ingvar St. Pálmason, Pétur L. Waldorff, Stefán Höskuldsson, Jón Karlsson, Óskar Sigurðsson, Hinrik Sigurðsson, Karl Karlsson, allir til heimilis í Neskaupstað, og Guðmundur Ísfeld til heimilis Fuglafirði, Færeyjum, tilkynna til firmaskrárinnar í Þingeyjarsýslu, að þeir undir nafninu „Hafalda" reki verzlun og útgerð á Skálum á Langanesi.

Samþykktir félagsins eru dagsettar 5. desember 1931.
Hver félagi greiðir 10 kr. við inngöngu og ábyrgjast þeir allir skuldir félagsins in solidum.

Í stjórn eru Karl Karlsson, Ingvar St. Pálmason og Stefán Höskuldsson.

Prókúru hefir Pétur L. Waldorff og hefir hann einn rétt til að rita **166**
firmað og ritar hann firmað þannig:

p. p. Hafalda
Pétur L. Waldorff.

Neskaupstað, 7. desember 1931.

Pétur L. Waldorff. Stefán Höskuldsson. Hinrik Sigurðsson.
Óskar Sigurðsson. Ingvar St. Pálmason.
Karl Karlsson. Jón Karlsson.
f. h. Guðmundar Ísfeld
Karl Karlsson, e. u.

VII. Neskaupstaður.

1. Hér með tilkynnist til firmaskrár Neskaupstaðar, að Konráð Hjálmarsson hefir gengið úr firmanu „Verzlunin Konráð Hjálmarsson" frá 31. des. 1931 að telja, og er því Páll G. Þormar einn eigandi nefnds firma frá sama tíma, og ber einn ábyrgð á skuldbindingum þess.

Norðfirði, 31. des. 1931.

K. Hjálmarsson. Páll G. Þormar.

2. Pöntunarfélag Alþýðu, Neskaupstað, skammstafað P. A. N.

Heimili félagsins og varnarþing er í Neskaupstað. Dagsetning samþykkta þess er 6. nóv. 1932.

Tilgangur: Að annast hagkvæm vöruinnkaup til heimilisþarfa fyrir félagsmenn og sporna við skuldaverzlun.

Heimilt er einnig að annast vöruinnkaup fyrir utanfélagsmenn. Félagar bera, allir fyrir einn og einn fyrir alla, ábyrgð á skuldbindingum félagsins.

Inngöngueyrir er 10 kr., sem rennur í varasjóð, svo og 1% af viðskiptaveltu félagsins og allar tekjur af utanfélagsviðskiptum.

Fundi félagsins skal boða með uppfestum götuauglýsingum með minnst sólarhrings fyrirvara.

Stjórn félagsins skipa þrír félagsmenn og einn til vara og velur hún sér sjálf formann. Einnig ræður stjórnin pöntunarstjóra.

Til þess að skuldbinda félagið þarf undirskrift allrar stjórnarinnar. Stjórn félagsins skipa: Jónas Guðmundsson, kennari, formaður, Ólafur Magnússon, Sigurjón Kristjánsson, og varastjórnandi: Einar Einarsson.

Prókúruumboð fyrir félagið hefir A. Alfons Pálmason, kaupm.

Neskaupstað, 8. nóv. 1932.

Jónas Guðmundsson. Ólafur Magnússon. Sigurjón Kristjánsson.

166 Stjórnin ritar firmað þannig:
Pöntunarfélag Alþýðu, Neskaupstað
Jónas Guðmundsson. Ólafur Magnússon. Sigurjón Kristjánsson.
Prókúruhafi undirritar þannig:
p. p. Pöntunarfélag Alþýðu, Neskaupstað
A. A. Pálmason.

3. Samvinnufélag útgerðarmanna í Neskaupstað, skammstafað S. Ú. N.
Heimili og varnarþing er í Neskaupstað.
Tilgangur félagsins er:
a. Að annast sameiginlega sölu á fiskframleiðslu félagsmanna.
b. Að annast sameiginleg kaup á salti, veiðarfærum og öðrum útgerðarvörum með sem hagkvæmustum kjörum.
c. Að sporna við skuldaverzlun og safna fé í tryggingar- og reksturssjóði.
d. Að vinna að umbótum á veiði- og söluaðferðum, aukinni vöruvöndun og sem fullkomnastri hagnýtingu framleiðslunnar.

Félagsmenn bera, allir fyrir einn og einn fyrir alla, ábyrgð á skuldbindingum félagsins.

Inngöngueyrir er kr. 10,00.

Í stofnsjóð félagsins leggst ½% af andvirði seldra og keyptra vara, og ½% af sama í varasjóð.

Stjórn félagsins skipa: Ölver Guðmundsson, útgm., Sigurður Hinriksson, útgm., Jón Kerúlf Guðmundsson, útgm.

Framkvæmdarstjóri er Kristján Sigtryggsson, kaupm.

Framkvæmdarstjóri hefir einn prókúruumboð og ritar firmað.

Ritar hann firmað þannig:
p. p. Samvinnufélag útgerðarmanna
Kristján Sigtryggsson.
Neskaupstað, Norðfirði, 8. nóv. 1932.
Ölver Guðmundsson. Sigurður Hinriksson. Jón Kerúlf Guðmundsson.

IX. Suður-Múlasýsla.

1. Ísfisksölusamlag Fáskrúðsfirðinga, hefir heimili og varnarþing á Búðum í Fáskrúðsfirði. Samþykktir félagsins eru dagsettar 1. september 1931. Tilgangur þess er að vinna að sameiginlegri sölu á afla félagsmanna. Stjórn félagsins skipa: Marteinn Þorsteinsson, kaupmaður á Fáskrúðsfirði, Stefán P. Jakobsson, kaupmaður s. st. og Pálmi Þórðarson, sjómaður s. st. Firmað

rita tveir úr stjórninni og er undirskrift þeirra skuldbindandi fyrir félagið. **166**
Rita þeir firmað þannig:

F. h. Ísfisksölusamlags Fáskrúðsfirðinga:
Marteinn Þorsteinsson, Stefán Jakobsson,
eða
F. h. Ísfisksölusamlags Fáskrúðsfirðinga:
Marteinn Þorsteinsson, Pálmi Þórðarson,
eða
F. h. Ísfisksölusamlags Fáskrúðsfirðinga:
Stefán Jakobsson, Pálmi Þórðarson.

Félagsmenn ábyrgjast skuldbindingar félagsins aðeins með inneignum sínum hjá því á hverjum tíma af andvirði afurða. Inngöngueyrir er 10 kr. fyrir hvern félagsmann, sem leggist í varasjóð. Árgjald í varasjóð er 1% af söluverði afurða.

2. Fiskiverkunarfélagið „Huginn" hefir heimili og varnarþing á Eskifirði. Samþykktir félagsins eru dagsettar 8. apríl 1932. Tilgangur þess er að bæta úr atvinnuskorti félagsmanna með því að reka fiskverkun, ná umráðarétti yfir fiski, fiskiverkunarstöð og öðru, sem nauðsynlegt er við þann rekstur. Stjórn félagsins skipa: Arnþór Jensen, Eskifirði, formaður, Dagur Jóhannsson, verkamaður, Eskifirði, og Ragnheiður Björnsdóttir, húsfrú, s. st. Firmað rita 2 stjórnendur saman. Rita þeir firmað þannig:

F. h. Fiskiverkunarfélagið „Huginn"
Arnþór Jensen, Dagur Jóhannsson,
eða
F. h. Fiskiverkunarfélagið „Huginn"
Dagur Jóhannsson, Ragnheiður Björnsdóttir,
eða
F. h. Fiskiverkunarfélagið „Huginn"
Arnþór Jensen, Ragnheiður Björnsdóttir.

Prókúruhafi fyrir félagið er Arnþór Jensen, ritar hann firmað þannig:

Pr. pr. Fiskiverkunarfélagið „Huginn"
Arnþór Jensen.

Félagsmenn ábyrgjast skuldbindingar félagsins aðeins með eignum þess. Inngöngueyrir er 2 kr. á hvern félagsmann, sem leggst í varasjóð. Árgjald í varasjóð er 5 kr. frá hverjum félaga og 50% af hreinum ársarði félagsins.

3. Það tilkynnist til firmaskrárinnar, að á síðasta aðalfundi Kaupfélags Breiðdæla, Breiðdalsvík, varð sú breyting á stjórn þess, að úr henni gengu:

166 Hóseas Björnsson, Guðjón Jónsson, Guðmundur Pétursson.
En í henni eru nú:
Formaður: Einar Björnsson, Breiðdalsvík. Meðstjórnendur: Björgvin Jónasson, Hlíðarenda, Jón Björgólfsson, Þorvaldsstöðum. Varamaður: Guðjón Jónsson, Tóarseli.

Breiðdalsvík, 24. okt. 1932.
p. p. Kaupfélag Breiðdæla
Einar Björnsson.

4. Hér með tilkynnist, að vér höfum afturkallað prókúruumboð kaupfélagsstjóra Einars Björnssonar fyrir Kaupfélag Breiðdæla, Breiðdalsvík, frá og með 1. janúar 1933.

Breiðdalsvík, 24. okt. 1932.
Í stjórn Kaupfélags Breiðdæla
Einar Björnsson, Björgvin Jónasson. Jón Björgólfsson.

5. Hér með tilkynnist, að vér höfum veitt kaupfélagsstjóra Þórhalli Sigtryggssyni, Djúpavogi, prókúruumboð fyrir Kaupfélag Breiðdæla, Breiðdalsvík, frá og með 1. janúar 1933 og ritar hann nafn sitt þannig:

pr. pr. Kaupfélag Breiðdæla
Þórhallur Sigtryggsson.
Breiðdalsvík, 24. okt. 1932.
Stjórn Kaupfélags Breiðdæla
Einar Björnsson, Björgvin Jónasson. Jón Björgólfsson.

X. Skaftafellssýsla.

1. Hér með afturkallast prókúruumboð það, sem Þórður Pálmason hefir farið með síðan 14. júní 1928, og leyfum vér undirritaðir, stjórnendur Kaupfélags Skaftfellinga, oss jafnframt að tilkynna, að hér eftir hefir Sigurjón Kjartansson fullt prókúruumboð samkv. lögum fyrir kaupfélagið.
Firmað ritar hann þannig:

pr. pr. Kaupfélag Skaftfellinga
S. Kjartansson.
Vík í Mýrdal, 24. apríl 1932.
Í stjórn Kaupfélags Skaftfellinga
Lárus Helgason. Sveinn Sveinsson.
Ólafur Grímsson. Páll Sigurðsson.

XI. Rangárvallasýsla. 166

1. Á aðalfundi Kaupfélags Holtamanna, sem haldinn var að Rauðalækjarskála, sunnudaginn 17. maí 1931, var Gunnar Runólfsson, hreppstjóri á Rauðalæk, kosinn í stjórn félagsins, í stað Bjarna Jónssonar í Meiri-Tungu, er gekk úr stjórninni.

Að öðru leyti er stjórn félagsins hin sama og getur um í 34. tölublaði Lögbirtingablaðsins frá 1930, og ritar því stjórn félagsins firmað framvegis samkvæmt þessari breytingu.

2. Sú breyting hefir orðið á stjórn Kaupfélags Hallgeirseyjar, að síra Jakob Ó. Lárusson, hefir gengið úr henni, og skipa nú stjórnina þessir menn:

Sigurður Vigfússon, bóndi, Brúnum, formaður, Sigurþór Ólafsson, bóndi í Kollabæ, varaformaður, Auðunn Jónsson, Eyvindarmúla, Jón Gíslason, bóndi í Ey, Valdimar Jónsson, bóndi á Álfhólum.

Varamaður í stjórn er: Guðjón Jónsson, bóndi í Tungu.

Ennfremur tilkynnist: að kaupfélagið hefir sett á stofn útibú á Stórólfshvoli, með opinni sölubúð og skuldbindur það prókúruhafi félagsins Ágúst Einarsson.

XII. Vestmannaeyjar.

1. Það tilkynnist hér með, að herra framkvæmdastjóra Bjarna Jónssyni hefir verið falin prókúra fyrir kaupfélagið „Drífandi".

Í skilanefnd kaupfél. „Drífandi"
Jóh. Gunnar Ólafsson.
Ísleifur Högnason. Guðl. Hansson.
Árni Oddsson. Bjarni Jónsson.

2. Samkvæmt tilkynningu til firmaskrárinnar, sem dagsett er 11. febr. þ. á., er skrásett „Viðskiptasamlag smáútvegsmanna í Vestmannaeyjum". Samþykktir þess eru dagsettar 19. jan. 1932. Félagið er pöntunarfélag. Stjórn þess skipa: Þorbjörn Guðjónsson, formaður, Stefán Ingvarsson, Guðlaugur Brynjúlfsson, Jón Hjálmarsson, Guðmundur Jónsson; varastjórn: Gunnar M. Jónsson og Guðjón Jónsson. Heimild til að rita firmað hefir framkvæmdarstjóri, sem hefir rétt til að framselja það öðrum með samþykki stjórnarinnar. Prókúruumboð hefir Stefán S. Franklín. Árstillag í félaginu eru 5 krónur. Enginn félagsmaður ábyrgist skuldir félagsins. Birtingar til félagsmanna þarf ekki að birta í opinberum blöðum.

Vestmannaeyjum, 11. febr. 1932.
Stefán Ingvarsson. Þorbjörn Guðjónsson. Guðl. Brynjúlfsson.
Jón Hjálmarsson. Gunnar M. Jónsson.

166 3. Kaupfélag Alþýðu tilkynnir, að það hafi hinn 1. maí þ. e. gefið Þorsteini Víglundarsyni, Skólaveg 37, prókúruumboð fyrir félagið.

4. Sigurður Á. Gunnarsson, kaupm., Heimagötu 25, og Nanna Gunnarsdóttir, Bárugötu 13, bæði í Vestmannaeyjum, reka saman sem fullábyrgir félagar, matvöruverzlun í Vestmannaeyjum undir firmanafninu „Verzlunin Dagsbrún".

Tillag hvors eiganda til fyrirtækisins er 1500 kr. Eigendur hafa bæði rétt til að rita firmað og rita það þannig:

Verzlunin Dagsbrún
Sig. A. Gunnarsson. Nanna Gunnarsdóttir.
eða
Verzlunin Dagsbrún
Sig. A. Gunnarsson.
eða
Verzlunin Dagsbrún
Nanna Gunnarsdóttir.

Prokúru fyrir firmað hefir Gissur Þorsteinsson, verzlunarmaður, Bárugötu 13, Vestmannaeyjum, og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Verzlunin Dagsbrún
Gissur Þorsteinsson.

5. Samkvæmt tilkynningu, sem dagsett er 14. marz 1932, er skrásett „Kaupfélag Alþýðu Vestmannaeyjum". Varnarþing þess er í Vestmannaeyjum. Dagsetning samþykkta er 3. febrúar 1932. Tilgangur félagsins er: a) að selja og útvega félagsmönnum nauðsynjavörur, b) að vinna gegn lánsverzlun, þannig, að selja eingöngu gegn staðgreiðslu, c) að efla þekking manna á samvinnufélagsskap, d) að styðja og styrkja stéttabaráttu verkalýðsins og alla þá starfsemi, sem verða má alþýðu til hagsældar efnalega og menningarlega. Stjórn félagsins skipa þeir: Þorsteinn Víglundarson, skólastjóri, Guðmundur Jónsson, skósmiður, Guðlaugur Gíslason, úrsmiður, Sigurður Gottskálksson, verkamaður, og Högni Sigurðsson, bóndi, og hafa þeir jafnframt á hendi framkvæmdarstjórn félagsins og prókúru fyrir það. Rita firmað þannig:

F. h. Kaupfélags Alþýðu Vestmannaeyjum
Þorsteinn Víglundarson. Guðmundur Jónsson.
Gunnlaugur Gíslason. Högni Sigurðsson.
Sigurður Gottskálksson.

Félagsmenn bera ábyrgð á skuldbindingum félagsins, sem nemur kr. 200,00 á hvern meðlim umfram tillög sín. Inngöngueyrir er 10 kr. og kr. 25,00 í stofnsjóð. En heimilt er stjórninni, ef henni þykir ástæða til, að

gefa innsækjendum kost á að greiða ⅖ af stofnhlut við inngöngu ásamt inngöngueyri og eftirstöðvarnar á næstu 10 mánuðum eftir inngöngu. Stendur til að félagið hafi innlánsdeild. Félagið hefir heimild í lögum til að starfrækja innlánsdeild. Tekjur varasjóðsins eru: a) 1% að viðskiptaveltu félagsins, b) inngangseyrir félaga, c) vextir af innstæðu sjóðsins. Félagið hefir borgarabréf. Í stofnsjóð leggjast árlega sem séreign hvers félagsmanns 3% af viðskiptum hans við félagið. 166

6. Samkvæmt tilkynningu til hlutafélagaskrárinnar er skrásett 10. marz þ. á. h/f Óskar Halldórsson. Heimili þess og varnarþing er í Vestmannaeyjum. Dagsetningar samþykkta 11. febr. 1932. Tilgangur félagsins er íshúsrekstur, verzlun með sjávarafurðir aðallega, svo og útgerðarstarfsemi.Stofnendur eru: Óskar Halldórsson, framkvæmdarstjóri, Skólavörðustíg 19, Reykjavík, Bjarni Matthíasson, verzlunarmaður, Skólavörðustíg 22, Reykjavík, Gísli Bjarnason, cand. jur., Bergþórugötu 21, Reykjavík, Jóhannes Jónsson, skipstjóri, Marargötu 3, Reykjavík, Björn Ólafsson, verzlunarmaður, Tjarnargötu 48, Reykjavík. Stjórnendur eru: Óskar Halldórsson, Bjarni Matthíasson, Björn Ólafsson, Jóhannes Jónsson. Framkvæmdarstjóri og prókúruhafi er Óskar Halldórsson. Firmað rita: Tveir úr stjórninni eða öll stjórnin, svo og prókúruhafi. Undirskriftum er þannig hagað:

Óskar Halldórsson h/f
Óskar Halldórsson. Bjarni Matthíasson.
Óskar Halldórsson h/f
Óskar Halldórsson. Björn Ólafsson.
Óskar Halldórsson h/f
Björn Ólafsson. Bjarni Matthíasson.
pr. pr. Óskar Halldórsson h/f
Óskar Halldórsson.

Hlutafé er kr. 6000,00, sem skiptist í 100 kr. hluti. Hlutafjársöfnun er lokið og hlutafé allt innborgað. Hlutabréf hljóða á nafn. Sérréttindi eru engin á hlutum og lausnarskylda engin. Stjórn félagsins hefir forkaupsrétt á þeim hlutabréfum, er félagsmenn vilja selja. Hluthafar hafa jafnmörg atkv. eins og þeir eiga marga hluti í félaginu, þó getur enginn félagsmaður farið með meira en ⅕ atkvæða. Fundi og aðrar tilkynningar skal boða hluthöfum með hæfilegum fyrirvara. Útibú eru engin.

7. Það tilkynnist hérmeð, að herra verzlunarstjóri Carl Rosenkjær hefir frá og með deginum í dag prókúru fyrir h. f. „Freyr". Jafnframt afturkallist prókúra sú er Theodor Jónsson hafði á sínum tíma.

Vestmannaeyjum, 4. apríl 1932.
P. V. G. Kolka. Kristján Egilsson. Kjartan Guðmundsson.

166 8. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Vestmannaeyja, að þann 25. nóvember 1932 var stofnað samlagsfélagið Kaupfélag Eyjabúa. Heimili félagsins og varnarþing er í Vestmannaeyjum. Tilgangur félagsins er: 1. Að reka verzlun með ýmsar vörur í Vestmannaeyjum. 2. Að efla vöruvöndun og koma innlendum vörum í sem hæst verð. 3. Að sporna við skuldaverzlun og óreiðu í viðskiptum. 4. Að safna í sjóði fé til tryggingar fyrir framtíð félagsins. Í stjórn félagsins eru: Stefán Árnason, lögregluþjónn, formaður, Símon Guðmundsson, útgerðarmaður, Páll Eyjólfsson, fiskimatsmaður, Guðjón Jónsson, trésmiður, og Óskar Sigurhansson, vélsmiður, allir til heimilis í Vestmannaeyjum. Firmað rita stjórnarformaður og einhver einn meðstjórnenda og rita þeir firmað þannig:

Kaupfélag Eyjabúa
Stefán Árnason. Símon Guðmundsson.
eða
Kaupfélag Eyjabúa
Stefán Árnason. Páll Eyjólfsson.
eða
Kaupfélag Eyjabúa
Stefán Árnason. Guðjón Jónsson.
eða
Stefán Árnason. Óskar Sigurhansson.

Prókúru fyrir firmað hefir Sigurður Scheving, verzlunarmaður, Vestmannaeyjum, og ritar hann firmað þannig:

p. p. Kaupfélag Eyjabúa
Sig. S. Scheving.

Tillög hvers félagsmanns til félagsins er kr. 25,00 í stofnsjóð og kr. 10,00 í varasjóð. Hver félagsmaður er persónulega ábyrgur fyrir allt að kr. 100,00 vegna fjárhagslegra skuldbindinga félagsins. Önnur persónuleg ábyrgð er engin. Fundarboð til félagsmanna skulu vera skrifleg.

Vestmannaeyjum, 28. nóv. 1932.
Stefán Árnason. Guðjón Jónsson. Páll Eyjólfsson.
Óskar Sigurhansson. Símon Guðmundsson.

9. „Lifrarsamlag Vestmannaeyja“ vinnur lýsi og mjöl úr fisklifur, sem samlagsmenn fá samlaginu til vinnslu og annast sölu á þeim afurðum. Heimili félagsins og varnarþing er í Vestmannaeyjum. Samþykktir félagsins eru dagsettar 7. desbr. 1932. Samlagsmenn ábyrgjast skuldir samlagsins með hlutum sínum í sjóðum félagsins og auk þess árlega með þrem aurum af hverju kílói lýsis, annars en svo nefnds skilvindulýsis, sem fæst úr lifur frá þeim og þeir hafa lagt inn hjá samlaginu til vinnslu. Í sameignarsjóð og séreignarsjóð skal leggja allt nettóandvirði skilvindulýsis samlagsins og nettóandvirði mjöls og enn fremur 1% af nettóandvirði annars lýsis sam-

lagsins, á meðan verið er að greiða væntanleg lán, sem samlagið fær til 166
húsa-, véla- og verkfærakaupa, en eftir það skal tillag til sjóða þessara ákveðið með fundarsamþykkt, en má þó aldrei vera lægra en 2 aurar af nettóandvirði af hverju kílói lýsis og 5% af andvirði mjöls, nema samþykkt sé með ⅔ atkvæðamagns félagsins. ¼ hluti framangreindra gjalda rennur í sameignarsjóð félagsins og ¾ hlutar í séreignarsjóð. Í stjórn félagsins eru: Jóhann Þ. Jósefsson, alþingismaður, Fagurlyst, Ólafur Auðunsson, kaupmaður, Þinghól, og Hjálmar Konráðsson, kaupfélagsstjóri, Miðstræti 4, allir í Vestmannaeyjum. Undirskrift einhverra tveggja úr stjórn félagsins þarf til þess að skuldbinda félagið. Stjórnin ritar firmað þannig:

Lifrarsamlag Vestmannaeyja
Jóhann J. Jósefsson. Ólafur Auðunsson. Hjálmar Konráðsson.
eða
Lifrarsamlag Vestmannaeyja
Jóhann Þ. Jósefsson. Ólafur Auðunsson.
eða
Lifrarsamlag Vestmannaeyja
Jóhann Þ. Jósefsson. Hjálmar Konráðsson.
eða
Lifrarsamlag Vestmannaeyja
Ólafur Auðunsson. Hjálmar Konráðsson.

Enginn sérstakur framkvæmdarstjóri hefir verið ráðinn fyrir félagið og prókúra er engin. Aðalfundi skal boða skriflega með viku fyrirvara.

Vestmannaeyjum, 8. desbr. 1932.

Lifrarsamlag Vestmannaeyja
Jóhann Þ. Jósefsson. Ólafur Auðunsson. Hjálmar Konráðsson.

XIII. Árnessýsla.

1. Skilanefnd Kaupfélags Grímsnesinga tilkynnir, að það hafi falið Eiríki Þorsteinssyni prókúruumboð.

Hann ritar:

pr. pr. Kaupfélag Grímsnesinga
Eiríkur Þorsteinsson.

2. Kaupfélag Árnesinga tilkynnir, að úr stjórn þess sé genginn Þorvaldur Ólafsson, en í stað hans kosinn Guðm. Þorvarðarson í Sandvík. Stjórnin ritar:

Kaupfélag Árnesinga
Ágúst Helgason. Gísli Jónsson. Guðm. Þorvarðarson.

167

AUGLÝSING

frá skráritara vörumerkja í Reykjavík um skrásetningar þær, sem gerðar hafa verið árið 1932.

Skrás. 1932, nr. 1.

Tilkynnt 14. janúar 1932, kl. 4 síðd., af Pet Milk Company, verzlun, St. Louis í Missouri, Bankaríkjum N.-Ameríku, og skrásett 29. janúar s. á.

Orðið:

PET

Samkv. tilkynningu 4. maí 1912, er merkið skrásett í Washington 10. september s. á. fyrir þurmjólk. — Tilkynnandi fyrst skráður sem eigandi merkisins 1. maí 1925.

Skrás. 1932, nr. 2.

Tilkynnt 1. febrúar 1932, kl. 3 síðd., af firmanu H. Ólafsson & Bernhöft, heildverzlun, Reykjavík, og skrásett 25. s. m.

Merkið er í tvennu lagi, og á að nota það á umbúðir um kaffibæti. — Sýnir 167
það mynd af víkingaskipi á siglingu, en fyrir ofan myndina eru skráð orðin: VÍKINGS KAFFIBÆTIR. Fyrir neðan myndina er letrað: „Skrautbúin skip fyrir landi, flutu með fríðasta lið, færandi varninginn heim", en vinstra megin við hana stendur: „Víkings-kaffibætirinn er framleiddur af firmanu Dutch Chicory Works, J. C. Pieters, kgl. hirðsalar, Groningen. Það er stofnsett 1790 og selur kaffibæti um allan heim", og hægra megin eru ummæli um vöruna. Loks er minni mynd af sama skipi, ætluð til álímingar á enda hvers kaffibætisstönguls.

Skrás. 1932, nr. 3.

Tilkynnt 27. janúar 1932, kl. 2 síðd., af I. G. Farbenindustrie A/G, verksmiðja og verzlun, Frankfurt a/M, Þýzkalandi, og skrásett 25. febrúar s. á.

Orðið:

„Phanodorm"

Samkv. tilkynningu 10. júlí 1916, er merkið skrásett í Berlín 25. október s. á. fyrir læknislyf fyrir menn og dýr, sótthreinsunarefni, varðveitingarefni fyrir matvæli, ljósmyndapappír og efnasamsetningar til litunar og ljósmyndunar, steina- og jarðliti, tjörulitaefni, lökk og bæs, steiningar- og sútunarefni, varðveitingarefni fyrir leður, silkiþræði til notkunar við skurðlækningar, matarhæfisvörur og línsterkjublöndur. — Tilkynnandi fyrst skráður eigandi merkisins 22. febr. 1926, og skrásetning þess endurnýjuð 10. júlí 1926.

Skrás. 1932, nr. 4.

Tilkynnt 1. marz 1932, kl. 10 árd., af A/S De Danske Spritfabrikker, spritframleiðsla, Köbenhavn, Danmörk, og skrásett 10. s. m.

Merkið er í tveim hlutum, miðar á framhlið og bakhlið flösku. 1) Réttþyrndur einkennismiði með gullinni rönd á ljósbrúnum grunni. Ofantil við miðju er ljós maltakross á sporöskjulöguðum grunni, rauðleitum. Yfir krossinn eru prentaðir stafirnir: C. L. O. C., dökkbrúnir,. Yfir rauðleita grunninum er letrað í boglínu: KÖBENHAVN—AALBORG DANMARK, en undir, einnig í boglínu: CUMINUM LIQUIDUM OPTIMUM CASTELLI. Efst á miðanum stendur: Aktieselskabet De Danske Spritfabrikker. Neðanvert við miðjan miðann er letrað: LIQUEUR. 38,5%, og eru þau orð tvíundirstrykuð. Þar fyrir neðan eru ummæli um vöruna. 2) Réttþyrndur einkennismiði með gullinni rönd á ljósbrúnum grunni. Efst er mynd af verksmiðjubyggingu og undir myndinni orðin: CASTELLUM AALBORGENSE. Þar fyrir neðan ummæli um bygginguna og vöruna.

167

Samkv. tilkynningu 11. nóvember 1931, er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 31. desember s. á. fyrir líkör (Liqueur).

Skrás. 1932, nr. 5.

Tilkynnt 7. marz 1932, kl. 2 síðd., af I. G. Farbenindustrie A/G, verksmiðja og verzlun, Frankfurt a/M, Þýzkalandi, og skrásett 10. s. d.

Orðið:

Atebrin

Samkv. tilkynningu 11. desember 1912, er merkið skrásett í Berlín 15. janúar 1913 fyrir lyfjasamsetning, og sú skrásetning síðan endurnýjuð 18. nóvember 1922. — Tilkynnandi fyrst skráður eigandi merkisins 22. febrúar 1926.

Skrás. 1932, nr. 6.

Tilkynnt 19. marz 1932, kl. 2 síðd., af H/f „Shell" á Íslandi, olíuverzlun, Skildinganesi við Skerjafjörð, og skrásett 31. s. m.

AEROSHELL



Orðið AEROSHELL, sem stendur fyrir ofan mynd af vængjuðum hörpudisk.
Merkið er skrásett fyrir benzín, steinolíu, smurningsolíur og allskonar olíuafurðir.

Skrás. 1932, nr. 7.

Tilkynnt 22. marz 1932, kl. 3 síðd., af firmanu Brinch & Spehr, verksmiðja og verzlun, Köbenhavn, Danmörku, og skrásett 31. s. m.
Orðið:

BIOSAN

Samkv. tilkynningu 9. desember 1931, er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 13. febrúar 1932 fyrir bætiefnablandin næringarefni til manneldis og bætiefnablandinn jurtasamsetning, tilbúinn sem mannlæknislyf.

Skrás. 1932, nr. 8.

Tilkynnt 30. marz 1932, kl. 2 síðd., af Vacuum Oil Company A/S, olíuverzlun, Köbenhavn, Danmörku, og skrásett 30. apríl s. á.
Orðið:

PEGASUS

Samkv. tilkynningu 4. desbr. 1931, er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 9. janúar 1932 fyrir: Allskonar olíur og feiti til ljósa, hitunar, smurninga og orkugjafar, ennfremur allar tegundir af bensíni, svo sem benzín, bensol, gasoline og svipaðar framleiðsluvörur, notaðar til orkugjafar, sem og til blöndunar.

167 **Skrás. 1932, nr. 9.**

Tilkynnt 30. marz 1932, kl. 2 síðd., af sama, og skrásett 30. apríl s. á.

Orðið: PEGASUS, skráð fyrir ofan hest með vængjum.

Samkv. tilkynningu 4. des. 1931, er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 27. febrúar 1932 fyrir allskonar vörutegundir.

Skrás. 1932, nr. 10.

Tilkynnt 19. maí 1932, kl. 2 síðd., af Standard Oil Company of NewJersey, verzlun, Wilmington í Delaware og New York, Bandaríkjum N.-Ameríku, og skrásett 26. s. m.

Orðið:

ESSOLUBE

Samkv. tilkynningu 28. marz 1931, er merkið skrásett í Washington 21. júlí s. á. fyrir: Hreinsaðar, hálfhreinsaðar og óhreinsaðar olíur, framleiddar úr steinolíu, með eða án viðbótar af dýra-, jurta- eða steinaefnum, til ljósa, eldsneytis, orkuvinnslu, hitunar og smurnings, ásamt smurningsfeiti.

Skrás. 1932, nr. 11.

Tilkynnt 24. maí 1932, kl. 3 síðd., af Vacuum Oil Company A/S, verzlun, Köbenhavn, Danmörku, og skrásett 28. s. m.

Mynd af vængjuðum hesti.

Samkv. tilkynningu 4. des. 1931, er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 23. apríl 1932 fyrir:

Nafta, benzín, benzol, gasolíu (Gasolin), alls konar steinolíu, eldsneytisolíur, korntegundir, grastegundir, frætegundir, rótarávexti, ber, hnetur, blóm, baðmull, óunninn trjávið, ull, silki og efni, sem notuð eru í þess stað, fiskmeti, veiðidýrakjöt, pillur, duft, töflur, efnafræðilegar vörur til lyfja- og hreinlætisnotkunar, plástra, sjúkrabindi, ólífræn eiturefni, blásýruefni (Cyanider), arsenefnasambönd, sótthreinsunarefni, sýrur, hárskurðartæki, tilbúin blóm, skófatnað, sokka, klæðnað, borðdúka, rekkjuvoðir, koddaver, ljósa-, hitunar-, suðu-, kæli-, þurkunar- og loftræstingartæki, vatns- og skolpleiðslur, svampa, snyrtitæki, kinrok, stálspæni, efnafræðivörur til notkunar við iðnað og vísindalegar rannsóknir, slökkvitæki, herzlu- og kveikingartæki, afsteypuefni til tannsmíða, tæki til tannfyllinga, kýsilsýrusölt, krít, þinur og trefjaefni, hitageymslu- og einangrunartæki, vörur úr ullargrjóti (Asbestfabrikater), áburðarefni, hrámálma og að nokkru leyti unna ódýra málma, skerandi eggjárn, verkfæri, ljái, bjúghnífa, högg- og lagvopn, nálar, veiðarfæri, skeifur, hóffjaðrir, smeittar vörur (emaillerede Varer) og tinaðar vörur, efni í járnbrautarþekjur, járnvörur, járnsmíðavörur og smíðavörur, pjáturvörur, akkeri, festar, bjöllur, lykkjur, króka, peningaskápa, slíður, vélunnin málmsnið, flött og steypt byggingarefni, vélsteypuvörur, samgöngutæki á landi, í lofti og á vatni, hluti tilheyrandi samgöngutækjum og annað þar að lútandi, litunarefni, liti, málmþynnur, skinn, húðir, garnir, leður- og loðskinnavörur, gljákvoðu, lakk, bæs, trjákvoðu, límefni, svertu, gljáunar- og sútunartæki, band, kaðlavörur, net, stálvíra, yfirspunna þræði, bólstrunarefni, þéttingartæki, öl, vín, vínanda, óáfenga drykki, góðmálma, gull-, silfur-, nikkel- og alúmíníumvörur, vörur úr nýsilfri, Bretamálm (Brittannia) og aðrar svipaðar málmblöndur, skartgripi, eftirlíkingar af gull- og silfurþráðum (leoniske Varer), togleður, efni, sem notuð eru í stað togleðursvara og vörur úr þeim til iðnfræðilegra nytja, regnhlífar, sólhlífar, göngustafi, lofttegundir, kerti, náttljós, kveiki, rennivörur, telgdar vörur, fléttaðar vörur, myndaramma, myndir (líkanir) undir tilbúinn fatnað og til notkunar í sambandi við hársnyrting, lækninga-, sóttvarnar-, björgunar- og slökkvitæki, -áhöld og -verkfæri, sáraumbúðir, gerfilimi, augu og tennur, eðlisfræðitæki, efnafræðitæki, ljós-

167 fræðitæki, landmælingatæki, siglingatæki, raffræðitæki, rafmagnsvogir, rafmagnsmerkistæki, rafmagnsmælitæki, rafmagnsmyndatökutæki, verkfæri og tól, talsíma-, ritsíma- og útvarpstæki, mælitæki, vélar og vélahluta, rekólar (Drivremme), sjálfhreyfivélar, áhöld til innanhússnotkunar, eldhúsáhöld, áhöld til notkunar í stórgripahúsum (fjósum, hesthúsum o. s. frv.), garðyrkjutæki, landbúnaðartæki, húsgögn, spegla, bólstraðar vörur, veggfóðrunar- og skreytingarefni, rúm, kistur, hljóðfæri og hljóðfærahluta, kjöt, fisk, kjötseyði, niðursoðin matvæli, grænmeti, ávexti, ávaxtasafa, mauk (Geléer), egg, mjólk, smjör, ost, kaffi, kaffibætir, te, sykur, sýróp, hunang, mjöl, grjón, matvæli, deigvörur, krydd, ídýfur, edik, kakaó, súkkulaði, sykurvörur, bökunar- og kökugerðarvörur, ger, bökunarduft, næringarefni handa þeim, er gæta varúðar í mat og drykk (diætiske Næringsmidler), malt, fóðurvörur, ís, prentletur, málverk, höggmyndir, leirbrennda muni, postulín, leir, gler, gljástein og gljásteinsvörur, kögurvefnað (dregla), bönd, bryddingarvörur, hnappa, knipplinga, útsaum, söðlasmíðavörur, ólar, töskur og leðurhylki, mölunarvörur, mótunarvörur (Modellervarer), billiard- og merkikrít, skrifstofuhúsgögn, skotvopn, andlitsfarða (Sminker), púður, olíusnauð efni til þess að ná burt hári og þess háttar, sápur, þvotta- og bleikiefni, línsterkju og línsterkjubönd (Stivelsepræparater), litunarefni til þvotta, salmíak, kvillajabörk, slípitæki, leikföng, leikfimi- og íþróttatæki, sprengiefni, kveikivörur, flugeldatæki, fallbyssur, skotfæri, steina, skrautsteina, kís, gips, bik, malbik, tjöru, flytjanleg hús, reykháfa, byggingarefni, óunnið tóbak, tóbaksvörur, vindla og vindlingamunnstykki, pípur, teppi, gólfþurkur, línóleum, vaxdúka, ábreiður, hengi, fána, tjöld, segl, poka, úr, úrhluta, ofin efni, vefnaðarvörur og loðdúka (Filt).

Skrás. 1932, nr. 12.

Tilkynnt 28. júní 1932, kl. 11 árd., af firmanu Thomas Hedley & Co., Ltd., sápugerð, Newcastle-on-Tyne, Englandi, og skrásett 8. ágúst s. á.

Orðið:

FAIRY

Merkið er skrásett í London 22. janúar 1932, 47. flokki, fyrir allskonar sápur.

Skrás. 1932, nr. 13.

Tilkynnt 1. ágúst 1932, kl. 1 síðd., af firmanu Aspro, Limited, verksmiðjurekstur, Slough, Buckinghamskíri, Englandi, og skrásett 2. sept. s. á.

Orðið:

ASPRO

Merkið er skrásett í London 5. júlí 1920, 3. flokki, fyrir lyfjablöndur handa mönnum. — Samkv. útskrift úr ensku vörumerkjaskránni, er tilkynnandi fyrst 20. júlí 1927 skráður sem eigandi merkisins. **167**

Skrás. 1932, nr. 14.

Tilkynnt 8. ágúst 1932, kl. 2 síðd., af The Condensed Milk Company of Ireland (1928) ,Limited, Lansdowne, Limerick, Írlandi, og skrásett 22. sept. s. á.



Mynd af kú, en fyrir ofan myndina er letrað orðið: BÚBÓT.
Merkið er skrásett í Dublin 23. nóvbr. 1931, 2. flokki, fyrir niðursoðna mjólk.

Skrás. 1932, nr. 15.

Tilkynnt 8. ágúst 1932, kl. 2 síðd., af sama, og skrásett 22. sept. s. á.



167 Mynd af kú, en fyrir ofan myndina er letrað orðið: BRÁ.
Merkið er skrásett í Dublin 23. nóv. 1931, 2. flokki, fyrir niðursoðna mjólk.

Skrás. 1932, nr. 16.

Tilkynnt 9. sept. 1932, kl. 3 síðd., af Kaupfélagi Borgfirðinga, samvinnufélag, Borgarnesi, og skrásett 29. október s. á.

Mynd af skjöldóttri kú, er stendur á grænum haga, en í baksýn mynd af fjallinu Baulu með eðlilegum litum. Efst á myndinni stendur með hvítu letri á bláum grunni orðið: B a u l u og neðst á græna fletinum, er kýrin stendur á, orðið: MJÓLK.

Merkið er skrásett fyrir niðursoðna mjólk.

Skrás. 1932, nr. 17.

Tilkynnt 22. septbr. 1932, kl. 11 árd., af H. Ólafsson & Bernhöft, heildsala og umboðsverzlun, Reykjavík, og skrásett 29. október s. á.

Mynd af fljúgandi erni, er læsir klónum um ferstrendan flöt, en á miðjum fletinum standa stafirnir: HOB saman bundnir. 167



Merkið er skrásett fyrir korn- og mjölvörur, allskonar niðursuðuvörur, allskonar kryddvörur, þurrkaða, niðursoðna og sultaða ávexti og allskonar sælgætisvörur.

Skrás. 1932, nr. 18.

Tilkynnt 27. sept. 1932, kl. 3 síðd., af firmanu O. Johnson & Kaaber, heildsala og framleiðsla, Reykjavík, og skrásett 29. október s. á.

Ekta
David
kaffibætir

Rauður einkennismiði. Á honum miðjum stendur orðið: D a v i d með silfurlituðu letri, en fyrir ofan það orðið: E k t a og neðst: k a f f i b æ t i r.

Merkið er skrásett fyrir kaffibæti, og er orðið David að skoða sem sérstaklega tilbúið heiti fyrir þá vörutegund.

Skrás. 1932, nr. 19.

Tilkynnt 11. október 1932, kl. 3 síðd., af John Dewar & Sons, Limited, áfengisbruggun, Perth, Skotlandi, og London, Englandi, og skrásett 29. s. m.

Orðið:

"White Label"

Samkv. útskrift úr ensku vörumerkjaskránni, er merkið skrásett í London, 4. maí 1931, 43. flokki, fyrir skozkt whisky.

167 **Skrás. 1932, nr. 20.**

Tilkynnt 13. október 1932, kl. 2 síðd., af Vacuum Oil Company A/S, olíuverzlun m. m., Kaupmannahöfn, Danmörku, og skrásett 29. s. m.

Orðið:

KOMO

Samkv. tilkynningu 30. ágúst 1919, er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 27. september s. á. fyrir olíur, smurningu og vax af sérhverri tegund, sem og svipaðar framleiðsluvörur, sem notaðar eru til smurninga, ljósa eða upphitunar eða sem brennsluefni, steinolíu, benzín, gasólín og svipaðar vörur notaðar til orkugjafar, eða blöndun úr steinolíu eða öðrum steinkenndum olíum og fitumeiri olíum, sérstaklega slíkum, er notaðar eru sem smurningsolíur og á leður og sem ullarolía og þvottaefni fyrir ull, einnig „emulgerandi" olíur, einkum á leður. — Hefir skrásetning merkisins verið endurnýjuð 27. sept. 1929.

Skrás. 1932, nr. 21.

Tilkynnt 2. nóvember 1932, kl. 11 árd., af Kodak Aktiengesellschaft, verksmiðja, Berlín, Þýzkalandi, og skrásett 26. s. m.

Orðið:

Nagel

Samkv. tilkynningu 11. apríl 1928, er merkið skrásett í Berlín 23. maí 1929 fyrir eðlisfræðileg, efnafræðisleg, ljósfræðileg, landmælinga-, siglinga-, raffræðisleg, kvikmynda-, ljósmynda-, varpmynda-, vogar-, merkis-, sannreynslu, mæli- og taláhöld, -tæki og -verkfæri, farartæki til notkunar í lofti og á sjó og vatni, svo og hluta af þeim og fylgitæki.

Skrás. 1932, nr. 22.

Tilkynnt 4. nóvember 1932, kl. 2 síðd., af Salamander Aktiengesellschaft, verksmiðja, Kornwestheim í Würtemberg, Þýzkalandi, og skrásett 26. s. m.

Í hring, sem myndast af orðunum: MARKE og SALAMANDER, sést mynd af salamöndru. **167**

Samkv. tilkynnnigum 20. júlí 1908 og 7. júní 1915, er merkið skrásett í Bergen 29. desember 1908 fyrir skófatnað, skómót, skóreimar og -bönd, efnaleg steiningar- og fágunarefni (eingöngu vélræn eins og t. d. smergill o. þ. h.), og síðar 9. september 1915 fyrir leður, skinn og feldi. Hafa báðar skrásetningar síðan verið endurnýjaðar, sú fyrri síðast 12. maí 1928 og hin 6. júní 1925. Tilkynnandi fyrst skráður sem eigandi merkisins 25. nóvember 1930.

Skrás. 1932, nr. 23.

Tilkynnt 21. nóvember 1922, kl. 4 síðd., af H/f Efnagerð Reykjavíkur, kemisk-teknisk verksmiðja, Reykjavík, og skrásett 26. s. m.

Orðið:

MUM

Merkið er skrásett fyrir allskonar sælgætisvörur, kakaó, allskonar súkkulaði, marsipan, karamellur, allskonar brjóstsykur, sykraða ávexti og ávaxtamauk, kex, hunang, allskonar lakkrís, limonaðiduft, gosdrykki, allskonar öl, edik, edikssýru, matar- og ávaxtaliti, allskonar safa, allskonar dropa og olíur, sem notað er til heimilisþarfa, allskonar bökunarefni, kaffibæti, tannkream, hárgljáa, allskonar smyrsl, andlitsduft, hérmeðul, ilmvötn og öll önnur fegrunarefni, allskonar sápur, þvottaefni, kerti og skóáburð, allskonar fægilög, fægiduft, bón, vélaolíur, vagnáburð, sóda, ræstiduft, brons, liti, blek, lakk og olíur. — Er orðið MUM að skoða sem sérstaklega tilbúið heiti fyrir ofangreindar vörutegundir.

Skrás. 1932, nr. 24.

Tilkynnt 8. desember 1932, kl. 3 síðd., af Efnagerð Reykjavíkur, kemisk-teknisk verksmiðja, Reykjavík, og skrásett 15. s. m.

Orðið:

BÍLÓ

Merkið er skrásett fyrir bifreiðabón, húsgagnabón, allskonar sápur, þvottaefni, kerti og skóáburð, allskonar fægilög, fægiduft, bón, vélaolíur, vagnáburð, sóda, ræstiduft, brons, liti, blek, lakk og olíur, allskonar sælgætisvörur, kakaó, allskonar súkkulaði, marsipan, karamellur, allskonar lakkrís, limonaðiduft, gosdrykki, allskonar öl, edik, eldissýru, matar- og ávaxtaliti, allskonar safa, allskonar dropa og olíur, sem notaðar eru til heimilisþarfa, allskonar bökunarefni,

167 kaffibæti, tannkream, hárgljáa, allskonar smyrsl, andlitsduft, hármeðul, ilmvötn og önnur fegrunarefni, ennfremur allskonar brjóstsykur, sykraða ávexti og ávaxtamauk, kex og hungang. — Er orðið: BÍLÓ að skoða sem sérstaklega tilbúið heiti fyrir ofangreindar vörutegundir.

Skrás. 1932, nr. 25.

Tilkynnt 8. desember 1932, kl. 3 síðd., af sama og skrásett 15. s. m. Orðið:

ÍSÍ

Merkið er skrásett fyrir húsgagnabón, bifreiðabón, allskonar sápur, þvottaefni, kerti og skóáburð, allskonar fægilög, fægiduft, bón, vélaolíur, vagnáburð, sóda, ræstiduft, bronz, liti, blek, lakk og olíur, allskonar sælgætisvörur, kakaó, allskonar súkkulaði, marsipan, karamellur, allskonar lakkrís, límonaðiduft, gosdrykki, allskonar öl, edik, edikssýru, matar- og ávaxtaliti, allskonar safa, allskonar dropa og olíur, sem notaðar eru til heimilisþarfa, allskonar bökunarefni, kaffibæti, tannkream, hárgljáa, allskonar smyrsl, andlitsduft, hármeðul, ilmvötn og öll önnur fegrunarefni, ennfremur brjóstsykur, sykraða ávexti og ávaxtamauk, kex og hunang. — Ber að skoða orðið: ÍSÍ sem sérstaklega tilbúið heiti fyrir ofangreindar vörutegundir.

Samkvæmt 10. gr. laga nr. 43, 13. nóvember 1903, um vörumerki, hafa eftirgreind merki verið **endurnýjuð** á árinu:

Skrás. 1922 nr. 1 og 2.

Libby, McNeill & Libby, Chicago, frá 25. febrúar.

Skrás. 1922 nr. 3 og 4.

Ó. Johnson & Kaaber, Rvík, frá 27. febrúar.

Skrás. 1922 nr. 5.

Tanqueray, Gordon & Co., Ltd., London, frá s. d.

Skrás. 1922 nr. 7.

British American Tobacco Co., Ltd., frá s. d.

Skrás. 1922 nr. 12.

The B. F. Goodrich Comp., New York, frá 20. apríl.

Skrás. 1922 nr. 13.
British American Tobacco Co., Ltd., frá s. d.

Skrás. 1922 nr. 14.
Sophus Berendsen A/S, Köbenhavn, frá 20. júlí.

Skrás. 1922 nr. 17.
Spillers Ltd., London, frá 20. apríl.

Skrás. 1922 nr. 19.
Meltis, Ltd., London, frá s. d.

Skrás. 1922 nr. 21.
The Denver Chemical Manufacturing Co., frá 21. september.

Skrás. 1922 nr. 24, 26, 27, 29, 30, 31, 32, 33, 35, 36, 37.
British American Tobacco Co., Ltd., London, frá 10. október.

Skrás. 1922 nr. 38.
Jönköpings og Vulcans Tändsticksfabriksaktiebolag, Jönköping, frá 2. nóv.

Skrás. 1922 nr. 39.
The Goodyear Tire & Rubber Co., Akron í Ohio, Bandaríkjum N.-Ameríku, frá 5. desember.

Ennfremur hafa eftirgreind merki verið **afmáð** úr vörumerkjaskránni samkvæmt 12. gr. sömu laga:

Skrás. 1922 nr. 6.
A/S Dansk Sprit-Central, Köbenhavn, frá 7. apríl.

Skrás. 1922 nr. 8, 9 og 10.
The United States Playing Card, Co., Cincinnati í Ohio, Bandaríkjum Norður-Ameríku, frá 9. maí.

Skrás. 1922 nr. 15 og 16.
Sophus Berendsen A/S, Köbenhavn, 20. júlí.

Skrás. 1922 nr. 18.
Halldór Guðmundsson & Co., Rvík, 25. ágúst.

Skrás. 1922 nr. 20.
Continental Bodega Comp. A/S, Köbenhavn, 16. september.

167 **Skrás. 1922 nr. 22.**
Hecker-Jones-Jewell Milling Co., New York, 23. september.

Skrás. 1922 nr. 23.
Mospero Fréres, Ltd., London, 12. október.

Skrás. 1922 nr. 25, 28 og 34.
British American Tobacco Comp., Ltd., London, 10. nóvember.

Skrás. 1922 nr. 40.
A/S Sætre Kjeksfabrik, Oslo, 5. desember.

Skrifstofa vörumerkjaskráritarans í Reykjavík,
31. desember 1932.

168 # REIKNINGUR BJARGRÁÐASJÓÐS ÍSLANDS árið 1931.

Sjóðsreikningur:

Innborgað:

1.	Sjóður í ársbyrjun:		
	a. Bjargráðasjóður sveitarfélaga	kr. 481497.84	
	b. Hinn sameiginlegi Bjargráðasjóður	— 250256.71	
			kr. 731754.55
2.	Bjargráðasjóðsgjöld sveitarfélaga		— 25803.70
3.	Tillag úr ríkissjóði		— 26928.00
4.	Vextir af inneign í bönkum:		
	a. Af innstæðu Bjargráðasjóðs sveitarfélaga	kr. 19865.48	
	b. Af innstæðu hins sameiginlega Bjargráðasj.	— 14811.18	
			— 34676.66
5.	Vextir af lánum (fallnir í gjalddaga á árinu):		
	a. Af lánum úr Bjargráðasjóði sveitarfélaga	kr. 3754.59	
	b. Af lánum úr hinum sameiginl. Bjargráðasj.	— 13968.74	
			— 17723.33
6.	Afborganir lána:		
	a. Af lánum úr Bjargráðasjóði sveitarfélaga	kr. 24380.22	
	b. Af lánum úr hinum sameiginl. Bjargráðasj.	— 102146.67	
			— 126526.89
			Kr. 963413.13

Útborgað:

1. Kostnaður við sjóðinn			kr. 1279.80
2. Útlán:			
a. Úr Bjargráðasjóði sveitarfélaga	kr.	90189.46	
b. Úr hinum sameiginlega Bjargráðasjóði	—	8000.00	
			— 98189.46
3. Sjóður í árslok:			
I. Bjargráðasjóður sveitarfélaga:			
a. Ógreitt bjargráðasjóðsgjald 1927	kr.	450.25	
b. Ógreitt bjargráðasjóðsgjald 1931	—	818.75	
c. Ógreiddir vextir 1930	—	340.00	
d. Ógreiddir vextir 1931	—	340.00	
e. Inneign í bönkum	—	463163.37	
			— 465112.37
II. Hinn sameiginlegi Bjargráðasjóður:			
a. Ógreiddir vextir 1931	kr.	250.00	
b. Inneign í bönkum	—	398581.50	
			— 398831.50
			Kr. 963413.13

Eignareikningur:

Aktiva.

1. Eign í ársbyrjun:				
I. Bjargráðasjóður sveitarfélaga:				
a. Ógreitt bjargráðasjóðsgjald 1927	kr.	450.25		
b. Ógreiddir vextir 1930	—	430.00		
c. Í útlánum	—	75091.67		
d. Inneign í bönkum	—	480617.59		
			kr. 556589.51	
II. Hinn sameiginlegi Bjargráðasjóður:				
a. Í útlánum	kr.	317041.67		
b. Inneign í bönkum	—	250256.71		
			— 567298.38	
				kr. 1123887.89
2. Eignaaukning á árinu				— 103851.89
				Kr. 1227739.78

168

Passiva:

1. Eign í árslok:
   I. Bjargráðasjóður sveitarfélaga:
      a. Ógreitt bjargráðasjóðsgjald 1927 ..... kr. 450.25
      b. Ógreitt bjargráðasjóðsgjald 1931 ..... — 818.75
      c. Ógreiddir vextir 1930 . — 340.00
      d. Ógreiddir vextir 1931 . — 340.00
      e. Í útlánum ..... — 140900.91
      f. Inneign í bönkum .... — 463163.37
      ——— kr. 606013.28
   II. Hinn sameiginlegi Bjargráðasjóður:
      a. Ógreiddir vextir 1931 . kr. 250.00
      b. Í útlánum ..... — 222895.00
      c. Inneign í bönkum .... — 398581.50
      ——— — 621726.50
      ——— kr. 1227739.78

Kr. 1227739.78

Reykjavík, í sept. 1932.

F. h. bjargráðastjórnarinnar.

Vigfús Einarsson.

EMBÆTTI, SÝSLANIR M. M.

6. janúar var Guðmundur Hlíðdal, símaverkfræðingur, allramildilegast skipaður landssímastjóri.

15. janúar skipaði Hans hátign konungurinn Tryggva Þórhallsson, forsætisráðherra, til þess að veita forstöðu fjármálaráðuneytinu í fjarvist fjármálaráðherra Ásgeirs Ásgeirssonar.

20. janúar var Jónas Sveinsson allramildilegast skipaður héraðslæknir í Blönduóshéraði.

S. d. var magister Kristinn Andrésson settur til þess frá 20. f. m., að vera 1. bókavörður við Landsbókasafnið.

8. febrúar var síra Þorgrímur Sigurðsson skipaður til þess að vera sóknarprestur í Grenjaðarstaðarprestakalli í Suður-Þingeyjarprófastsdæmi.

20. apríl var séra Helgi Konráðsson skipaður til þess að vera sóknarprestur í Höskuldsstaðaprestakalli í Húnavatnsprófastsdæmi frá 1. júní næstkomandi að telja.

25. maí var Sigurmundur Sigurðsson læknir allramildilegast skipaður til þess að vera héraðslæknir í Flateyjarhéraði frá 1. júní næstkomandi að telja.

S. d. var Torfi læknir Bjarnason allramildilegast skipaður héraðslæknir í Miðfjarðarhéraði frá 1. júní næstkomandi að telja.

28. maí þóknaðist Hans hátign konunginum allramildilegast að veita forsætisráðherra og atvinnu- og samgöngumálaráðherra Tryggva Þórhallssyni, dóms- og kirkjumálaráðherra Jónasi Jónssyni og fjármálaráðherra Ásgeiri Ásgeirssyni lausn frá ráðherraembættum.

S. d. var Ólafur Einarsson cand. med. settur til þess að þjóna héraðslæknisembættinu í Grímsneshéraði yfir júnímánuð næstkomandi.

31. maí var sóknarprestinum í Saurbæjarprestakalli á Hvalfjarðarströnd, séra Einari Thorlacius, samkvæmt beiðni hans veitt lausn frá prestsskap frá næstkomandi fardögum að telja.

3. júní þóknaðist Hans hátign konunginum allramildilegast að skipa alþingismann Ásgeir Ásgeirsson til að vera forsætisráðherra og fjármálaráðherra, hæstaréttarmálaflutningsmann Magnús Guðmundsson til að vera dóms- og kirkjumálaráðherra og prófast séra Þorstein Briem til að vera atvinnu- og samgöngumálaráðherra.

Vegna fjarvistar forsætis- og fjármálaráðherra Ásgeirs Ásgeirssonar hefir Hans hátign konunginum þann 15. júní þóknast að skipa dóms- og kirkjumálaráðherra Magnús Guðmundsson, til þess að veita forstöðu þeim málum, er heyra undir forsætisráðherra, að svo miklu leyti, sem þörf kynni að gerast, og atvinnu- og samgöngumálaráðherra Þorstein Briem, til þess að annast störf fjármálaráðherra.

18. júní var aðalbankastjóra við Búnaðarbanka Íslands, dr. phil. Páli Eggert Ólasyni, veitt lausn frá embætti samkvæmt umsókn hans.

S. d. var fyrverandi forsætisráðherra Tryggvi Þórhallsson skipaður aðalbankastjóri Búnaðarbanka Íslands, frá 1. júlí þ. á. að telja.

S. d. var cand. theol. Garðar Þorsteinsson skipaður til að vera sóknarprestur í Garðaprestakalli í Kjalarnesprófastsdæmi.

Samkvæmt tillögum forsætisráðherra hefir Hans hátign konungurinn þann 23. júní fallizt á að skipting starfa milli dóms- og kirkjumálaráðherrans annarsvegar og atvinnu- og samgöngumálaráðherrans hinsvegar, verði nokkur önnur en ákveðið er í konungsúrskurði 29. desbr. 1924, meðan þeir eru ráðherrar báðir, hæstaréttarmálaflutningsmaður Magnús Guðmundsson og prófastur séra Þorsteinn Briem.

Samkvæmt þessu er svo ákveðið að af þeim málum, sem heyra undir atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, falli undir dómsmálaráðherra Magnús Guðmundsson: Samgöngumál, nema vegamál, sveitarstjórnarmál, fátækramál, almenn styrktarstarfsemi, sjóðir, sem ræðir um í III. kafla nefnds konungsúrskurðar, byggingarfélög, mælitækja- og vogarmál, en á hinn bóginn af þeim málum, sem samkvæmt konungsúrskurðinum heyra undir dóms- og kirkjumálaráðuneytið, falli undir atvinnumálaráðherra séra Þorstein Briem: Kirkjumál, þar undir kirkjujarðir, kirkjujarðasjóður, prestssetur og allt annað, sem að kirkjumálum lýtur, kennslumál, þar undir allir skólar landsins æðri og lægri.

28. júní var Ólafur Einarsson læknir settur til þess fyrst sinn að þjóna héraðslæknisembættinu í Grímsneshéraði.

11. júlí var Ólafur læknir Einarsson allramildilegast skipaður héraðslæknir í Grímsneshéraði.

25. júlí var Haraldur Jónsson allramildilegast skipaður héraðslæknir í Reykdælahéraði.

27. júlí var cand. juris Torfi Hjartarson settur til þess fyrst um sinn að vera sýslumaður í Ísafjarðarsýslu og bæjarfógeti á Ísafirði.

29. júlí var sóknarpresturinn í Stóranúpsprestakalli, séra Jón Thorarensen, skipaður sóknarprestur í Hrunaprestakalli í Árnesprófastsdæmi.

S. d. var dómkirkjupresturinn í Reykjavík, séra Bjarni Jónsson, skipaður til þess að vera prófastur í Kjalarnesprófastsdæmi.

2. ágúst var prófessor juris Einar Arnórsson allramildilegast skipaður dómari í hæstarétti frá 1. september næstkomandi að telja.

12. ágúst var cand. juris Bjarni Benediktsson settur til þess fyrst um sinn að vera prófessor við lagadeild Háskóla Íslands frá 1. sept. þ. á. að telja.

20. ágúst var settur sóknarprestur í Saurbæjarprestakalli á Hvalfjarðarströnd í Borgarfjarðarprófastsdæmi, síra Sigurjón Guðjónsson, skipaður sóknarprestur sama staðar.

22. ágúst var sýslumanninum í Húnavatnssýslu, Boga Brynjólfssyni, allramildilegast veitt lausn frá embætti frá 30. september næstkomandi að telja.

1. september var Stefán læknir Guðnason settur til þess um einn mánuð að gegna héraðslæknisembættinu í Dalahéraði.

Hæstiréttur hefir kosið Eggert Briem forseta réttarins frá 1. september þ. á.

3. september var skrifstofustjóra í fjármálaráðuneytinu Gísla Ísleifssyni veitt 6 mánaða leyfi frá skrifstofustörfum sér til heilsubótar.

S. d. var dr. Páll Eggert Ólason settur skrifstofustjóri í fjármálaráðuneytinu.

15. sept. var Kristjáni Sveinssyni, héraðslækni í Dalahéraði allramildilegast veitt lausn frá embætti.

20. sept var Stefán læknir Guðnason settur til þess um einn mánuð, frá 1. okt. þ. á. að telja, að gegna héraðslæknisembættinu í Dalahéraði.

27. sept. var Guðbrandur Ísberg, bæjarfógetafulltrúi settur sýslumaður í Húnavatnssýslu frá 1. október þ. á. að telja.

29. sept. var sóknarprestinum í Húsavíkurprestakalli, séra Knúti Arngrímssyni, samkvæmt umsókn hans, veitt lausn frá prestsskap frá 1. júní næstkomandi að tela, án eftirlauna.

1. október voru þeir yfirlæknir Jón Hj. Sigurðsson og dócent Niels P. Dungal allramildilegast skipaðir prófessorar við læknadeild Háskóla Íslands.

S. d. var bæjarlæknir Magnús Pétursson allramildilegast skipaður héraðslæknir í Reykjavík.

8. október var settur sýslumaður í Húnavatnssýslu, Guðbrandur Ísberg, allramildilegast skipaður sýslumaður í nefndri sýslu.

11. október var magister Einar Jónsson skipaður til þess að vera kennari við Stýrimannaskólann í Reykjavík frá 1. okt. að telja.

21. október var Stefán læknir Guðnason allramildilegast skipaður héraðslæknir í Dalahéraði.

31. október var Lárus Bjarnason skipaður skólastjóri við gagnfræðaskólann í Flensborg í Hafnarfirði.

10. nóv. var fyrrv. ráðh. Sigurður Eggerz allramildilegast skipaður bæjarfógeti á Ísafirði og sýslumaður í Ísafjarðarsýslu.

11. nóvember þóknaðist Hans hátign konunginum allramildilegast að veita dómsmálaráðherra Magnúsi Guðmundssyni lausn frá embætti.

14. nóvember þóknaðist Hans hátign konunginum allramildilegast að skipa alþingismann Ólaf Thors dómsmálaráðherra, með sama starfssviði og fráfarandi ráðherra Magnús Guðmundsson hafði.

17. nóvember þóknaðist Hans hátign konunginum allramildilegast að breyta úrskurðinum um starfsvið ráðherranna þannig, að málin um landhelgisgæzlu varðskipanna skuli falin ráðherra Þorsteini Briem.

28. nóvember var cand. theol. Benjamín Kristjánsson skipaður sóknarprestur í Grundarþingaprestakalli í Eyjafjarðarprófastsdæmi frá 1. nóv. þ. á. að telja.

5. desember var Lúðvík Guðmundsson skipaður skólastjóri og Haraldur Leósson skipaður kennari við gagnfræðaskólann á Ísafirði frá 1. okt. þ. á. að telja.

Þann 23. desember þóknaðist Hans hátign konunginum að veita Ólafi Thors, dómsmálaráðherra, lausn frá embætti sínu.

S. d. skipaði Hans hátign konungurinn Magnús Guðmundsson, alþingismann, til þess að vera dómsmálaráðherra, þannig að skipting starfa milli ráðherranna verði aftur að öllu eins og segir í konungsúrskurði frá 23. júní 1932.

S. d. var Högni læknir Björnsson allramildilegast skipaður héraðslæknir í Ögurhéraði frá 1. jan. 1933.

HEIÐURSMERKI FÁLKAORÐUNNAR

9. febrúar var sendiherra Lithauens í Norðurlöndum Jurgis Savickis, Stockhólmi, allramildilegast sæmdur stórkrossi Fálkaorðunnar.

S. d. var yfirlæknir, dr. Axel Lauritz Larsen Rein, Kaupmannahöfn, allramildilegast sæmdur stórriddarakrossi með stjörnu Fálkaorðunnar.

9. febr. var yfirverkfræðingur við norsku ríkisjárnbrautirnar Sverri Möller Tronheim, allramildilegast sæmdur stórriddarakrossi Fálkaorðunnar.

S. d. voru þeir
Kaptain Laurits Bruhn, Kaupmannahöfn,
Kaptain Wilkens Ulrich, Söndarborg,
Stabsofficiant Valdemar Bredstrup-Holm, Kaupmannahöfn,
Stabsofficiant Hans Valdimar Nörving, Kaupmannahöfn,
Aðalræðismaður Wilhelm Joakim Detlev Jensen, Genova,
Overkorttegner Hans Peter Simonsen, Kaupmannahöfn,
allramildilegast sæmdir riddarakossi Fálkaorðunnar.

11. apríl var bankastjóri V. Eigtved, Kaupmannahöfn allramildilegast sæmdur stórriddarakrossi með stjörnu Fálkaorðunnar.

S. d. var bankastjóri Poul Andersen, Kaupmannahöfn, allramildilegast sæmdur stórriddarakrossi Fálkaorðunnar.

25. maí var aðalsræðismaður Dana, Lissabon, Guilherme Ferreira-Basto, allramildilegast sæmdur stórriddarakrossi Fálkaorðunnar.

S. d. voru
Fyrrv. ræðismaður Dana, Oporto, Joao Ribeiro de Færia Mesquita og
Fröken Dagmar Bjarnarson, París,
allramildilegast sæmd riddarakrossi Fálkaorðunnar.

25. júlí voru þeir
Riksgäldsfullmäktiges ordförende, dr. K. Hildebrand, Stocholm,
Ríkisbókavörður I. G. A. Collijn, Stockholm,
Ministerialdirektor Dr. Landwehr, Reichwirtschaftministerium, Berlin,
allramildilegast sæmdir stórriddarakrossi með stjörnu Fálkaorðunnar.

S. d. voru þessir allramildilegast sæmdir stórriddarakrossi Fálkaorðunnar:
Bankastjóri í Landmandsbanken Poul Ingholt, Kaupmannahöfn,
Yfirbókavörður háskólasafnsins dr. A. W. Grape, Uppsölum,
Fyrrv. yfirbókavörður dr. V. Gödel, Stockholm,
Chef des secretaires-redacteurs du senat, Pierre de Lapommeraye, Paris,
Yfirbókavörður háskólasafnsins Christoph Weber, Kiel,
Gesandtschaftrat Duckwits, Referent für Island im Ausvärtiges Amt, Berlin,
Ministerialrat im Bundesminsterium für Unterricht, dr. Leodegar Petrin, Wien.

25. júlí voru þessir allramildilegast sæmdir riddarakrossi Fálkaorðunnar:
Kammrér Helge Wedin, Stockholm,
Fil. lic. N. A. Afzelius, Stockholm,
Framkvæmdarstjóri Elías Berdal, Oslo,
Akademischer Maler Theodor Henning, Wien.

21. okt. voru þeir:
Sænska Regeringsrädet, dr. juris Gabriel Thulin og
Utanríkisráðherra Svía, fríherra S. G. F. T. Ramel,
allramildilegast sæmdir stórkrossi Fálkaorðunnar.

S. d. voru þeir:
Chefen för Arbetsradet í Svíaríki, John Wilhelm Nordin og
Operachefen, Overintendanten John Forsell, Stockholm,
allramildilegast sæmdir stórriddarakrossi með stjörnu Fálkaorðunnar.

S. d. voru þeir:
1. sekreterare í utanríkisráðuneyti Svía, fríherra O. G. W. Ramel og
Blaðamann Einar Fors Bergström, Stockholm,
allramildilegast sæmdir stórriddarakrossi Fálkaorðunnar.

S. d. voru þessir allramildilegast sæmdir riddarakrossi Fálkaorðunnar:
Ritstjóri, þjóðþingsmaður, Ole Björn Kraft, Kaupmannahöfn,
Orlogskaptajn Frits Hammer Kjölsen, Kaupmannahöfn,
Sekreteraren í félaginu „Norden", yfirkennara Karl Steenberg,
Skattmästaren í félaginu „Norden" endurskoðanda Torsten Wallgren,
Hofkapelmästare vid kungl. Teatern, Nils Grevillius, Stocholm,
Fru Majornan Gurli Kellgren, Stockholm,
Tannlæknir Gösta Öberg, Uppsölum.

26. s. m. voru þeir:
Forsætisráðherra Íslands Ásgeir Ásgeirsson og
Útgerðarmaður og óðalsbóndi Thor Jensen,
allramildilegast sæmdir stórkrossi Fálkaorðunnar.

28. nóv. var forstjóri Jakob Hemming Johansson, Stockholm,
allramildilegast sæmdur stórriddarakrossi með stjörnu Fálkaorðunnar.

S. d. voru þessir allramildilegast sæmdir stórriddarakrossi Fálkaorðunnar:
Forstjóri Albert S. Kvaal, Oslo,
þjóðskjalavörður, dr. phil. Hannes Þorsteinsson,
Skipstjóri Sigurður Pétursson,

Vitamálastjóri Thorvald Haraldsson Krabbe,
Fiskeridirektör F. V. Mortensen, Kaupmannahöfn.

S. d. voru þessir allramildilegast sæmdir riddarakrossi Fálkaorðunnar:
Stórkaupmaður og útgerðarmaður Gustav Hyleen, Halmstad,
Frú Guðrún Pétursdóttir, Reykjavík,
Frú Guðrún Pétursdóttir, Víðivöllum, Skagafirði,
Frú Ragnhildur Pétursdóttir, Reykjavík.
Frú Þórunn R. Sívertsen, Höfn í Borgarfirði,
Prófastur, dómkirkjuprestur síra Bjarni Jónsson, Reykjavík,
Sýslumaður Börgvin Vigfússon, Efra-Hvoli, Rangárvallasýslu,
Útgerðarmaður Einar G. Einarsson, Grindavík.
Leikari Friðfinnur Guðjónsson, Reykjavík.
Dómkirkjuprestur, síra Friðrik Hallgrímsson, Reykjavík.
Vegamálastjóri Geir Zoëga, Reykjavík,
Bankastjóri Georg Ólafsson, Reykjavík,
Fyrrv. bankastjóri Jens B. Waage, Reykjavík,
Hreppstjóri Jóhannes Ólafsson, Þingeyri,
Skólastjóri Lárus Bjarnason, Hafnarfirði,
Fyrrv. hreppstjóri Lýður Jónsson, Skriðnesenni,
Aðalræðismaður Ludvig Andersen, Reykjavík,
Kaupfélagsstjóri, síra Sigfús Jónsson, Sauðárkróki,
Vígslubiskup, prófessor síra Sigurður Sívertsen, Reykjavík,
Verksmiðjueigandi, Sigurjón Pétursson, Álafossi,
Kaupmaður Tómas Jónsson, Reykjavík,
Skrifstofustjóri Vigfús Einarsson, Reykjavík,
Hreppstjóri Þorvaldur Ólafsson, Þóroddsstöðum,
Hreppstjóri Hallgrímur Nielsson, Grímsstöðum,
Stórkaupmaður Eduard Storr, Kaupmannahöfn,
Stórkaupmaður Charles Mouritzen, Leith.

ERLEND HEIÐURSMERKI

11. júlí var skrifstofustjóri Alþingis Jón Sigurðsson allramildilegast sæmdur riddarakrossi Dannebrogsorðunnar.

24. september var forsætisráðherra Ásgeiri Ásgeirssyni allramildilegast leyft að bera stórkross Vasaorðunnar.

S. d. var konungsritara J. H. Sveinbjörnsson allramildilegast leyft að bera stórkross sænsku Norðurstjörnunnar.

4. október var skipstjóri á Óðni Jóhann Pétur Jónsson allramildilegast sæmdur riddarakrossi Dannebrogsorðunnar.

KONSÚLAR

20. janúar var stöðvarstjóri Björn Magnússon viðurkenndur sænskur vicikonsúll á Ísafirði.

8. marz var Jón Jónsson, Firði, viðurkenndur norskur vicikonsúll á Seyðisfirði.

20. apríl var tannlæknir Leifur Sigfússon viðurkenndur franskur agent consulaire í Vestmannaeyjum.

STYRKVEITINGAR

Af vöxtum úr styrktarsjóði Frederiks konungs VIII. árið 1932 hefir atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið veitt málfundafélaginu Magna, Hafnarfirði, 300 krónur, ungmennafélaginu Skallagrími, Borgarnesi, 150 krónur og Kristrúnu Kristjánsdóttur, Fljótsdal í Fljótshlíð, 150 krónur.

Úr styrktarsjóði Þórarins Tuliniusar hefir atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið veitt Árna Magnússyni, Böðvari Jónssyni, Jóni Back, Guðjóni Jónssyni öllum í Reykjavík og Sigurði Jóakimssyni í Hafnarfirði, 150 krónur hverjum.

EINKALEYFI

13. janúar 1932 var Dortheus Andreas Hansen, Andenes, Vesterålen, Noregi, veitt einkaleyfi nr. 54, á aðferð við vinnslu og til meðferðar á lýsi úr fisklifur eða öðrum olíum úr sjávardýrum.

S. d. var sama manni veitt viðbótareinkaleyfi, nr. 55, á aðferð til meðferðar á lýsi úr fisklifur og þesshättar olíum.

27. febrúar 1932 var Jan Arent Schönheyder van Deurs, verkfræðingi, Kaupmannahöfn, veitt einkaleyfi nr. 56, á aðferð til þess að fara með hráefni sem í eru fituefni.

4. marz 1932 var Carl Andreas Berg Nilsen Holand, framkvæmdarstjóra, Vardö, Noregi, veitt einkaleyfi nr. 57, á efni til varðveitingar á matvælum af dýrum, beitu og þesshättar.

25. apríl 1932 var Dirk de Niet, fiskimanni, Ijmuiden, Hollandi, veitt einkaleyfi nr. 58, á útbúnaði á botnvörpuneti.

10. ágúst 1932 var Frosted Foods Company, Inc., Dover, Delaware, Bandaríkjum, Norður-Ameríku, veitt einkaleyfi nr. 59, á kælitæki.

S. d. var sama félagi veitt einkaleyfi nr. 60, á útbúnaði á kælitækjum.

S. d. var sama félagi veitt einkaleyfi nr. 61, á kælitæki.

5. október 1932 var Societé Anonyme De Conservation Industrielle Du Poisson, Paris, Frakklandi, veitt einkaleyfi nr. 62, á frystitæki, sérstaklega ætlað fiskiskipum.

15. október 1932 var Ingólfi G. S. Espholín, kaupmanni, Norðurstíg 4, veitt einkaleyfi nr. 63, á aðferð til varðveizlu á skyri, sem heftir eftir vild, í skamman eða langan tíma, súrmyndun í skyrinu á hvaða súrstigi sem er.

20. október 1932 var V. D. Limited, London, Englandi, veitt einkaleyfi nr. 64, á áhaldi til þess að festa við enda vængjanna á fiskinetum til þess að þenja þau út.

18. desember 1932 var V. D. Limited, London, Englendi, veitt einkaleyfi nr. 65, á veiðarfæri til fiskiveiða á miklu dýpi.

20. desember 1932 var Helly J. Hansen h/f, Moss, Noregi, veitt einkaleyfi nr. 66, á flotholti tilbúnu úr útþöndu korkefni, sérstaklega ætlað fyrir fiskinet, björgunarbelti og þesshättar.